**SIRKUS**

**ANITA BRIEM**

*Er eina alvöru Hollywoodstjarna Íslands*

**SIRKUS Í MIÐJU FRÉTTABLAÐSINS**




**birta**

**HJÖRTUR OG EBBA**

*Trúin og lífið*

Jól Tíska Matur Heilsa

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. desember 2006 — 343. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

### Svipult líf, sígild orð



Sigurður Hróarsson dæmir ljóðabók Baldurs Óskarssonar, Endurskyn.

**MENNING 54**

### Fimmtán klukkustundir af kveðjum



Gerður G. Bjarklind og þulirnir á Rás 1 eru byrjuð að lesa jólakveðjurnar.

**FÓLK 74**

### Jólin eru ekki ókeypis

„Íslendingar hafa því ekki aðeins efni á jólunum, heldur líka á því að búa vel að þeim, sem eiga undir högg að sækja," segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

**Í DAG 36**

### Var á leiðinni í frí



Sigfús Páll Sigfússon var á leiðinni í frí til Flórída með félögum sínum er kallið kom frá Alfreð Gíslasyni landsliðsþjálfara í handbolta.

**ÍÞRÓTTIR 66**

### VEÐRIÐ Í DAG




**VERSNAR Í KVÖLD** - Hæg suðlæg átt í fyrstu. Suðaustan stormur vestan til í kvöld en allhvasst eða hvasst annars staðar. Úrkomulítið í fyrstu en rigning víða í kvöld. Hiti 0-10 stig, mildast þegar líður á kvöldið.

# Ómetanleg listaverk í vondum geymslum

**Geymslurými Listasafns Íslands er að stærstum hluta ófullnægjandi. Listaverk eru geymd í smáherbergjum og á göngum. Geymslur standast ekki kröfur um öryggi í listaverkageymslum. Úrbætur í geymslumálum safnsins þola enga bið.**

**SAFNAMÁL** „Listaverk hafa aldrei skemmst í geymslum hjá okkur en hættan er vissulega fyrir hendi. Maður veit aldrei hvenær pípurnar gefa sig," segir dr. Ólafur Kvaran, safnstjóri Listasafns Íslands. Ólafur segir ofmælt að ómetanleg listaverk þjóðarinnar séu í beinni hættu en hins vegar sé afar brýnt að leysa geymsluþörf safnsins til framtíðar.

Listasafn Íslands er eitt höfuðsafna þjóðarinnar ásamt Þjóðminjasafninu og Náttúrugripasafninu þar sem nýlegar varð mikið tjón vegna leka.

Listasafnið flutti í núverandi húsnæði við Fríkirkjuveg 7 árið 1987 og var þá þegar ljóst að húsnæðið myndi ekki rúma safnkostinn. Þess vegna var ákveðið að geyma listaverk „í öðru rými sem ekki var til þess ætlað þar til betri lausn fyndist", eins og segir í skýrslu starfshóps um varðveislu- og geymslumál menningarstofnana. Þar segir að þrengsli séu svo mikil á safninu að smáherbergi og gangar í húsnæði safnsins séu nýtt sem geymslur „við mjög misjafnar aðstæður".

Núverandi geymslurými Listasafns Íslands er 653 fermetrar í fjórum aðskildum byggingum. Aðeins ein þeirra stenst kröfur um varðveislu og öryggi en þar eru einungis geymd málverk. Verk á pappír, þrívíð verk og fjöltækniverk safnsins eru geymd í óhentugum geymslum.

Í umsögn starfshópsins um tvær aðrar geymslur safnsins segir að annað húsið standist ekki kröfur sem geymslustaður fyrir listaverk og að hitt húsnæðið, 389 fermetra lagerpláss, sem Listasafnið hefur á leigu, sé opið geymslurými sem er óaðgengilegt, árstíðabundnar sveiflur séu á raka og hita og það standist ekki kröfur um öryggi. Þar eru geymdar höggmyndir, innsetningar og fleiri þrívíð listaverk.

**- shá** / **sjá síðu 8**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**UM BORÐ Í STEINRÍKI** Fulltrúar Olíudreifingar og verktakafyrirtækisins Framtaks um borð í þyrlunni í gærdag. Sjö menn fóru um borð í skipið og hófu undirbúning að því að dæla svartolíunni úr botntönkunum ofar í skipið. **sjá síðu 18**

Bókhaldsfærsla í evrum:

## Engum datt þetta í hug

**FJÁRMÁL** Ákvörðun Straums-Burðaráss um að færa bókhald sitt í evrum er afar óheppileg að mati Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra.

Hann segir ekki gert ráð fyrir því að fjármálafyrirtæki nýti sér lög sem heimili fyrirtækjum að færa bókhald sitt í erlendri mynt. Formlega væru þau þó ekki undanþegin lögunum. „Það datt engum þetta í hug," sagði hann um ákvörðun fyrirtækisins á blaðamannafundi Seðlabankans í gær.

Talsmenn Straums-Burðaráss vildu ekki tjá sig um orð seðlabankastjóra þegar Fréttablaðið hafði samband við þá í gær.

**- sþs** / **sjá síðu 32**

Nýjasta björgunarþyrlan:

## Steinríkur stóð sig vel í gær

**VEÐUR** Nýjasta björgunarþyrla Landhelgisgæslunnar, sem heitir TF-GRO en er kölluð Steinríkur, stóð sig mjög vel við afar slæmar aðstæður í gær að sögn Halldórs B. Nellet, framkvæmdastjóra aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar.

Þyrlan ferjaði mannskap, tæki og tól í flutningaskipið Wilson Muuga og taldi Halldór þyrluna ekki hafa verið notaða í jafnmiklum vindi fyrr. Vindhviður á svæðinu fóru upp í 40 metra á sekúndu þegar mest var að sögn Halldórs.

„Þegar þeir tóku eldsneyti á Keflavíkurflugvelli á milli ferða gátu þeir ekki drepið á hreyflum á meðan þar sem ekki má starta hreyflum í ákveðið miklum vindi." Halldór segir Steinrík mikinn vinnuþjark sem myndi gott mótvægi við TF-LÍF.

**- sdg**




Útlit fyrir að jólasveinninn Kortaklippir lækki í tign og verði gerður að aukvisa:

# Ríkið fær stærstu jólagjöfina

**EFNAHAGSMÁL** Það er goðsögn að jólahátíðin sé að miklu leyti fjármögnuð með kreditkortum. Kreditkortareikningur landsmanna í janúar í ár, þegar stærsti hluti jólaveltunnar frá í fyrra kom til greiðslu, var um fjórum milljörðum króna hærri en í venjulegum mánuði á meðan níu milljörðum meira rann út af debetreikningum í jólamánuðinum umfram aðra mánuði.

Frá þessu er greint í Vefriti fjármálaráðuneytisins um leið og því er spáð að eins fari fyrir jólasveininum Kortaklippi og Plútó meðal reikistjarna, „að hann verði lækkaður í tign og gerður að aukvisa".

Í vefritinu er vikið að fjárhagslegum áhrifum jólanna á mismunandi greinar og sagt að velta í bókabúðum, hljómplötu-, skartgripa- og leikfangaverslunum aukist um jólin. Á móti komi að starfsemi skemmtigarða sé í nokkurri lægð á síðustu mánuðum ársins. „Hið sama gildir til dæmis um starfsemi tjaldsvæða auk þess sem útleiga á gripahúsum til gistingar hefur alveg dottið niður."

Þá segir að jólagjafagleði landsmanna dragi vissulega björg í bú fyrir ríkissjóð og þótt hann fái ekki vinsælustu jólagjöfina þá fái hann alltént þá stærstu. „Það gerir honum mögulegt að sinna af krafti þeim mikilvægu samfélagslegu verkefnum sem honum eru falin enda sælla að gefa en þiggja."

**- bþs**






**SPURNING DAGSINS**



*Ólafur, er syndaflóð á Selfossi?*

„Nei, þó að Selfyssingar séu sjálfsagt ekki öðrum heilagri þá er þetta flóð allt of stórt til þess að teljast syndaflóð.“

Vatnsborð í Ölfusá við Selfoss hækkaði ískyggilega mikið í gær og var óttast að vatn tæki að flæða inn í hús. Ólafur Helgi Kjartansson er sýslumaður á Selfossi.

Hjálparsveitir á höfuðborgarsvæðinu höfðu í nógu að snúast við björgunarstörf í hvassviðri í gær:

# Öðrum snörpum hvelli spáð í kvöld

**VEÐUR** Tuttugu beiðnir um aðstoð hjálparsveita bárust milli klukkan hálf fimm og hálf sex þegar veður snöggversnaði í gær að sögn Jónasar Guðmundssonar sem er í svæðisstjórn höfuðborgarsvæðisins. „Við vorum með um 50 manns að störfum í nokkrum hópum í verkefnum úti um allan bæ.“ Hjálparsveitirnar voru mestmegnis í að festa niður þakplötur og tryggja skúra sem fuku til.

Um var að ræða snarpan hvell sem gekk hratt yfir og var vindhraði á höfuðborgarsvæðinu um 20 metrar á sekúndu þegar mest var en fór upp í 35 metra á sekúndu í vindhviðum, samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands.

Jónas sagði hugsanlegt að hjálparsveitir yrðu með sérstakan viðbúnað í kvöld þar sem álíka snörpum hvelli væri spáð um miðnætti. „Mikið af okkar fólki er í jólatréssölu og flugeldasölu og við erum að dansa í kringum það að tvinna þetta allt saman. En við leysum svona fyrst, það er frumskilyrði.“

Allt innanlandsflug lá niðri eftir hádegi í gær. Morguninn fór að mestu í að vinna upp tafir dagsins á undan. Miklar tafir urðu á millilandaflugi vegna hvassviðris á Keflavíkurflugvelli. **- sdg**



**AFLEIÐINGAR HVASSVIÐRISINS** Tvö 30 ára gömul tré á Hagamel rifnuðu upp með rótum. Bjarndís Gunnarsdóttir sagði að hið þriðja hefði verið nálægt því að rifna upp. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HERJÓLFUR** Innsigling til Eyja er oft erfið.

Herjólfur bundinn við bryggju:

## Fólki var boðið að fara fyrr

**SAMGÖNGUR Slæmt veður, rok og rigning var á landinu í gær. Herjólfur var bundinn við bryggju í Vestmannaeyjum síðdegis í gær og fór ekki seinni ferð sína til lands vegna veðurs.**

**Samkvæmt skrifstofu Herjólfs í Vestmannaeyjum olli þetta ekki teljanlegum óþægindum fyrir þá sem áttu bókað far. Vitað hafi verið af því með talsverðum fyrirvara að svo færi og því hefði verið hægt að bjóða fólki að fara með ferjunni um morguninn í staðinn, eða bíða til morguns, en í gærkvöld var gert ráð fyrir því að siglt yrði strax í morgun. - sh**

Umdeild Vinaleið:

## Skólanefndir ekki enn svarað

**UPPELDI** Skólanefndir Álftaness, Garðabæjar og Mosfellsbæjar hafa enn ekki svarað fyrirspurn landssamtaka foreldra um Vinaleið Þjóðkirkjunnar og „sálgæsluviðtöl“ sem henni tengjast. Fyrirspurnin var send þann 13. nóvember.

María Kristín Gylfadóttir, formaður landssamtaka Heimilis og skóla, segir fyrirkomulag Vinaleiðarinnar óljóst og brýnt að vita um hvað hún snúist. „Þetta er sama og með markaðssetningu og kostun í skólum. Ég held að hvert skólasamfélag eigi að ráða því hvort það velji þessa þjónustu eða aðra og að við þurfum engin lög yfir það. En fólk verður samt að vera upplýst um þetta áður en þjónustan er veitt.“ **- kóþ**

# Morðingjar Jóns Þórs sitja í fangelsi

**Fimm menn í gengi drápu Jón Þór Ólafsson og Brendu Salinas. Morðin teljast upplýst segir lögreglumaður. Einn morðingjanna átti í ástarsambandi við Brendu.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í San Salvador, höfuðborg El Salvador hefur handtekið morðingja Jóns Þórs Ólafssonar og kærustu hans Brendu Salinas. Þau fundust látin við þjóðveginn á milli San Salvador og borgarinnar Santa Ana aðfaranótt 13. febrúar síðastliðinn. Í samtali við Fréttablaðið á miðvikudag staðfesti yfirlögreglumaðurinn Tobar Prieto hjá lögreglunni í San Salvador að málið teldist upplýst.

Mennirnir sitja allir í fangelsi og að sögn Juans Carlos Barahona, sem skrifað hefur um málið í dagblaðið La Prensa Gráfica, mun ákæruvaldið væntanlega höfða mál á hendur þeim í byrjun næsta árs. Juan Carlos segir að lögreglan hafi mjög góðar sannanir gegn mönnunum.

Fimmmenningarnir tilheyra gengi í hverfinu Zona Rosa í San Salvador og eru á aldrinum 24 ára til 31 árs. Að sögn Juan Carlosar sátu mennirnir fimm allir í fangelsi fyrir aðra glæpi þegar dómari kvað upp gæsluvarðhaldsúrskurð yfir þeim fyrir morðið á Jóni og Brendu í byrjun október og voru þeir því ekki viðstaddir þegar hann var kveðinn upp. Juan Carlos segir að lögreglan útiloki ekki að fleiri menn hafi komið að morðunum.

Það sem leiddi til þess að morðingjarnir fundust var byssa sem lögreglan lagði hald á í Zona Rosa í lok mars á þessu ári eftir að lögreglumenn höfðu lent í skotbardaga við fjóra af mönnunum. Við rannsókn á byssunni kom í ljós að um sömu byssu var að ræða og notuð var til að myrða Jón og Brendu. Glæpamennirnir drápu einn lögreglumann í skotbardaganum.

Juan Carlos segir að ástæðan fyrir morðunum hafi verið að kærasta Jóns Þórs hafi átt í ástarsambandi við einn af morðingjunum. Hann segir að tilgangurinn með morðunum hafi verið að hefna sín á Brendu og Jóni Þór.

Lárus Hjálmarsson, framkvæmdastjóri hjá orkutæknifyrirtækinu Enex, sem Jón Þór starfaði hjá í El Salvador, segir ánægjulegt að morðingjarnir hafi náðst og að þeir muni þurfa að svara til saka fyrir dómi. Hann segir jafnframt að ekkert geti bætt fyrir þann missi sem aðstandendur Jóns Þórs og vinir urðu fyrir þegar hann myrtur.

ingifreyr@frettabladid.is



**JÓN ÞÓR ÓLAFSSON OG BRENDA SALINAS** Voru skotin til bana við þjóðveginn á milli borgarinnar San Salvador og þorpsins Santa Ana í febrúar á þessu ári.




**EL SALVADOR** Jón Þór Ólafsson var við störf í El Salvador er hann var myrtur.

Borgin vill viðræður við ríkið:

## Náttúrugripir í Laugardalinn

**SAFNAMÁL** Borgarráð samþykkti á fundi sínum í gær að óska eftir formlegum viðræðum við ríkisstjórnina um aðstöðu fyrir náttúrugripa- og vísindasafn í Reykjavík auk starfsemi Náttúrufræðistofnunar.

Borgarráð minnir á vilyrði fyrir lóð fyrir slíkt safn á svæði Háskóla Íslands í Vatnsmýri sem veitt var fyrir meira en áratug. Enn fremur minnir borgarráð áform um fræðslu- og fjölskyldugarð í Laugardal þar sem mætti staðsetja náttúrugripa- og vísindasafn í tengslum við rekstur Fjölskyldugarðsins og hugsanlegt sjávardýrasafn. **- shá**

Samráð olíufélaganna:

## Þingfesting í byrjun janúar

**DÓMSMÁL Mál ákæruvaldsins gegn Einari Benediktssyni, Geir Magnússyni og Kristni Björnssyni, forstjórum olíufélaganna á árunum 1993 til og með 2001, verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 9. janúar á komandi ári.**

**Einar er enn forstjóri Olíuverslunar Íslands, Olís, en Geir og Kristinn hafa hættir sem forstjórar Olíufélagsins hf., nú Kers, og Skeljungs.**

**Forstjórarnir hafa verið ákærðir meðal annars fyrir samráð við gerð tilboða fyrir útboð, skiptingu markaða og samráð um verð á söluvörum og ákvörðun afslátta. Ákæran á hendur þeim er í 27 liðum. - mh**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Kærður fyrir að skafa ekki**

Lögreglan í Vestmannaeyjum kærði í síðustu viku ökumann fyrir að aka af stað með skert útsýni, en hann hafði ekki skafið rúður bílsins vegna ísingar. Að sögn lögreglu er alltof algengt að menn fari af stað án þess að skafa rúður bílsins.

**BÍLL DAGSINS**

**OPEL ASTRA 1.6GL**

Nýskr. 02.00 - Sjálfskiptur - Ekinn 90 þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Ívar Smári Guðmundsson var í gær dæmdur til fangelsisvistar fyrir fjölmörg afbrot:

# Strokufanginn í 4 ára fangelsi

**DÓMSMÁL** 26 ára karlmaður, Ívar Smári Guðmundsson, var dæmdur í fjögurra ára fangelsi í gær fyrir tvö rán, fjársvik, þjófnaði, húsbrot, eignarspjöll, fíkniefna- og umferðarlagabrot.

Ránin voru framin með stuttu millibili í júlí á þessu ári. Í því fyrra ruddist Ívar inn í skóverslun við Fiskislóð í Reykjavík, tók tólf þúsund krónur úr afgreiðslukassa verslunarinnar og nefbraut starfsmann hennar á flótta sínum. Hann var handtekinn samdægurs.

Rúmum tveimur vikum síðar fór hann inn í verslun Bónusvídeó í Hafnarfirði og réðst að tveimur starfsstúlkum. Annarri stúlkunni tókst að læsa hann inni á skrifstofu á annarri hæð verslunarinnar en hann braut þá glugga og stökk út. Hafði honum þá tekist að komast yfir um eina og hálfa milljón króna. Árvökulir vegfarendur sáu til Ívars og náðu honum þar sem hann reyndi að komast inn í bifreið skammt frá. Tókst vegfarendunum að draga Ívar Smára út úr bifreiðinni og halda honum þar til lögreglu bar að. Ökumaður bifreiðarinnar komst þó undan með ránsfenginn og er enn ófundinn.

Við handtökuna reyndist Ívar Smári vera í annarlegu ástandi vegna fíkniefnaneyslu og sagðist síðar ekki muna eftir ráninu.

Ívar Smári afplánar nú þegar dóm á Litla Hrauni. Hann flúði úr haldi lögreglunnar í síðasta mánuði þegar leiða átti hann fyrir dóm og kom ekki í leitirnar fyrr en tveimur sólarhringum síðar. **- þsj**



**ÍVAR SMÁRI GUÐMUNDSSON** Á meðal þeirra afbrota sem Ívar var sakfelldur fyrir voru tvö rán, annað í Bónusvídeó í Hafnarfirði.

# Gerðu góðverk þegar þú kaupir jólagjöfina hjá okkur

Komdu með gamla símann þinn og:
Vodafone gefur 1.000 kr. til góðgerðamála fyrir hvern gamlan GSM síma.
Þú færð 1.000 kr. afslátt af nýjum síma.
Gamli síminn verður sendur til þróunarlanda eða endurunninn.
**Látum gott af okkur leiða um jólin**

## Sharp GX 17
Tilboðsverð
**9.900 kr.**
Fullt verð
**14.900 kr.**
live! símtæki



## Nokia 6234
+ bluetooth headsett
Tilboðsverð
**29.900 kr.**
Fullt verð
**36.000 kr.**
án bluetooth headsetts
live! símtæki





## Nokia 2610
Tilboðsverð
**7.900 kr.**
Fullt verð
**10.900 kr.**



## Frábært DVD Bubbatilboð
**1.690 kr.**



Komdu við í verslun okkar eða hjá umboðsmanni, hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.vodafone.is til að fá nánari upplýsingar.

**gríptu augnablikið og lifðu núna**

vodafone

## GENGIÐ 21.12.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,56 | 69,90 |
| Sterlingspund | 136,63 | 137,29 |
| Evra | 91,57 | 92,09 |
| Dönsk króna | 12,281 | 12,353 |
| Norsk króna | 11,247 | 11,313 |
| Sænsk króna | 10,20 | 10,26 |
| Japanskt jen | 0,5883 | 0,5917 |
| SDR | 104,63 | 105,25 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

125,6024

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rannsókn sýslumannsins á Akranesi á meintum hlerunum í utanríkisráðuneytinu:

# Rannsókn ekki haldið áfram

**HLERANIR** Rannsókn á meintum hlerunum á síma þáverandi utanríkisráðherra, Jóns Baldvins Hannibalssonar, og Árna Páls Árnasonar, þáverandi starfsmanns utanríkisráðuneytisins, verður ekki framhaldið.

Bogi Nilsson ríkissaksóknari fól Ólafi Haukssyni, lögreglustjóra á Akranesi, að rannsaka hvort símar Jóns Baldvins og Árna Páls hefðu verið hleraðir á árunum 1992 til 1995 eins og þeir héldu fram í fjölmiðlum.

Við rannsókn málsins voru teknar skýrslur af opinberum starfsmönnum sem unnu hjá útlendingaeftirlitinu, tollgæslu, lögreglunni og Pósti og síma á þeim tíma sem meintar hleranir áttu að hafa átt sér stað.

Í tilkynningu frá ríkissaksóknara kom fram að ekkert hefði komið fram við rannsókn málsins sem styddi ummæli Jóns Baldvins um að símar hefðu verið hleraðir í ráðuneytinu.

Við rannsókn málsins greindi Jón Baldvin frá því að hann hefði fengið kunningja sinn á fjarskiptasviði til þess að kanna hvort símar hefðu verið hleraðir í ráðuneytinu og hann hefði lýst því yfir að svo hefði verið. Þessar athuganir fóru fram 1991, 1992 og 1993.



**JÓN BALDVIN** Ekkert fannst sem staðfesti meintar hleranir á símum í utanríkisráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í tilkynningu ríkissaksóknara segir jafnframt að miklu skipti að fá upplýsingar um það „hver þessi kunnáttumaður er“ til að fá lýsingar hans á þeim mælingum sem hann gerði hvað þær sýndu. Jón Baldvin vildi ekki upplýsa um það við rannsókn málsins hver þessi maður væri. **- mh**

Litlu-Feneyjar á Ólafsvöllum:

# Fara á bátum á milli bæjanna

„Vatnsyfirborðið hefur hækkað töluvert og hér eru bátar notaðir til þess að komast á milli bæja,“ segir Sigríður Pétursdóttir, bóndi á Ólafsvöllum á Skeiðum.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær rann Hvítá nánast upp að bæjardyrum á Ólafsvöllum í fyrradag og reynt var að koma hrossum á þurrt land.

„Þetta er meira en hefur verið hér nokkurn tímann áður. Það er mjög sérkennilegt að sjá yfir þetta. Stærstu traktorarnir hafa komist eftir aðalveginum en það er ekki meira en svo. Sem betur fer hefur flestum gripum verið komið í skjól,“ segir Sigríður. **- sþs**



**LEIÐTOGARNIR** Geir H. Haarde og Guðlaugur Þór Þórðarsson leiða lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Sjálfstæðismenn í Reykjavík:

# Geir efstur í suður – Guðlaugur í norður

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra fer fyrir lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður og Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður fyrir listanum í Reykjavíkurkjördæmi norður.

Listar flokksins í kjördæmunum tveimur voru samþykktir á fundi Fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í höfuðborginni í gær.

Skipan fólks í efstu sætum er í samræmi við niðurstöður prófkjörs flokksins í október.

Alþingismennirnir Guðmundur Hallvarðsson og Sólveig Pétursdóttir, sem bæði láta af þingmennsku í vor, skipa heiðurssæti listanna. **- bþs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Grjóthrun í Óshlíðinni

Grjót hrundi á Óshlíðarveg á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur á miðvikudagsmorgun. Kona sem var á leið til Bolungarvíkur keyrði á grjót sem var á veginum og sprengdi dekkið. Ekki þurfti að loka veginum og ruddi Vegagerðin hann.

### 29 umferðaróhöpp

Tuttugu og níu umferðaróhöpp voru tilkynnt til lögreglunnar í Reykjavík frá miðvikudagsmorgni til fimmtudagsmorguns. Í einu tilviki var ökumaður fluttur á slysadeild og í tveimur ætluðu ökumennirnir sjálfir að leita sér læknisaðstoðar.

# Eitt síðasta karlavígið fallið

**Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra kynnti í gær víðtækar breytingar á skipulagi utanríkisþjónustunnar. Hún segir sendiherra vera of marga og ætlar ekki að ráða fleiri. Konur skipa lykilstöður í breyttu skipuriti.**

**STJÓRNSÝSLA** „Ég held því fram að síðasta karlavígið sé fallið,“ segir Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra, spurð út í skipulagsbreytingar á utanríkisráðuneytinu sem hún kynnti í ræðu fyrir starfsfólki ráðuneytisins í gær.

Samkvæmt nýju skipuriti ráðuneytisins verður faglegu starfi þess skipt upp í tvö svið – alþjóðaog öryggismálasvið og viðskiptasvið – og yfir þeim verða sviðsstjórar sem taka sem slíkir yfir hluta af þeim verkefnum sem hingað til hafa verið á hendi ráðuneytisstjóra. Bergdís Ellertsdóttir og Berglind Ásgeirsdóttir munu gegna hinum nýju sviðsstjórastöðum, en Bergdís er skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofu og Berglind skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu.

„Sviðsstjórarnir verða eins konar verkstjórar og munu meðal annars geta flutt starfsfólk til hvor innan síns sviðs,“ útskýrir Valgerður í samtali við Fréttablaðið. „Ég er alveg sannfærð um að sá aukni sveigjanleiki, sem þetta býður upp á, mun auka skilvirkni og gera okkur færari um að takast á við verkefni sem geta komið upp skyndilega í utanríkisþjónustunni, án þess að bæta við mannskap,“ segir hún.

Valgerður segir ráðuneytið hafa stefnt í framúrakstur á fjárlögum á þessu ári, og því séu breytingarnar ekki síst hugsaðar til hagræðingar. „Með þessum aðgerðum vonumst við til að vera komin á rétt ról.“

Ráðherrann lýsti því yfir að fjöldi sendiherra væri „nokkuð umfram þarfir ráðuneytisins“. Hún hygðist því ekki ráða fleiri starfsmenn til ráðuneytisins það sem eftir lifir kjörtímabilsins, með þeirri einu undantekningu að reynt verði að ráða bót á manneklu Þýðingarþjónustu ráðuneytisins með því að opna útibú hennar á Akureyri.

Til að draga frekar úr kostnaði hafa fjórir af bílum ráðuneytisins verið seldir, leiguhúsnæði í Þverholti sagt upp og ákveðið að selja sendiherrabústaðinn í Danmörku.



**UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ** Allri heimastarfsemi ráðuneytisins er komið fyrir í aðalbyggingu þess við Rauðarárstíg, leiguhúsnæði í Þverholti sagt upp og bílar seldir. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Með þessari síðastnefndu ráðstöfun og kaupum á ódýrara húsnæði inni í miðborg Kaupmannahafnar er gert ráð fyrir að fé losni sem verja mætti til kaupa á aðalræðismannsbústað í Þórshöfn í Færeyjum. Í stað þess sendifulltrúa sem tekur við þeirri nýju stöðu verður staða í sendiráðinu í Stokkhólmi lögð niður, að sögn Valgerðar.

Hún segir þó einna markverðustu breytingarnar felast í framgangi kvenna innan ráðuneytisins. Auk sviðsstjóranna tveggja eru konur nú í stöðum prótókollstjóra og umsjónarmanns Íslensku friðargæslunnar, og Sigríður Snævarr sendiherra er staðgengill ráðuneytisstjóra. „Það eru tiltölulega fá ár síðan utanríkisráðuneytið var mikið karlaveldi,“ segir Valgerður. „Ég tel að með þessum breytingum [...] séum við í raun að losa okkur undan þeirri ímynd.“

**audunn@frettabladid.is**



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Kynnti skipulagsbreytingar eftir hálft ár í embætti utanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR







## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VERSNANDI VEÐUR Á NÝ**

Núna í morgunsárið er víðast hvar skaplegasta veður. En þetta er í raun stund milli stríða. Næsta lægð nálgast síðar í dag með suðaustan hvassviðri eða storm vestan til með rigningu. Annars staðar verður hvasst en þó einna skaplegast norðaustan til. Á morgun, Þorláksmessu og aðfangadag verður vinda- og vætusamt á landinu.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hæg suðlæg átt í fyrstu. Suðaustan hvassviðri síðdegis og í kvöld með rigningu. Hlýnandi veður og hiti 2-8 stig, mildast í kvöld.

*um hádegi »*






*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C hálfkskýjað | London | 7°C heiðskírt | Alicante | 11°C skúrir |
| Þórshöfn | 8°C hálfskýjað | París | 8°C hálfskýjað | Mallorca | 13°C rigning |
| Osló | 5°C hálfskýjað | Frankfurt | 8°C alskýjað | Algarve | 14°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 9°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 4°C hálfskýjað | Krít | 15°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 8°C hálfskýjað | Berlín | 7°C hálfskýjað | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Vinsælar jólagjafir

## Glæsilegt úrval af CD, DVD og tölvuleikjum.

**OPIÐ**
22. des. til 22
23. des. til 23




1.999kr.
Verð áður 2.299kr.

**Nylon** - Nylon




1.999kr.
Verð áður 2.299kr.

**Á móti sól** - Á móti sól í 10 ár




1.999kr.
Verð áður 2.299kr.

**Papar** - Papar á balli



1.999kr.
Verð áður 2.299kr.

**Bubbi** - Lögin mín




1.999kr.
Verð áður 2.299kr.

**Raggi Bjarna** - Vel sjóaður




1.999kr.
Verð áður 2.299kr.

**Leitin að jólunum**

## DÚNDUR VERÐ! Allar nýjar DVD bíómyndir á 1.999kr.



1.999kr.
Verð áður 2.999kr.

Söngvaborg



1.999kr.
Verð áður 2.999kr.

Jólastjarnan




1.999kr.
Verð áður 2.699kr.

Svínasúpan




1.999kr.
Verð áður 2.699kr.

Strákarnir




1.999kr.
Verð áður 2.699kr.

Stelpurnar

Gildir til 24. desember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN



*Ertu búin(n) að kaupa allar jólagjafir?*

| | |
|---|---|
| Já | 46% |
| Nei | 54% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er stýrikerfið í tölvunni þinni fengið á löglegan hátt?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Deilan milli Flugstoða ohf. og flugumferðarstjóra:

# Engar viðræður fyrirhugaðar

**SAMGÖNGUR** Stálin eru stinn milli forsvarsmanna Flugstoða ohf. og Félags íslenskra flugumferðarstjóra, FÍF. Loftur Jóhannsson, formaður FÍF, segist enn bíða eftir svari Flugstoða við sáttatillögu sem hann lagði fram á þriðjudaginn, þrátt fyrir fréttatilkynningu Flugstoðar síðan á miðvikudagskvöld. Í fréttatilkynningunni kom fram að Flugstoðir „harmi viðbrögð stjórnar FÍF“.

Loftur væntir þess að stjórnarformaður Flugstoða hringi og svari sér persónulega, eins og til hafi staðið. „Það væri kurteisi. Við erum ennþá að reyna að semja og boltinn er hjá honum.“



**FLUGUMFERÐARSTJÓRI AÐ STÖRFUM** Allt flug á Íslandi gæti stöðvast vegna deilunnar, segja sumir. Aðrir tala um tafir og óhagræði. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Forsvarsmenn Flugstoða líta svo á málin að starfsmenn í FÍF, sem ekki hafa gengið til starfa hjá Flugstoðum, hafi ekki áhuga á að vinna þar. „Það verður ekki farið í neinar viðræður um kjaramál og lífeyrismálin eru afgreidd, frá okkar bæjardyrum séð,“ segir Þorgeir Pálsson, flugmálastjóri og verðandi forstjóri Flugstoða. Hann sér ekki tilefni til viðræðna, enda hafi ekkert nýtt verið í tillögum Lofts „nema auknar kröfur“.

Viðbragðsáætlun Flugstoða um hvernig hér verði haldið uppi flugsamgöngum, er enn ekki tilbúin, en Þorgeir býst við því að svo verði fyrir helgi. Til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd og standa við skuldbindingar flugmálastjórnar erlendis hafi verið leitað til flugumferðarstjórna í Noregi, Skotlandi og Belgíu. - kóþ

Forsetinn á Kostaríka:

# Gefur launin sín til fátækra

**KOSTARÍKA, AP Oscar Arias, forseti Kostaríka, ætlar frá og með áramótum að gefa mánaðarlaunin sín til þeirra íbúa eyjunnar sem mest þurfa á að halda. Frá þessu var skýrt á miðvikudag.**

**Mánaðarlaun forsetans nema rúmlega 700 þúsund krónum og þau verða afhent svo lítið beri á samtökum sem hjálpa öldruðum, börnum, fötluðum og öðrum sem aðstoð þurfa.**

**„Sannleikurinn er sá að líf mitt verður hvorki verra né betra án launanna,“ sagði Arias, sem hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1987.** - gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

## Mikið um þjófnaði

Lögreglan í Reykjavík handtók þrjú ungmenni fyrir þjófnaði á miðvikudaginn. Tveir tólf ára drengir voru teknir fyrir þjófnað úr matvöruverslun í úthverfi og átján ára stúlka var tekin fyrir þjófnað úr verslunarmiðstöð fyrir skömmu. Mikið er um slík brot fyrir jólin.

LÖGREGLUFRÉTTIR

## Slasaðist í bílveltu

Karlmaður á sjötugsaldri slasaðist lítillega í bílveltu á Sandskeiði á tíunda tímanum á fimmtudagsmorgun. Maðurinn komst út úr bílnum af sjálfsdáðum. Bíllinn er ónýtur eftir veltuna. Tildrög slyssins eru slæm færð og vindur.




# Fengu samtals 24 og hálfs árs fangelsi

**Fjórir karlmenn voru í gær dæmdir í samtals tuttugu og fjögurra og hálfs árs fangelsi fyrir innflutning á rúmum 15 kílóum af amfetamíni og um 10 kílóum af hassi. Ólafur Ágúst Hraundal fékk þyngsta dóminn, átta og hálfs árs fangelsi.**

**DÓMSMÁL** Fjórir karlmenn voru í gær dæmdir í samtals tuttugu og fjögurra og hálfs árs fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir aðild sína að einu stærsta fíkniefnamáli sem upp hefur komið hér á landi. Mennirnir fjórir, Ólafur Ágúst Hraundal, Hörður Eyjólfur Hilmarsson, Johan Hendrik Engelsman og Ársæll Snorrason, voru fundnir sekir um að hafa flutt inn rúmlega fimmtán kíló af amfetamíni og um tíu kíló af hassi í bensíntanki BMW-bifreiðar sem var flutt til landsins frá Rotterdam og ætlað til söludreifingar.

BMW-bifreiðin var flutt til landsins í byrjun apríl á þessu ári. Við eftirlit tollgæslu fundust 42 hálfslítra flöskur í bensíntanki hennar sem innihéldu fíkniefnin. Í kjölfarið lagði lögreglan hald á efnin og kom gervipakkningum fyrir í staðinn. Auk þess var hlerunarbúnaði komið fyrir í bifreiðinni. Þann 11. apríl leysti Hörður Eyjólfur BMW-bifreiðina úr tollinum og fór með hana heim til sín. Þremur dögum síðar drógu þeir Ársæll, Ólafur Ágúst og Hollendingurinn Johan Hendrik bílinn í iðnaðarhúsnæði við Krókháls í Reykjavík. Lögreglan fylgdist síðan með mönnunum úr fjarlægð fjarlægja gervipakkningarnar úr tankinum. Hún réðst svo til atlögu gegn þeim þegar verkið var langt komið og handtók þremenningana. Hörður Eyjólfur og annar maður, Herbjörn Sigmarsson, voru handteknir stuttu síðar. Herbjörn var ekki ákærður í málinu.

Þyngstan dóm fimmmenninganna hlaut Ólafur Ágúst Hraundal sem var dæmdur í átta og hálfs árs fangelsi. Þar af eru fjögur og hálft ár eftirstöðvar níu ára fangelsisdóms sem hann hlaut fyrir aðild sína að stóra fíkniefnamálinu árið 2000. Í þetta sinn var hann dæmdur fyrir að taka við fíkniefnunum og hafa ætlað þeim til söludreifingar. Hollendingurinn Johan Hendrik og Hörður Eyjólfur voru dæmdir í sex ára fangelsi hvor fyrir að skipuleggja smyglið og taka á móti því. Ársæll var dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir að taka bifreiðina í sína vörslu í þeirri trú að í henni væru fíkniefni sem vafalaust voru ætluð til söludreifingar í ágóðaskyni. Fimmta manninum, sem var skráður eigandi BMW bifreiðarinnar, var gert að sæta upptöku á henni. Auk bifreiðarinnar og fíkniefnanna voru gerð upptæk fartölva, hnújárn, tveir rýtingar og rafstuðsbyssa. thordur@frettabladid.is



**EITT STÆRSTA FÍKNIEFNAMÁL ÍSLANDSSÖGUNNAR** Ársæll Snorrason, Hörður Eyjólfur Hilmarsson og Ólafur Ágúst Hraundal voru ásamt Johani Hendrik Engelsman dæmdir í samtals tuttugu og fjögurra og hálfs árs fangelsi.




Farga þarf rúmlega 80 fjár á bænum Gerðum eftir að riða greindist í einni kind:

# Riða greinist aftur í Flóanum

**BÚFÉ** Sauðfjárriða hefur greinst í einni kind á bænum Gerðum í Flóahreppi. Þetta staðfestir Sigurður Sigurðarson, dýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma á Keldum.

Riða hefur aldrei áður komið upp á bænum en í haust greindist riða á bænum Syðra-Velli, sem er nágrannabær Gerða. Talið er að smitið nú eigi sama uppruna, hugsanlega um afrétt.



**SIGURÐUR SIGURÐARSON**

Það var á föstudagskvöldið fyrir viku sem gert var viðvart um veikindi kindarinnar en riða hefur ekki fundist í öðru fé á bænum. Á Gerðum eru rúmlega 80 fjár og verður það allt skorið strax eftir jól, bæði lömb og fullvaxta skepnur.



**SAUÐFÉ** Skera þarf rúmlega 80 fjár á Gerðum, lömb sem fullvaxta skepnur. Myndin er úr safni.

Að sögn Sigurðar hefur verið einhver samgangur fjárins af Gerðum við annað fé úr sveitinni og því verður gripið til aðgerða til að kanna hvort fé annarra bæja hafi hugsanlega smitast. Spurningalistar verða sendir á alla bæi á milli Ölfusár og Hvítár annars vegar og Þjórsár hins vegar þar sem bændur verða inntir eftir viðskiptum fjárins, vanhöldum þess og veikindum.

Sigurður vill beina því til bænda á svæðinu að fylgjast með búfé sínu og hafa strax samband við Landbúnaðarstofnun ef eitthvað kemur upp. - sh


Síminn
Símajól 2006
Jólagjöfin í ár er símtal frá stelpunni sem þú kynntist á skólaballi
SAMSUNG X830
5.900 kr.
Léttkaupsútborgun
2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð aðeins 29.900 kr.
Með fullkomnum MP3 spilara, 1,3 MP myndavél og sendir tónlist í gegnum Bluetooth.
SAMSUNG X650
4.900 kr.
Léttkaupsútborgun
750 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð aðeins 13.900 kr.
Lítill og nettur með VGA myndavél, FM stereó útvarpi og stereó heyrnartólum.
2.000 kr. auka jólaafsláttur fyrir þá sem eru í Betri leið eða versla á siminn.is
Þú finnur jólagjöfina í ár í næstu verslun Símans eða á vefversluninni á siminn.is

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hvenær tekur reykbann á veitinga- og skemmtistöðum gildi?*

*2. Hvað heitir forsætisráðherra Póllands?*

*3. Hvað heitir skipið sem strandaði í Hvalsnesfjöru?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 74

Landlæknisembættið hefur lokið athugun á Grund eftir umfjöllun Ísafoldar:

# Umfjöllun um beinbrot röng

**HEILBRIÐGISMÁL** Landlæknisembættið segir frásögn tímaritsins Ísafoldar um konu sem beinbrotnaði á dvalar- og elliheimilinu Grund augljóslega ranga. Embættið hefur lokið athugun á Grund en sér ekki ástæðu til aðgerða.

Greinina skrifaði blaðamaður sem starfaði á Grund í fimm daga til að afla heimilda og í henni er dregin upp mjög dökk mynd af aðbúnaði á dvalarheimilinu.

Í greininni er sagt frá því þegar kona beinbrotnaði og var látin liggja í yfir sólarhring áður en henni var komið til meðferðar. Í skýrslu Landlæknis segir að miðað við öll skrifleg gögn sem fyrir liggja sé sú frásögn röng. Enginn vistmaður hafi beinbrotnað á meðan blaðamaðurinn var við störf. Kona hafi mjaðmagrindarbrotnað áður en blaðamaðurinn hóf störf, en eðlilega hafi verið staðið að því máli.



**DVALARHEIMILIÐ GRUND** Blaðamaðurinn var ekki látinn undirrita trúnaðaryfirlýsingu en það mun verða gert í framtíðinni.

Þá segir í skýrslunni að samskipti við erlenda starfsmenn væru engum erfiðleikum háð ólíkt því sem fullyrt er í greininni. Þá hafi verið rætt einslega við nokkra vistmenn og væru margir reiðir blaðamanninum fyrir skrifin.

Embættið telur ekki ástæðu til aðgerða í kjölfar greinarinnar en tekur þó fram að láðst hafi að láta viðkomandi starfsmann undirrita trúnaðaryfirlýsingu og verði það gert í framtíðinni. **- sh / - sdg**

Ritstjórar Ísafoldar ósáttir:

# Ritstjórar segja skýrsluna ranga

**YFIRLÝSING Reynir Traustason og Jón Trausti Reynisson, ritstjórar tímaritsins Ísafoldar, sendu frá sér yfirlýsingu í gær þar sem þeir höfnuðu því sem fram kemur í skýrslu landlæknis.**

**Í yfirlýsingunni segja þeir að landlæknir fari með rangt mál, tímaritið hafi aldrei fullyrt það sem landlæknir segir rangt í umfjölluninni. Það séu einnig óverjandi vinnubrögð að ekki hafi verið leitast við að heyra sjónarmið blaðamanns Ísafoldar við gerð skýrslunnar. Ásakanir landlæknis séu alvarlegar og Ísafold muni kanna lagalega stöðu sína vegna þessa.** **- sh**




# Byggja þarf geymsluhúsnæði fyrir söfn

**Starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins komst að þeirri niðurstöðu að varðveislu menningararfsins væri ábótavant. Geymslur standast ekki kröfur. Brýnustu varðveisluverkefni Listasafns Íslands og Þjóðskjalasafns þarf að leysa strax.**

**SAFNAMÁL** Áætluð þörf fyrir nýtt varðveisluhúsnæði fyrir menningararf þjóðarinnar er tæplega 15.450 fermetrar auk 1.550 fermetra til geymslu á leikmyndum og búnaði. Að auki er brýn þörf fyrir endurbætur á núverandi húsnæði Þjóðskjalasafns Íslands (ÞÍ). Nokkrar núverandi geymslur upp á 3.800 fermetra eru ófullnægjandi og munu leggjast af þegar búið er að byggja eða leigja nýjar geymslur. Listasafn Íslands (LÍ) er eitt þeirra safna sem þurfa nýtt geymslurými án tafar.

Þetta er meðal niðurstaðna starfshóps um varðveislu- og geymslumál þrettán menningarstofnana sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur látið vinna. Helstu niðurstöður starfshópsins eru að brýnustu varðveisluverkefni Listasafns Íslands og Þjóðskjalasafns Íslands verði leyst nú þegar. Einnig að sameiginlegt þjónustu- og varðveisluhús fyrir höfuðsöfnin tvö sem starfa eftir safnalögum, Þjóðminjasafn og Listasafn Íslands, verði byggt á lóð Þjóðminjasafnsins við Vesturvör. Þá er mælt með að byggð verði, eða leigð, allt að 5.400 fermetra varðveislubygging fyrir fjargeymslur Þjóðskjalasafnsins og Landsbókasafns Íslands. Nauðsynlegt þykir einnig að ákvörðun verði tekin um framtíðaraðsetur Þjóðskjalasafnsins við Laugaveg og endurbótum þar innandyra lokið á næstu fimm árum. **- shá**




Brýnt að leysa húsnæðisvanda Þjóðskjalasafns:

# Lesrými safnsins er gömul ísbúðarhola

**SAFNAMÁL** Lestrarsalur Þjóðskjalasafns Íslands er gömul ísbúð. Árið 1999 var ætlunin að nýta lestrarsalinn í 18 mánuði en þá lét safnið af hendi lestraraðstöðu í Þjóðmenningarhúsinu. Eins og fjallað var um í Fréttablaðinu í gær getur Þjóðskjalasafnið ekki sinnt lögboðnum skyldum sínum vegna aðstöðuleysis. Rúmlega 130 stofnanir geta ekki skilað skilaskyldum skjölum. Ein þeirra er menntamálaráðuneytið sem Þjóðskjalasafnið heyrir undir sem menningarstofnun.



**ÓLAFUR ÁSGEIRSSON** Þjóðskjalavörður.

Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður segir að 60 til 70 prósent af húsnæðinu hafi verið löguð að utanverðu en innan við 30 prósent af húsnæðinu hafi verið endurbætt að innan. „Það eru tuttugu ár síðan við fluttum hér inn og það hefði þurft að taka á húsnæðismálunum allt frá byrjun. Við erum þeirrar skoðunar að best væri að byggja nýtt safnahús. Lestrarsalurinn er til dæmis gömul ísbúð sem ekkert hefur verið gert fyrir.“

Ólafur segir að útilokað sé að taka á móti skjölum stofnana við svo búið. „Meira segja menntamálaráðuneytið hefur bæst við langan lista stofnana sem vilja skila af sér. En einna verst er að þurfa að flytja skjöl utandyra. Það er mjög slæmt.“

Að sögn Ólafs eru starfsmenn safnsins of fáir og að skjöl hafi eyðilagst vegna aðstöðuleysis. Elstu og viðkvæmustu skjölin eru þó geymd þar sem ekki þarf að ferja þau utandyra, og slík verðmæti hafa ekki tapast. **- shá**

Stjórn safnamanna sendir frá sér ályktun:

# Húsnæðisvanda verður að leysa

**SAFNAMÁL** Stjórn Félags íslenskra safna og safnamanna hefur sent frá sér ályktun þar sem miklum áhyggjum er lýst vegna þeirrar aðstöðu sem íslensk stjórnvöld hafa búið Náttúrugripasafni Íslands. Félagið skorar á stjórnvöld að tryggja NÍ framtíðarhúsnæði hið fyrsta og gera því kleift að vinna samkvæmt lögbundnum skyldum sínum sem höfuðsafn á sínu sviði hvað varðar söfnun, varðveislu, skráningu, rannsóknir og miðlun.

Félagið leggur áherslu á að tryggt sé að sérfræðingar Náttúrugripasafns séu hafðir með í ráðum frá upphafi um uppbyggingu framtíðarstarfsemi safnsins, og að hagsmunir þess og faglegt starf, ásamt aðgengi almennings að safninu, verði ávallt haft að leiðarljósi. **- shá**




PIPAR • SÍA • 60955



**KLÓSETTLIST Í KÍNA** Kínverskir listamenn stilltu sér upp við klósett sem þeir höfðu málað jafnt að innan sem utan. Þeir tóku ásamt meira en hundrað öðrum listamönnum þátt í keppni um bestu salernisskreytinguna á sunnudaginn var. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkið og æðaskurðlæknir greiði manni 5,6 milljónir í bætur vegna læknamistaka:

# Missti fótinn vegna týndrar beiðni

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið og æðaskurðlæknir sem rak eigin læknastofu voru í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmd til að greiða rúmlega sjötugum karlmanni 5,6 milljónir króna í skaðabætur fyrir mistök árið 1997 sem leiddu til þess að fjarlægja þurfti vinstri fót mannsins fyrir ofan hné.

Í dómnum segir að læknirinn hafi sent beiðni um röntgenmyndatöku vegna mikilla æðagúla í hnésbótum mannsins í janúar 1997, en beiðnin hafi glatast í meðförum starfsfólks Landspítalans. Á því beri ríkið ábyrgð. Hefði maðurinn farið í myndatöku og fengið viðeigandi meðferð á þeim tíma hefði dregið verulega úr líkum á því að fjarlægja hefði þurft fótinn. Maðurinn hafði svo samband við lækninn snemma árs 1998 og komst þá læknirinn að því að ekkert hefði orðið af myndatökunni ári fyrr. Læknirinn sendi manninn þó ekki til rannsóknar og aðgerðar. Í dómnum segir að það sé metið lækninum til sakar að hann hafi ekkert aðhafst vegna þess að honum hafi mátt vera ljóst að fyrir mistök hefði læknismeðferðin dregist eitt ár hið minnsta og að skjótra viðbragða væri þörf.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Það var metið lækninum til sakar að hafa ekkert aðhafst þegar hann frétti af því hversu rannsókn mannsins hafði dregist.

Manninum voru því dæmdar 5,6 milljónir í skaðabætur, auk 1,6 milljóna í málskostnað. - sh

Forseti Íslands á Samráðsþingi:

# Olía og kol verða að víkja

**LOFTSLAG Á Samráðsþingi um loftslagsbreytingar sem forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sótti í New York var í fyrradag lögð lokahönd á yfirlýsingu um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Þar eru raktar niðurstöður vísindamanna um hættuna af þeirra völdum og aðgerðum til að afstýra henni lýst.**

**Lykilatriðið er í yfirlýsingunni sagt vera að efla nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa í stað olíu og kola.**

**Forseti Íslands átti frumkvæði að stofnun Samráðsþingsins ásamt hagfræðingnum Jeffrey Sachs. Það hefur starfað í tvö ár.** - sh








**HELGI VILHJÁLMSSON Í GÓU** Helgi segir að það standi hvergi að ekki megi gefa marga 300.000 kalla í lögum um fjármál stjórnmálasamtaka, sem eru nýsamþykkt.

Framboð eldri borgara fær ekkert fé frá ríkinu:

# Lögin hjálpa ekki nýliðum í pólitík

**STJÓRNMÁL** Helgi Vilhjálmsson, gjarnan kenndur við Góu, útilokar ekki að láta fé af hendi til annarra, svo þeir megi lögum samkvæmt styrkja framboð eldri borgara í þingkosningum 2007, en Helgi hefur hingað til verið nefndur sem „fjársterki aðilinn“ að baki því framboði.

Aðspurður um ný lög um fjármál stjórnmálaflokka, sem takmarka fjárframlög hvers og eins við 300.000 krónur, segir Helgi: „Það þýðir náttúrulega ekki annað en að fara eftir lögum, en það stendur hvergi hvað megi leggja fram marga 300.000 kalla!“

Lögin eru skrítin, að mati Helga. Ný framboð fái enga peninga frá ríkinu, meðan ríkið skaffi gömlu flokkunum peninga fyrir kosningabaráttu þeirra. Hins vegar sitji allir við sama borð, þegar kemur að styrkveitingum almennings.

Sigurður Líndal, prófessor emerítus, telur að með lögunum sé óheimilt að einn aðili dreifi fé milli manna í þeim tilgangi að styrkja stjórnmálasamtök. Lögin kveði á um 300.000 króna hámarksfjárframlag einstaklinga. Annað færi gegn tilgangi laganna.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er þó ekkert í lögunum sem hindrar félagasamtök í að taka við hærri fjárhæðum frá einstaklingum, áður en þau gerast stjórnmálasamtök og leggja í kosningabaráttu. - kóþ








Gleðileg jól
66°
NORÐUR
Vindur
ullar- og flísjakki, herra
21.500 kr.
Vindur
ullar- og flísjakki, dömu
21.500 kr.
Gola
ullar- og flísjakki, herra
19.750 kr.
Gola
ullar- og flísjakki, dömu
19.750 kr.
Glymur
softshell buxur, herra og dömu
Litur: Brúnn, svartur
19.500 kr.
Glymur
softshell án hettu
Litur: Ljós, brúnn, svartur
herra 23.500 kr.
Glymur
softshell með hettu,
Litur: Svartur, ljós
dömu 23.500 kr.
Glymur
softshell með hettu,
Litur: Ljós, brúnn
herra 25.000 kr.
Athugið lengdan afgreiðslutíma verslana til jóla
Surtsey
prjónahúfa
2.520 kr.
Flatey
prjónahúfa
2.520 kr.
Vík
powerstretch buxur
6.200 kr.
Vík
powerstretch bolur
2.620 kr.
Kaldi
ullar- og skinnhúfa
5.200 kr.
REYKJAVÍK:
Kringlan
Bankastræti 5
Faxafen 12
GARÐABÆR:
Miðhraun 11
AKUREYRI:
Glerárgata 32
www.66north.is



**ENSKUR VETUR** Þessi lögreglumaður stóð sína plikt í vetrarþokunni í Bretlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óskar Kristjánsson og Rósa María Tryggvadóttir, húsráðendur í Grænuhlíð:

# Hefur alltaf verið illa við fjallið

**SKRIÐUR** „Við förum ekki heim á þessu ári, ég held að það sé nokkuð ljóst," segir Óskar Kristjánsson, bóndi í Grænuhlíð í Eyjafjarðarsveit. „Við gistum hjá vinafólki á nálægum bæ, Hrísum. Hvar jólin verða er ekki víst, við lifum í núinu," segir hann.

„Það rann eitthvað meira á þessu svæði í gærkvöldi en ég held að ekkert hafi farið á bæinn. Hlíðin er enn öll á hreyfingu."

Óskar segist enga tölu hafa á tjóninu sem skriðurnar hafa valdið en það sé mjög mikið. „Það drápust hjá mér tólf gripir og íbúðarhúsið ásamt öðrum húsum er ónýtt. Það eina sem hægt er að gera núna er að koma kúnum í burtu."

Hann segir að mjög líklega þurfi þau að skipta um allar innréttingar í þeim húsum sem eftir standa.

„Mér hefur alltaf verið mjög illa við fjallið, sérstaklega í svona tíðarfari." - sþs



**VIÐ HLÍÐINA** Óskar Kristjánsson og kona hans Rósa María Tryggvadóttir standa fyrir framan íbúðarhús sitt í Grænuhlíð, sem fór mjög illa úr skriðuföllum á miðvikudag.

Flóð í Héraðsvötnum:

# Tugum hrossa bjargað á þurrt

**FLÓÐ Tugum hrossa var bjargað á þurrt við Héraðsvötn í Skagafirði í gær þegar vötnin bólgnuðu vegna klakastíflna og flæddu yfir stórt landsvæði.**

**Björgunarsveitarmenn frá björgunarsveitinni Gretti, Skagfirðingasveit og Flugbjörgunarsveitinni í Varmahlíð unnu á nokkrum bátum við að reka hrossin á þurrt og gengu aðgerðir vel að sögn Ingimundar Ingvarssonar í svæðisstjórn.**

**„Það er lítill hæðarmunur við vötnin og mikill flati þarna. Þetta er bara á að líta eins og stórt vatn."** - sdg


KAUPMANNAHÖFN … borgin okkar

Guðlaugur Arason þekkir hana eins og lófan á sér og leiðir fróðleiksfúsa Íslendinga um götur hennar.

Nú er hann kominn heim og áritar bækurnar sínar vinsælu í Pennanum, Kringlunni kl. 16.00 í dag, 22. desember.



10 hæfilegar gönguleiðir með kortum og bráðskemmtilegum frásögnum á hverjum viðkomustað.

Óborganlegar sögur um alla helstu staði, ótal ljósmyndir, fjallað um göturnar í stafrófsröð.

Bókaútgáfan Salka
Skipholt 50 c
105 Reykjavík
s. 552 1122
www.salkaforlag.is

Salka


# Vanmáttugur andspænis náttúrunni

**Íbúar fimm bæja í Eyjafirði yfirgáfu heimili sín vegna skriðufallshættu í fyrradag. Aurskriður ollu miklu tjóni þar í fyrradag. Maður verður lítill í sér andspænis náttúruöflunum, segir Jón Eiríksson, einn þeirra sem þurftu að flýja heimili sitt.**

**SKRIÐUR** „Það er óhugur í okkur. Maður verður mjög lítill í sér þegar maður sér þessi náttúruöfl að verki. Maður hefur engin áhrif og enga möguleika á að breyta atburðarásinni," segir Jón Eiríksson, en hann þurfti að yfirgefa heimili sitt á bænum Arnarfelli í Eyjafirði ásamt konu sinni, Unni Harðardóttur.

Íbúar fjögurra annarra bæja innst í Eyjafirði þurftu einnig að yfirgefa heimili sín í fyrradag vegna hættu á aurskriðum.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær féllu skriður í Eyjafjarðarsveit á miðvikudag og ollu miklum skemmdum á vegum og mannvirkjum. Íbúðar- og gripahús í Grænuhlíð voru nánast ónýt eftir atganginn en húsráðendur sluppu undan skriðunni á dráttarvél. Tólf kálfar drápust þegar fjósið hrundi.

Í gærmorgun höfðu nokkrar skriður fallið í Eyjafirði um nóttina en engin þeirra lenti á húsum eða öðrum mannvirkjum.

„Við gerðum þetta svona af öryggisástæðum, við búum nú bara á næsta bæ við Grænuhlíð. Ég var þar mestallan daginn í fyrradag en þegar kvölda tók töldum við ekki ráðlegt að sofa heima hjá okkur yfir nóttina."

Jón segist fæddur og uppalinn í Eyjafjarðarsveit og hann muni ekki eftir því að hafa þurft að yfirgefa heimilið yfir nótt vegna hættu á skriðuföllum.

„Það er mjög óvenjulegt að það sé svona mikill vatnsgangur í fjallinu. Ég held að jarðvegsmyndun í hlíðinni, sem hefur verið mjög mikil allt síðan hætt var að beita fé þar, ásamt veðurfarinu hafi komið þessu af stað. Það var óhugnanlegt að sjá hvernig þetta fór í Grænuhlíð, skriðan fór bara inn í húsin og drap skepnur," segir hann.

„Við gistum núna hjá vinafólki á Akureyri, við höfum bæði stundað atvinnu þar. Þegar það fer að kólna ættum við að geta snúið heim aftur, en því miður er spáð áframhaldandi hlýindum. Ég er bara ekki viss hvar við verðum um jólin." salvar@frettabladid.is



**VIÐ ELDHÚSBORÐIÐ HEIMA** Jón situr við eldhúsborð sitt í Arnarfelli en hann kom þar við til þess að huga að skemmdum. „Mér finnst ólíklegt að við gistum hérna í nótt, en það er ennþá hætta á skriðuföllum."








**FRÁ SELFOSSI** Björgunarsveitaliðar girtu svæðið af þar sem Ölfusá flæddi yfir bakka sína og á götur Selfoss. MYND/HÖRÐUR HARÐARSON

Björgunarsveitaliðar vöktuðu bakka Ölfusár:

# Ölfusá ekki verið vatnsmeiri í 58 ár

**FLÓÐ** Flóðin í Ölfusá voru enn í hægum vexti í gær en reiknað var með að draga myndi úr með kvöldinu. Fara þarf aftur til ársins 1948 til að finna sambærilegt vatnsmagn í ánni að sögn lögreglunnar á Selfossi. Vatn flæddi inn í kjallara verslunarmiðstöðvarinnar Kjarnans og í kjallara Hótels Selfoss. Björgunarsveitaliðar höfðu eftirlit með árbakkanum til að gæta þess að fólk færi sér ekki að voða.

Um 60 meðlimir björgunarsveita í Árnessýslu voru að störfum við að aðstoða fólk í sýslunni og eru þetta umfangmestu aðgerðir sem þeir hafa farið í vegna flóða að sögn Ingvars Guðmundssonar, formanns Björgunarfélags Árborgar.

„Í gær var 70 hrossum bjargað á þurrt við Vorsabæ á Skeiðum og á miðvikudag var 100 hrossum bjargað við Auðsholt á Flúðum. Aðfaranótt fimmtudags fóru björgunarsveitaliðar til að bjarga kindum á þurrt við Björnskot á Skeiðum." Fimm til sex bátar voru í aðgerðum í gær á öllu svæðinu að sögn Ingvars.

Mjög hafði dregið úr vatnsmagni í uppsveitum Árnessýslu í gærdag. Ingvar gerði ráð fyrir að þeir myndu fylgjast með ánni fram eftir nóttu. - sdg




JOE BOXER®

SKÓLAVÖRÐUSTIG • KRINGLUNNI • SMÁRALIND

Gleðileg

# Ferskar kryddjurtir
## - beint frá Frakklandi!






# Mest selda
# á Íslandi í

*Eftirréttir búnir til af færustu b*
*... að okkar mat*




## Skreyttu eftirréttadiskinn með lítilli sneið!







*Þessi seldist upp í fyrra!*

*Ómissandi á reyktan og grafinn lax*




O
í kvöld
á morgu

Gildir á meðan birgðir endast.

# Jól





bókin
dag!

ökurum landsins
ti

# Besti hryggurinn

## að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!**




Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!



*Fyrir þá sem vilja vera öðruvísi!*




PIÐ
til 22:00
n til 23:00




*Ný og spennandi kalkúnafylling*

*Tilvalin jólagjöf!*




**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



**JÓLALJÓS Í BRUSSEL** Byggingar og tré við Brouckere-torg í Brussel ljóma í jólaljósadýrð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Karlmaður játar að hafa verið undir stýri þegar banaslys varð nærri IKEA:

# Ökumaður bílsins var ölvaður

**LÖGREGLUMÁL** Annar mannanna sem komust lífs af úr banaslysi á Reykjanesbraut nærri IKEA í Garðabæ hinn 11. nóvember hefur viðurkennt að hafa ekið bílnum þegar slysið varð.

Maðurinn, sem áður hafði neitað því að hafa setið undir stýri, viðurkenndi að hafa skömmu fyrir slysið ekið á mikilli ferð auk þess sem niðurstöður úr áfengisrannsókn á blóði allra mannanna sem í bílnum voru sýna að þeir hafi allir verið ölvaðir þegar slysið varð.

Þrír pólskir karlmenn voru í bílnum þegar hann lenti á steypuklumpi við vegaframkvæmdir á veginum og lést einn þeirra. Hinir tveir reyndust lítið meiddir og voru úrskurðaðir í farbann þar sem þeim bar ekki saman um það hvor þeirra hefði ekið bílnum.



**Á VETTVANGI** Mennirnir sem komust lífs af úr slysinu neituðu báðir að hafa ekið bílnum þar til í gær, þegar annar þeirra játaði það.

Lögreglan í Hafnarfirði hefur yfirheyrt mennina og við skýrslutöku í fyrradag viðurkenndi annar maðurinn að hafa ekið bílnum. Að sögn lögreglu er gert ráð fyrir að rannsókn málsins ljúki um eða eftir áramót. Ekki fengust upplýsingar um það hjá lögreglunni í Hafnarfirði hvort ökumaðurinn verði kærður fyrir manndráp af gáleysi. **- sh**

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti:

# 79 nýstúdentar brautskráðir

**BRAUTSKRÁNING** Fjölbrautaskólinn í Breiðholti útskrifaði í fyrradag 79 stúdenta. Þá útskrifuðust 39 sjúkraliðar svo og nemendur af snyrtibraut, húsasmíðabraut og rafvirkjabraut.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra ávarpaði samkomuna og afhenti dúx sjúkraliðabrautar, Bergþóru Viktorsdóttur, viðurkenningarskjal. Þá var nýútskrifuðum sjúkraliðum færðar gjafir frá Reykjavíkurdeild Sjúkraliðafélagsins og Gideonfélaginu.

Við útskriftina flutti Kristín Arnalds, rektor FB, ávarp ásamt fulltrúa nýstúdenta og kórar nemenda og kennara sungu. **- hs**

Minningarskjöldur afhjúpaður:

# Minnisvarði við Suðurlandsveg

**MINNISVARÐI Minningarskjöldur um þá sem látist hafa í umferðarslysum á Suðurlandsvegi var afhjúpaður nú í vikunni. Minnisvarðanum hefur verið komið fyrir við þá 54 krossa sem reistir hafa verið til minningar um þá sem látist hafa í umferðarslysum á Suðurlandsvegi frá árinu 1972.**

**Viðstaddir afhjúpun minnisvarðarins voru samgönguráðherra, sýslumaðurinn á Selfossi, fulltrúar sveitarfélaga í byggðinni og fulltrúar áhugahóps um tvöföldun Suðurlandsvegar.**

**Í máli þeirra sem fluttu ræðu af þessu tilefni kom meðal annars fram að brýnt væri að ökumenn minntust ábyrgðar sinnar í umferðinni og færu að lögum.**

**Háværar raddir hafa komið fram um að nauðsynlegt sé að tvöfalda Suðurlandsveginn. - hs**

# Turkmenbasi er fallinn frá

**Framtíð Túrkmenistans er í óvissu eftir lát sérvitrus einræðisherra. Hann leyfði enga stjórnarandstöðu og hafði ekki tilnefnt eftirmann sinn. Hátíðarskreytingar voru fjarlægðar í gær og bannað að selja áfengi.**

**TÚRKMENISTAN, AP** Saparmurat Niyazov, forseti Túrkmenistans, lést í fyrrinótt af völdum hjartaáfalls. Hann var 66 ára gamall og verður jarðaður á sunnudaginn í heimabæ sínum, Kipchak, þar sem hann hafði látið reisa stærstu mosku í Mið-Asíu.

Niyazov var einráður í landinu, leyfði hvorki frjálsa fjölmiðla né neina stjórnarandstöðu. Hann lét kalla sig Turkmenbasi, sem þýðir faðir eða leiðtogi allra Túrkmena.

Niyazov hafði stjórnað Túrkmenistan frá því árið 1985, þegar það var enn eitt af lýðveldum Sovétríkjanna. Eftir fall Sovétríkjanna árið 1991 hélt hann áfram völdum og hefur jafnt og þétt hert tökin á öllu þjóðlífi.

Hann lét reisa styttur af sjálfum sér víða um land og skipaði svo fyrir að dagar vikunnar og mánuðir ársins skyldu nefndir í höfuðið á honum sjálfum og fjölskyldu hans. Bók eftir hann var skyldulesning í skólum landsins og nemendur hófu hvern skóladag á því að heita honum ævarandi tryggð sinni.

Íbúar höfuðborgarinnar, Ashgabat, voru þöglir í gær og virtust undrandi. Allar hátíðarskreytingar og nýárstré voru fjarlægð af götum borgarinnar strax í gær og verslunum sem selja áfengi var skipað að hafa lokað.



**SAPARMURAT NIYAZOV** Hafði stjórnað Turkmenistan frá 1985. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mikil óvissa ríkir um framtíð landsins eftir fráfall Niyazovs, sem hafði ekki valið neinn eftirmann sinn.

Ríkisöryggisráð landsins ákvað í gær að Kurbanguli Berdymukhamedov aðstoðarforsætisráðherra myndi gegna forsetaembætti til bráðabirga, jafnvel þótt stjórnarskrá landsins geri ráð fyrir því að þingforseti eigi að taka við ef forsetinn fellur frá.

Þingforseti er Overzgeldy Atayev, en ríkisöryggisráðið sagði í gær að hafin væri rannsókn á glæpsamlegu atferli hans. Þetta bendir til þess að valdabarátta milli andstæðra afla geti sett svip sinn á nánustu framtíð Túrkmenistans.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**EIN AF STYTTUNUM** Niyazov hafði látið reisa styttur af sjálfum sér víða um land. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# Bókin sem heimurinn bíður eftir!

## Hermikrákuheimur eftir Kleopötru Kristbjörgu.

- Bókin sem hjálpar mannkyninu!
- Bók sem hefur bjargað lífi fólks!
- Bók sem gefur öll svörin sem allir þurfa að vita til að öðlast hamingju og betra líf!
- Bókin sem kveikir ljós í öllu þessu myrkri sem grúir yfir heiminum og er að tortíma honum!






Kleopatra Kristbjörg.

Bók sem annaðhvort heillar fólk alveg gjörsamlega eða gerir allt brjálað!

Bók sem segir sannleikann um lífið og tilveruna, um ljós og myrkur og baráttuna á milli.

Bók sem segir sannleikann um heiminn, hvað hann er sjúkur og hvað mannfólkið er sjúkt!

Bók sem allir ættu að hafa sem leiðarljós í lífinu.

Þessi bók er full af lífsspeki og sannleika sem enginn þorir að segja og aftast í bókinni eru ljóð sem láta engan ósnortinn.

Bókin hefur nú þegar hjálpað mörgu fólki sem hefur hringt í höfundinn og þakkað fyrir bókina sem það segir hafa breytt lífi sínu mjög til batnaðar og jafnvel bjargað lífi sumra sem höfðu gefist upp á lífinu.

**Hermikrákuheimur eftir Kleopötru Kristbjörgu er komin í verslanir.**



**OLÍUBLETTIR Á REKI** Tveir til þrír litlir olíublettir sáust á reki norður með ströndinni. „Við sjáum til þegar lygnir hvort olían berst upp í fjörur eða ekki,“ segir Hávar Sigurjónsson, upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar. Talið er að um lítið magn af dísilolíu sé að ræða. Enn hefur ekki tekist að dæla miklu magni af olíu úr skipinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Dýralífið þolir illa olíu

**Olíumengun getur haft óheillavænleg áhrif á fugla, fiska og smádýralíf. Mesta mengunin getur orðið á leirum í Ósum og Sandgerði þar sem eru skjólsælar strandir sem virka eins og olíugildrur.**

**SKIPSSTRANDIÐ** Ströndin frá Hvalsnesi að Sandgerði er í mestri hættu ef olía lekur úr Wilson Muuga.

„Flekkurinn getur borist víða og haft óheillavænleg áhrif. Ákveðinn hluti af olíunni gufar upp en megnið heldur sig í sjónum og hefur þar áhrif á allt lífríki. Lífverurnar taka upp olíusamböndin og þau hafa skaðvænleg áhrif á starfsemi lífveranna,“ segir Jörundur Svavarsson, prófessor í sjávarlíffræði við Háskóla Íslands.

Þungar olíur eins og hráolía og svartolía sem ná landi fljótlega eftir að þær fara í sjóinn geta haft alvarleg áhrif á umhverfið. Mengun er alvarleg þegar fuglar verða olíublautir en minna sýnileg áhrif á gróður og dýralíf eru ekki síður alvarleg.



**ÓHEILLAVÆNLEG ÁHRIF** „Flekkurinn getur borist víða og haft óheillavænleg áhrif,“ segir Jörundur Svavarsson prófessor.

Fyrstu áhrif olíu á lífríki stranda og sjávar geta verið lítil en þau geta líka orðið til þess að allt lifandi drepst á tilteknu svæði. Strandsvæði sem fangar olíuflekk, til dæmis leirur eða votlendi, getur orðið sérlega illa úti. Fjölbreytilegt og friðað lífríki er á strandlengjunni norðan við strandstaðinn, bæði margvíslegt fuglalíf og lífmiklar fjörur.

Fyrir opnu hafi verða áhrif olíumengunar tiltölulega lítil þar sem saman fer hratt niðurbrot olíunnar og takmarkað lífríki en áhrifin á strönd í skjóli eru meiri. Skjólsælustu strandirnar eru gjarnan með leirum og votlendi. Slík svæði fanga gjarnan olíuflekki. Svæði af þessu tagi eru við Ósa og í Sandgerði og teljast þau í mikilli hættu.

Eitrunaráhrif olíunnar skiptir máli þegar hugsanleg áhrif olíumengunar eru metin. Verulegur munur er á eitrunaráhrifum hráolíuflekks sem nær landi stuttu eftir að hann kemst í sjóinn eða flekks sem hefur veðrast á rúmsjó dögum saman áður en hann nær landi. Þegar olía dreifist í vatn eða sjó verða ýmsar breytingar á henni sem stýra hegðun hennar. Þetta kemur fram í gögnum frá Umhverfisstofnun.

Þegar áhrif olíumengunar á umhverfið eru metin skiptir máli hversu seig olían er, hversu hratt hún gufar upp og hver þykkt hennar er, hvort hún gufar upp eða sekkur. Hraði uppgufunarinnar fer mest eftir því hvernig olían er samsett. Náttúruleg dreifing olíunnar getur átt sér stað þegar örfínir olíudropar dreifast um vatnið. Olían getur sest á botninn í kekkjum og svo getur sólin orðið til þess að ný efnasambönd myndist í henni. ghs@frettabladid.is



**BÚNAÐUR HÍFÐUR UM BORÐ** Leiguþyrla Landhelgisgæslunnar, sem dags daglega gengur undir nafninu Steinríkur eða Obilix, kom í Hvalsnesfjöru í gær og hífði búnað og menn um borð í flutningaskipið.



**SÉÐ YFIR STRANDSTAÐINN** Flutningaskipið á fjöru. Eins og sjá má er stutt í land og í kirkjuna og kirkjugarðinn í Hvalsnesi. Veður hefur verið vont og dagsbirtan stutt og því erfitt um vik á strandstað.

Flutningaskipið Wilson Muuga situr stöðugt í Hvalsnesfjöru við Sandgerði:

# Olíudæling undirbúin úr skipinu

**SKIPSSTRANDIÐ** Flutningaskipið Wilson Muuga situr stöðugt í Hvalsnesfjöru og ekkert bendir til annars en að það sitji áfram á sínum stað. Landhelgisgæslan flaug yfir strandsvæðið í dag og sáust þá tveir eða þrír litlir olíublettir á reki norður með ströndinni. Hávar Sigurjónsson, upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar, segir að erfitt sé að segja til um hve olíuna rekur langt.

Sjö menn sigu ásamt búnaði um borð í flutningaskipið Wilson Muuga í Hvalsnesfjöru við Sandgerði í dagsbirtu í gær og hófu undirbúning að því að dæla olíu úr skipinu. Hávar var bjartsýnn en sagði þó ekki hægt að dæla fyrr en veður gengi niður. Hins vegar væri hægt að dæla svartolíunni upp úr tönkunum og hefja undirbúning að því að dæla henni í land.

„Öll svartolían er enn í skipinu. Botntankarnir virðast heilir og enginn sjór hafa blandast við hana. Olían í sjónum er líklega úr dísilolíutanki undir vélarrúminu. Það er miklu auðveldara við hana að eiga. Hún er þynnri, brotnar hraðar niður og svo er þetta minna magn. Meðan ekkert annað fer í sjóinn er staðan mjög góð,“ segir hann.

„Við sjáum til þegar lygnir hvort olían berst upp í fjörur eða ekki. Yfirgnæfandi líkur eru á að olían leysist upp og valdi litlum sem engum skaða þegar þeytist til og frá í briminu.“

Ákveðin svæði verða vöktuð í nótt til að fylgjast með því hvort olíuna reki í land. - ghs



Rannsóknarnefnd sjóslysa:

## Yfirheyrði skipverjana

**SJÓSLYS** Rannsóknarnefnd sjóslysa yfirheyr ði í gær skipverja á flutningaskipinu Wilson Muuga en það strandaði um fimmleytið á þriðjudagsmorgun.

Ingi Tryggvason, formaður nefndarinnar, sagði yfirheyrslur hafa gengið ágætlega. „Við vitum ekki ennþá hvað olli því að sjálfstýringin bilaði. Skipverjar [á Wilson Muuga] telja ótvírætt að sjálfstýringin hafi bilað en við höfum ekki ennþá fengið tækifæri til þess að skoða vélarrými skipsins.“

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær björguðust allir áhafnarmeðlimir Wilson Muuga en þyrla Landhelgisgæslunnar bjargaði mönnunum í landi við erfiðar aðstæður. Rannsóknarnefnd danska sjóhersins sér um að yfirheyra skipverja á danska varðskipinu sem aðstoðaði við björgunina. - mh



**GUÐMUNDUR ÁSGEIRSSON, STJÓRNARFORMAÐUR NESSKIPA.**

Stjórnarformaður Nesskipa:

## Wilson Muuga ekki meir á sjó

**SKIPSSTRANDIÐ** Guðmundur Ásgeirsson, stjórnarformaður Nesskipa, segir að búið sé að dæma Wilson Muuga ónýtt. „Skipið fer aldrei á sjó meir,“ segir hann. Mikilvægast sé að reyna að ná olíunni á land og það sjái Umhverfisstofnun um nema samkomulag náist við tryggingafélögin um annað.

„Næsta skref er að reyna að ná olíunni á land og síðan þarf að fjarlægja flakið seinnipart vetrar. Það þýðir ekkert að gera það þegar það er birta þrjá tíma á dag og alltaf vitlaust veður. Við höfum sex mánuði til að fjarlægja skipið að sögn Umhverfisstofnunar.“ - ghs

Strandið við Hvalsnes:

## Orsök bilunar ekki ljós enn

**SJÓSLYS** Rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík hefur ekki komist að því hvað olli því að sjálfstýring í flutningaskipinu Wilson Muuga bilaði með þeim afleiðingum að skipið strandaði skammt frá Hvalsnesi sunnan við Sandgerði.

Tólf skipverjum var bjargað af skipinu á strandstað en 25 ára Dani, Jan Nordskov Larsen, lést er átta skipverjar af danska varðskipinu Triton reyndu að komast um borð í Wilson Muuga skömmu eftir að það strandaði.

Jóhannes Jensson rannsóknarlögreglumaður segir yfirheyrslur ganga hægt. „Við erum með túlka með okkur en yfirheyrslur eins og þessar ganga yfirleitt hægt. Við höfum farið um borð og skoðað vélina en eigum eftir að skoða þessi mál enn betur.“

Skipverjar á Triton hafa ekki verið yfirheyrðir ennþá en verða líklega yfirheyrðir í dag. - mh

# Verslun Guðlaugs A. Magnússonar

Laugavegi 22a • Sími 562 5222



Engill vonarinnar.
Til styrktar
Krabbameinsfélagi Íslands



Silfurskart í úrvali



Hin eina sanna Jólaskeið í 60 ár.



Íslenski silfurborðbúnaðurinn.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári!




# Úrvalið af kjöti er hjá okkur







**799** kr/kg.
Jólahumar




# 30-70% afsláttur af bókum

H:N markaðssamskipti / SÍA - Umbrot: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 22. desember til 24. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is







**199** kr/stk.
Skinney síld - 800gr.




**499** kr/stk.
Daim jólaískrans




**399** kr/stk.
Nettó vanilluís - 3 ltr.




**349** kr/stk.
After Eight - 400gr.




Nóa konfekt - 800gr.




Machintos - 2,5 kg

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

## „ORÐRÉTT“

### *Ekki nóg að vera í góðri trú*

**„Það er alltof mikill losaragangur í kringum þessa styrktarsamninga og mikil brotalöm í öllu eftirliti.“**

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR ÞINGMAÐUR UM AÐ BYRGIÐ HAFI FENGIÐ ÁRLEGA STYRKI ÚR RÍKISSJÓÐI ÞRÁTT FYRIR MIKLA FJÁRMÁLAÓREIÐU.

**Blaðið, 21. desember**

### *Álið ekki málið*

**„Að fá virkjun er orðið eins og að fá Millet-úlpu í gamla daga.“**

EDDA BJÖRG EYJÓLFSDÓTTIR LEIKKONA SPYR HVORT ENGUM DETTI NEITT BETRA Í HUG EN GAGNAMIÐSTÖÐ OG VIRKJANIR.

**Fréttablaðið, 21. desember**

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** PÁLL SKÚLASON, RITSTJÓRI SKJALDAR

## *Býr til jólagraut með konunni*

„Það er alltaf sama stemningin á Íslandi um jólin. Fólk fer í hátíðaskap og er gott hvað við annað,“ segir Páll Skúlason, ritstjóri menningartímaritsins Skjaldar, og bætir því við að sér finnist gott að þróunin hér á landi hafi ekki verið sú sama og víða í útlöndum þar sem jólin eru orðin að verslunarhátíð.

Páll ætlar að skreyta jólatréð í stofunni sinni á Þorláksmessu og ganga svo niður Laugaveginn og líta á jólabækurnar. „Ég kíki líka alltaf inn til Braga fornbókasala, en það er mikil jólastemning í kringum búðina hans á Þorláksmessu.“



Upp á síðkastið hefur Páll unnið að útgáfu 300 blaðsíðna ljóðabókar með ljóðum sem Íslendingar hafa ort á dönsku síðustu tvær aldirnar. „Núna er talað illa um Íslendinga í Danmörku, það er sagt að þeir hafi ekki áhuga á neinu nema peningum og svindli, en þessi bók sýnir að Íslendingar hafa tekið mikinn þátt í menningarlífi Dana síðustu aldirnar.“

Á aðfangadag ætlar Páll að vera heima hjá sér við skriftir og aðstoða eiginkonu sína við að gera jólagrautinn. Síðustu dagana hefur Páll verið að ganga frá nýjasta tölublaði Skjaldar og mun það berast á næstunni til þeirra þúsund manna sem eru áskrifendur að því.

## HRINGI Í KRINGUM SÓLINA:
### ÁRIÐ Á MERKÚR ER TÆPIR 3 MÁNUÐIR

Jörðin fer hringinn í kringum sólina á 365,2477 daga fresti. Sú pláneta sem næst er sólu, Merkúr, tekur mun styttri tíma í ferðalagið, eða 88 daga. Nefndu Rómverjar hana í höfuðið á sendiboða guðanna vegna þess hve hratt hún ferðast um næturhiminninn. Sú pláneta sem er lengst frá sólu, Neptúnus, eyðir 59.800 dögum í ferðalag sitt í kringum sólina. Er hún nefnd eftir rómverska sjávarguðinum þar sem yfirborð hennar er blátt.



## SJÓNARHÓLL
### VATNAVEXTIR OG FLÓÐ Á ÍSLANDI

## *Hugleiðum hvert stefnir*

„Nú eru flóð og vatnavextir og fjórtán stiga hiti um allt land um miðjan vetur og það er ef til vill ástæða til að spyrja sig hvort ekki geti verið að þetta tengist eitthvað manngerðri hlýnun jarðar,“ segir Anna Fjóla Gísladóttir ljósmyndari.



**ANNA FJÓLA GÍSLADÓTTIR** Ljósmyndari

„Er ekki vert að við hugleiðum grannt hvert við stefnum í umhverfis- og náttúruverndarmálum og látum ekki taumlausa græðgi leiða okkur út í aðstæður sem mannkynið ræður ekki við?

Enn höfum við tíma hér á Íslandi til að vernda óspillta náttúruna, og í henni felast einnig auðævi. Við ættum að sjá sóma okkar í því að leggjast ekki svo lágt að sækja um aukinn mengunarkvóta. Við ættum þvert á móti að draga úr útblæstri og sýna náttúrunni ábyrgð og virðingu. Vinnu minnar vegna og dálætis á íslenskri náttúru, hef ég stórar áhyggjur af fyrirhuguðum áformum um frekari virkjanir. Sem segir Langisjór, Torfajökulssvæði, Þjórsárver og virkjanir í Skagafirði. Við Íslendingar virðumst vera tregir til að undirgangast siðalögmál. Við viljum alltaf meira og meira og göngum eingöngu út frá okkar eiginhagsmunum, ein ríkasta þjóð heims. Við erum að verða eins og fíkniefnaneytendur og þurfum sífellt stærri skammt. Ef við hugleiðum hvað aðeins okkar kynslóð hefur umbreytt náttúrunni mikið, er vert að hafa það í huga að við höfum jörðina aðeins að láni, ekki til eignar.“

# Óþarfi að örvænta þótt sofið sé til hádegis á aðfangadag

**Þeir sem vakna um hádegi á aðfangadag og komast að því að þeir hafi gleymt að kaupa jólagjafir handa nánustu vinum og ættingjum þurfa ekki að örvænta, að minnsta kosti ekki strax. Bæði Kringlan og Smáralind hafa opið frá 10 til 13 og svo til allar búðir þar ku vera opnar á þeim tíma. Það sama gildir um flestar búðir í miðbænum, svo sem Mál og menningu og Eymundsson.**




**VÍNBÚÐIN** Lokar dyrum sínum á Þorláksmessu.

Allt þetta er gott og blessað en sé klukkan hins vegar orðin meira en eitt eru enn nokkrir kostir í boði.

Select Shellstöðvarnar eru opnar til klukkan 15 og er sú stærsta á Vesturlandsvegi. Þar er hægt að fá kaffi frá Te og kaffi, mynddiska, jólastyttur eða reipi og bensínbrúsa fyrir jeppakarlinn.



**SHELLSTÖÐIN** Opin til klukkan þrjú, og vafalaust hægt að fá rúðuþurrku í jólapakkann ef allar bjargir eru bannaðar.

Sé klukkan komin yfir þrjú fer valið að vandast. Ekki er þó öll von úti enn, því opið er í verslunum Lyfju í Lágmúla og Smáratorgi alveg þangað til jólunum er hringt inn klukkan 18. Þar er hægt að fá Lamaze leikföng fyrir börnin, sléttujárn með fjölbreyttum stillingum eða snyrtivörugjafakassa fyrir hana og hár og skeggsnyrti eða herrailm fyrir hann. Einnig lífsstíls- eða tónlistardiska, að ógleymdum Microlife blóðþrýstingsmæli eða jurtapúða fyrir þá sem eldri eru.



**LYFJA** Hægt að fá ýmislegt fleira í jólapakkann en sápur.

Það að aðfangadagur skuli lenda á sunnudegi virðist skipta litlu máli fyrir flesta verslunarmenn varðandi opnunartíma.

Ein búð er það þó sem heldur sunnudaginn heilagan, en það er Vínbúðin. Allir sölustaðir ÁTVR verða lokaðir á aðfangadag. Þeir sem ætla sér að eiga gleðileg jól verða því að gera sín innkaup á Þorláksmessu, en þá verður opið til tíu um kvöldið.

**valurg@frettabladid.is**


# Morgunverður frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga



195,-
2 rúnstykki, 1 egg, skinka, ostur, smjör, sulta og heitur drykkur

IKEA

IKEA® Restaurant & Café

Þú átt allt gott skilið!

© Inter IKEA Systems B.V. 2006


# Fá jólin í heimsendingu

Ef til vill er það draumur margra að losna við jólaundirbúninginn og bruna beint inn í jólin sjálf. Á heimasíðunni jolasveinn.is er boðið upp á einmitt það. Er þar auglýst alhliða jólaþjónusta fyrir fyrirtæki og félagasamtök sem felst meðal annars í að senda jólatré og jólaskraut heim og pakka inn gjafakörfum og koma þeim á áfangastað. Einnig er hægt að fá jólasveina til ýmissa nota.

„Þetta byrjaði árið 1984 þegar ég og félagi minn fengum ekki vinnu fyrir jólin í Miklagarði, svo eitthvað urðum við að gera,“ segir Ólafur Magnússon sem nú rekur fyrirtækið Mjólku. „Þetta varð brátt eins og jólasveinaverkstæði og þegar mest var vorum við með yfir 30 manns í vinnu. Það urðu svo til fastir liðir eins og heimsóknir á Landspítalann og barnaspítala Hringsins, sem gáfu þessu gildi, og svo erum við búnir að vera að skemmta í Kringlunni frá upphafi. Margir leikarar sem nú eru að hasla sér völl byrjuðu þarna að skemmta sem jólasveinar. Einn sem nú er að ljúka leiklistarnámi í Danmörku hefur verið að skemmta sem jólasveinn síðan hann var tólf ára.“

En hefur aldrei verið boðið upp á þjónustuna fyrir einstaklinga sem vilja komast undan jólastressinu?

„Einstaklingar hafa haft samband við okkur og við höfum þjónustað þá. Það hefur komið fyrir að við höfum aðstoðað fólk endurgjaldslaust ef við vitum til þess að það eigi í erfiðleikum.

Örlygur Atli Guðmundsson organisti hefur nú tekið við rekstrinum og eru þetta fyrstu jólin hans. „Hann er rífandi skemmtilegur,“ segir Ólafur um eftirmann sinn.

**- vg**



**STEKKJARSTAUR** Bregður sér á leik fyrir jólin.

SPARAÐU MEÐ BÓNUS

EKKERT BRUÐL

# Opið í dag og á morgun

# 10.00 til 22.00

SAMA VERÐ UM ALLT LAND!




ERAN/Landlist




www.bonus.is

## Svona erum við

Fjöldi útleigðra mynddiska




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FLUGUMFERÐARSTJÓRN

# *Leiðbeina flugvélum á landi og lofti*

Kjaramál flugumferðarstjóra hafa verið í fréttum undanfarna daga. Launakröfur þeirra hafa ekki fallið í kramið hjá forsvarsmönnum Flugstoða ehf. sem mun sjá um flugumferðarstjórn eftir áramót.

**Hvað gerir flugumferðarstjóri?**

Flugumferðarstjórar sjá um að leiðbeina flugvélum, bæði á lofti og á jörðu niðri, þannig að flugöryggi sé fullnægt og flugumferð gangi fljótt og vel fyrir sig. Annars vegar er þetta gert í flugturnum, sem eru starfræktir í Reykjavík, Keflavík, Akureyri og Vestmannaeyjum, og í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík.

Í flugturnum er flugumferð í nágrenni viðkomandi flugvallar stjórnað sem og umferð á flugvellinum sjálfum. Flugturnar stjórna einnig blindflugsumferð í brottför og lendingu. Á þeim flugvöllum sem eru án flugturns sjá flugvallarverðir um að stjórna flugumferð til og frá vellinum.

Í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík er annars konar flugumferðarstjórn stunduð, eða svokölluð svæðisstjórn. Hún snýst um að stjórna flugumferð á innanlandssvæðinu, sem er yfir öllu Íslandi, og úthafssvæðinu, sem nær frá vesturströnd Noregs að austurströnd Kanada og frá tvö hundruð sjómílum suður af Íslandi allt til Norðurpólsins. Í heild er íslenska flugstjórnarsvæðið tæpar sex milljónir ferkílómetra.



**Hvers konar nám þarf til þess að verða flugumferðarstjóri?**

Nám í flugumferðarstjórn skiptist í grunnnám og réttindanám og tekur í heild sinni allt að fimm ár með vinnu. Laun eru ekki greidd á námstímanum fyrr en fyrstu réttindum er náð, sem er yfirleitt um það bil einu og hálfu ári frá upphafi náms. Meðal inntökuskilyrða er að umsækjandi sé íslenskur ríkisborgari eða eigi lögheimili á Íslandi og að hann hafi lokið stúdentsprófi eða annarri sambærilegri menntun. Einnig eru gerðar ýmsar kröfur um heilsu umsækjenda, sér í lagi sjón þeirra og heyrn.

## SPURT & SVARAÐ

REYKBANN Á SKEMMTISTÖÐUM

### *Lögin gengið vonum framar*



**JAKOBÍNA ÁRNADÓTTIR**
Verkefnisstjóri í tóbaksvörnum

Lýðheilsustöð hefur gefið út kynningarbækling um fyrirhugað reykbann á skemmtistöðum sem tekur gildi 1. júní 2007. Jakobína H. Árnadóttir er verkefnisstjóri í tóbaksvörnum hjá Lýðheilsustöð.

**Hvað felst í lagasetningunni?**

Veitinga- og skemmtistaðir hafa hingað til verið undanþegnir lögum um reykleysi í þjónusturýmum fyrirtækja og stofnana. Frá og með 1. júní 2007 verða reykingar þar bannaðar. Ekki verður leyft að skipta staðnum í reyk- og reyklaust svæði eða útbúa reykherbergi fyrir gesti.

**Hvernig hafa svona lög gefist erlendis?**

Þau hafa gefist mjög vel, raunar gengið vonum framar. Svona lög hafa tekið gildi í Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu og víða í Evrópu. Frakkar og Englendingar hyggjast taka upp áþekk lög árið 2007.

**Hafa mótmæli við banninu verið hávær hérlendis?**

Mótmælin hafa verið einhver en samkvæmt könnunum er meirihluti fólks fylgjandi lagasetningu og hyggst mæta jafnoft eða oftar á veitinga- eða skemmtistaði eftir að lögin taka gildi. Hagsmunasamtök starfsmanna í þessari þjónustu hafa einnig lýst yfir stuðningi við lagasetninguna.

# Jafnvel traustustu stoðir geta brostið

**Eins og svo margir aðrir fylgdist Helga Björk Magnúsdóttir Grétudóttir Suzuki-einsöngskennari með umræðum um nýja skýrslu forsætisráðherra um fátækt barna. Helga hefur kynnst því sjálf hvernig áföll geta fyrirvaralaust knúið dyra og kippt afkomugrundvellinum undan fólki. Hún gagnrýnir að kerfið skuli ekki bregðast betur við og leggur fram hugmyndir til úrbóta.**



**HELGA BJÖRK MAGNÚSDÓTTIR GRÉTUDÓTTIR** vill að kerfið bregðist öðruvísi við en nú er til aðstoðar fólki sem á í erfiðleikum. Hún leggur til að áfallaaðstoð sé veitt inn á heimilin undir forystu félagsráðgjafa. Helga Björk situr í rýnihópi félagsþjónustunnar í Vesturgarði og reynir þar að vinna hugmyndum sínum fylgi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Lífið gekk lengst af sinn vanagang í bárujárnsklæddu timburhúsi í Vesturbænum þar sem Helga Björk bjó með manni sínum og tveimur sonum. Þau hjónin stunduðu sína vinnu og drengirnir gengu í skólann.

En skyndilega veiktist eiginmaðurinn og háði í framhaldinu erfiða glímu við almættið upp á líf og dauða. Hann hafði á endanum betur en ekkert var sem fyrr. Allt var breytt.

Sjálf örmagnaðist Helga ári eftir að veikindin komu upp og gat varla sinnt sjálfri sér, hvað þá veikum eiginmanninum, sonunum eða heimilinu. Og ekki gat hún unnið þegar ástandið var sem verst.

„Fólk getur hreinlega lamast þegar áföll verða í fjölskyldunni,“ segir Helga sem talar svo sannarlega af eigin reynlsu. „Ég gat ekki einu sinni ryksugað gólfin hjá mér.“

Helga dregur í efa að rétt sé að tala um að á Íslandi sé eitthvað sérstakt velferðarkerfi. Sjálf kannast hún allavega ekki við að velferð sé höfð í fyrirrúmi þegar áföll dynja yfir. „Mér var ekki boðin nein aðstoð að fyrrabragði og það þrátt fyrir að mörgum væri vel kunnugt um þær aðstæður sem við bjuggum við. Ég legg til að kerfið veiti áfallaaðstoð inn á heimilin. Heimilislæknar ættu að hafa forgöngu um þetta enda vita þeir oft vel hvernig ástandið er. Þeir ættu að tilkynna það til Félagsþjónustunnar og félagsráðgjafar ættu svo að skipuleggja og bjóða fram aðstoð áður en fólk örmagnast.“

Helga segir kerfið reikna með að einhver í fjölskyldunni komi til bjargar þegar eitthvað bjátar á en meinið sé að ekki eigi allir ættingja eða vini sem geta veitt aðstoð. Auk þess sé það óraunhæft að skyldmenni geti hjálpað að gagni þar sem aðstoðin sem þurfi sé ekki bara við að ryksuga heldur miklu heldur til fjárhagslegra úrræða og andlegs stuðnings og slíkt þurfi að vera í höndum fagfólks.

Þó fólk líði ekki skort fyrir, geta minnstu áföll sett allan fjárhag úr lagi. Helga segir því mikilvægt að fólki sé veitt fjárhagsaðstoð áður en allt er komið í óefni. „Fólk á ekki að þurfa að selja ofan af sér þó tímabundnir erfiðleikar steðji að vegna sjúkdóma eða annars. Það brotnar nógu margt hjá fólki án þess að svona nokkuð þurfi að bætast við. Það þarf að kaupa dýr lyf og annað sem fylgir veikindum og á meðan getur fólk ekki unnið.“ Hún segir að aðstæður hvers og eins séu einstakar og taka þurfi tillit til þess með sértækum úrlausnum.

Og Helgu verður líka hugsað til þeirra sem glíma við langvarandi fjárhagserfiðleika og hafa opinberar bætur einar til framfærslu. Fólk sem svo er ástatt um ráði ekki við að greiða fyrir læknisaðstoð, til dæmis hjá tann- og augnlæknum.

Þau eru oftar en ekki þung sporin inn á opinbera kontóra í leit eftir aðstoð í þrengingum. Helga segir að það sé því lágmarkskrafa að fólki sé vel tekið og að úrlausn vandamála fari fram á einum stað. „Allir benda á einhverja aðra og fólk er sent á milli Heródesar og Pílatusar,“ segir hún.

Það var skýrslan um fátækt barna sem varð kveikjan að því að Helga Björk leiddi hugann sérstaklega að þessum málum nú. Hún hefur fylgst grannt með litlum dreng sem samkvæmt opinberum mælikvörðum telst alast upp í fátækt. Fyrir vikið bíða hans ekki sömu tækifæri í framtíðinni og jafnaldra hans sem alast upp við aðrar aðstæður. Helga segir það lykilatriði í velferð barna að þau fái að alast upp hjá foreldrum sínum. „Börn þurfa að vera hjá foreldrum og þess vegna þarf að styðja þá foreldra sem þurfa til að þeir geti verið með börnin. Slíkt myndi skila sér margfalt til baka með ýmsum hætti.“

## ÚR SKÝRSLU FORSÆTISRÁÐHERRA

- 4.634 börn í 2.977 fjölskyldum teljast hafa búið við fátækt árið 2004.
- „Í fátækt felst að foreldrar hafa ekki efni á að veita börnum sínum þau lífsgæði sem vilji er til og nauðsynleg eru talin.“
- „Ísland er í hópi þeirra OECD-ríkja þar sem fátækt barna mælist hvað minnst.“
- „Því má ekki gleyma í umfjöllun um fátækt barna að innan vissra marka þarf ekki að vera samsvörun milli lágra tekna foreldra og þess að börn líði skort. Margir foreldrar leggja hart að sér fyrir börn sín. Þá geta börn liðið skort þótt foreldrarnir hafi nægar tekjur.“



FRÉTTAVIÐTAL
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is




Jólagjafir í 90 ár
Einn með öllu sem þarf!
Kassagítarpakki frá Fender. Frá 15.900kr
Bassa og gítarmagnarar frá Fender. Frá 9.900kr
Premier TAMA YAMAHA
Trommusett Frá 39.900kr
Taktmælar og stillitæki Frá 2.750kr
Hljómborð frá Yamaha Frá 26.900kr
Skemmtileg og þroskandi ásláttar-leikföng frá Remo!
Ótúrlegt úrval effecta. Brian May og Jimi Hendrix
Alvöru hljóðversh átalarar frá YAMAHA. Frá 35.900kr
Hljóðritaðu jólaplötuna með Pro Tools
MBox upptökutæki með ProTools. Frá 29.900kr
Hljóðnemar frá 4.450kr
Fender gítarpakkar Gítar, magnari o.fl. Frá 26.900kr
STRAT PAK
digidesign Fender Ibanez Premier YAMAHA TAMA
Mikið úrval af töskum, kennslubókum, tónlistarforritum, statífum og öðrum aukahlutum!
Öll þekktustu merkin á einum stað!
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Laugavegi 176 (gamla Sjónvarpshúsið) 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is Sími 591 5340


Glæsilegt úrval gjafava
... og nú í alls 12
MERKIN OKKAR
TRYGGJA GÆÐIN
Solis OF SWITZERLAND
Vinsælasta jólagjöfin í ár!
Ávaxta- og grænmetis-safapressan frá SOLIS.
Jólaverð kr.: 15.900.
Hollustan beint í æð!
TEFAL
JAMIE OLIVER
EÐAL POTTAR OG PÖNNUR
FRÁ JAIME OLIVER OG TEFAL
Jólaverð frá kr.: 5.600
ZWILLING
Úrvals hnífar = Vönduð matargerð.
Mikið úrval.
morphy richards
Morphy Richards
Matvinnsluvél
GD48 950
Fjöldi fylgihluta t.d. fín og gróf rifjárn. Þeytari.
700 wött.
Jólaverð kr.: 19.900
Solis OF SWITZERLAND
SOLIS
Hágæða
Espresso Pro
kaffivél.
Jólaverð kr.: 29.900
AEG
„ALGJÖR HIMNASENDING.!“
AEG UPPÞVOTTAVÉL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Orkunýtni: A / Þvottahæfni: A / Þurrkhæfni: A
Einstaklega hljóðlát – aðeins 41 Db
Kr. 89.000 Stál · Kr. 79.000 Hvít
Solis OF SWITZERLAND
SOLIS
PALAZZO
Margverðlaunuð
espresso
kaffivél.
Jólaverð kr.: 69.900
AEG
AEG AT260
Einfaldlega klassísk brauðrist sem endist lengi.
Jólaverð kr.: 5.990
AEG
Ryksugur eins og þær gerast bestar!
Jólaverð frá kr.: 10.900
TEFAL
Afar traust mínútugrill frá TEFAL
Ummmm ...
Jólaverð frá kr.: 8.990.
TEFAL
Dásamlegar, nýbakaðar vöfflur – með hjálp TEFAL.
Jólaverð frá kr.: 3.990.
Emile Henry
Poterie culinaire
FRANCE
Þú býrð vel með Emile Henry.
Vönduð, frönsk leirvara.
Komdu og kynntu þér úrvalið
í þessari fallegu vöru.
Á JÓLATILBOÐSVERÐI!
AEG
Lavamat 52820
Lavatherm 57820
AEG ÞVOTTAVÉL (1200 sn/mín) OG ÞURRKARI
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
JÓLATILBOÐ: 155.000 kr.
AEG
Hágæða AEG eldhústæki í miklu úrvali.
FLAME – frá Emile Henry
Frönsk leirvara.
Eftirsótt um alla Evrópu.
Emile Henry
Poterie culinaire
FRANCE
ORMSSON · Lágmúla 8 og Síðumúla 9
Opnunartími í desember 2006:
Föstudagur 22. des. Kl. 09-22
Þorláksmessa 23. des. Kl. 10-23
Aðfangadagur 24. des. Kl. 10-12
ORMSSON · Smáralind
Opnunartími í desember 2006:
Föstudagur 22. des. Kl. 11-22
Þorláksmessa 23. des. Kl. 10-23
Aðfangadagur 24. des. Kl. 10-13
KVIKA
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDBRENGL.

# Vilja endurlífga stjórnarskrársáttmála

**Endurlífgun svonefnds stjórnarskrársáttmála, öryggismál og viðskipti eru meðal áherzlumála formennskumisseris Þjóðverja í Evrópusambandinu, sem hefst nú um áramótin. Þar sem Þjóðverjar gegna einnig formennsku í G-8-hópi ríku iðnveldanna í ár hafa þeir mikil áhrif á það hvaða stefnu evrópskt og vestrænt samstarf tekur í ár.**



**MERKEL** Metnaður fyrir hönd Evrópusambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Undir lok þýzka formennskumisserisins í ESB fyrri helming ársins 2007 stefnir þýzki kanzlarinn Angela Merkel að því að leggja fram áætlun um það hvernig fara megi að því að endurlífga stjórnarskrársáttmálann svonefnda, en fullgilding hans strandaði er meirihluti kjósenda í Frakklandi og Hollandi hafnaði honum í þjóðaratkvæðagreiðslum snemmsumars í fyrra. Hún væntir þess þó ekki að takast muni að finna lausn á málinu sem öll aðildarríkin 27 – þeim fjölgar úr 25 í 27 nú um áramótin við inngöngu Rúmeníu og Búlgaríu – geti fallizt á fyrr en á árinu 2008, þegar ESB-formennskan verður í höndum Frakka.

„Við treystum á að geta lagt fram skýrslu við lok formennskumisserisins, þar sem við útlistum áætlunina,“ sagði Merkel í Kaupmannahöfn á þriðjudag, þar sem hún átti stutt stopp á leið sinni á fund finnskra ráðamanna í Helsinki í Finnlandi, en Þjóðverjar taka við kefli ESB-formennskunnar af Finnum nú um áramótin. „Á árinu 2008, þegar Frakkar gegna formennskunni, vonumst við til að sjá niðurstöður,“ hefur AP-fréttastofan eftir kanzlaranum.

**Kanna leiðir til fullgildingar**

Þýski utanríkisráðherrann Frank-Walter Steinmeier sagði í heimsókn í höfuðstöðvar ESB í Brussel á þriðjudag, að hann hefði beðið ríkisstjórnir allra ESB-landanna 25 auk Rúmeníu og Búlgaríu, sem verða 26. og 27. aðildarríkið þann 1. janúar, að tilnefna fulltrúa í sérstaka samninganefnd sem fara á yfir möguleikana á endurlífgun stjórnarskrársáttmálans.

Steinmeier sagði að í sérstakri hátíðaryfirlýsingu sem kenna á við Berlín og undirrituð verður í tilefni af 50 ára afmæli undirritunar Rómarsáttmálans, stofnsáttmála ESB, um miðjan marz, yrði að finna ákvæði þar sem getið er „hinna undirliggjandi grunnraka“ fyrir Evrópusamrunanum og framtíðarstefnu hans.

„Það er brýn þörf á að við komum stofnanaendurbótum í framkvæmd til að forða Evrópu[sambandinu] frá lömun,“ sagði Steinmeier.

Endurlífgun hins umdeilda 200 síðna skjals, sem til stóð að yrði nýjasta uppfærsla stofnsáttmála sambandsins og var eftir á að hyggja eflaust misráðið að kenna við stjórnarskrá, er hægara sagt en gert. Með sáttmálanum stóð til að uppfæra stofnana- og ákvarðanakerfi sambandsins þannig að skilvirkni þess og starfshæfni héldist þótt aðildarríkjunum fjölgaði enn frekar. Þetta átti að tryggja meðal annars með fækkun þeirra málefnasviða þar sem samhljóða samþykki allra aðildarríkjanna þarf við er ákvarðanir eru teknar, og með stofnun nýs embættis „utanríkisráðherra“ ESB sem átti að tryggja betur að hið stækkaða samband kæmi sameinað fram á alþjóðasviðinu.

**Ótti við dóm kjósenda**

Í Frakklandi og Hollandi eru ráðamenn tortryggnir á aðgerðir til „björgunar“ sáttmálanum af ótta við að þær færu illa í kjósendur þeirra, þar sem meirihluti þeirra hafnaði honum í þjóðaratkvæði. Leiðtogar Lúxemborgar og Spánar ýttu við þessari umræðu er þeir mæltust til þess, við lok leiðtogafundar sambandsins í liðinni viku, að fulltrúar þeirra átján landa sem þegar hafa fullgilt stjórnarskrársáttmálann fyrir sitt leyti kæmu saman til ráðstefnu um leiðir til að koma honum af strandstað. Jan Peter Balkenende, forsætisráðherra Hollands, brást strax illa við þessari ráðstefnuboðun; hún gerði lítið úr vilja hollenzkra og franskra kjósenda.

Ráðamenn í Berlín vilja að á þýzka formennskumisserinu verði ákveðin tímaáætlun um stofnanauppfærslu sambandsins, þar á meðal um það hvaða þáttum stjórnarskrársáttmálans sé unnt að bjarga. Þess er þó ekki vænzt að hreyfing komist á það mál fyrr en að afloknum forsetakosningunum í Frakklandi á vori komanda. Aðalkeppinautarnir um embættið hafa gefið misvísandi yfirlýsingar um afstöðu sína til þess hvað skuli gera í þessu.

Nicolas Sarkozy, innanríkisráðherra frönsku ríkisstjórnarinnar, sem gerir sér vonir um að verða forsetaefni gaullista, hefur mælt fyrir því að viss minna umdeild atriði úr stjórnarskrársáttmálanum verði sameinuð í nýjum „örsáttmála“ sem ekki þurfi að bera undir þjóðaratkvæði. Keppinautur hans á vinstri vængnum, Segolene Royal, hefur heldur ekki viljað segja neitt ákveðið um hvort hún vilji halda nýja þjóðaratkvæðagreiðslu.




**Almenningsálitið að snúast**

Svo virðist þó að almenningsálitið bæði í Frakklandi og Hollandi, og einnig í hinum aðildarríkjunum, sé að snúast aftur til fylgis við stjórnarskrársáttmálann. Í niðurstöðum hálfsárslegru viðhorfskönnunarinnar Eurobarometer, sem birtar voru í byrjun vikunnar, kemur fram að stuðningur við hann færi vaxandi í þeim löndum sem ekki hafa fullgilt hann enn.

Meðalstuðningur við sáttmálann í þessum níu löndum óx úr 47 prósentum á fyrri helmingi þessa árs í 53 prósent nú. Almennt er viðurkennt að nauðsynlegt sé að uppfæra stofnana- og ákvarðanakerfi sambandsins áður en af frekari fjölgun aðildarríkja verður.

Athyglisvert er að í könnuninni kemur einnig fram, að stuðningur við aðild fátæku umsóknarríkjanna í Suðaustur-Evrópu og við Svartahaf fer minnkandi, en stuðningur við aðild EFTA-ríkjanna Íslands, Noregs og Sviss fer vaxandi. Að meðaltali vilja 69 prósent ESB-aðildarþjóðanna að Ísland bætist í raðir sambandsins og 78 prósent að Noregur og Sviss geri það. Stuðningur við aðild Tyrklands er aftur á móti kominn niður í 28 prósent að meðaltali. Afstaðan til inngöngu Rúmeníu og Búlgaríu, sem þó er frágengin, er líka neikvæð.




**ÁÆTLUNIN KYNNT** Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýzkalands, kynnir formennskuáætlunina á blaðamannafundi í Brussel. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Tilkynning frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma

## Jólaþjónusta starfsfólks



**Jól í görðunum**

Á jólum kemur fjöldi fólks í **Fossvogskirkjugarð, Gufuneskirkjugarð og Hólavallagarð við Suðurgötu** til þess að huga að leiðum ástvina sinna. Við munum leitast við að leiðbeina ykkur eftir bestu getu. Hægt er að nálgast upplýsingar um staðsetningu leiða á vefnum **gardur.is**

**Þjónustusímar**

**585 2700 og 585 2770**

Aðalskrifstofan í **Fossvogi**, sími **585 2700** og skrifstofan í **Gufunesi**, sími **585 2770**, eru opnar á **Þorláksmessu** og **aðfangadag** frá **kl. 9.00** til **kl.15.00.**

Þar veitum við upplýsingar, gefum leiðbeiningar um aðhlynningu leiða og afhendum ratkort ef þörf krefur.

**ÞJÓNUSTA Á ÞORLÁKSMESSU OG AÐFANGADAG**

Á Þorláksmessu og aðfangadag, milli kl. 9:00 og 15:00 verða starfsmenn Kirkjugarðanna á vettvangi og taka á móti ykkur og leiðbeina að leiðum. Fossvogskirkja verður opin á aðfangadag frá kl. 10: til 15:00.

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMIS

**Gleðilega jólahátíð**
**Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma**
**www.kirkjugardar.is**

# BT

# CANON EOS 400D OG CANON PRENTARI

## -NÚ MEÐ TVEIMUR LINSUM OG BATTERÍGRIPI

Canon

Hin geysivinsæla Canon EOS 400D
Arftaki vinsælustu SLR myndavélar í heiminum er komin í BT
Í pakkanum:
1GB minniskort
18-55mm Canon linsa
55-200mm Canon linsa
Lóðrétt grip (batterígrip)
og ótrúlega fjölhæfur prentari fra Canon

Prentar-skannar-ljósritar

FYLGIR

21.988

-Canon Pixma 160
prentar-skannar-ljósritar
-1GB minniskort

12.999*

Meiri upplausn 10 Megapixlar

Rykvörn á myndflögu

Stærri skjár og betra notendaviðmót

BT Bestu kaupin

12.999 Vaxtalaust 12 mán.

155.988 Staðgreitt

# GÍTAR TILBOÐ

Fender

Gítarstillir

Gítaról

Strengir

Kennsludiskur fyrir byrjendur

Aðeins fáanlegur svartur!

ALLUR pakkinn

12.999

16.999

25350950507941
FENDER gítarpakki sem inniheldur gítar, strengi, gítarstilli, gítaról og tvö kennslumyndbönd.

# 32" LCD veggsjónvarp

32"

VAXTALAUST
1.GREIÐSLA 1.MARS

- HD ready -Fyrir framtíðina
- 3D comb Filter -Betri myndina
- 8ms svartími -Fyrir sportið
- Stafrænt HDMI-Tengi
- PC tengi-Fyrir tölvuna
- Skerpa 1:1200 -Fyrir betri mynd

MEDION

Stækkaðu í 37"

5.669 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.

12.499 Vaxtalaust 12 mán.

149.988 Staðgreitt

Rugl verð

99.999

Veldu þér heimabíó með 5.000 kr. afslætti með sjónvarpi

3.727 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.

8.333 Vaxtalaust 12 mán.

99.999 Staðgreitt

# GJAFAKORT
www.byko.is

á www.byko.is getur þú verslað glæsilegt gjafakort sem gildir hjá BYKO, ELKO, Húsgagnahöllinni og Intersport.

BYKO · ELKO EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ · HÚSGAGNAHÖLLIN · INTERSPORT




17.900

21“

Vnr. 65001517
**Sjónvarp**
HAIER 21“ sjónvarp með DVD. Tekur CD, VCD, DVD og JPG. Fullkomin fjarstýring og gott hljóð. Fæst í BYKO Breidd og Akureyri.



11.900
~~17.985~~

Vnr. 41330774
**Pottasett**
Stálpottasett, 3 pottar og panna, teflonhúðuð. Hentar á spanhellur.

## OPIÐ
TIL 22:00
Í BYKO BREIDD, AKUREYRI OG SELFOSSI
*alla daga til jóla*

Opið frá kl. 10-12 á aðfangadag
BYKO Breidd & Akureyri



5.990
~~8.480~~

Vnr. 41100144
**Matarstell**
Matar- og kaffistell með skrautmynstri. 6 manna, 39 stk.




2.750

BOSCH
Vnr. 65746004
**Kaffikvörn**
BOSCH kaffikvörn svört, 180W.

# JÓLAG.



Vnr. 65001615

**Ferða-sjónvarp**

COBY ferða-sjónvarp með innbyggðum DVD spilara, með sjón-varpsloftneti, 7" skjá, 12V fyrir bílinn.

**19.990**



SKIL

Vnr. 74092414

**Hleðsluborvél**

SKIL hleðsluborvél 14,4V, 2 gírar, 2 rafhlöður, 1 klst. hleðslutæki í tösku með 200 fylgihlutum, skrúf-bitum, borum o.fl.

**9.990**



**11.900**

Vnr. 74781399

**Föndursett**

DREMEL föndurfræsari ásamt fylgihlutum.



BOSCH

Vnr. 65741010

**Ávaxta- og grænmetispressa**

BOSCH ávaxt- og grænmetispressa. 380W. Fæst í BYKO Breidd og Akureyri.

**6.990**



**50% afsláttur**

*af ÖLLU jólaskrauti!*



**1.990**

3.273

Vnr. 88020053

**Verkfæraborð**

Verkfæraborð með verkfærum. Fæst í BYKO Breidd.



**4.990**

5.995

BOSCH

Vnr. 65743042

**Handryksuga**

Frábær handryksuga sem sýgur vatn líka.



**990**

1.470

Vnr. 88020055

**Búðakassi**

Búðakassi með fylgihlutum. Fæst í BYKO Breidd.

# JAFIR

*á betra verði!*

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.480 **-0,02%** **Fjöldi viðskipta:** 408 **Velta:** 19.063 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FL Group** | +3,20% | **Atlantic Petroleum** | -1,47% |
| **Eimskipafélagið** | +2,42% | **Flaga** | -1,06% |
| **Teymi** | +2,14% | **365** | -0,82% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,87 -0,82% ... Actavis 65,00 -0,76% ... Alfesca 5,10 +0,00% ... Atlantic Petroleum 537,00 -1,47% ... Atorka 6,57 +0,31% ... Bakkavör 63,20 +0,48% ... Eimskipafélagið 33,80 +2,42% ... FL Group 25,80 +3,20% ... Glitnir 23,40 -0,43% ... Kaupþing 849,00 -0,35% ... Landsbankinn 27,00 +0,37% ... Marel 78,50 -0,63% ... Mosaic Fashions 15,90 -0,63% ... Straumur-Burðarás 17,60 +0,00% ... Össur 113,50 -0,44%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**200 milljarða múrinn rofinn**

Markaðsvirði FL Group er komið yfir 200 milljarða króna í fyrsta skipti. Félagið hefur hækkað á undanförnum dögum sem rekja má til væntinga um að ráðist verði í stór verkefni. Geta FL til að ráðast í nýjar fjárfestingar nemur um 200 milljörðum króna.

Frá áramótum nemur hækkun á gengi hlutabréfa í FL rúmum fjörutíu prósentum en verðmæti félagsins hefur ekki síður aukist vegna hækkunar á hlutafé í tengslum við kaup á hlutabréfum í Straumi í sumar. Viðskiptabankarnir þrír, Actavis og Exista eru öll metin á yfir 200 milljarða króna.

**Krónan gaf eftir**

Krónan gaf vel eftir í gær þrátt fyrir hækkun Seðlabankans. Mismunandi túlkanir eru á sveimi um veikinguna, en ýmsir telja að Seðlabankinn glími enn við skort á trúverðugleika á markaði. Á markaði beindust augu manna að Davíð Oddssyni seðlabankastjóra sem þótti farast nokkuð óhönduglega þegar hann tjáði sig um ákvörðun Straums-Burðaráss á blaðamannafundi í kjölfar vaxtaákvörðunar bankans. Þótti sumum að þar færi Davíð út fyrir venjubundið hlutverk seðlabankastjóra með því að tjá sig um málið.



Vaxtaákvörðunin er víða gagnrýnd og talið að hagfræðingar bankans hafi haft stirt fram nú, en fyrir ári þegar bankinn gerði að flestra mati mistök með því að hækka of lítið, þá hafi Davíð haft hagfræðingana undir. Ályktunin sem menn draga af því er annars vegar að staða Davíðs sé veikari innan bankans eða hreinlega að hann taki ekki slaginn af sama krafti og áður.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Actavis hefur selt lyfjaverksmiðju sína í Lier í Noregi. Sala verksmiðjunnar er í samræmi við markmið félagsins um samþættingu framleiðslueininga og að styrkja framlegðarstig samstæðunnar á næstu árum.

TM Software og AKVA Group ASA hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um kaup þess síðarnefnda á öllum hlutabréfum í Maritech International AS, dótturfyrirtæki TM Software. Navision-þróun verður áfram undir hatti TM Software.

Stjórn Símans hf. hefur samþykkt að leggja fyrir hluthafafund tillögu um að stofnað verði sérstakt móðurfélag innan Símasamstæðunnar, Skipti hf. Gert er ráð fyrir að móðurfélagið verði skráð á markað fyrir árslok 2007.

# Festa stærst í SpKef

Festa - lífeyrissjóður er stærsti einstaki stofnfjáreigandinn í Sparisjóðnum í Keflavík með tíu prósenta hlut samkvæmt útboðslýsingu sem sparisjóðurinn birtir í tilefni stofnfjárútboðs. Lífeyrissjóðurinn átti fimmtán prósent hinn 12. desember en hefur selt fimm prósent til SPV eins og Fréttablaðið greindi frá í gær.

Sex aðrir stofnfjáreigendur fara með fimm prósent eða meira af stofnfé í SpKef, en hámarksatkvæðisréttur í sparisjóðum miðast við fimm prósenta eignarhlut. Þeir eru: Kaupfélag Suðurnesja, Kaupþing Luxembourg, Kaupþing banki, Hitaveita Suðurnesja, Frjálsi fjárfestingabankinn og SPV. Samanlagður hlutur Kaupþings og Kaupþings Luxembourg er rúm fjórtán prósent. Óvíst er hvort sá hlutur sem er skráður á nafni Kaupþings Luxembourg sé í eigu bankans.

Átján stærstu stofnfjáreigendurnir áttu rúmlega 65 prósent stofnfjár. - eþa

**STÆRSTU EIGENDUR STOFNFJÁR Í SPKEF ***

| | |
|---|---|
| Festa - lífeyrissjóður | 10,0% |
| Kaupfélag Suðurnesja | 9,4% |
| Kaupþing Luxembourg | 7,1% |
| Kaupþing | 7,08% |
| Hitaveita Suðurnesja | 5,0% |
| Frjálsi fjárfestingabankinn | 5,0% |
| SPV | 5,0% |
| Þinghóll hf. | 4,53% |
| Iðnsveinafélag Suðurnesja | 3,05% |
| Þórarinn Jakobsson | 1,5% |

** Hinn 12. desember. Listinn er leiðréttur fyrir viðskipti á milli Festu og SPV.*

# Sparisjóðir stofna Kistu

Svokallaðir Exista-sparisjóðir, hafa stofnað fjárfestingafélagið Kistuna utan um fjórðungshluta af bréfum sínum í Existu. Kista kaupir jafnframt fjórðung af þeim bréfum sem Icebank átti í Existu. Heildarverðmæti viðskiptanna nam 6,4 milljörðum króna. SPRON, sem tekur stærstan hlut í nýja félaginu, eða 41,56 prósent, leggur ekki inn hlutabréf sín í Existu heldur peninga.

Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri SPRON, segir að sparisjóðirnir hafi átt farsælt samstarf í Existu og áður í Kaupþingi. Hugsunin sé sú að sjóðirnir vinni áfram saman þótt eignarhlutföll meðal þeirra í Existu kunni að breytast.

Skráning Existu á markað í haust hefur haft mikil áhrif á afkomu þeirra sparisjóða sem að Kistu koma. Hins vegar taka verðmætari eignarhlutir í við útreikninga eiginfjárhlutfalla (CAD) sparisjóðanna sem dregur þar með úr slagkrafti þeirra, einkum hjá þeim minni. Með því að stofna hlutdeildarfélag utan um hluta bréfanna í Existu ætti eiginfjárútreikningar hjá sumum sparisjóðanna að verða auðveldari. - eþa






# Umdeild vaxtahækkun

**Seðlabankinn tilkynnti í gær að stýrivextir yrðu hækkaðir um 25 punkta, upp í 14,25 prósent. Greiningardeildir Kaupþings og Landsbankans telja hækkunina skapa hættu á erfiði aðlögun hagkerfisins eftir væntan samdrátt.**

Verðbólguhorfur til lengri tíma hafa ekki batnað umfram það sem spáð var í byrjun nóvember, þrátt fyrir að verðbólga hafi verulega hjaðnað frá þeim tíma. Þótt úr verðbólgu dragi talsvert á komandi mánuðum eru enn horfur á að hún verði yfir markmiði Seðlabankans næstu tvö árin, ekki síst ef horft er fram hjá beinum áhrifum fyrirhugaðrar lækkunar neysluskatta á fyrri hluta árs.

Þetta sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri í gær þegar ákvörðun Seðlabankans um að hækka stýrivexti um 25 punkta upp í 14,25 prósent var rökstudd.

Í nóvember tók bankastjórn Seðlabankans ákvörðun um að halda stýrivöxtum óbreyttum í ljósi þess að stýrivextir væru orðnir töluvert háir og að verðbólguhorfur hefðu batnað verulega frá því um miðbik ársins. Í staðinn var aukavaxtaákvörðunardagurinn í gær settur á.

Davíð sagði bankastjórnina ekki geta útilokað frekari vaxtahækkanir. Þó sagðist hann vonast til þess að ekki beri frekari nauðsyn til að hækka vexti umfram það sem nú hefur verið gert.

Greiningardeildir Kaupþings og Landsbankans gagnrýndu ákvörðun bankans í gær. Bentu þær meðal annars á að skýrar vísbendingar séu nú um að verulega sé að draga saman í hagkerfinu. Hækkunin skapi því hættu á mjög erfiði aðlögun í hagkerfinu, enda komi áhrif vaxtahækkana ávallt fram með töf.

Gengi krónunnar lækkaði um nærri 1,4 prósent í gær þrátt fyrir vaxtahækkun bankans.

holmfridur@frettabladid.is



**VAXTAÁKVÖRÐUN KYNNT** Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, Ingimundur Friðriksson, Eiríkur Guðnason og Davíð Oddsson, bankastjórar Seðlabankans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ÁKVÖRÐUN STRAUMS ÓHEPPILEG

Ákvörðun Straums-Burðaráss um að færa bókhald sitt í evrum er afar óheppileg að mati Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra. Þetta kom fram á blaðamannafundi í Seðlabanka Íslands í gær þegar bankinn kynnti ákvörðun sína um að hækka stýrivexti um 25 punkta. Sagði seðlabankastjóri ekki gert ráð fyrir því að fjármálafyrirtæki nýti sér þau lög sem heimili fyrirtækjum að færa bókhald sitt í annarri mynt, þótt formlega væru þau ekki undanþegin í þeim. „Það datt engum þetta í hug," sagði hann.

Talsmenn Straums-Burðaráss vildu ekki tjá sig um orð seðlabankastjóra.

Seðlabankastjóri vísaði til bréfs frá Straumi-Burðarási þar sem fram komi að í Svíþjóð megi fjármálafyrirtæki gera upp í evrum. Segir hann eðlilegt að slík heimild sé í sænskum lögum þar sem Svíar hafi skuldbundið sig til að taka upp evruna. Heimildin sé hins vegar ekki fyrir hendi í dönskum eða norskum lögum, sem íslensk lög byggi á.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er hvergi vísað til sænskra laga í bréfi Straums-Burðaráss til Seðlabankans.

# Glitnir semur um sérvarin skuldabréf upp á 100 milljarða króna

**Útgáfan fær toppeinkunn. Samningur við Citigroup tryggir bankanum 50 milljarða.**

Glitnir hefur gengið frá rammasamningi um útgáfu svokallaðra sérvarinna skuldabréfa sem tengd eru húsnæðislánasafni bankans. Heildarupphæð samningsins nemur 100 milljörðum króna. Uppsetning rammasamningsins var í höndum Deutsche Bank. Útgáfan fær hæstu mögulegu lánshæfiseinkunn, Aaa, frá lánshæfismatsfyrirtækinu Moody's.

Þá hefur bankinn gengið frá samningi þar sem Citigroup skuldbindur sig næstu fimm árin til þess að kaupa sérvarin skuldabréf Glitnis fyrir fjárhæð sem jafngildir allt að 550 milljónum evra, eða yfir 50 milljörðum króna.

Ingvar H. Ragnarsson, forstöðumaður alþjóðlegrar fjármögnunar Glitnis, segir samningana hluta af stefnu bankans að fjölga fjármögnunarleiðum og styrkja lausafjárstöðu hans. „Þessi rammasamningur um skuldabréfaútgáfu veitir Glitni þann sveigjanleika að geta gefið út sérvarin skuldabréf hvenær sem hagstæð tækifæri bjóðast og þar sem samningurinn við Citigroup felur ekki í sér skuldbindingu af hálfu Glitnis til að selja þeim skuldabréf þá dregur sá samningur ekki úr þeim sveigjanleika sem fjármögnunarramminn býður upp á," segir Ingvar.

Kjörin í samningunum við Citigroup eru trúnaðarmál, en Ingvar segir þau hagstæðari en bankinn hafi notið að undanförnu vegna tengingarinnar við húsnæðislánasafn bankans.

Ingvar segir fjármögnun Glitnis hafa gengið vel á árinu, en hún nemur fimm milljörðum evra það sem af er ári. „Við höfum á árinu lagt áherslu á að greina frá mjög sterkri lausafjárstöðu bankans, en í lausum sjóðum eigum við fjárhæðir sem nema meiru en endurfjármögnun næsta árs," segir hann og bætir við að með rammasamningunum nýju sé svo hægt að sýna fram á að bankinn hafi margar leiðir færar í fjármögnun og hafi svigrúm til að leita bestu kjara hverju sinni.

- óká



**INGVAR H. RAGNARSSON** Ingvar, sem er forstöðumaður alþjóðlegrar fjármögnunar Glitnis, segir síðustu metrana í nýjum rammasamningum hafa verið fljótfarna, en unnið hafi verið í samningagerðina í um níu mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Heimamynd

## -Taktu jólamyndirnar tímanlega!

**Ef þú tekur þrjár eða fleiri myndir á Þorláksmessu þarft þú ekki skila þeim fyrr en annan í jólum.**




*Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

## Mikið úrval - góð þjónusta!

**Afgreiðslutími Heimamyndar yfir hátíðaranar:**

Aðfangadagur : 11:00 - 16:00
Jóladagur : LOKAÐ
Annar í jólum : 13:00 - 23:30

Gamlársdagur : 11:00 - 16:00
Nýársdagur : 17:00 - 23:30

HEIMAMYND VIDEOLEIGA

**HEIMAMYND LANGHOLTSVEGI 111 568 8880**

# Quantas í söluferli í Ástralíu

Ástralska flugfélagið Qantas hefur tekið endurbættu yfirtökutilboði ástralska fjárfestingabankans Macquarie, bandaríska sjóðsins Texas Pacific og annarra fjárfesta og mælt með því að hluthafar flugfélagsins taki tilboðinu. Tilboðið hljóðar upp á 11,1 milljarð Bandaríkjadala eða ríflega 771 milljarð íslenskra króna. Þetta eru stærstu fyrirtækjakaup í flugheiminum.

Yfirtökutilboðið hefur allt frá því að það var upphaflega lagt fram snert streng í brjóstum Ástrala sem hafa gert kröfu um að flugfélagið verði áfram í meirihlutaeigu landsmanna og biðluðu þeir til Johns Howard, forsætisráðherra Ástralíu, að hann beitti sér gegn sölunni. Samkvæmt áströlskum fyrirtækjareglum mega erlendir fjárfestar ekki eiga meira en 49 prósent í Qantas.Af þessum ástæðum hafði stjórn flugfélagsins hafnað tilboðinu fyrr í vikunni.

Fjármálayfirvöld í Ástralíu eiga enn sem komið er eftir að gefa samþykki sitt fyrir kaupunum. Ef af verður mun ástralski fjárfestingasjóðurinn Allco fara með 49 prósenta hlut í félaginu en aðrir fjárfestar um 9 til 15 prósent. - jab



**VÉLAR QANTAS** Flugfélagið Qantas mælir með yfirtökutilboði fjárfesta í félagið.

# Fasteignir fyrir 35 milljarða

Samson Properties, fasteignaþróunarfélag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar og Björgólfs Guðmundssonar, leiðir hóp fjárfesta sem keypt hafa fasteignir í Finnlandi fyrir 35 milljarða króna.

Um er að ræða 22 fasteignir í Helsinki, Espoo og Vantaa og nemur fermetrafjöldinn alls 154 þúsundum. Félagið sem kaupir fasteignirnar heitir Bronda Properties er í meirihlutaeigu Samson. Samson Properties á stóran hlut í fasteignafélaginu Sjælsjö gruppen, auk þess sem félagið hefur fjárfest í fasteignaverkefnum í Búlgaríu, Króatíu og á Spáni.

Með Samson í Finnlandsverkefninu eru Royal Bank of Scotland og finnska félagið Ajanta Oy. Stefna Samson Properties er að leiða verkefni í náinni samvinnu við heimamenn og alþjóðlega fagaðila og byggja upp með þeim öflug fasteignafélög. Í tilkynningu sem send var finnsku Kauphöllinni í gær er haft eftir Sveini Björnssyni, forstjóra Samson Properties, að kaupin skapi áhugavert tækifæri og séu stökkpallur inn á finnskan fasteignamarkað. Hann segir að þekking finnskra samstarfsaðila muni nýtast í þróun verkefna félagsins í Finnlandi sem og annars staðar í Evrópu. - hh



**FEÐGAR Á FUNDI** Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson leiða tugmilljarðafasteignakaup í gegnum Samson í Finnlandi.

# Spá 6,6 prósent verðbólgu í janúar

Greiningardeild Landsbankans reiknar með því að vísitala neysluverðs muni standa í stað í janúarmælingu Hagstofunnar. Gangi það eftir mun tólf mánaða hækkun verðbólgunnar fara úr sjö prósentum í 6,6 prósent.

Helstu þættirnir sem greiningardeildin nefnir til hækkunar vísitölunnar eru gjaldskrárbreytingar sveitarfélaga um áramótin. Einnig er gert ráð fyrir hækkunum á matvöru og þjónustu. Til lækkunar teljast útsöluáhrif á fatnaði og skóm.

Frá byrjun árs hefur þróun eldsneytisverðs haft mikil áhrif á verðbólguna, bæði til hækkunar og lækkunar, og þar að auki hefur fasteignaverð hækkað töluvert. Í spánni er ekki gert ráð fyrir verðbreytingum á eldsneyti og fasteignum.

Greiningardeildin telur að áhrif in af lækkun virðisaukaskatts á matvæli komi fram í mars og apríl á næsta ári. Þá fari tólf mánaða verðbólga að öllum líkindum niður fyrir verðbólgumarkmið Seðlabankans sem er 2,5 prósent. - hhs



**VÍSITALA NEYSLUVERÐS LÆKKAR Í JANÚAR** Eldsneytisverð er meðal þess sem hefur haft mikil áhrif á verðbólgu á árinu.

# ESB rannsakar yfirtökutilboð Ryanair

Evrópusambandið hefur hafið rannsókn á því hvort hugsanlegur samruni írsku flugfélaganna Ryanair og Aer Lingus brjóti í bága við samkeppnislög og sé til ama fyrir þá sem fljúga með flugfélögunum. Það óttast ESB að fargjöld getið hækkað verði af samruna flugfélaganna.

Aer Lingus, sem var að mestu í eigu írska ríkisins, var einkavætt í septemberlok. Ryanair, sem hefur tryggt sér fjórðungshlut í félaginu eftir almennt hlutafjárútboð, gerði yfirtökutilboð í alla útistandandi hluti í félaginu í byrjun október. Tilboðið hljóðar upp á 1,48 milljarða evrur eða um 136 milljarða íslenskra króna.



MICHAEL O'LEARY

Stjórn Aer Lingus og hluthafar flugfélagsins segja tilboðið hins vegar ekki endurspegla raunverulegt verðmat á félaginu. Til marks um það samþykkti einungis 1 prósent hluthafa tilboðið á fundi Aer Lingus í upphafi mánaðar.

Michael O'Leary, forstjóri Ryanair, sagði í gær að hann sé þess fullviss að tilboðið nái að ganga í gegn á endanum þrátt fyrir andstöðu meirihluta hluthafa í Aer Lingus og vísaði á bug ótta ESB að fargjöld muni hækka. Hann útilokar ekki að flugfélagið muni hækka yfirtökutilboð sitt. Af því getur hins vegar ekki orðið fyrr en að ári. - jab

# Harrah's selur spilavítin

Stjórn bandarísku spilavítasamstæðunnar Harrah's, sem er ein sú stærsta í heimi, hefur samþykkt yfirtökutilboð bandarísku fjárfestingasjóðanna Apollo Management og Texas Pacific Group. Kaupverð nemur 17 milljörðum Bandaríkjadala eða tæpum 1.200 milljörðum íslenskra króna.

Viðræður hafa staðið yfir í rúma tvo mánuði en lokatilboðið er 35 prósentum yfir lokagengi samtæðunnar þegar viðræður hófust, að sögn breska ríkisútvarpsins.

Harrah's rekur nokkur spilavíti í Las Vegas í Bandaríkjunum og hefur í bígerð að kaupa tvö til viðbótar. - jab




**HARRAH'S** Stærsta spilavítasamstæða í heimi hefur verið seld til tveggja fjárfestingasjóða.




**FRÁ BLAÐAMANNAFUNDI AIRBUS** Tvö flugfélög í Asíu ætla að panta 15 risaþotur frá Airbus. Framleiðsla vélanna hefur tafist.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Flugfélög í Asíu koma Airbus til bjargar

**Flugfélögin Singapore Airlines og Thai Airways ætla að panta yfir 20 A380 risafarþegaþotur frá Airbus. Pantanirnar eru gleðiefni fyrir móðurfélag Airbus en tafir á afhendingu vélanna hefur verið móðurfélaginu dýrkeypt.**

Singapore Airlines ætlar að kaupa níu þotur frá Airbus, en það er viðbót við þær tíu sem flugfélagið hefur þegar pantað. Þá hefur komið til tals að félagið panti allt að sex vélar til viðbótar. Singapore Airlines er fyrsta flugfélagið sem fær afhentar risaþotur frá Airbus seint á næsta ári, en afhending þeirra er tveimur árum á eftir áætlun.

Því fer fjarri að þetta séu einu kaup Singapore Airlines hjá Airbus því flugfélagið er sagt ætla að kaupa 20 millistórar A320 farþegaþotur til að sinna innanlandsflugi auk þess sem félagið mun leigja allt að 19 A330 flugvélar frá Airbus. Kaupvirði þotnanna 20 nemur rúmum 92 milljörðum íslenskra króna.

Ríkisflugfélagið Thai Airways er sagt vera að íhuga kaup á sex risaþotum, þó með ákveðnum fyrirvörum. Apinan Sumanaseni, forstjóri félagsins, segir stjórnendur Airbus hafa boðið flugfélaginu afslátt af kaupunum í sárabætur vegna seinkunar á afhendingu vélanna. Falli afslátturinn niður verður hins vegar hætt við kaupin.

Kaup Singapore Airlines eru fagnaðarefni fyrir stjórnendur flugvélaverksmiðjunnar Airbus en fyrirtækið hefur lent í umtalsverðum kröggum vegna seinkunar á afhendingu vélanna. Heildarkostnaður við þróun risaþotunnar nemur 12 milljörðum evra eða 1.100 milljörðum íslenskra króna. Þar af nemur kostnaður EADS vegna tafa á afhendingu risaþotunnar einum milljarði evra eða um 92 milljörðum króna.

Þetta eru hins vegar ekki einu gleðifréttirnar fyrir Airbus því flugvélaframleiðandinn fékk flughæfisskírteini frá flugmálayfirvöldum í Bandaríkjunum og Evrópu fyrir risaþotuna í síðustu viku sem þýðir að mikilvægur áfangi fyrir Airbus sé að baki. - jab

# Gjaldeyrishömlum aflétt í Taílandi

Taílenski hlutabréfamarkaðurinn tók vel við sér í gær eftir að ríkisstjórn landsins ákvað að aflétta gjaldeyrishömlum, sem boðaðar höfðu verið daginn áður. Gengi hlutabréfa hækkaði um níu prósent.

Seðlabanki Taílands boðaði á mánudag að ákveðnar hömlur yrðu settar á hlutabréfakaup erlendra fjárfesta í Taílandi með það fyrir augum að sporna við hækkun á bahtinu, gjaldeyri landsins. Gengi þess hefur hækkað mikið síðustu misserin og hefur ekki verið hærra gagnvart Bandaríkjadal í níu ár, sem hefur komið illa niður á taílenskum útflutningi.

Alþjóðlegir fjárfestar brugðust við með því að losa um eign sína í taílenskum hlutabréfum með þeim afleiðingum að gengi taílensku hlutabréfavísitölunnar hrundi niður um tæp 15 prósent. Gengið hefur ekki lækkað jafn mikið í 16 ár og stóð um tíma í svipuðu gildi og fyrir tveimur árum.

Á tímabili var óttast að fall hlutabréfavísitölunnar í Taílandi myndi hafa áhrif víðar í Asíu líkt og þegar fjármálakreppa gekk yfir álfuna fyrir tæpum áratug. Áhrifin voru hins vegar minni en óttast var í fyrstu en hlutabréfavísitölurnar í Hong Kong, Indónesíu og í Malasíu lækkuðu lítillega í kjölfarið. - jab



**RÝNT Í TÖLURNAR** Verðbréfamiðlari fylgist grannt með upplýsingum í kauphöllinni í Bangkok í Taílandi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Slysavarnafélagið Landsbjörg:

## Mikilvægir sjálfboðaliðar

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Slysavarnafélagið Landsbjörg er stærstu sjálfboðaliðasamtök á Íslandi. Undir samtökunum starfa yfir hundrað björgunarsveitir og enn fleiri félagsdeildir. Flestir félagar í sveitunum sinna þjálfun í frístundum og eru ávallt tilbúnir þegar kallið kemur. Skiptir þá ekki máli hvenær sólarhringsins það er eða hvort viðkomandi er heima eða í vinnu. Fólk er í viðbragðsstöðu alla daga allan ársins hring.

Þessi hluti björgunarstarfs er sjálfsprottinn að stórum hluta á Íslandi. Erlendis þekkist víða að sérhæfðar björgunarsveitir séu hluti af opinberum stofnunum eins og her eða lögreglu. En ekki á Íslandi. Hér eru það borgararnir sjálfir sem mynda hópa af fólki sem er tilbúið að takast á við miserfiðar aðstæður. Skiptir ekki máli hvort bjarga þurfi fólki á sjó, í rústum, á fjöllum eða eftir alvarlegt slys. Björgunarsveitirnar búa yfir sérhæfingu og nauðsynlegum tækjakosti. Og ekki má gleyma dýrmætu forvarnarstarfi sem samtökin sinna.

Slysavarnafélagið Landsbjörg varð til árið 1999 þegar Slysavarnafélag Íslands og Landsbjörg sameinuðust. Slysavarnafélag Íslands var stofnað árið 1928 en Landsbjörg varð til við samruna Landssambands Hjálparsveita skáta og Landssambands flugbjörgunarsveita. Bæði þessi landssambönd voru stofnuð í upphafi áttunda áratugar síðustu aldar. Það býr því löng reynsla og hefð innan þessara samtaka, sem sífellt er verið að miðla til næstu kynslóða.

Það má halda því fram að þetta fyrirkomulag hafi orðið til þess að styrkja borgaralegt björgunarstarf á Íslandi. Samtökin hafa ekki verið undir pilsfaldi ríkisins og háð náðarvaldi fjárveitingavaldsins. Þau hafa byggt upp starf sitt á sjálfboðaliðum, fjáröflunum og frjálsum framlögum. Auðvitað fer mikil vinna í tekjuöflun, sem virkar þó um leið sem drifkraftur og knýr starfsmennina áfram. Sá kraftur hefði ekki verið virkjaður væru félagsmenn ríkisstarfsmenn. Því er mikilvægt að björgunarsveitir haldi sjálfstæði sínu og séu ekki innvinklaðar um of í opinbert stjórnkerfi.

Landsbjörg starfar náið með Landhelgisgæslunni, lögreglu og slökkviliði. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið varð ráðuneyti björgunarmála hinn 1. janúar 2004. Undir forystu Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra hefur starf þessara aðila verið samhæft og stofnuð sérstök björgunarmiðstöð í Skógarhlíð. Þar eru nú höfuðstöðvar Landsbjargar, slökkviliðs, Neyðarlínunnar, fjarskiptamiðstöðvar Ríkislögreglustjóra og stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar. Þá hefur ráðherra áréttað hlutverk björgunarsveita sem hjálpar- og varaliðs eftir að varnarliðið hvarf af landi brott.

Efling Landhelgisgæslunnar og samstarf þessara aðila tryggir áframhaldandi uppbyggingu björgunarstarfs á Íslandi. Það þarf ekki veðurofsa, skipsskaða eða stórslys til að Íslendingar átti sig á mikilvægi björgunarsveita. Þær hafa löngum sannað gildi sitt. En það er brýnt að við styðjum af fúsum og frjálsum vilja við bakið á fólki, sem er ávallt tilbúið að hjálpa öðrum. Mikilvægt er að Slysavarnafélagið Landsbjörg viðhaldi sjálfstæði sínu svo að það verði áfram stærstu sjálfboðaliðasamtök á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

JÓLA-HUMAR
VERÐ FRÁ 1290KR/KG
ÞORLÁKMESSU SKATA,
HÖRPUDISKUR, TIGRISRÆKJUR
HAFIÐ
FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi •
s: 554 7200 • www.hafid.is
FISKBÚÐIN Vík
Fiskbúðin Vík ehf. • Hringbraut 92 • 230 Keflavík

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sex utanborgarmenn

Framsóknarflokkurinn í Reykjavík þurfti að leita langt út fyrir borgarmörkin til að finna fólk til að skipa lista flokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður. Af þeim 22 sem skipa listann eru sex búsettir í öðrum sveitarfélögum. Þetta fólk er skráð til heimilis á Blönduósi, Sauðárkróki, Hafnarfirði, Akureyri og Kópavogi þar sem sjálfur oddvitinn og formaðurinn Jón Sigurðsson býr. Fyrir vikið getur þetta fólk ekki kosið sjálft sig í þingkosningunum í maí.



### Aðrar reglur

Þekktar eru klæðavenjur Alþingis sem kveða á um að karlkyns þingmenn þurfi að bera bindi ef þeir svo mikið sem stíga fæti inn í þingsalinn. Þessu er öðruvísi háttað í borgarstjórn Reykjavíkur þar sem borgarfulltrúum er ekki skylt að bera hálstau í borgarstjórnarsalnum. Allur gangur er hins vegar á því hvort menn kjósa að nota bindi eða ekki. Dagur B. Eggertsson og Stefán Jón Hafstein eru yfirleitt bindislausir en hálstauið vantar aldrei á Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson.



### Ekkert frí hjá sumum

Misjafnt er hvað þingmenn gera í jólahléi Alþingis. Á meðan sumir dúlla sér sitja aðrir sveittir. Nefndarmenn í menntamálanefnd eru aldeilis ekki í fríi því þeir þurfa að sitja með sveittan skallann og ræða enn og aftur frumvarpið um Ríkisútvarpið. Fundur var í nefndinni á miðvikudag og aftur verður fundur milli jóla og nýárs. Gera má svo ráð fyrir að milli funda lesi nefndarmenn sér enn betur til um málið svo þeir verði vel búnir undir þriðju umræðuna um frumvarpið sem hefst í þinginu 15. janúar.

bjorn@frettabladid.is

# Jólin eru ekki ókeypis



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON
**Í DAG** | Ráðstöfunartekjur

Daginn er að lengja. Myrkrið hörfar undan, og jólin nálgast, þegar ljós eru tendruð í öllum húsum. Það er ekki úr vegi að minna á, að þessi ljós urðu ekki til fyrir tilviljun, heldur vegna þess að íslenskir verkfræðingar beisluðu hin stríðu straumvötn og leiddu rafmagn í hús. Annað afrek þeirra er að hafa útþýst kuldanum, en sá óvelkomni gestur hímdi í þúsund ár inni í húsum Íslendinga um þetta leyti árs. Sumt, sem við teljum nú sjálfsagt, er afleiðing langrar baráttu, ekki aðeins við náttúruöflin, heldur líka um markmið og leiðir. Hvernig stendur til dæmis á því, að við höfum efni á að eyða stórfé um jólin?

Einhverjir eyða eflaust um efni fram fyrir þessi jól. Það breytir því ekki, að Íslendingar eru í röð ríkustu þjóða heims. En það er ekki sjálfsagt fremur en ljós og ylur innan dyra. Í lok nítjándu aldar voru Íslendingar fátækasta þjóð Vestur-Evrópu. Þriðjungur landsmanna hafði hrakist vestur um haf. Fyrri hluta tuttugustu aldar vorum við aðeins hálfdrættingar í tekjum á við Dani. Við hernámið 1940 komumst við hins vegar upp fyrir þá í tekjum og nutum síðan stríðsgróða í heitu stríði og köldu, en einnig þess, að við rákum í fjórum þorskastríðum útlendinga af hinum gjöfulu Íslandsmiðum og jusum þar upp fiski. Í lok níunda áratugar, þegar við gátum ekki lengur treyst ýmist á stríðsgróða eða rányrkju, spáðu sumir hagfræðingar því, að við ættum aftur eftir að verða fátækasta þjóð Vestur-Evrópu.

*Eflaust er þeim kjarabótum eitthvað misskipt, en aðalatriðið er það, að allir búa við bættan hag. Íslendingar hafa því ekki aðeins efni á jólunum, heldur líka á því að búa vel að þeim, sem eiga undir högg að sækja.*

Þær spár voru ekki fráleitar, eins og stjórnarstefnan var á þeirri tíð. Bíðstofa forsætisráðherra var troðfull af fólki, sem var að útvega sér fé úr opinberum sjóðum til að reka misheppnuð fyrirtæki. Verkföll voru tíð, en undantekningarlaust samið um miklu hærra kaup en atvinnulífið gat staðið undir og verðbólga látin jafna metin. Þrálátur halli var á fjárlögum, og hið opinbera safnaði skuldum. Ríkið rak fjölda atvinnufyrirtækja, og um þau gilti hið sama og kampavínið: Þegar vel gekk, áttu þau skilið meiri fjárframlög, og þegar illa gekk, sem var miklu oftar, þurftu þau sárlega meiri fjárframlög.

Vorið 1991 var skipt um stefnu með það fyrir augum að opna hagkerfið og auka atvinnufrelsi. Bíðstofa forsætisráðherra tæmdist snögglega, því að sjóðirnir, sem hann hafði áður skammtað úr, voru ýmist lagðir niður eða settar um þá strangar reglur. Með aðhaldi í peningamálum hjaðnaði verðbólga niður í það, sem hún er í grannríkjunum. Halli á fjárlögum breyttist í tekjuafgang, sem notaður var til að greiða niður skuldir ríkisins. Afnotaréttur útgerðarfyrirtækja af fiskimiðum var staðfestur í lögum, svo að þau gátu einbeitt sér að arðbærum rekstri. Lífeyrissjóðir voru treystir, en hefðu ella tæmst. Þunglamaleg ríkisfyrirtæki voru seld og tóku óðar fjörkipp, sneru tapi í gróða. Skattar voru lækkaðir, jafnt á fyrirtækjum og almenningi. Íslendingar réttu úr sér og héldu í víking erlendis, þótt þeir veifuðu að þessu sinni verði frekar en sverði.

Þessi fimmtán ár hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um nær helming. Eflaust er þeim kjarabótum eitthvað misskipt, en aðalatriðið er það, að allir búa við bættan hag. Íslendingar hafa því ekki aðeins efni á jólunum, heldur líka á því að búa vel að þeim, sem eiga undir högg að sækja. Ég skal aðeins nefna hér tvær tölur í því sambandi. Skattgreiðslur bankanna nema á þessu ári um 12 milljörðum króna. Áður greiddu bankar sáralítil opinber gjöld. Skatttekjur ríkisins af fjármagnstekjuskatti nema á þessu ári um 18 milljörðum króna (eða jafnvel meira). Áður bar fjármagn á Íslandi lítinn sem engan ávöxt. Samtals eru þessar nýju tekjur ríkissjóðs, sem skapast hafa vegna aukins atvinnufrelsis, um 30 milljarðar króna.

Setjum svo, að 5% landsmanna geti ekki bjargað sér sjálfir, til dæmis vegna elli, örorku eða erfiðra sjúkdóma. Þetta eru þá 15 þúsund manns. Sé þessum 30 milljörðum króna deilt beint á þetta fólk, þá fær hver maður tvær milljónir í sinn hlut. Þetta er hinn áþreifanlegi ávinningur af frelsinu.

# Vatnamælingar í bókaflóði

**UMRÆÐAN**
Bókaútgáfa



KRISTJÁN BJARKI JÓNASSON

Oft heyrist sagt að bókaflóðið íslenska með öllum sínum fylgifiskum sé algerlega sérstætt fyrirbæri og oft hefur vísifingurinn verið reiddur á loft til að benda útgefendum og smásölum á að fjölmiðlaerusta og afsláttargnýr sé andlegri spekt þjóðarinnar síst til framdráttar. Þar gleymist að í fleiri löndum er hart barist á bókamarkaði á aðventu.

Bækur eru fyrirferðarmiklar í jólaverslun allra Norðurlanda og gríðarhart verðstríð breskra vöruhúsa og bóksölukeðja undangengnar jólavertíðir hefur skekið veröld breskrar útgáfu og bóksölu. Það gleymist líka að Íslendingar kaupa sífellt fleiri bækur á öðrum árstímum, en það breytir því þó ekki að aldrei eru bækur og höfundar þjóðinni jafn mikið áhugaefni og í þeirri miklu útgáfuhátíð sem stendur yfir frá miðjum október og fram til jóla. Þrátt fyrir hvernig allt hefur veltst hafa bækur haldið sínu sem ein vinsælasta gjafavaran á jólamarkaði.

Árleg könnun bókaútgefenda á fjölda keyptra bóka og stöðunni á jólamarkaði sýnir þetta glögglega. En í könnuninni kemur líka fram að þrátt fyrir vinsældir bóka gefa um 40% Íslendinga ekki bækur í jólagjöf. Það er einlægur vilji okkar sem störfum að bókaútgáfu að fá sem flesta úr þeim hópi til að velja þó að ekki væri nema eina bók í jólapakkann. Við bendum á að ekki aðeins er þarna um að ræða margbrotna skemmtun og fræðslu (sem ekki þarf heldur að stinga í samband), heldur er lestur langmikilvægasta þjálfunarleiðin til að taka þátt í nútímasamfélagi.

Áður fyrr heyrði það til undantekninga að „venjulegt fólk“ þyrfti að koma fram og „selja hugmyndir sínar“ eða stinga niður penna, hvað þá setjast síendurtekið á skólabekk ævina á enda. Sú mennta- og skriftarbylting sem átt hefur sér stað á aðeins fáeinum árum gerir miklar kröfur til færni í móðurmálinu og sú færni er ekki lengur bundin við fámennan hóp, heldur varðar alla þegna samfélagsins. Hver einasti menntafrömuður getur skrifað undir að lestur er kjarninn í því að öðlast tök á máli og stíl þannig að hægt sé að ná tökum á hugsunum sínum í riti og geta flutt mál sitt í ræðu. Ein lítil bókagjöf hefur því meiri áhrif en flesta grunar.

*Höfundur er formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.*

veidihornid.is

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 • Síðumúli 8 - Sími 568 8410

VEIÐIHORNIÐ

# Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni

## veidihornid.is



**Sage FLi fluguveiðipakki.**
9 feta, 4ra hluta stöng með lífstíðarábyrgð.
Sage hjól með góðri diskabremsu.
Vönduð flotlína ásamt baklínu. Hólkur fylgir.
**Pakkaverð aðeins 39.900.-**



**Sage Launch fluguveiðipakki.**
9 feta, 4ra hluta stöng með lífstíðarábyrgð.
Sage hjól með góðri diskabremsu.
Vönduð flotlína ásamt baklínu. Hólkur fylgir.
**Pakkaverð aðeins 29.900.-**




**Scierra Avalanche fluguveiðipakki.**
9 feta, 3ja hluta stöng. Scierra fluguhjól með góðri diskabremsu. Vönduð flotlína ásamt baklínu fylgir ásamt kastkennslu á DVD diski. Mest keypti fluguveiðipakkinn í Veiðihorninu. **Veiðikortið 2007**, veiðileyfi í 29 vatnasvæði fylgir ókeypis með"
**Jólatilboð aðeins 21.900.-**



**Scierra Avalanche fluguveiðipakki.** 12,6 eða 14 feta tvíhenda. Öflugt Scierra tvíhenduhjól með góðri bremsu. Scierra skotlína og kastkennsla á DVD með Henrik Mortensen. Vinsælasti tvíhendupakkinn á markaðnum.
**Jólatilboð aðeins 37.900.-**



**Ron Thompson Travel Force**
4ra hluta flugustöng í hólk ásamt Scierra IC3 fluguhjóli með góðri diskabremsu. Hjólinu fylgja 3 aukaspólur og hjólataska.
**Jólatilboð aðeins 12.995.-**



**Danvise.**
Vinsælasta öngulheldan á Íslandi árum saman.
**Jólatilboð aðeins 5.895.-**
(plata á mynd er aukabúnaður)



**Dr. Slick verkfærasett.**
Vönduð bandarísk verkfærasett í handhægu boxi.
**Verð aðeins frá 4.495.-**



**Simms Classic Guide Gore-tex jakki.**
Vatnsheldur jakki með góðri útöndun. Merkið tryggir gæðin. **Jólatilboð aðeins 26.995.**



**Scierra Norðurá jakki.**
Vatnsheldur jakki með góðri útöndun. Áralöng frábær reynsla á Íslandi.
**Jólatilboð 22.995.-**



**Scierra Aquatex jakki.**
Vatnsheldur jakki með góðri útöndun.
**Jólatilboð 15.995.-**



**DAM veiðijakki.**
Vatnsheldur jakki með útöndun.
**Jólatilboð 12.995.-**



**Ron Thompson nestis/bak-poki.** Þessi hefur notið mikilla vinsælda í veiðitúrinn, tjaldvagninn eða útileguna. Diskar, glös og hnífapör ásamt fylgihlutum fyrir 4. Einangrað hólf með matarílátum á baki pokans. **Frábært verð eða aðeins 4.995.-**



**Stonefly hnýtingatöskur.**
Vinsælar og vel útfærðar töskur fyrir fluguhnýtara þar sem gert er ráð fyrir öllu hnýtingaefni og verkfærum á einum stað.
**Verð aðeins 16.995.-**



**Scierra hjólataska.**
Vandaðar og vinsælar töskur.
**Verð frá 3.995.-**



**Scierra Explorer veiðitaska.**
Einhver vinsælasta taskan í Veiðihorninu. Sterk taska með vatnsheldum botni. Burðarhandföng, axlaról.
**Verð frá 6.995.-**



**Ron Thompson vöðlutaskan vinsæla.** Vatnsheldur botn. Lok sem loftar. Burðarhandfang og axlaról. Motta til að standa á þegar farið er í og úr. **Verð aðeins 3.995.-**



**Ron Thompson reykofnar.**
Vinsælir reykofnar.
Veislumáltíð á fáum mínútum.
**Verð aðeins frá 5.995.-**
**Einnig reyksag á 595.**



Hafnarstræti 5

## Erfitt að velja?

**Gefðu gjafabréf í stærstu veiðiverslun landsins. Þar er úrvalið**
**Þú sérð jólatilboðin líka á veidihornid.is**
**- Opið alla daga -**



Síðumúli 8

JÓLAHREINGERNING HJÁ GP HÚSGÖGNUM

...sópum út húsgögnum á gjafverði fyrir jól!

Opið í dag: 10:00-22:00
á morgun 10:00-20:00



Leðursófasett 3+1+1
Verð áður 249.000,-
Tilboðsverð: 189.000,-
(Einnig til í ljósu)

Leðursófasett 3+1+1
Verð áður 239.000,-
Tilboðsverð: 179.000,-



Svefnsófi Leður
Verð áður 179.000,-
Tilboðsverð: 139.000,-

Fjöldi annara tilboða!
Vorum að fá í hús mikið úrval vandaðra eikarhúsgagna frá Christian HAROLD

GP
gæðahúsgögn
Dalshrauni 1 Hafnarfirði Sími: 565 1234



# Fordómar hugmyndafræðinga og skilningsleit fræðimanna

**UMRÆÐAN**
Sagnfræði



GEIR SIGURÐSSON

Í Fréttablaðinu, hinn 1. desember sl., fer Hannes Hólmsteinn Gissurarson mikinn yfir ráðstefnu sem haldin var í Háskóla Íslands hinn 11. nóvember um tímabil Mao Zedong í Kína. Hannes spyr, augljóslega hneykslaður, „hvað hefði verið sagt, ef svipuð ráðstefna hefði verið haldin um Adolf Hitler?“. Í því sambandi vísar hann til Heimsmetabókar Guinness og nýlega útkominnar ævisögu Maos eftir Jung Chang og Jon Halliday, en samkvæmt þessum heimildum er Mao heimsmeistari í fjöldamorðum.

Málflutningur Hannesar einkennist því miður af fáfræði og þröngsýni og er því rétt að upplýsa hann um nokkur grundvallaratriði sem ráðstefnunni tengjast.

Fyrst ber að nefna að Hannes vísar ranglega til skipuleggjenda ráðstefnunnar. Þeir nefnast ekki „vinir Kínverska alþýðulýðveldisins“ heldur Kínversk-íslenska menningarfélagið og stóð félagið að ráðstefnunni í samvinnu við Asíuver Íslands sem er miðstöð asískra fræða við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. Fyrirlesarar hennar voru sérfræðingar um málefni Kína sem komu frá virtum evrópskum og bandarískum menntastofnunum.

Í öðru lagi er augljóst að Hannes hefur látið hjá liggja að kynna sér efni ráðstefnunnar. Allt sem hann segir um hana tekur hann beint og orðrétt upp af bloggsíðu Guðmundar Magnússonar sagnfræðings (sem augljóslega hefur ekki kynnt sér hana heldur). Hannes veit því augljóslega ekki að ráðstefnan fjallaði um tímabil Mao Zedong í Kína, þ.e. frá stofnun Alþýðulýðveldisins árið 1949 til dauða Maos árið 1976. Þetta kom skýrt fram í öllum auglýsingum og kynningum á ráðstefnunni. Hún er þar með innlegg í þá miklu umræðu sem á undanförnum árum hefur farið fram um þetta afdrifaríka tímabil í sögu Kína og þátt Maos í því. Það er hreinlega rangt hjá Hannesi að áhugi á atburðum þessa tímabils sé lítill. Mikill fjöldi ráðstefna, erinda og greinar- og bókaskrifa um þá, jafnt á Vesturlöndum sem í Asíu, sýnir að áhuginn er verulegur og fer einmitt vaxandi.

Hafa „svipaðar“ ráðstefnur um Adolf Hitler ekki verið haldnar á akademískum vettvangi? Hefur tímabilið 1933-45, þ.e. stjórnartíð Hitlers og nasismans, ekki einmitt verið á meðal tíðræddari viðfangsefna nútíma sagnfræði? Það væri þá fyrst ástæða til að láta í sér heyra ef ekki mætti halda slíkar ráðstefnur.

Í þriðja lagi ber að athuga að þótt ævisaga Maos eftir Jung Chang og Jon Halliday sé á margan hátt merkilegt rit, einkum vegna hinnar miklu heimildavinnu sem henni liggur að baki, er hún langt frá því að teljast áreiðanlegasta heimildin um Mao. Fræðimenn eru langflestir á einu máli um það að ritið sé svo hlutdrægt í efnistökum sínum að varast beri að taka of mikið mark á því. Höfundar keppast með hálf kjánalegum hætti við að innræta Mao einhvers konar „illt eðli“ og sýna fram á að allt frá barnæsku hafi útsmogin sjálfhverf markmið búið að baki hverri einustu athöfn hans. Úr verður mannskrímsli sem samræmist illa þeirri staðreynd að Mao naut í raun vinsælda og virðingar á meðal fjölmargra náinna samstarfsmanna um langt skeið. Nú þegar jafnvel Hitler er leyft að tjá mannlega eiginleika (t.d. í nýlegri þýskri kvikmynd um hann og í nýlegum niðurstöðum varalesturs á gömlum þöglum upptökum frá stjórnartíð hans) er hér ríghaldið í barnalega „ljótakallsímynd“ af Mao. Hvernig á slík ofureinfölduð einvíddarmynd að gera okkur kleift að öðlast skilning á þessum margbrotna persónuleika og hinu flókna hlutverki sem hann lék í stofnun og framvindu Kína á 20. öld? Það er heldur betur miðaldabragur á því að rekja örlög kínversku þjóðarinnar á öldinni til þess eins að Mao hafi verið haldinn illum anda.

Þekking á stjórnartíð Mao og á manninum sjálfum er einmitt einn lykillinn að skilningi á þróun Kína á nýliðinni öld og umbyltingu yfir í gjörbreytt samfélags- og hagkerfi. Og það hlýtur að vera hlutverk fræðafólks að kynna sér þetta tímabil með opnum en gagnrýnum huga. Þegar Hannes vitnar til orða Arnþórs Helgasonar eru þau því algerlega rifin úr samhengi. Arnþór segir hlutlægja umræðu nauðsynlega og á að sjálfsögðu við að fordómar mega einmitt ekki loka á gagnrýna umræðu – ráðstefnu sem þessa ber að halda óháð því hvaða persónulega eða pólitíska álit við kunnum að hafa á Mao Zedong, kommúnisma eða Kína yfirhöfuð.

Og í fjórða lagi fór ráðstefnan að sjálfsögðu ekki varhluta af gagnrýninni umræðu frekar en lagt var upp með. Einn af aðalfyrirlesurum ráðstefnunnar var Michael Schoenhals, dósent í kínverskum fræðum við Háskólann í Lundi, og einn af óvægustu gagnrýnendum kínversku menningarbyltingarinnar og, á stundum, kínverskra stjórnvalda. Hinir erlendu fyrirlesararnir, ekki síst hinn heimsþekkti Richard Baum frá Ríkisháskóla Kaliforníu í Los Angeles, hafa sömuleiðis allir látið til sín taka í gagnrýninni umfjöllun um Kínverska alþýðulýðveldið. En samtímis hafa þeir einnig fagnað þeim framförum sem þar hafa átt sér stað á undanförnum aldarfjórðungi.

Í fimmta lagi er það einmitt til marks um þessar framfarir að kínverska sendiráðið stóð fyrir lokahófi ráðstefnunnar. „Veisluglaumurinn“ þar kæfði engar gagnrýnisraddir. Því er öðru nær. Kínverska sendiráðið fagnaði fræðilegri umræðu um þetta tímabil og lét sérfræðingunum einum eftir að deila rannsóknum sínum hver með öðrum og með ráðstefnugestum. Hannes kvartar yfir því að miðað við umfjöllun um nasisma Þriðja ríkisins hafi „ekkert sambærilegt uppgjör ... farið fram um kommúnisma“. Um leið hneykslast hann yfir því að þessi ráðstefna – sem var einmitt hógvært framlag til slíks uppgjörs – sé haldin. Þetta er merkileg mótsögn.

Loks ber að nefna að á Íslandi hefur lengi skort fræðilega umræðu um málefni og samfélög Asíu, bæði vegna þess að hér á landi eru fáir sérfræðingar á þeim sviðum en einnig vegna þess að fordómar á borð við þá sem Hannes tjáir í grein sinni stuðla að því að útiloka slíka umræðu. Á tíma hnattvæðingar og aukinna alþjóðasamskipta verður varla of mikið gert úr gildi þess að Íslendingar auki skilning sinn á álfunni, sögulegum og menningarlegum forsendum hennar og samfélagsháttum. Með alþjóðlegri ráðstefnu um tímabil Mao Zedong í Kína tóku Kínversk-íslenska menningarfélagið og Asíuver Íslands fyrsta skrefið í þá átt að breyta þessu. Fleiri skref eru í vændum, enda sýna m.a. skrif Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar að ekki er vanþörf á.

*Höfundur er forstöðumaður Asíuvers Íslands og lektor við Háskólann á Akureyri.*

# Meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó

**UMRÆÐAN**
Samfélagsmál



STELLA GUNNARSDÓTTIR

Nú eru alveg að koma jól. Þá fara flestir á taugum, rjúka út í búðir til að kaupa auglýsingarvörur á uppsprengdu verði af hálf biluðum fyrirtækjum. Allir hamast við að skreyta meira en Jón í næsta húsi og baka betri smákökur en Jóna frænka.

Bilunin og æsingurinn í kringum jólin er orðinn svo mikill að allir eru löngu búnir að gleyma því hvað jólin snúast um þegar þau loksins koma. Loksins koma? Það er bara hjá börnunum sem jólin „loksins“ koma. Þau bíða spennt eftir jólunum, njóta hvers augnabliks af spennunni og hlakka þessi ósköp til. Þau leika sér í snjónum, syngja jólalög, dást að skreytingunum og borða kökurnar.

Á meðan börnin njóta jólanna dragnast foreldrarnir um með hálftómt veskið, hausverk, áhyggjur og við það að fá hjartaslag. Foreldrarnir eiga ósköp erfitt með að njóta jólanna. Þegar þeir horfa á snjóinn sjá þeir fram á að þurfa að þurrka blaut föt, sitja fastir í snjóskafli tímunum saman eða að þurfa að hita kakó handa 100 manns. Við lifum á tímum þar sem allt geysist áfram á fleygiferð, stoppar aldrei og fylgir þess vegna straumnum umhugsunarlaust og gerilsneitt alls tilgangs. Fólk fer á taugum þegar minnst er á frí, jól, afmæli, hátíðir og ekki síst gleði. Flestir hlakka bara til þess að leggjast upp í rúm og fara að sofa.

Ef við myndum öll stoppa og hugsa okkur um væri þá samróma niðurstaða þjóðarinnar að það er bara alger vitleysa að gera það sem fólk fyrir 50 árum hlakkaði til að gera að einhverju til að kvíða fyrir? Það er bara spurning.

*Höfundur er grunnskólanemi.*




**BORÐAÐAR VÍÐA UM HEIM Á JÓLUNUM**

Flestir Íslendingar hafa alist upp við að borða Ora grænar baunir með jólahangikjötinu og finnst þær ómissandi

JÓLIN KOMA 10

**SKATA AÐ HÆTTI SÆGREIFANS**

Á morgun leggur skötuilm um götur landsins

MATUR 6



# allt



## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ JÓLIN KOMA]



**Humarveisla** stendur yfir í Nettó þar sem hægt er að fá Hornafjarðarhumar á 799 krónur kílóið.

**Garðheimar** eru með tilboð á túlípönum og kosta tíu túlípanar 995 krónur. Í Garðheimum má einnig fá fallegar jólaseríur með tuttugu til fimmtíu prósenta afslætti.

**Húsgagnahöllin** er með tuttugu prósenta afslátt af thermo skálum og vínkælum frá Bodum.

**Mikill** verðmunur er á jólamatnum milli verslana samkvæmt verðlagseftirliti ASÍ. Mestur á konfekti og drykkjarvörum, en einnig á laufabrauði og jólakjöti. Bónus var oftast með lægsta verðið en verslun 11-11 oftast með það hæsta.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 22. desember, 356. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.22 | 13.26 | 15.31 |
| Akureyri | 11.38 | 13.11 | 14.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími **550 5000**

Auglýsingasími Allt **550 5880**

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Ditta segir þörfina fyrir að elda góðan mat vera þá sömu og að langa til að mála fallega mynd: „Þetta snýst um sköpun.“ FRETTABLADID/STEFÁN

# Fyrsta barnið lífrænt ræktað

***Kristrún Jónsdóttir, eða Ditta, lærði að matreiða úr grænmeti fyrir þrjátíu árum.***

Ditta var aðeins sautján ára þegar áhuginn fór að þokast í átt til hollustu og heilbrigðs mataræðis, en þá voru þær nokkrar vinkonur sem smituðust af þessu áhugamáli. og sumar þeirra reka grænmetisveitingastaði í dag, eða hafa gert um árin.

„Ég byrjaði að elda mat úr grænmeti um svipað leyti og ég fór að búa, einhvern tíma í kringum 1973-74. Þá var ég sautján ára og barnshafandi, en fyrsta barnið mitt er einmitt lífrænt ræktað,“ segir Ditta kankvís og bætir því við að áhugi hennar á matargerð komi úr sömu átt og áhugi fyrir annarri sköpun „Sköpun gengur út á svo margt. Til dæmis að mála myndir, sauma flíkur eða búa til börn. Þetta er bara þörf sem þarf að fá útrás,“ segir hún og hlær innilega.

Fyrst um sinn notaði Ditta mikið matreiðslubók sem var gefin út af Náttúrulækningafélagi Íslands, en þegar hún öðlaðist meiri reynslu fór hún að þreifa sig áfram og búa til uppskriftir. Síðar tók hún aftur kjöt og fisk inn í mataræðið en segist alltaf búa að grænmetisárunum.

„Mér þótti frekar erfitt að ala börnin upp á grænmetisfæði eingöngu, svo ég bætti inn kjöti og fiski. Ég nota samt grænmeti á hverjum degi með öðrum mat og gæti aldrei án þess verið. Fyrir vikið taka börnin mín öllu grænmetisfæði sem öðrum mat og líta alls ekki á hann sem neitt framandi og skrítið,“ segir Ditta að lokum og þetta hlýtur að teljast ótvíræður kostur því allir hafa gott af meira grænmeti.

*mhg@frettabladid.is*

*Minningabrot Hjalta Þórarinssonar læknis*

**Brautryðjandi og læknir af Guðs náð**

*Athyglisverðar frásagnir af einstökum læknisverkum*

*Spaugsemi og leiftrandi hagmælska*




Glefsur

*Dreifing: Sími 663 1224*

Opið til kl. 23 á Þorláksmessu



Gunnella



Soffía Sæmundsdóttir

Gleðileg jól

LISTMUNASALA fold

Kringlunni, 2. hæð, sími 5680400
Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Rauðarárstíg og Kringlunni

**Jólin** eru loks að ganga í garð. Nú er skynsamlegast að borða sem oftast til að koma maganum í form því þá mun rúmast meira af jólasteikinni í bumbunni.






Hágæða ítalskar kaffivélar frá Quick Mill fyrir heimili og fyrirtæki.
Gefur alvöru espresso, cappucino eins og á bestu kaffihúsum.

Kaffibaunir frá Bonomi sem gefa unaðslegan eftirkeim.
Hægt að fá malaðar baunir.
Margar tegundir af baunum þar á meðal koffínlausar.

KAFFIBÚÐIN
Hamraborg 1-3, sími-fax 5546054
Umboðsaðili Quick Mill og Bonomi
KAFFI - KAFFIVÉLAR - GJAFAVARA




„Þeir sem hafa það ekki í puttunum hversu lengi á að steikja ættu hiklaust að splæsa í kjöthitamæli,“ segir Ómar og hampar íturvöxnu svínslæri.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mikilvægt að láta kjötið standa eftir steikingu

***Nú styttist í að jólasteikin fari í ofninn og Ómar Grétarsson í Galleríi kjöti var beðinn um heilræði í meðhöndlun hennar. En fyrst þetta:***

– Ómar, hvaða kjöt virðist þér verða á flestum jólaborðum í ár?

Koníakslegni hamborgarhryggurinn er vinsæll og svo er það villibráðin. Það er búið að vera mikil sala í gæs. Ég mundi giska á að við hefðum selt 30% meira af henni í ár en í fyrra.“

– Stafar það af rjúpnaskorti?

„Já, ég held það. Það var sterk hefð hjá mörgum að borða rjúpur en rjúpnalausu árin hafa skapað nýjar venjur. Hreindýrið er vinsælt, enda mjög góður matur. Við göngum þannig frá því að við hreinsum það allt þannig að fólk fær hreina vöðva. Svo erum við með soð þannig að ekkert mál er að búa til sósuna þótt steikin sé ekki með beini. Hamborgarhryggurinn stendur alltaf fyrir sínu en þeir sem eru að flauta rjúpurnar út af borðinu fara helst í hreindýrið eða gæsirnar. Líka hérann. Ég hef ekki smakkað hérakjötið en það lítur svakalega vel út.“

– Þarf ekki steikingartíminn að vera voða nákvæmur á svona fínu kjöti?

„Jú, þeir sem hafa það ekki í puttunum hversu lengi á að steikja ættu hiklaust að splæsa í kjöthitamæli. Eldunin skiptir svo miklu máli og það munar um hverja gráðu. Til dæmis þegar hreindýrið er eldað upp í kannski 65-70 gráður er það bara orðið þurrt og vont. Allt þetta rauða kjöt á að elda eins og nautakjöt, brúna það á pönnu og baka á eftir við vægan hita. Svo er mikilvægt að láta það standa eftir að það er tekið út úr ofninum. Það myndast svo mikill þrýstingur þegar það hitnar að innan að það þarf að kólna aðeins til að safinn bara spýtist ekki úr því þegar það er skorið. Ég mundi láta nautalund eða álíka sveran vöðva standa í 10 mínútur og nautainnralæri í 20.“

– En hversu lengi sýður þú hamborgarhrygg?

„Það er minna salt í hryggnum okkar en flestum öðrum og þess vegna þarf ekki að sjóða hann heldur er nóg að setja hann í ofninn. Ég mundi baka hann á 130 gráðum í klukkutíma, hækka þá hitann og gljá hann aðeins.“

– Nú er oft verið með kalt kjöt um jóladagana. Einhver heilræði í sambandi við það?

„Í fyrsta lagi að pakka því inn í filmu og geyma í ísskáp. Ef fólk er að sjóða eitthvað til að borða það kalt er þýðingarmikið að kæla það nógu hratt niður. Svo má alls ekki láta til dæmis kalkún standa á eldhúsborðinu frá aðfangadagskvöldi fram á jóladag.“

*gun@frettabladid.is*




Kryddin frá Pottagöldrum eru ómissandi í matreiðsluna

allt atvinna
Alla sunnudaga

Sultupotturinn vinsæli!



Ávextirnir eru settir í sigtið og heit gufan sprengir ávextina.
Safinn lekur í miðpottinn.
Slangan auðveldar áfyllingu á krukkur eða flöskur.

Sultupotturinn er afar þægilegur í notkun. Gerir sultu- og saftgerðina einfalda og fljótlega.

Villeroy & Boch
Kringlunni / sími: 533 1919


## leiðrétting

VOR CAFÉ BISTRO



Þau leiðu mistök urðu í pistlinum Fagmenn í fóðurleit síðastliðinn föstudag að nafn veitingastaðarins sem gagnrýndur var misritaðist. Hann heitir Vor café og bistro en ekki Te og Kaffi eins og sagt var.
Er beðist velvirðingar á þessu.



## Til hnífs og skeiðar
GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

## Ambrosia

Ambrosia er þekktur eftirréttur frá suðurríkjum Bandaríkjanna sem til er í mörgum afbrigðum. Hér er eitt afbrigði sem er mjög létt og einfalt og er gott mótvægi við þann þunga mat sem við gjarnan borðum um jól. Nafn réttarins kemur úr grískri goðafræði og merkir „fæði guðanna“. Ambrosia! Það eitt að taka sér þetta hjómfagra orð í munn nægir til að lyfta andanum og greina úr upphæðunum klingjandi bjöllur.

**6 mandarínur**
**1 þroskaður ananas**
**(eða ein 400 g dós af ananasbitum)**
**2-3 msk. kókósmjöl**
**3-4 msk. Grand Marnier**

1. Takið hýðið af mandarínunum og skerið hverja þeirra í fjórar sneiðar. Fjarlægið steinana.
2. Ef notaður er ferskur ananas: Skerið hann í fjórðunga, afhýðið og fjarlægið kjarnann úr hverjum fjórðungi og skerið svo ananasinn í bita. Ef niðursoðinn ananas er notaður, hellið vökvanum af.
3. Setjið ananasbitana í fallega skál ásamt mandarínusneiðunum. Hellið Grand Marnier á ávextina og stráið svo kókósmjölinu yfir.
Berið fram eitt og sér eða með þeyttum rjóma. Gleðileg jól!



# Jóladrykkir um veröld víða

***Áfengi er ekki stór hluti af jólahaldi hér á landi en víða um heim gengur fólk að áfengisneyslu vísri yfir hátíðirnar. Nokkrir drykkir eru þar ofarlega á blaði.***

Kampavín er jóladrykkur margra og er áætlað að margar milljónir flaska séu seldar um hver jól. Vísindamenn hafa reiknað út að það séu fjörutíu og níu milljón loftbólur í einni flösku svo það er ekki að undra að það séu svona margir glaðir um jólin.

Jólabjór er bruggaður fyrir jólin víða um heim. Jólabjórinn er yfirleitt dökkur og sætur og óvenju sterkur, bæði á bragð og prómíl. Hann hentar vel til að dreypa á í miklum kulda.

Jólaglöggið er vel þekkt í Skandinavíu en ýmsar útfærslur af því má finna víða um Evrópu. Uppistaðan er rauðvín, þurrkaðir ávextir, negull og kanill og það er selt á götum úti í eins ólíkum löndum og Austurríki og Englandi.

Svo má ekki gleyma kaffi- og kakódrykkjum sem eru bættir með áfengi til að fá hlýju í kroppinn á þessum kalda árstíma.



Jólaglögg er víða drukkið á jólamörkuðum.






Hin víðfræga skötuveisla á Þorláksmessu



LÉTTÖL
Budweiser Budvar
UPPÁHALDSBJÓR MARGRA KYNSLÓÐA
POTTURINN OG PANNAN
Borðapantanir í síma 551 1690
Opið 11.30 - 22.00 – Brautarholt 22 – 105 Reykjavík – Sími 551 1690 – www.potturinnogpannan.is

Jólamaturinn
kemur frá Borgarnesi
BORGARNES KJÖTVÖRUR

Hangikjöt
Hamborgarhryggur
Bayonneskinka
Frönsk sveitaskinka

Andapaté
Fasanapaté
Hreindýrapaté
Villigæsapaté
Franskt paté
Sveitapaté
Fjallagrasapaté
Madeirasósa
Hrápylsur



KORTER.IS
Gleðileg jól og farsælt komandi ár - Borgarnes kjötvörur, sími: 430 5600



Guðmundur Mar Magnússon ölgerðmeistari FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Uppáhaldsblandan

***Fyrir langflesta Íslendinga eru engin jól án þess að hafa blandað malt og appelsín á borðum. Þessi kostablanda kom fyrst fram á sjónarsviðið fyrir rúmum 60 árum og þá fyrir algjöra tilviljun þegar efnaminni Íslendingar vildu drýgja maltið með gosdrykkjum.***

Ölgerð Egils Skallagrímssonar var stofnuð árið 1913 og fyrsta varan sem þar var framleidd var Maltextrakt. Maltið hefur síðan haldist óbreytt allar götur síðan. Maltið varð fljótlega eftirsóttur drykkur sem gjarnan var hafður á borðum um jól. Áfengisbann hafði gengið í gildi árið 1908 á Íslandi og maltið því gjarnan staðgengill jólaölsins á borðum heldri manna.




„Maltið var mjög dýrt og þegar efnaminni Íslendingar reyndu að drýgja það með gosdrykkjum varð til vísir að því sem við þekkjum í dag sem jóladrykk allra landsmanna,“ segir Guðmundur Mar Magnússon, ölgerðameistari hjá Agli Skallagrímssyni. Egils appelsín kom síðan á markaðinn árið 1955 og upp úr 1960 var blandan malt og appelsín orðinn nokkuð almennur siður um jól. Maltið er framleitt að mestu leyti eins og bjór úr möltuðu byggi, vatni og humlum en telst samt ekki vera áfengi. „Alkóhólmagnið í malti er mjög lágt eða um það bil 1% af rúmmáli sem er helmingi minna en alkóhólmagnið í pilsner,“ segir Guðmundur. Maltið er framleitt allt árið. Framleiðsluferlið tekur um það bil eina viku og eins og lög gera ráð fyrir er mest framleiðsla á haustin. „Í desember selst um það bil hálf miljón lítra af malti sem er um 30% af árssölunni,“ segir Guðmundur. Fyrir þremur árum komu síðan tilbúnar blöndur á markaðinn og hefur það mælst vel fyrir að sögn Guðmundar. „Við erum að selja um 450 þúsund lítra af tilbúnu blöndunni á ári. En þó aðallega í nóvember og fyrri hluta desember. Langlestir vilja blanda sjálfir um jól og hafa ákveðnar skoðanir á þeim fræðum,“ segir Guðmundur.

*rh@frettabladid.is*

Njótið jólamatarins!

Kælið matvæli fljótt eftir suðu. Hitastig í kæli á að vera 0-4°C.

Þvoið hendur oft og vel. Borð, ílát, áhöld og skurðarbretti eiga að vera hrein.

Krossmengun verður ef bakteríur berast frá hráum matvælum yfir í tilbúin matvæli. Haldið hráum og tilbúnum matvælum aðskildum.

Gegnsteikið eða gegnsjóðið kjöt. Heit matvæli á hlaðborði eiga að vera við amk 60°C.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

UST Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun Suðurlandsbraut 24 108 Reykjavík sími 591 2000 fax 591 2020 www.ust.is



Riz à l´Allemande í staupi með kaffifroðu, vanillu brulee, hjúpað riz à la mande og vanilluís.

# Girnilegur *riz à la* hvers manns disk

***Á flestum íslenskum heimilum er jólagrauturinn hefð sem mörgum þykir vænt um. Sérstaklega vegna möndlugjafarinnar sem alltaf er gaman að fá.***

Jólagrauturinn er danskur siður sem talinn er hafa borist til landsins á 18. öld. Síðan þá hefur hann bæði verið gerður úr byggi og hrísgrjónum soðnum í mjólk. Borinn fram saltaður með rúsínum og kanel. Sætur með smjöri og sírópi. Sveipaður rjóma eða berjasaft. Tignarlegur sem frómas eða ís, undir nafninu riz à la mande sem þýðir hrísgrjón með möndlu. Grauturinn er á sumum heimilum borinn fram á hádegi aðfangadags en einnig sem forréttur eða eftirréttur að kvöldi aðfangadags. Styrmir Karlsson, yfirmatreiðslumaður á Hótel Holti, hefur ósjaldan heillað gesti sína með riz à la mande um jólin. Á hverju ári galdrar hann fram nýja útgáfu af þessum sígilda jólarétti, sem eflaust á eftir að vera í góðum félagsskap á jólamatseðli landsmanna þetta árið sem endranær. Styrmir gefur okkur uppskrift að sígildum Riz à la mande en grautinn má ekki síður nota í spennandi eftirrétti við allra hæfi.



## Sígilt riz à la mande

165 g hrísgrjón (pudding rice)
1 l mjólk
½ vanillustöng
75 g sykur
Salt á hnífsoddi
50 g möndluflögur
½ l léttþeyttur rjómi

**Grauturinn er soðinn degi áður en hans skal neytt:**
Mjólk, vanilla, sykur og salt er sett saman í pott og suðan látin koma upp. Grjónum er bætt út í og látið malla undir loki í um það bil 30 mínútur. Hrært í annað slagið. Einnig er hægt að sjóða þetta í ofni við 125 gráður í jafnlangan tíma. Blandan er kæld niður og geymd til næsta dags. Léttþeyttum rjóma og möndluflögum er blandað saman við grautinn og hann borinn fram með kirsuberjasósu. Voilà! Einnig er hægt að nota aðrar sósur eins og ástríðualdinssósu, kaffi, karamellusósu eða hvað sem er. Þá er skemmtilegt að bera fram froðu í stíl við sósuna sem diskur hvers og eins er skreyttum með. (Sjá uppskrift að kaffi- og súkkulaðifroðu).

## Riz à la mande í staupi

**með kaffifroðu, vanillu brulée, hjúpað með riz à la mande og vanilluís**

**Kaffifroða:**
1/2 l vatn
200 g sykur
1/2 sítróna
3 stk. matarlímsblöð
Kaffi

**Aðferð:** Vatn, sykur og sítróna soðið saman. Fyrst er safinn kreistur úr sítrónunni, en síðan öll sett út í með berki og öllu. Því næst er sítrónan fjarlægð og kaffi bætt saman við. Matarlímið leyst upp í köldu vatni sem er bætt út í heitan vökvann og kælt. Rjómi setur í rjómasprautu og sprautað ofan á riz à la mande um leið og borið er fram.

**Vanillu brulée:**
12 eggjarauður
250 g mjólk
750 g rjómi
150 g sykur
2 stk vanillustöng

**Aðferð:** Mjólk, sykur, rjómi og vanilla soðið og kælt. Blandað varlega saman við eggjarauður (ekki þeytt). Bakað við 80 gráður í um það bil 40 mín. eða í vatnsbaði við 120 gráður.

**Hjúpað riz à la mande:**
40 g hveiti
15 g Maizena-mjöl
175 g sykur
Salt á hnífsoddi
15 g hreinsað smjör
4 egg
1 stk vanillustöng
1/2 l mjólk

**Aðferð:** Mjólk með vanillustöng



Sigildur riz à la mande er gjarnan borinn fram á aðfangadag í hádeginu. Mandla er falinn í grautnum og sá sem finnur hana fær gjöf.



Kanil pannacotta með súkkulaðifroðu, berjum og ris à la mande ís.

# mande á

er sett í pott og suðan látin koma upp. Potturinn tekinn af hellunni. Eggjunum bætt út í og þeytt saman við. Þurrefnum bætt út í og suðan látin koma upp aftur. Látið malla í um það bil 3 mínútur eða þangað til að vökvinn er orðin að passlega þykkum vellingi. Sígildum riz à la mande er svo blandað við. Látið kólna. Kúlur eru búnar úr massanum og frystar. Loks er kúlunum velt upp úr eggjum og brauðraspi og svo djúpsteiktar.

**Vanilluís:**
1 1/2 l rjómi
1 l mjólk
500 g sykur
24 eggjarauður
1 stk vanillustöng

**Aðferð:** Mjólk, rjómi, sykur og vanillustöng sett í pott. Suðan látin koma upp. Vanillustöngin er tekin úr vökvanum. Eggjarauðum er bætt út í. Sett yfir vatnsbað og látið malla. Hrærið varlega með sleikju við 80 gráður þangað til vökvinn er orðinn þykkur. Fryst.

## Kanil-pannacotta

**með súkkulaðifroðu, berjum og riz à la mande ís**

**Pannacotta**
6 dl rjómi
2 dl mascarpone ostur
2 dl mjólk
1 stk vanillustöng
200 g sykur
4 matarlímsblöð
100 g hvítt súkkulaði
1 msk kanilduft

**Aðferð:** Allt soðið saman nema súkkulaði og matarlím. Matarlímið leyst upp í köldu vatni. Bætt út í



Styrmir Karlsson, yfirmatreiðslumeistari á Hótel Holti, galdrar fram tignarlegan riz à la mande fyrir hver jól. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

soðnu blönduna. Sigtað og sett í eftirréttaskálar eða glös.

**Riz à la mande ís:**
Vanilluís (sjá uppskrift)
sígildum riz à la mande (sjá uppskrift)
bætt út í, kælt og fryst.

**Súkkulaðifroða:**
300 g mjólk
150 g súkkulaði
1 stk vanillustöng
2 stk matarlímsblöð

**Aðferð:** Matarlímsblöðin lögð í kalt vatn. Vanillustöng og mjólk eru sett í pott og suðan látin koma upp. Bætið matarlíminu út í og leysið vel upp. Súkkulaðinu hellt yfir og skreytt með rjóma með rjómasprautu.














Skata, kartöflur, rófur og rúgbrauð og ekki spillir grauturinn.

# Skata að hætti greifans

***Þorláksmessa er hinum megin við hornið. Þá er betra að kunna skil á skötueldamennskunni og hefðum kringum hana. Sá sem hér leiðbeinir okkur er sægreifinn sjálfur, Kjartan Halldórsson.***

„Ég set skötuna í kalt vatn og læt hana malla í svona átta mínútur eftir að suðan er komin upp,“ segir Kjartan og á tóninum má heyra að honum finnst þetta nú varla vera nokkuð til að tala um. Hann kveðst bera fram kartöflur, rófur, rúgbrauð og smjör með skötunni. Líka bræddan hnoðmör og hamsatólg. Í eftirrétt er síðan hrísgrjónagrautur með rúsínum. „Hann var nú kallaður Steingrímur eða Denni á tímabili, sá grautur, eftir gamla forsætisráðherranum okkar,“ segir hann grallaralegur og rifjar upp gamla daga. „Þegar ég var kokkur á sjó hafði ég saltfisk og skötu á laugardögum og svo var Steingrímur í eftirrétt, með rúsínum jafnvel og rjóma. Ég mæli með því.“

En nú viljum við vita aðeins meira um skötuna og mismunandi afbrigði af henni. „Skatan er bæði til söltuð og kæst. Sumir hafa verið með þurrkaða skötu en ég kann ekkert á hana. Síðan hef ég verið með tindabikkjuna eða lóðskötuna eins og hún heitir. Munurinn á henni og venjulegri skötu er að tindabikkjan er fínni fiskur.


Magnús Örn Tómasson gæðir sér á skötu greifans.


„Maður gæti lent í að ná ekki andanum fyrr en eftir áramót,“ segir sægreifinn Kjartan glaðlega. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Hún er líka þrælgóður matfiskur fersk, bæði pönnusteikt og djúpsteikt. Betri en margt annað. Svo er hún rosalega góð kæst. Tekur svo vel bragð og verður alveg þrælmögnuð og sterk. Það verður bara að passa sig að súpa ekki hveljur yfir henni því maður gæti lent í því að ná ekki andanum fyrr en eftir áramót! -gun

## Jólamatur hér og þar

JÓLAMATUR ER EINS ÓLÍKUR OG ÞJÓÐIRNAR ERU MISMUNANDI EN ÞÓ MÁ GANGA ÚT FRÁ ÞVÍ AÐ UPPISTAÐAN SÉ ÞAÐ BESTA SEM HÆGT VAR AÐ FÁ UM HÁVETUR Í ÞEIM LÖNDUM ÞAR SEM JÓL HAFA VERIÐ HALDIN Í ALDARAÐIR.

Hefðbundinn jólamatur í Tékklandi er fiskisúpa, salöt og egg. Fjöldi gesta við borðið verður að vera jöfn tala því ef einhver er stakur gæti hann dáið fyrir næstu jól.

Á jólunum í Finnlandi er snæddur pottréttur úr núðlum, káli, gulrótum og kartöflum með skinku eða kalkúni. Á eftir fara allir í gufubað og heimsækja grafir látinna ættingja og vina.


Kalkúnn er hefðbundinn jólamatur hjá enskumælandi þjóðum.

Þjóðverjar borða helst steikta gæs á jólunum með kartöflum, káli, gulrótum, rófum og súrum gúrkum.

Ítalskur jólamálsverður er gjarnan sjöréttaður og hefst á blönduðum smáréttum, þá smáskammti af pasta, svo er grillað kjöt og tvenns konar salat, þá tveir sætir eftirréttir, ostur og ávextir og að lokum koníak og súkkulaði. Verði ykkur að góðu!

Í Lettlandi borða menn brúnar baunir með beikonsósu, litlar bökur, kál og pylsur um jólin.

Portúgalir fá sér hins vegar saltan þorsk með soðnum kartöflum um lágnættið á jólanótt.

Í Ástralíu eru jólin um hásumarið og því er jólamaturinn gjarna útigrillaðar rækjur, steik og kjúklingur með ís í eftirrétt og gjarnan eldað á ströndinni.

# Jólailmurinn berst um bæinn

*Krydd og ávextir ásamt indælum mat fylla heimilin af jólaangan.*







Rauð epli og mandarínur eru ávextirnir sem umfram aðra minna okkur á jólin. Í hugum margra er ilmur þeirra nátengdur þeirri miklu hátíð. Eldra fólkið man þá tíma er epli voru einungis fáanleg fyrir jólin og sköpuðu jólastemninguna öðru fremur. Í seinni tíð hefur gildi þeirra sem jólaávaxta minnkað en lyktin af þeim er ómissandi enn. Kanill og negull eru líka þær kryddtegundir sem einkum framkalla hinn lokkandi og ljúffenga hátíðarilm sem við sækjumst eftir. Lykt af negulnöglum sem stungið er í appelsínu eða mandarínu er alltaf jólaleg. Vanillustöngin gefur mjólkurgrautnum einstaklega góðan keim og hún ber líka með sér ljúfan ilm í eldhúsið. Fleiri tegundir matarilms koma okkur vissulega í jólaskap og meðal þeirra er lyktin sem berst um húsið þegar rauðkálið er soðið með sykri og ediki. Þegar hún fyllir vitin er von á góðri máltíð.

## Súkkulaði í bráð

ÞAÐ ER HÆGARA SAGT EN GERT AÐ BRÆÐA SÚKKLAÐI



Fínsaxið súkkulaðið og setjið í hitaþolna gler-eða stálskál. Hellið vatni í pott, hafið dýptina um 2,5 sentimetra og hitið við meðalhita þar til rýkur úr vatninu en ekki láta það sjóða. Barmur skálarinnar með súkkulaðinu á helst að vera aðeins víðari en á pottinum en ekki of stór. Setjið skálina í pottinn og passið að botninn á skálinni snerti ekki vatnið í pottinum. Látið standa þar til um þrír fjórðu af súkkulaðinu er bráðnað. Takið skálina upp úr pottinum og hrærið súkkulaðið saman þar til allt er bráðnað.

Ekki setja lok yfir skálina, rakinn gæti lekið niður og blandast við súkkulaðið.

## uppskrift Dittu }



Ómótstæðilegar súkkulaðiperur að hætti Dittu. FRETTABLAÐIÐ/STEFAN

### Gómsætar súkkulaðiperur

**2 lítrar af Stute superior dökkum vínberjasafa (fæst í Blómavali)**
**1 msk. kanill**
**2 stórar msk. hunang**
**1 stór matskeið af niðurskornum, ferskum engifer**
**2 dl af óblandaðri sólberjasaft, til dæmis Ribena**
**6-8 lítið þroskaðar perur**
**100 gr brætt súkkulaði**
**1/2 poki ristaðar möndluflögur**

Perurnar flysjaðar en stöngullinn skilinn eftir á perunni. Soðið í einn og hálfan klukkutíma. Potturinn tekinn af og perurnar látnar kólna í pottinum.

Þegar perurnar eru orðnar kaldar eru þær settar á bökunarpappír og látið renna af þeim. Súkkulaðið brætt yfir vatnsbaði, möndlurnar létt ristaðar í ofni og svo er súkkulaðið sett með matskeið ofan á hverja peru fyrir sig, möndlunum er stráð yfir og svo er beðið eftir því að súkkulaðið harðni.

Borið fram með þeyttum rjóma eða vanilluís. Njótið!

**Áfenga aðferðin**
Þessa uppskrift er einnig hægt að framreiða með því að sjóða perurnar í rauðvíni, en fyrir sex persónur hentar að nota hálfa rauðvínsflösku og þrjár matskeiðar af hunangi.

Ofninn er settur á 150, perurnar skrældar og stönglinn látinn halda sér. Vínið sett í pott með hunanginu og hitað þar til hunangið bráðnar. Þá eru perurnar lagðar uppréttar í eldfast mót, vín og hunangsblöndunni hellt yfir og svo er þetta hulið vel með álpappír.

Látið standa í ofninum í fjóran og hálfan til fimm klukkutíma. Perurnar látnar kólna og svo er þetta borið fram með þeyttum rjóma og skreytt á sama hátt og í hinni uppskriftinni.



Skötuveislan

er byrjuð hjá okkur. Komdu og skoðaðu fiskborðið okkar fullt af ilmandi tindabykkju og skötubörðum, hnoðmör, hamsatólg og þrumara með.

Fiskisaga

*Ævintýralegar fiskbúðir*

*fiskisaga.is*

*Hamraborg 14a • Skipholti 70 • Höfðabakka 1 • Vegamótum (Nesvegi 100) Sundlaugavegi 12 • Háaleitisbraut 58-60*

# allt tilboð o.fl.

**50%** Krónan býður mesta afsláttinn þessa viku. Það eru Gille piparkökurnar í 400 gramma ílátunum sem eiga vinninginn, lækka um helming, úr 199 krónum í 99.


allt matur
Alla föstudaga







**BÓNUS** – Tilboðin gilda til 24. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Danu rauðkál 1060 g | 95 | 129 | 90 | 25 |
| Danu rauðbeður 1.060 g | 95 | 129 | 90 | 25 |
| Rauðkál ferskt | 95 | 159 | 95 | 40 |
| Rósakál ferskt 500 g | 98 | 129 | 196 | 25 |
| Bónus ferskur trönuberjasafi 1 l | 198 | 259 | 198 | 25 |
| Nóa konfekt 650 g fylltir molar | 1.298 | 1.398 | 1.298 | 5 |
| Bónus konfekt 1 kg | 998 | 1.298 | 998 | 25 |
| Fezer mint 350 g | 459 | Nýtt | 1.311 | |
| Ferskur svínabógur | 498 | 698 | 498 | 30 |
| Fersk svínarifjasteik | 598 | 798 | 598 | 25 |
| Veete háreyðingarsett | 498 | 598 | 498 | 15 |

**KRÓNAN** – Tilboðin gilda til 24. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Goða hátíðarlambalæri | 1.349 | 1.798 | 1.349 | 25 |
| Bk jólagrísasteik | 1.256 | 1.794 | 1.256 | 30 |
| Móa veislufugl með fyllingu | 698 | 899 | 698 | 20 |
| Eðalf. reykt/grafin/hunangsreykt laxablóm | 2.396 | 2.995 | 2.396 | 20 |
| Hóla bayonneskinka | 1.189 | 1.698 | 1.198 | 30 |
| Hóla hangikjöt úrb. læri | 1.749 | 2.498 | 1.749 | 30 |
| Merlo úrvals rækja | 599 | 798 | 599 | 25 |
| Freschetta XL pítsur 4 gerðir 510 g | 389 | 449 | 762 | 15 |
| Gille jólapiparkökur 400 g | 99 | 199 | 248 | 50 |
| Líf maískorn 432 g | 85 | 85 | 197 | |

**NÓATÚN** – Tilboðin gilda til 24. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Grísalundir með sælkerafyllingu | 2.498 | 2.798 | 2.498 | 10 |
| Tígris rækjur án skeljar | 1.949 | 2.998 | 1.949 | 35 |
| Hörpuskel úr fiskborði | 2.699 | 4.498 | 2.699 | 40 |
| Eðalfiskur graflax bitar | 1.679 | 2.799 | 1.679 | 40 |
| Eðalf. reyktur lax heil flök | 1.499 | 2.499 | 1.499 | 40 |
| Eðalf. reyktur lax bitar | 1.619 | 2.698 | 1.619 | 40 |
| Eðalf. graflax heil flök | 1.514 | 2.524 | 1.514 | 40 |
| ÍF gæsa/anda/fasana paté í krukku 200 g | 898 | 998 | 4.490 | 10 |
| ÍF Madeira sósa 250 g | 414 | 414 | 1.656 | |
| I&S laxahrogn 100 g | 778 | 869 | 7.780 | 10 |

**HAGKAUP** – Skemmtilegast að versla – Tilboðin gilda til 24. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Óðals svínahamborgarhryggur með beini | 1.188 | 1.698 | 1.188 | 30 |
| Ali hamborgarhryggur m/beini | 1.443 | 1.698 | 1.443 | 15 |
| Ali hamborgarhryggur beinlaus | 1.868 | 2.198 | 1.868 | 15 |
| Frosnar nautalundir innfluttar | 2.798 | 3.998 | 2.798 | 30 |
| Frosnar svínalundir | 1.818 | 2.598 | 1.818 | 30 |
| Jói Fel ís 3 l | 998 | 1.497 | 332 | 35 |
| Klementínur 2,3 kg | 399 | 479 | 173 | 75 |
| Rauðrófur | 99 | 179 | 99 | 45 |

**FK FJARÐARKAUP** – ekki bara verð! – Tilboðin gilda til 24. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| FK hamborgarhryggur | 1.198 | 1.398 | 1.198 | 15 |
| Fjarðarkostur birkireykt lambalæri úrb. | 1.974 | 2.598 | 1.974 | 25 |
| Fjarðarkostur birkireyktur lambaframpartur úrb. | 1.442 | 1.898 | 1.442 | 25 |
| Fjallalambs forréttir (sauðakjöt) | 3.958 | nýtt | 3.958 | |
| Ali úrb. hamborgarhryggur | 1.648 | 2.198 | 1.648 | 25 |
| Úrb.reyktur svínakambur frá Kjarnafæði | 1.298 | 1.598 | 1.298 | 20 |
| Panda konfekt 500 g | 998 | 1.148 | 1.996 | 15 |
| Panda konfekt 300 g | 598 | 798 | 1.993 | 25 |
| Anthon Berg gullkonfekt 400 g | 1.498 | 1.989 | 3.745 | 25 |
| Duc d´O skeljakonfekt 500 g | 998 | 1.298 | 1.996 | 25 |

**Þín verslun** – Tilboðin gilda til 27. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Vínarpylsur 1 kg. + Söngvaborg.1&2 | 1.698 | Nýtt | 1.698 | |
| Franskar grillpylsur | 749 | 943 | 749 | 20 |
| Franskt paté í dós | 368 | 460 | 1.840 | 20 |
| Madeirasósa 250 g | 349 | 440 | 1.396 | 20 |
| Maarud 350 g | 349 | 479 | 997 | 25 |
| Oetker búðingur vanillu 3*72 g | 199 | 286 | 921 | 30 |
| Oetker búðingur möndlu 3*78 g | 199 | 286 | 551 | 30 |
| Otker búðingur súkkul 2*100 g | 199 | 286 | 995 | 30 |
| Bonduelle grænar baunir 400 g | 79 | 99 | 198 | 20 |
| Bonduelle gulrætur smáar 400 g | 79 | 99 | 198 | 20 |
| Bonduelle gulr. & grænar b. 400 g | 89 | 115 | 223 | 25 |
| Bonduelle maískorn 400 g | 89 | 139 | 223 | 35 |


## Jólagjafahugmynd !!

Sérsniðin gjöf handa konunni! Gjafabréf á sérhannaðan og saumaðan fatnað (t.d. kjól, dragt, pils.....), unnin af fagmanni.

Hafið samband og ég græja málið.
**Selma Ragnarsdóttir,** Klæðskeri og Kjólameistari.
Kjörgarði, 3.hæð. S.899-2808













allt tíska
Alla fimmtudaga







# Jólapakkar og tilboð á risatækjum

***Hátækni er með rausnarleg jólatilboð núna síðustu dagana fyrir jól.***

Verslunin Hátækni í Ármúla er svo sannarlega í jólaskapi. Á sérstöku jólatilboði eru meðal annars nokkrar stærðir af flatskjám með 20 til 100 þúsund króna afslætti. Verð fyrir 32 tommu Hitachi LCD sjónvarpi er 239.995 krónur og 55 tommu plasmasjónvarp frá Hitachi er á 399.995 krónur svo fátt eitt sé nefnt.



Hægt er að fá plasmasjónvörp og LCD skjái á góðu verði hjá Hátækni.

Einnig býður Hátækni upp á sérstaka jólapakka á tilboðsverði. Jólapakki eitt inniheldur til dæmis 32 tommu Palladine LCD sjónvarp, Yamaha heimabíósett og veggfesting fyrir sjónvarp á 159.995 krónur en pakkinn kostaði áður 192.985 krónur. Jólapakki 3 inniheldur 55 tommu Hitachi plasmasjónvarp, Yamaha heimabíómagnara og KEF heimabíósett. Þessi pakki ætti að kosta 929.985 en er á jólatilboði á 749.995 krónur. Jólapakkarnir eru alls sex og mismunandi samsettir.

Takmarkað magn er á öllum tilboðsvörum. Vefsíða verslunarinnar er www.hataekni.is. **- jóa**

# Tilboð á gólfefni

***Parket og gólf eru með sérstakt jólatilboð á eikarparketi.***



Eikarparket er á jólatilboði hjá Parketi og gólf.

Kannski eru ekki margir sem eru að hugsa um nýtt gólfefni á þessum tíma ársins. Hugleiðingar um endurbætur á heimilinu eru væntanlega látnar bíða þar til eftir áramót þegar betra næði gefst til skipulagningar.

Hins vegar geta þeir sem hafa hug á að skipta um gólfefni litið við í versluninni Parket og gólf í Ármúla. Þar er Upfloor eikarparket á sérstöku jólatilboði. Fermetrinn kostar 2.500 krónur. Fermetrinn af Upfloor eikarparketi með listum og undirlagi kostar 3.000 krónur fermetrinn.

Tilboðið gildir meðan birgðir endast og því gildir reglan um að sá fær sem fyrstur nær. *- jóa*

## Meðgöngufatnaður

HÆGT ER AÐ FÁ GÓÐAR GJAFIR Á TILBOÐI FYRIR ÓLÉTTU KONUNA HJÁ POLARN O. PYRET.

Verslunin Polarn O. Pyret í Kringlunni býður afslátt af völdum meðgönguvörum.

Vissulega vilja óléttar konur dubba sig upp fyrir jólin eins og aðrir. Í versluninni má finna meðgönguföt á 25 prósenta afslætti og því gott tækifæri til að hressa aðeins upp á fataskápinn fyrir jól. Á jólatilboðinu er einnig veittur 25 prósenta afsláttur af öllum gjafabolum sem gæti orðið kærkominn jólapakki fyrir verðandi móður. *- jóa*






**Glæsilegt úrval úra og skartgripa**

Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • Sími 511 1900





**Dúnúlpur • Rúskinnsúlpur • Leðurjakkar**
**Vattkápur • Hattar • Húfur • Leðurhanskar**
**Ullarsjöl • Góð gjöf**

**Útsöluhorn**
**50% afsláttur**
**Góðar vörur**

TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, Sími 588-5518
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16



# Nýtt rúm
## Frááááábær hugmynd!

TEMPUR



CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY



Þú átt það skilið

Outlast

**Stillanlegt-tilboð** 2x90x200
**Vaxtalaust**

| 16.400,- | 38.874,- | 448.900,- |
|---|---|---|
| meðalgr. raðgr. 36 mánuði | á mán. 12 mánuði | áður 523.264 |

**Hlífðardýna og lak fylgir**

Betra BAK

Faxafeni 5
Reykjavík
Sími 588 8477
www.betrabak.is

Opið alla daga til jóla

Föstudaginn 22. des. frá kl. 10 til 22
Þorláksmessu 23. des. frá kl. 10 til 23
Aðfangadag frá kl. 10 til 12

**Jólainnkaupin** munu ná hámarki á morgun. Þeim sem illa er við búðir og mannmergð má benda á að taka daginn snemma, helst klukkan tíu þegar búðir opna, svo þeir lendi ekki í mestu ösinni.









Ferli grænu baunanna í Ora felst meðal annars í fossi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ora baunir eru borðaðar víða um heim á jólum

***Flestir Íslendingar hafa alist upp við að borða Ora grænar baunir með jólahangikjötinu og finnst þær ómissandi.***

Þegar gluggað er í jólaminningar fólks sem fætt er upp úr miðri síðustu öld koma Ora-baunir ósjaldan við sögu. Þær virðast hafa tilheyrt jólahaldi til sjávar og sveita og sömuleiðis hjá Íslendingum erlendis, hvort sem þeir hafa dvalið þar lengi eða bara skroppið til Kanarí í jólafrí. Því fannst Fréttablaðinu við hæfi að forvitnast um uppruna grænu Orabaunanna og fylgjast með vegferð þeirra gegnum vinnsluna í niðursuðuverksmiðjunni Ora. Magnús Magnússon, markaðsstjóri hjá Ora, býður fyrst í stofu og miðlar fróðleik.

„Fyrirtækið er stofnað 1950 en niðursuðan sem slík hófst 1952 og þá kom Ora-nafnið líka til sögunnar. Ora er komið úr latínu og merkir strönd enda hefur fyrirtækið alla tíð verið hér við sjóinn í Kópavogi. Grænu baunirnar eru stór þáttur af sögu fyrirtækisins. Þær voru með því fyrsta sem framleitt var og nokkru síðar komu gulræturnar og grænu baunirnar sem notað hefur verið í ítalska salatið með hangikjötinu.“

Nú viljum við vita hvaðan baunirnar koma og Eiríkur Magnússon framkvæmdastjóri verður fyrir svörum. „Þær koma af ökrum í Evrópu og Ameríku, mest frá Ameríku. Við veljum baunir í framleiðsluna. Þær eru teknar hér inn og hreinsaðar og svo pakkaðar og soðnar niður eftir séruppskrift Ora sem hefur verið óbreytt alveg frá byrjun.“ Eiríkur segir algengt að Íslendingar úti um heim vilji Ora-baunir um jólin og kveðst hafa heyrt margar sögur tengdar þeim. Meira að segja hafi hann séð þeirra getið í minningargrein nýlega.

*gun@frettabladid.is*



Hér eru baunirnar komnar í dósir en eftir er að setja lokið á.



Dósunum raðað í vagn sem flytur þær í niðursuðuna.



Hér koma dósirnar eftir færibandi á leið í kassa. Starfsstúlkur hleypa engri í gegn sem ekki lítur hraustlega út.







HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11



Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is

Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123



Bandalag íslenskra skáta

SIRKUS GEFUR ÚT BORÐSPIL • Enn eitt jólaspilið [6]

# SIRKUS

22. DESEMBER 2006



DD UNIT

MEÐ SVARTA BELTIÐ Í HOLLYWOOD [12]



EINA ÍSLENSKA HOLLYWOOD-STJARNAN, ANITA BRIEM

## Með mömmu á Mývatni um jólin



EINAR ÁGÚST VÍÐISSON

### Aftur upp á vagn edrúmennskunnar



Í SVÖRTUM FÖTUM ÁTTA ÁRA

### Hætta eftir áramót



GULLHÚÐAÐUR DANNI DELUXE

### Stelpur og „chill“ með Dóra DNA

BONOMI

Ferskar Ítalskar kaffibaunir fyrir vandláta mölum á staðnum

Kaffivélar frá Quickmill

Úrval af gjafavöru, bollasett, textil og fl.

KAFFIBÚÐIN

Hamraborg 1-3, sími-fax 5546054

# Með allt niðrum sig



Kompás hefur átt undir högg að sækja. Þeir sem að þættinum koma hafa eflaust átt von á sterkum viðbrögðum við áhrifaríkum þætti sunnudagskvöldsins síðasta. En líklega bjuggust þeir við að það yrði Guðmundur í Byrginu en ekki Kompás sem þyrfti að eyða vikunni í nauðvörn.

Og afhverju er það þannig? Einhver sagði í vikunni að það væri einkamál Guðmundar í Byrginu hvað hann gerði í svefnherberginu. Það er einfaldlega rangt. Ekki ef einstaklingurinn sem er með honum í þessu svefnherbergi er vistmaður á ríkisstyrktu meðferðarheimili. Þangað kominn til að ná bata eftir erfiða eiturlyfjaneyslu en ekki til að láta lemja sig með svipu. Það er bara ekkert einkamál. Það er lögreglumál. Og getur varðað allt að fjögurra ára fangelsi.

Margir hafa bent á að framsetning þeirra gagna sem Kompás aflaði sér hafi verið glannaleg. Nefna í því sambandi myndskeiðið af litla vini Guðmundar. En það er að sjálfsögðu ekki framsetningin sem er glannaleg. Heldur háttsemi Guðmundar gagnvart skjólstæðingum sínum.

Pétur og Páll hafa enn og aftur kosið að skjóta sendiboðann í stað þess að bregðast við þeim upplýsingum sem dregnar voru fram í Kompási. Og um leið og það gerðist breyttist umræðan um málið í farsa. Svoldið eins og fárið sem Sigmundur Ernir og hans fólk á NFS keyrði gegn DV fyrir tæpu ári.

Ákaflega var það til dæmis pínlegt að heyra Guðmund í Byrginu saka Sigmund Erni um að hafa falsað myndskeið sem sent var úr síma hans til skjólstæðings. OG engu skárra var það þegar lygni geðlæknirinn, sem Kompás fletti ofan af fyrir skemmstu, var teymdur í Kastljósið til að staðfesta nauðvörn Guðmundar þess efnis að viðmælendum Kompás hefði verið gefið contalgin. Ótrúverðugara vitni var ekki hægt að finna. Og slappt af Sigmari og Helga að taka þátt í vitleysunni.

Svosem skiljanleg nauðvörn hjá Guðmundi, enda með allt niðrum sig. Þið afsakið orðalagið. En skynsamt fólk á að vita betur en að taka mark á svona bulli. Kompás á hrós skilið fyrir að leiða fram í dagsljósið ámælisverð vinnubrögð í Byrginu. Guðmundur Jónsson forstöðumaður á að finna sér eitthvað annað að gera en að hjálpa ungum stúlkum að verða edrú. Det stannar nu!

*Andri Ólafsson*

**EINAR ÁGÚST ER KOMINN AFTUR EFTIR ERFIÐA TÍMA**

# Aftur á vagn edrúmennskunnar

„Við ætlum að taka þessa einu tónleika og sjá hvernig þetta leggst í okkur," segir söngvarinn góðkunni Einar Ágúst Víðisson sem í kvöld mun stíga á svið með nýrri súpergrúppu sem ber nafnið Fönix. Tónleikarnir verða á skemmtistaðnum Domo í Þingholtsstræti og hefjast klukkan 22.00.

Auk Einars skipa sveitina þeir Vignir Snær Írafárungur, Júlíus Jóhannsson, Benedikt Brynleifsson og Birgir Kárason. Allir eru þeir reynsluboltar úr íslensku tónlistarlífi og því mikil eftirvænting eftir því hvað þeir munu bera á borð á tónleikunum í kvöld.

Sjálfur er Einar Ágúst hógvær þegar hann er spurður um framhaldið. „Ég er nú ekki þekktur fyrir að vera neitt sérstaklega yfirlýsingaglaður svo ég læt það vera að hafa uppi stór orð um framtíðaráætlanir okkar. En ég er himinlifandi að fá að vera í hljómsveit með þessum drengjum. Það er draumi líkast. Við erum allir með verkefni til hliðar við þetta þannig að við ætlum svona að máta okkur saman á tónleikunum í kvöld og sjá svo til með framhaldið."

Lítið hefur farið fyrir Einari Ágústi eftir að hann skildi við félaga sína í Skítamóral fyrir fáeinum árum.

„Jú, það er nú þannig að ég féll af vagni edrúmennskunnar og flaug ansi hátt eins og fuglinn Fönix forðum. Ég er blessunarlega lentur aftur til jarðar, heill á húfi, og risinn aftur úr öskustónni, sterkari en nokkru sinni fyrr," segir Einar og útskýrir að nafn hljómsveitarinnar sé tilvísun í þessa reynslu.

Talsvert hefur verið fjallað í fjömiðlum um feilspor Einars en augljóst er að hann lætur það ekki á sig fá.

„Satt að segja hélt ég að það myndi taka lengra tíma að fá menn í þessum bransa til að treysta mér eftir þetta. En ég er fullur auðmýktar og þakklátur fyrir að fá aftur tækifæri.




**Einar Ágúst Víðisson**
Segist risinn aftur úr öskustónni sterkari en nokkru sinni.

## Hurðaskellir mælir með ...

### Kvikmynd




„Ég horfi nú mjög lítið á kvikmyndir og fer örsjaldan í bíó. Það kemur þó fyrir. Síðasta kvikmynd sem ég sá í bíó var Bridges of Madison County. Alveg frábær mynd þar sem Clinton fer gjörsamlega á kostum. Við bræðurnir leigjum okkur líka stundum DVD og kom Þvörusleikir með eina góða nú í sumar. Það var kvikmyndin Íkingút sem er að einhverjum hluta til íslensk. Flottar senur í henni og var ég mjög hrifinn af kvikmyndatökunni. Annars er Oliver Stone meistarverkið um The Doors alltaf í uppáhaldi hjá mér."

### Tónlist



„Ég er mikill tónlistarunnandi og syng nánast á hverjum degi. Maður þekkir líka alla flóruna og er alltaf með það nýjasta á hreinu. Krakkarnir vilja alltaf einhverja tónlist í skóinn. Nú er ég mikið að hlusta á 50 Cent og Steed Lord. Þrusu bönd. Knockin on Heavens door er samt mitt uppáhalds lag og eiginlega bara allt með The Doors. Ég hef meira að segja safnað skeggi til þess að líkjast Jim Morrison sem mest, hann var langflottastur undir það síðasta."



### Bók




„Hún heitir Draumalandið. Farið út í búð og kaupið hana. Ég er mjög hlynntur skoðunum Andra Snæs enda mjög brýnt að vernda hálendið. Ég þekki það af eigin raun. Það vill enginn láta virkja í bakgarðinum hjá sér. Þess vegna skil ég íbúa Áslandshverfis í Hafnarfirði mjög vel þessa dagana. Svo les ég náttúrlega alltaf Hér & nú, það er í miklu uppáhaldi hjá mér, finnst það orðið betra eftir að Ellý tók við þessu.




**Í SVÖRTUM FÖTUM Á TÍMAMÓTUM EFTIR ÁTTA ÁR SAMSTARF**

# Hætta eftir áramót

„Er það ekki bara eðli allra góðra hluta að þeir taki einhvern tíma enda? Við ákváðum allavega að nú væri ágætis tímapunktur að kíkja á aðra hluti," segir Hrafnkell Pálmason betur þekktur sem Keli Í svörtum fötum. Hljómsveitin er semsagt hætt eftir átta ára samstarf en fyrsta ballið þeirra var 1. janúar 1999.

„Þetta er nú allt gert í góðu og ekki vegna einhverra vinslita," segir Hrafnkell sem sjálfur er í tónsmíðanámi í Listaháskólanum. „Ég er því að gera eitt og annað og mun held ég aldrei hætta að semja tónlist."

Hljómsveitin verður með tónleikaröð á síðustu metrunum. Annan í jólum ætla þeir að vera í Sjallanum og svo á Players 29.desember. „Lokaslúttið verður svo á Nasa hinn þrítugasta. Það er samt eitthvað sem við erum bókaðir í á næsta ári og munum auðvitað klára það."



**HÆTTIR** Í svörtum fötum eru hættir eftir átta ára samstarf.

**SIRKUS**

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm. **Ritstjórar** Andri Ólafsson, andri@minnsirkus.is og Breki Logason, breki@minnsirkus.is **Ritstjórn** Dröfn Ösp Snorradóttir, drofn@minnsirkus.is, Helga Ólafsdóttir, helga@minnsirkus.is, Sigríður Dögg Arnardóttir, siggadogg@minnsirkus.is og Sölvi Snær Magnússon, solvi@minnsirkus.is **Sirkusstjóri** Árni Þór Vigfússon **Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 **Auglýsingar** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is

# Heima er best!



Life Fitness eru afar vönduð tæki fyrir þá sem vilja ná upp þreki án þess að leggja of mikið á liðamótin. Þau eru stöðug, sterk og hljóðlát og njóta sín sérstaklega vel á heimilinu.

**Life Fitness, mest seldu líkamsræktartæki í heimi, eru af slíkum gæðum að þú getur aðeins vænst þess besta.**

ARGUS / 06-0677

Life Fitness

þrekhjól, hlaupabrautir, þrekþjálfar og æfingastöðvar

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

Hagstæð greiðslukjör

Opið 10-18 mán.-fös. og 11-15 lau. / www.hreysti.is

## Ég var að heyra ...



Að fréttamaðurinn knái, Gissur Sigurðsson, hefði farið í skemmtistaðasleik á Sálarballinu um síðustu helgi / Að pabbi hans Basshunter ætli ekki að koma með honum til landsins / Að Björgvin Halldórsson hafi aldrei verið heitari. Hefur strákurinn selt 17.000 eintök af geisla- og DVD-diski sínum með Sinfóníunni / Að Gaukurinn loki endanlega á Þorláksmessu. Þar verður opnuð minjagripaverslun á árinu 2007 / Að völva Hér & nú segir Loga Bergmann hætta á Stöð 2 á árinu /



## 6 ATRIÐI SEM BENDA TIL ÞESS AÐ ... jólin séu að koma

**1.** ÞAÐ ER 22. DESEMBER

**2.** Á morgun er Þorláksmessa

**3.** Síðan kemur aðfangadagur

**4.** Svo er það jóladagur

**5** Svo annar í jólum

**6.** FORSÍÐUMYNDIN Á SIRKUS ER AF STELPU MEÐ JÓLASVEINAHÚFU

### SIRKUS MEÐ MYNDAVÉLINA Á LOFTI Í MIÐBÆNUM

# X-mas hringir inn jólin

Það var margt um manninn í bænum þegar Sirkus fór á stjá með myndvélina sína. Við kíktum meðal annars í Smirnoff-partí sem haldið var á Barnum. Þar var DJ Jerry að spila og dansþyrstir skemmtu sér vel. Þá byrja jólin aldrei fyrir alvöru fyrr en hinir árlegu Xmas tónleikar eru haldnir og að sjálfsögðu vorum við á staðnum. Þar voru líka Brain Police, Dr. Spock, Skakkamanage, Reykjavík!, Toggi, Lay Low, Pétur Ben, Sprengjuhöllin, Dikta, Future Future, Noise, Ultra Mega Teknóbandið Stefán og Wulfgang.

Sirkus er að sjálfsögðu alltaf á gestalista þegar bestu tónleikarnir eru annars vegar en lét sig þó ekki muna um að punga út miðaverðinu, sem var 977 kr., í þetta skiptið enda rann hver einasta króna til Bugl, Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans. Frábært framtak hjá Frosta og Mána á X-inu og frábærir tónleikar.



**Vinkonur** Fengu sér Smirnoff á Barnum.



**Skál!** Þorbjörn Kjærbo og Ragnar Bragason voru hressir.



**Heitir** Johnny English er þarna lengst til hægri ásamt félögum sínum.



**Gaman** Þessar skvísur brostu fyrir ljósmyndaran.



**Dikta** Haukur Heiðar og Skúli Frændi voru í jólaskapi.



**Blikk** Platan hans Péturs Ben, Wine For My Weakness hefur slegið í gegn.


Jólatilboð!







Borðlampi kr 59.000
Gólflampi kr 79.000

DUX 1001 með Duxiesta yfirdýnu og fótum 90x200cm
Fullt verð kr. 174.500 · Tilboð kr 150.000







Duxiana Royal Gæsadúnssæng 140x200cm kr 34.980
Duxiana Royal koddi 50x70cm að vermæti kr 11.800 fylgir frítt með hverri sæng.

Hágæða sængurfatnaður frá GANT
Egypsk bómull · 15%afsl

DUXIANA®
ADVANCED TECHNOLOGY IN SLEEPING
Ármúla 10 • Sími: 5689950




**Toggi Pop** Mætti með drengjakór úr Breiðholtinu.



**Gott málefni** Allt þetta fólk styrkti BUGL með aðgangseyri sínum.



**Kósý** Gott er að slaka á í miðju jólastressinu.



# NÝTT RAFRÆNT GJAFAKORT MIÐBORGARINNAR

## – einstakt gjafakort handa þínum nánustu

Gjafakort í miðborgina eru einföld og skemmtileg jólagjöf þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.
Hægt er að kaupa kortin í hvaða stærðareiningu sem er og einnig stöðluð. Stöðluðu kortin eru: kr. 2.500, 5.000, 10.000, 15.000 og 20.000. Sala gjafakortanna og þjónusta fer fram í Þjónustumiðstöð ferðamanna v/Ingólfstorg.

Aðrir útsölustaðir gjafakortanna eru:
Bókabúðin við Hlemm
Eymundsson, Austurstræti 18
Iða, Lækjargötu 2
Mál og menning, Laugavegi 18
Skífan, Laugavegi 26

### Allur pakkinn í einni gjöf!

Yfir 200 verslanir, veitingahús og þjónustuaðilar
Einföld og skemmtileg jólagjöf
Tilvalin jólagjöf handa þínu starfsfólki
Bestu veitingahús borgarinnar á einum stað
Íslensk list, hönnun og handverk á einum stað
Þekktustu vörumerki heimsins á einum stað




**Hægt er að kaupa kortin á www.midborgarkort.is og í síma 562 1818**

Miðborgarkort | Aðalstræti 2 | 101 Reykjavík | Sími 562 1818 | info@midborgarkort.is



stelpubögg með
**Siggu Dögg**

# Gefðu ást í jólagjöf …

Senn líður að jólum. Þeim yndislega tíma árs þar sem gleðin yfir að gefa breytist í andhverfu sína. Jólagjöfin hefur ákveðið gildi sem oft er metið út frá hugsuninni sem var lögð í hana og hjá sumum, krónufjöldanum. Ég eyði mörgum andvökustundum í að spá og spöglera hvað ég geti föndrað persónulegt frá hjartanu. Mér finnst hugurinn bak við gjöfina númer eitt, tvö og þrjú en alls ekki hversu dýr hún var.

Ef hún er ekki „ekta ég“ þá getur þú alveg eins sleppt þessu.

Mér finnst fólk oft tapa sér í jólagjafainnkaupum. Það æðir um verslanirnar á Þorláksmessu með „verðmiðablindu“ og kaupir það sem hendi er næst, „æ, hún verður örugglega ánægð með þetta, annars skiptir hún því bara“.

Fallegustu gjafirnar eru þær sem lýsa einlægar en ekki þær sem kostuðu flestar krónurnar.

Ég var nýverið í Bandaríkjunum þar sem ég varð vitni að þessari „verðmiðablindu“ í troðnum verslanaklasanum þar sem fólk var ókurteist og fýlt. Ekki beint stemningin sem ég var í. Það virtust allir keppast við að rumpa þessu af.

Rumpa af þessari hátíð ljóss og friðar, fjölskyldustundar, frídegi frá vinnu og dóli frameftir í náttfötunum að borða góðan mat. Hér þarf að verða hugarfarsbreyting.

Jólin eru eini tími ársins þar sem það er fullkomlega réttlætanlegt að vera sykursætur og væminn. Þetta er sá tími þar sem játningar líkt og „mér finnst þú æði“ mega flakka og fyrir vikið hljóma aðeins sætar en á nokkrum öðrum tíma. Við erum meyr fyrir svo þetta er kjörið tækifæri fyrir hvers kyns kærleikstjáningar og tilburði.

Ég er með róttæka nýja hugmynd sem gæti gert jólin ögn ánægjulegri og einlægari. Auk þess að létta þrýstinginn á pyngjunni og hugarangrinu sem fylgir því að standa í röð í verslun.

Gefðu gjöf frá hjartanu.

**Brenndu geisladisk með lögunum „ykkar“.** Þetta passar einnig fyrir foreldra, systkini og ömmu og afa, þú getur t.d. notað lögin sem voru vinsæl þegar þau voru upp á sitt besta. Ódýrt, skemmtilegt og einfalt. Það hlusta líka allir á tónlist.

**Keyptu þér fallegan pappír og skrifaðu eitthvað einlægt líkt og „Þú ert einstök, takk fyrir að vera til“.** Ef hver einasta manneskja í þessum heimi vissi að hún væri metin að verðleikum þá væri heimurinn eflaust annar.

**Bakaðu smákökur eða lagaðu frægu sósuna þína** og útbúðu körfu með tilheyrandi.

**Láttu framkalla mynd af ykkur saman** og settu hana í ramma.

**Búðu til I.O.U.** (ég skulda þér) inneignarmiða þar sem þú telur upp nokkur atriði líkt og ferð í bíó/sund/keilu og ísbíltúr, viðkomandi á þessar stundir svo inni hjá þér.

Í öllu gjafaflóðinu þá eru það „einföldustu“ gjafirnir sem standa upp úr og virkilega segja „mér þykir vænt um þig“.

Gleðileg jól …

**26. DES**



Annar í jólum er yfirleitt bara gott djamm hjá þér. Þú hringir í Capone bræður sem eru með jólaþátt og færð miða á ball með Magna um kvöldið. Hringir í gamlan drykkjufélaga og þið mætið eldhressir á Nasa. Áttið ykkur þó fljótt á því að Í Svörtum Fötum eru á sviðinu. Þú ferð upp á svið og tekur lagið „Það er ekkert mál“ við mikla hrifningu stelpnanna. Fram um einn reit.

**27. DES**



Þér er boðið í árlegt jólapartí til Gísla Marteins. Húsið er orðið fullt og þú festist í fatahenginu því Ólafur Teitur heilsar þér með virktum, en réttir þér svo frakkann þinn og hinir gestirnir fylgja fordæmi hans. Þú kemst við illan leik inn í eldhús þar sem þú slærð í gegn meðal kvennanna með því að vera sá eini sem er búinn að lesa Margréti Frímanns og Ein til frásagnar. Færist fram um þrjá reiti.

**28. DES**



Eina platan sem þú fékkst í jólagjöf var sólóplatan hans Bigga í Maus. Þú ákveður því að fara niður í Skífu til þess að skipta henni. Strákurinn í búðinni neitar þó að taka við plötunni þar sem það er ekki lengur pláss fyrir Biggaplötur í rekkanum. Þú sleppur þó með að taka aðra Biggaplötu í staðinn. Nærð að snúa upp á strákinn með því að taka plötu með Bigga Ármanns, eitthvað flipp sem hann gerði fyrir kosningarnar. Ferð samt aftur um tvo reiti.

**25. DES**



Jóladagur er ömurlegasti dagur ársins hjá piparsveinum í 101. Þú gerir þó alltaf góðverk á jóladag fyrir félaga þinn Guðmund Jónsson í Byrginu. Hangikjötið frá vinnunni fer yfirleitt til fyrrverandi fíkla. Þegar þú mætir á svæðið er fótbrotinn Guðmundur að láta stúlkur hjúkra sér svo hann komist á lappir. Þú lætur hann fá hangikjötið og færð að kíkja aðeins á internetið í staðinn. Stenst ekki mátið og sendir nokkra tölvupósta. Áfram um tvo reiti.

**29. DES**



Þú varst búinn að lofa að fara í kirkju með mömmu þinni og svo vill til að séra Hjálmar er að messa í Dómkirkjunni í kvöld. Þú bítur á jaxlinn og telur þig geta þolað við í klukkutíma. Vakan dregst hins vegar á langinn því séra Hjálmar syngur eins og engill og er sífellt klappaður upp. Þú missir úr eina umferð.



**24. DES**

Aðfangadagur og þú átt eftir að kaupa gjöf handa barnsmóður þinni. Þú ferð í Mál og menningu fyrir hádegi og kaupir Ævisögu Hannesar Hólmsteins eftir Óttar Martin Norðfjörð. Einnig grípurðu nokkra reyfara eftir MacLean og Bagley. Þá rekstu á skólasystur þína sem þú varst skotinn í og fór í bókmenntafræði, losar þig snöggt við reyfarana og kaupir íslenska stílfræði og Tvílýsi eftir Thor Vilhjálmsson í staðinn. Hleypur síðan niður í Eymundsson, skiptir bókunum aftur í reyfara og tefst eina umferð.



**30. DES**

Blaðamaður frá DV hringir í þig og biður þig að minnast þess markverðasta á árinu. Þú færist allur í aukana, talar eitthvað um frið fyrir botni Miðjarðarhafs og vanmátt Sameinuðu þjóðanna. Blaðamaður spyr þig þá hvort þú sért ekki örugglega Krummi í Mínus? Viðvarandi misskilngur því þú heitir Krummi og konurnar í bankanum kalla þig alltaf Krumma í Mínus. Þú lýsir skoðunum þínum á DV og óvandvirkni blaðamanna. Bíddu eina umferð.

**23. DES**



Það er Þorlákur sem þýðir skata á Óðinsvé í hádeginu. Fljótlega eftir hádegið færist smá brennivínsskjálfti í kallinn og ákavítið er drukkið grimmt. Strákurinn hringir í þig og rukkar þig um jólatré sem þú lofaðir að kaupa. Þú ferð í Blómaval en örfá tré eru eftir. Fljótlega sérðu fallegt tré en það er einhver fljótari að grípa það. Þú kannast við kauða og spyrð hvort þar fari ekki örugglega Siggi stormur. Að sjálfsögðu segistu ver mikill áhugamaður um krakkaveðrið og ljósmyndasamkeppni NFS. Hann brosir og gefur þér tréð. Áfram um einn reit.



**31. DES**



Áramótaboðið fer allt til fjandans eftir skaupið. Móðursystir þín var ekki alveg að fíla húmorinn hjá Hugleiki og Þorsteini Guðmunds. Strákurinn neitar líka að skjóta upp rándýra fjölskyldupakkanum sem þú keyptir og vill frekar horfa á Palla Magg. „Hann var svo fyndinn í Strákunum.“ Vonbrigði. Þú klárar viskíflöskuna og drepst uppi í rúmi hjá móður þinni. Aftur um tvo reiti.

**22. DES**



Þú ert kallaður á húsfund af því að þú ert sá eini sem ert ekki með rauðar perur á svölunum. Þú stendur á rétti þínum til að hafa bláar perur og þegar nágranni þinn býðst til að borga nýjar perur handa þér sakar þú hann um jólaperufasisma. Um leið og þú rýkur á dyr heyrirðu að konan á móti segir: „Hann er búinn að eyðileggja blokkina þessi jólin.“ Situr hjá í eina umferð.

**1. JAN**




Þegar þú sérð mynd af þér í Mogganum við grein um áramótaskaupið undir fyrirsögninni: „Hvað er fyndni?“ sérðu strax eftir því að hafa skrifað hana. Hún lítur út einsog umsókn um skaupið að ári. Það er hringt í þig frá þremur útvarpsstöðvum og þú beðinn um að segja betri brandara en voru í skaupinu. Á eftir er ljóst að þú verður ekki ráðinn. Farðu aftur um einn reit.

# Enn eitt jólaspilið

**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**Allra best aðalverktakar ehf.**
**Óskum eftir fólki í 100% starf við jarðvegsframkvæmdir/hellulagnir. Góð laun í boði. Einnig vantar mann á vörubíl og gröfu. Uppl. veitir Július í s. 820 8888.**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Starfsmaður óskast í mötuneyti á Hvanneyri, verður að vera vanur matreiðslu. Góð laun í boði, dagvinna, frí allar helgar og rauða daga. Uppl. í síma 896 8244.

Vélstjóra vantar til afleysninga á ísfisktogara í janúar. S 843 5249.

Stýrimann vantar á tæplega 200 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Þarf að geta byrjað sem fyrst. S. 853 2999 & 845 3480.

## Atvinna óskast

33 ára gamall maður óskar eftir vel launaðri vinnu, margt kemur til greina, kvöld og næturvinna. Hef bílpróf, reglusamur og stundvís, reyki hvorki né drekk. Tala ísl., ensku og sænsku. Viljugur, sterkur og vinnusamur. Uppl. í s. 847 0069 & 895 6288.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Týndi í Mjóddinni seint í nóv. eða byrjun des. gráum loðminkaskinnstrefli m/kúlum á endunum. Vinsaml. skilist í óskilamuni Lögreglunnar, Borgartúni.

## Tilkynningar

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík. Sími 848 9931. www.aa.is

HJÁLP!! Móðir í sárri þörf fyrir jól, hver kr. myndi hjálpa. Ef e-h er aflögufær yrðum við afar þakklát. Bnr. 0306-13 128004 Kt. 260777 5809. Gleðileg jól.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

# TIL SÖLU












FLUGELDAR
Malarhöfða 2a
Krakkapakki!
Sá eini sinnar tegundar á landinu!
Tilboðspakkar!
Yfir 40 mismunandi Kökur!
Þar af 13 W,Z,S -laga og blævængir!
Stórar rakettur, gos ofl.
Við styðjum Björgina, félag geðfatlaðra!
www.haamyri.com




LÍFSSTÍLL



Hreinasta snilld
Roomba Ryksugan léttir þér lífið án þinnar viðveru
þú ferð að heiman og hún sér um að ryksuga á meðan
og fer svo sjálf í hleðslu að verki loknu.
Kynningarverð 44.900,-
Besta jólagjöfin í ár
Fyrir heimilið
Nánari upplýsingar í síma 848-7632

## Auglýsing um deiliskipulag á Seltjarnarnesi

Bæjarstjórn Seltjarnarness auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi Skerjabrautar 1-3 skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsreiturinn nær til lóðanna Skerjabraut 1og 3 og afmarkast af götunum Skerjabraut og Nesvegi. Lóðirnar Skerjabraut 3a, Tjarnarból 14 og Tjarnarból 17 hafa lóðarmörk að skipulagsreitnum.

Heimild er veitt til niðurrifs bygginga Skerjabrautar 1 og 3 og til byggingar allt að 5 hæða nýbyggingar með bílgeymslu í kjallara, á sameinaðri lóð Skerjabrautar 1 og 3 með allt að 25 íbúðum. Leyfilegt hámarks byggingamagn lóðarinnar er 3516 m² eða sem nemur nýtingarhlutfallinu 1, 27 (að auki verða bílgeymsla og fylgirými í kjallara sem ekki er reiknaður með í nýtingarhlutfalli lóðarinnar).

Tillagan verður til sýnis á bókasafni Seltjarnarness, Eiðistorgi 11, 2.hæð frá 22. desember til og með 21. janúar 2007. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu bæjarfélagsins, www.seltjarnarnes.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skriflegum athugasemdum ef einhverjar eru skal skilað á bæjarskrifstofu Seltjarnarness, Austurströnd 2, eigi síðar en 4. febrúar 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

**Skipulagsfulltrúinn á Seltjarnarnesi**

SELTJARNARNESBÆR

Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

TÓMSTUNDAHÚSIÐ
HPI Savage X RTR
fjarstýrður bensín trukkur nú fáanlegur
með jólatilboðs viðauka.
SAVAGE X



Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 5870600,
www.tomstundahusid.is

Tjáðu þig!
Stærsta bloggsamfélagið! Yfir 150.000 notendur!




Vasta hux'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg
BlogCentral.is
Stærsta bloggsamfélagið á Íslandi


www.minnsirkus/24
SIRKUS
ÖNNUR SERÍA AF 24
ÞRIÐJUDAGA KL. 21:00
FYLGSTU MEÐ FRÁ BYRJUN
SIRKUS TV
90% heimila ná Sirkus TV á ADSL kerfinu, Breiðbandinu, Digital Ísland en einnig er hægt að ná Sirkus TV með venjulegu UHF loftneti

# DRAUMAHELGIN:
## Dóttirin farin að tala

„Þar sem ég er mikill fjölskyldumaður og nýt vinnunar, myndi ég vilja sameina þetta tvennt og túra bæði með Vesturports-fjölskyldunni og eins blóðfjölskyldunni," segir Ólafur Egill Egilsson leikari um sína draumahelgi.

Hópurinn træði upp á góðum indverskum veitingastað í London og að sögn Ólafs snerist uppákoman síðan upp í fjöldasöng, sem Kalli úr Baggalút stjórnaði af myndugleika.

„Hlé yrði gert á allri gleðinni þegar þær fréttir bærust að Bush hefði ákveðið að segja af sér. Hann hafði þá beygt af í viðtali og viðurkennt að hafa fært heiminum meiri ófrið en frið og ætlaði framvegis að lifa eftir kærleiksboðskap Biblíunnar, en ekki hefnd."



**ÓLAF EGIL DREYMIR UM AÐ GEIR H. HAARDE ENDURSKOÐI AFSTÖÐU SÍNA TIL STÓRIÐJU, BYGGÐAR- OG LANDBÚNAÐARMÁLA.**
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ólafur hugsar sig um. „Arftaki Bush yrði þeldökk, trúlaus kona, sem héldi góða ræðu, þar sem lokaorðunum „guð blessi Ameríku" væri breytt í „guð blessi veröldina". Við það brytust út enn meiri fagnaðarlæti á veitingastaðnum."

Ólafur bætir við að Geir H. Haarde slægist svo í hópinn. „Hann segðist ætla að endurskoða afstöðu sína til stóriðju, byggða- og landbúnaðarmála, vegna áhrifa sem orð Bush hefðu haft á hann og leggja meiri áherslu á útflutning á menningu.

Þetta myndi þó líklegast ekki gerast, svo ég myndi vilja eyða draumahelginni með sambýliskonu minni og dóttur, sem væri farin að tala þar sem ég sé í augunum á henni að það er svo margt sem hana langar til að spyrja mig um og margt sem ég vil segja henni." *-rve*


KOLAPORTIÐ
OPIÐ
í dag frá kl. 12-18
opið laugardag frá kl. 11-22


## VISSIR ÞÚ...

... styrkleiki piparávaxta er mældur á Scoville-kvarða?

... stærsta eplabaka sem nokkru sinni hefur verið bökuð var 84 fermetrar?

... stærsti Kentucky Fried Chicken-veitingastaður í heiminum er í Peking?

... stærsti veitingastaðurinn í Peking rúmar 9.000 gesti í einu?

... sumt fólk drekkur þvag vanfærra kvenna í þeirri trú að það styrki ónæmiskerfið?

... sumu fólki finnst gott að tyggja sykur um leið og það tyggur tyggjó?

... súkkulaðibitakakan var fundin upp árið 1933?

... Tabasco-sósa er búin til á þann hátt að ediki og ýmsum pipartegundum er blandað saman í franska eikartunnu, þykku lagi af salti er síðan stráð yfir og þetta allt látið malla í þrjú ár, eða þar til saltið hefur dreifst um alla tunnuna?

... til að losna við stíflað nef getur verið gott að borða hráan lauk?

... til að rækta hveiti í eins kílóa brauðhleif þarf tvö þúsund lítra vatns?

... til eru fleiri en 15.000 mismunandi tegundir hrísgrjóna?

... tómatar og agúrkur teljast ekki til grænmetis heldur ávaxta?

... tómatsósan er upprunnin í Kína?

... trönuber eru flokkuð með því að athuga hvort þau skoppa?

... fullþroskað trönuber er hægt að rekja líkt og körfubolta?

... tyggigúmmí inniheldur í raun og veru gúmmí?

... Taívanskt fyrirtæki framleiðir diska úr hveiti sem hægt er að borða að máltíð lokinni?

... um það bil 200 milljónir af m&m-sælgætiskúlum eru seldar á degi hverjum í Bandaríkjunum?

*Heimild: Fánýtur fróðleikur*



Svefn & heilsa
www.svefn.is
SOFÐU VEL UM JÓLIN • JÓLATILBOÐ

Eitt með öllu
S-CAPE WALLHUGGER
Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Dæmi: 160 x 200 cm kr. 369.900 stgr.

JÓLAPAKKI
að verðmæti kr. 31.580 fylgir öllum stillanlegum hjónarúmum
2 IQ-CARE heilsukoddar
2 hlífðardýnur og 2 lök

Mest selda stillanlega rúmið
Frábær reynsla
PROFLEX
Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Dæmi: 160 x 200 cm kr. 219.900 stgr.

IQ-CARE HEILSUKODDAR
Verð medium kr. 6.990
Konfektkassi fylgir hverjum seldum heilsukodda
Vinsælasta jólagjöfin

Bjóðum upp á fría þrýstijöfnunarmælingu sem greinir hvaða dýna hentar þér best

IQ-CARE HEILSUDÝNUR
iq-care.com
Queen rúm kr. 129.900
King rúm kr. 159.900
Þrýstijöfnun er lykilorðið

Opið alla daga fram að jólum
Frí heimsending og uppsetning á stillanlegum rúmum. Frí heimsending á öllum heilsudýnum.
Gildir á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri og nágrenni. Safnsendingar sjá www.svefn.is

www.charold.com
Eikarhúsgögn
ChristianHarold
Ný sending af svefnsófum

Chiropractic
FLIPFREE
Sú besta
samkvæmt stærstu samtökum kírópraktora í heimi

JÓLAPAKKI
fylgir öllum heilsurúmum
Dæmi: Queen kr. 22.180
Dæmi: King kr. 24.680
Pífa, hlífðardýna og 2 lök

www.wguk.com
WILLIS & GAMBIER
Lille Collection
Þýskar hágæðasængur
betty www.betty.de
NASA Outlast með 100% hvítum Siberíu gæsadúni • Thalascá dúnsængur og koddar fyrir asmasjúklinga. • Thinsulate sængur. www.thinsulate.com • Sængur úr camelhárum, silki eða kasmír • Sensofill sængur og heilsukoddar

MINE silkidamask sængurverasett í gjafapakkningum

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150



GEORG JENSEN

Fágun
Glæsilegt úrval úra og skartgripa
Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • Sími 511 1900

# Náttúruperlan Skógtjörn og „sjávarlóðin“ á Álftanesi

**UMRÆÐAN**
Skipulagsmál


KRISTJÁN SVEINBJÖRSSON

Henrik Thorarensen hefur farið mikinn í fjölmiðlum undanfarið. Haft er eftir honum að ég vaði yfir hann á skítugum skónum og misbeiti valdi mínu sem forseti bæjarstjórnar Álftaness. Henrik Thorarensen hefur aðgang að fjölmiðlavaldi og hefur valið að leggja málstað sinn sem almennur borgari fyrir dómstól götunnar. Fyrir þeim dómi vitnar hann um að ég sé skrýtinn, siðlaus maður sem taki ekki rökum og sé í persónulegri pílagrímsför. Hann segir að ég hafi með forkastanlegum hætti; misnotað vald mitt, stundað yfirhylmingar vegna persónulegra hagsmunamála, reynt að ýta bæjarfélaginu út í dýrkeypt skaðbótamál, slegið eign minni á lóð sína, beitt lygi, frekju og yfirgangi, byggt sundlaug, haldið grillveislur, lætur að því liggja að ég hafi kveikt í húsum, grafið skurði, staðið fyrir aðförum, hótunum og málaferlum vegna lóðarinnar, lokað aðkomunni með bílum og svifflugum og sé í broddi þeirrar stjórnsýslufylkingar sem brjóti á hinum almenna borgara.

Staðreyndin er að Henrik Thorarensen, sem ólmur virðist vilja verða granni minn, hef ég aldrei hitt prívat og persónulega eða átt nokkurn orðastað við. Hugmyndir hans um mig sem persónu hljóta því að vera byggðar á afspurn og ég hef velt því fyrir mér hvaðan hann hefur sínar heimildir. Henrik Thorarensen bíður eftir úrlausn frá sveitarfélaginu Álftanesi vegna lóðar sem hann festi kaup á þrátt fyrir að byggingarleyfi lægi ekki fyrir. Það er staðreynd að meirihluti Sjálfstæðismanna, sem hélt um stjórnartaumana á Álftanesi þangað til sl. vor, afgreiddi ekki byggingaleyfi vegna Miðskóga 8 fyrir kosningar. Hvers vegna ekki? Henrik Thorarensen fullyrðir að ég sé valdamikill og stjórni öllu hér. Hann hefur þó ekki sýnt fram á með haldbærum rökum eða gögnum að ég hafi með óeðlilegum hætti beitt valdi mínu sem forseti bæjarstjórnar Álftaness, enda hef ég ekki gert það.

Einhverra hluta vegna velur Henrik Thorarensen að vega að heiðri mínum með aðferð sem bendir fyrst og fremst til þess að hans málstaður sé á sandi byggður. Vissulega svíður undan slíkum svívirðingum, ekki síst þegar maður leggur sig fram um að sinna störfum sínum á heiðarlegan hátt. Eftirfarandi ummæli Henriks Thorarensen eru ekki sannleikanum samkvæm eða rökum reist.

Skógtjörnin er sérstæð náttúruperla þar sem gætir sjávarfalla því tjörnin er opin til hafs um ós. Vegna skipulagsmistaka á 8. áratugnum var teiknuð lóð út í tjörnina. Á þeim tíma fóru menn frjálslega með skipulagsvinnu, gerðu drög og skoðuðu hverja lóð og staðhætti fyrir sig. Því voru skipulagsdrögin sem unnið var eftir aldrei kláruð né staðfest í sveitarstjórn eða Skipulagsstofnun. Menn höfðu á þeim tíma ekki áhyggjur af lóðinni Miðskógum 8, því þar stóðu útihús sem náðu einnig inn á lóðina Miðskóga 6. Þegar útihúsin voru rifin sáu menn að þarna var tæpast pláss fyrir hús þó ekkert væri aðhafst. Lóðin fór með óvæntum hætti úr eign fjölskyldunnar og hefur gengið kaupum og sölum síðastliðið ár.

Sá er þetta ritar hefur gert athugasemdir við að umrætt svæði geti talist byggingarhæft eða boðlegt fyrir íbúðarhús. Telur að hús byggt þarna verði umhverfisslys. Byggingin skemmi strandlínu Skógtjarnarinnar, breyti ásýnd byggðarinnar við tjörnina, skemmi fjöruna og hafi áhrif á dýralíf. Sama sjónarmið hefur komið fram hjá fólki sem einnig býr við Skógtjörnina. Metnaðarfull stefna sveitarfélagsins um að vernda fjörurnar er óumdeild. Þó D-listinn þykist í orði sammála þessari stefnu, þá leggur hann fram tillögur og bókanir á borð bæjarstjórnar sem sanna að þeirra hugmyndir um umhverfisstefnu gilda ná ekki til svæðisins sunnan við heimili mitt og fjölskyldu minnar. Þetta kemur mér reyndar ekki á óvart eftir áralanga reynslu af samskiptum við forvígismenn sjálfstæðismanna hér á Álftanesi. Fulltrúar D-listans gáfu fyrir um tveimur árum vilyrði fyrir að byggja á þessari lóð sem nú er orðin fræg að endemum og lögðu drög að því að hún yrði staðfest á skipulagi. Vegna þessara aðgerða sjálfstæðismanna í bæjarstjórn er sveitarfélagið nú hugsanlega orðið skaðabótaskylt. Ég tek ekki ábyrgð á þessum verkum fráfarins meirihluta.

Ég læt lesendum eftir að svara þeirri spurningu hvort núverandi meirihluti bæjarstjórnar, Á-listinn, eigi að leggja blessun sína yfir mislukkað handverk D-listans og heimila byggingu á lóðinni Miðskógum 8 eða standa við umhverfisstefnu sveitarfélagsins og hafna því að valda svæðinu óafturkræfum og stórfelldum skaða. Viljum við viðhalda náttúrlegum strandlengjum á Álftanesi eða ekki?

*Höfundur er íbúi við Skógtjörn.*

*Sá er þetta ritar hefur gert athugasemdir við að umrætt svæði geti talist byggingarhæft eða boðlegt fyrir íbúðarhús. Telur að hús byggt þarna verði umhverfisslys. Byggingin skemmi strandlínu Skógtjarnar, breyti ásýnd byggðarinnar við tjörnina, skemmi fjöruna og hafi áhrif á dýralíf.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.










# AÐEINS

## HIN MAGNAÐA ACER 5

**INTEL CORE DUO**
Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri hraða og afköst í Fjölda forrita í einu

**CRYSTALBRITE**
Án efa það besta í fartölvuskjám í dag ótrúleg skerpa og dýpt ásamt 16ms hraða

**128MB ATI X1600**
Eitt öflugasta skjákortið í dag með 128MB DDR3 minni og allt að 512MB Hyper minni

**VEFMYNDAVÉL**
1.3MP innbyggð í skjá, með 225° snúningsmöguleika . VOIP tækni fyrir mynd yfir net

**OPNUNARTILBOÐ**
Ein mest selda fartölva á Íslandi á ótrúlegu opnunartilboði hlaðin nýjungum og krafti

**SLOT DVD DRIFIÐ**
8x DVD skrifari með slot-rauf á hlið tölvunar þar sem geisladiskum er smellt í án vanfræða

**119.9**




## ACER 5610

- Intel Core Solo T1300, 1,66GHz
- 512MB DDR2 533MHz minni
- 120GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti skrifari
- 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
- 128MB Intel GMA950 skjákort
- Windows XP MCE
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél

**89.900**

EV10 **8.990** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði




## ACER 5051

- AMD Turion64 MK36, 2,0GHz
- 512MB DDR2 533MHz minni
- 60GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti skrifari
- 14,1" WXGA 1280x800 skjár
- 128MB ATI X1100 skjákort
- Windows XP Home
- Aðeins 2.4Kg

**69.900**

EV10 **6.990** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði

TÖLV

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík •

EV - Vaxtalaus tilboð eru jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við upphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

VORU
ENDA
ÚGA ÚT

ÁRAR TIL AFGREIÐSLU

40 STK

672WLMi KOMIN AFTUR

- Intel Core Duo T2300 1.66GHz örgjörvi
- 1 GB Dual DDR2 533MHz vinnsluminni
- 120 GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD+-RW DL skrifari með Slot rauf
- 15,4" WXGA Crystalbryte 16ms skjár
- 128MB ATI X1600 PCI-E16X skjákort
- Windows XP á íslensku eða ensku
- 54Mbps þráðlaust netkort og Gigabit netkort
- 5in1 kortalesari fyrir flest minniskort
- 1.3MP vefmyndavél innbyggð í skjáinn

00 EV12 9.992
Engir vextir í 12 mánuði

20 STYKKI

## GATEWAY 685E

- Intel Core Duo T2500, 2,0GHz
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 80GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti skrifari
- 17" WSXGA UltraBrite skjár
- 256MB GeForce Go 7800 skjákort
- Windows XP PRO
- Innbyggður minniskortalesari

149.900
EV10 14.990 Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði

20 STYKKI

## ACER 3692

- Intel Celeron M420, 1,6GHz
- 512MB DDR2 533MHz minni
- 80GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti skrifari
- 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
- 128MB Intel GMA950 skjákort
- Windows XP Home
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél

76.900
EV10 7.690 Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði

VUTEK

Sími 563 6900 • www.tolvutek.is

ERLENDIR VENDIPUNKTAR 2006

# Viðurkennum að stríðið í Írak er borgarastríð

Eyðilegging Askariya-helgidómsins í Samarra 22. febrúar síðastliðinn, eins af helgustu stöðum sjía-múslima, afhjúpaði með ótvíræðum hætti þá sorglegu staðreynd að borgarastríð var skollið á í Írak. Landi sem verið hefur samsafn margra þjóðarbrota frá því það varð til árið 1920. Í þessari grein veltir *Peter W. Galbraith* fyrir sér afleiðingum borgarastríðsins og færir rök fyrir því að skipting Íraks sé bæði óumflýjanleg og jafnvel til hagsbóta.



Árla morguns 22. febrúar sprengdu írakskir uppreisnarmenn upp Askariya-helgidóminn í Samarra. Þar voru án efa á ferðinni súnníar tengdir al-Kaída. Síðan þá hafa hermdarverkin og ringulreiðin í Írak óvefengjanlega orðið að borgarastríði.

Sjíar trúa því að Mahdi, tólfti og síðasti trúarleiðtoginn, hafi horfið í helli undir helgidómnum árið 878 en muni snúa aftur og boða tíma friðar og réttlætis. Sjíar líta svo á að með falli stjórnar Saddams Husseins og kosningasigurs þeirra í íröksku þingkosningunum 2005, hafi löngu tímabært réttlæti hins kúgaða meirihluta sigrað.

Bókstafstrúarmenn súnnía sem eyðilögðu Askariya-helgidóminn gáfu með því ótvírætt til kynna að þeir myndu ekki sætta sig við nýtt stjórnskipulag Íraks.

### Stærstur þáttur vanmáttar Bandaríkjanna

Að kvöldi þessa dags komu leiðtogar Íraks saman til fundar í höfuðstöðvum Kúrdaleiðtogans Massoud Barzani í Bagdad, þar sem ég var gestkomandi. Þrátt fyrir hvatningarorð um þjóðareiningu, fóru þeir ekki í grafgötur um hvað var í uppsiglingu: borgarastyrjöld. Og þeir vissu jafnframt að ekkert sem í þeirra valdi stæði gæti komið í veg fyrir hana.

Engu að síður er ekkert borgarastríð í Írak, ef marka má orð George W. Bush Bandaríkjaforseta og manna hans. Ríkisstjórn Bush neitar að horfast í augu við raunveruleikann og það á hvað stærstan þátt í vanmætti Bandaríkjamanna til að takast á við það hörmungarástand sem nú ríkir í Írak.

Sú alda ofbeldis sem reis við sprenginguna þann 22. febrúar hefur nú náð áður óþekktum hæðum. Vígamenn og hryðjuverkasveitir myrða daglega að meðaltali milli 100 og 200 súnnía og sjía. Höfuðborg Íraks þar sem súnníar og sjíar bjuggu eitt sinn í sátt og samlyndi ásamt hópum Kúrda og kristinna manna, er nú að mestu skipt milli sjía í austri og súnnía í vestri.

Kúrdarnir og minnihlutahópar sem ekki aðhyllast múhameðstrú, leita í æ ríkari mæli skjóls í norðurhluta Íraks þar sem fólk býr við sæmilegt öryggi, ellegar forða sér úr landi. Þær milljónir fólks sem eftir verða búa við stöðugt ófrelsi og ótta.

Í austurhluta Bagdad þar sem sjíar ráða ríkjum, er öryggi, lögum og reglu haldið uppi af mahdi-hersveitum sjía, sem tengjast hinum róttæka klerki Muqtada al-Sadr. Í vesturhluta borgarinnar, þar sem meirihluti íbúanna eru súnníar ráða liðsmenn al-Kaída, fylgismenn þeirra og liðsmenn Baath-flokksins lögum og lofum víðast hvar.

### Óhæf stjórn

Ríkisstjórn Íraks og stofnanir hennar eru hreinn farsi. Hin margrómaða ríkisstjórn þjóðareiningar undir forystu Nouri al-Maliki forsætisráðherra er að falli komin, öldungis ófær um að koma sér saman um nokkra stefnumótun, auk þess sem þeir súnníar sem í henni sitja hóta sífellt að slíta samstarfinu.

Íraski herinn samanstendur að stærstum hluta af hersveitum skipuðum sjíum, súnníum og Kúrdum. Þær hunsa iðulega skipanir lögformlegra yfirvalda ef þær ganga í berhögg við óskir þjóðar- eða trúarleiðtoga viðkomandi sveitar. Það kemur því ekki á óvart að fæstir Írakar treysta lögreglu og her landsins.

### Sæmilegt öryggi í níu en ekki átján héruðum

Talsmenn ríkisstjórnar Bush hafa löngum haldið því fram að staðan í Írak sé miklu betri en fréttir herma, og benda á í því sambandi að öryggi fólks sé sæmilega tryggt í 14 af 18 héruðum landsins. George Casey, æðsti yfirmaður Bandaríkjamanna í Írak, hefur til að mynda teygt sig svo langt í röksemdafærslunni að staðhæfa að ekkert borgarastríð geisi í Írak því friðsamlegt sé að mestu leyti í stærstum hluta landsins.

Með góðum vilja má segja að sæmilegt öryggi ríki í níu héruðum í Írak. Þar af eru þrjú á landsvæði Kúrda sem stjórnarskrárlega og í raun eru sjálfstæð gagnvart öðrum héruðum landsins. Hin héruðin sex eru á svæði sjía í suðurhluta landsins og þeim er sömuleiðis stjórnað sérstaklega, óháð stjórnvöldum í Bagdad. Þar framfylgja hersveitir sjía lögum Kóransins svipað og gerist í Íran, án þess að taka minnsta tillit til þess frelsis sem fólki í Írak á að vera tryggt samkvæmt nýrri stjórnarskrá landsins.

Í landi þar sem borgarastyrjöld geisar er tilgangslítið að fylgja stefnu sem miðar að því að mynda ríkisstjórn á grunni þjóðareiningar og efla stofnanir á borð við her og lögreglu. Ekki einungis er hver höndin uppi á móti annarri í þessari ríkisstjórn þjóðareiningar, heldur hefur hún ekki stjórn á neinu og allra síst Bagdad. Lögregla og her eru ekki hlutlausir verðir almannaöryggis, heldur beinir þátttakendur í borgarastríði. Aukin þjálfun þessara hópa gerir þá einungis enn hættulegri.

### Hlutlausir varðmenn þátttakendur í borgarastríði

Nefnd um málefni Íraks undir forystu James Baker, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Lee Hamilton, fyrrverandi þingmanns demókrata, leggur til að her Bandaríkjamanna verði fluttur brott frá Írak í áföngum á næstu tveimur árum. Þær liðssveitir sem eftir verða eigi fyrst og fremst að sinna þjálfun íröksku lögreglunnar og hersins og vera til stuðnings. Með þessu virðist vera gefið í skyn að lögregla og her séu, eða geti orðið, hlutlausir varðmenn almannaöryggis. Staðreyndin er hins vegar sú að þetta eru sjíar og súnníar sem eru beinir þátttakendur í borgarastríði.

Nefndin leggur jafnframt til að teknar verði upp opinberar viðræður um lausn mála við stjórnir Írans og Sýrlands. Og þar sem ríkisstjórn Bush virðist hvorki hafa úrræði til að takast á við kjarnorkuvæðingu Írana né getu til að koma á friði milli Ísraela og araba, sýnist skynsamlegt að ræða við Írana og Sýrlendinga.

Hins vegar er hvorugt þessara landa tilbúið eins og staðan er til að leggja eitthvað til málanna um lausn Íraksdeilunnar, jafnvel þó þau telji sig geta það. Borgarastyrjöldin í Írak er sjálfbær og hvorugt landanna hefur nokkurn áhuga á að aðstoða Bandaríkjamenn við að koma sér úr klúðrinu í Írak.

### Viðurkenning á borgarastyrjöld fyrir bestu

Viðurkenning á þeirri staðreynd að borgarastyrjöld geisi í Írak myndi skýra þá kosti sem Bandaríkjamenn standa frammi fyrir. Annars vegar geta þeir reynt að sameina ríki sem aldrei hefur í raun verið sameinað, og sem þorri landsmanna er andvígur. Hins vegar geta þeir viðurkennt að ríkið hefur liðast sundur og reynt að komast að samkomulagi við sjía, súnnía og Kúrda í Írak hverja í sínu lagi.

Fyrri kosturinn þýddi að Bandaríkjamenn yrðu að taka að sér hlutverk friðargæslumanna milli sjía og súnnía. Slíkt verkefni krefðist enn fleiri hermanna, gæti dregist árum saman og hefði án efa enn frekara mannfall í för með sér. Síðari kosturinn gæfi Bandaríkjamönnum möguleika á útgönguleið.

Ef til skiptingu Íraks kæmi, yrði hún að öllum líkindum á þann veg að Kúrdistan yrði í norðri, svæði sjía myndað úr héruðunum níu í suðurhluta Íraks og svæði súnnía sem næði yfir héruðin þrjú þar sem átökin eru hvað mest.

Áform eru um að höfuðborgin Bagdad verði sérstakt hérað sem tilheyri landinu öllu, en hugsanlega verður að skipta borginni upp í samræmi við þá skiptingu sem þegar hefur átt sér stað í svæði súnnía í vestri og sjía í austri.

### Súnníar einir gegn skiptingu landsins

Þess verður eflaust ekki langt að bíða að Kúrdistan verði sjálfstætt ríki. Bæði súnníar og sjíar í Írak aðhyllast hins vegar íraksa þjóðernisstefnu sem gæti auðveldað þessum hópum að viðhalda einhvers konar tengslum innan landamæra eins ríkis.

Meðal íbúa Íraks eru súnníar einir um að leggjast gegn skiptingu landsins. Ástæðan er í sumum tilvikum þrá eftir fornri frægð þegar súnníar stjórnuðu landinu, í öðrum tilvikum hafna þeir öllu sem gerst hefur eftir að Saddam Hussein var hrakinn frá völdum. En þar sem Kúrdistan er þegar orðin staðreynd og íraksa þingið hefur samþykkt lög um sérstakt svæði sjía, standa súnníar í raun frammi fyrir því að stofna eigið svæði eða verða einskismannsland milli Kúrdistan í norðri og svæðis sjía í suðri.

Súnníar geta hins vegar haft mikinn hag af skiptingu Íraks. Uppreisn þeirra er rekin áfram af hatri á Bandaríkjamönnum og ríkisstjórn Íraks undir forystu sjía. Á eigin landsvæði gætu súnníar haft eigin her og haldið uppi lögum og reglu sjálfir.

Það sem margir súnníar óttast er að missa olíusvæðin í Norður- og Suður-Írak. En til að liðka til fyrir skiptingu landsins hafa Kúrdar og sjíar samþykkt að tryggja súnníum hlutfallslegan skerf í olíuauði Íraks, aukinheldur sem enn á eftir að leita olíu víða í héruðum súnnía.

Borgarastríðið sem stendur yfir í Írak er á góðri leið með að leysa upp ríki sem búið var til af utanaðkomandi öflum og hefur gert lítið annað í 80 ára sögu sinni en að leiða hörmungar yfir þorra þjóðarinnar. Staðfesting á skiptingu landsins er írösk lausn á íröksku vandamáli.

Það verður sársaukafull aðgerð en ekkert bendir til að formleg skipting landsins myndi skipa málum á verri veg. Þvert á móti, gæti hún orðið til þess að draga úr ofbeldinu.



Peter W. Galbraith höfundur „The End Of Iraq: How American Incompetence Created a War without End“ (Simon & Schuster 2006), er fyrrverandi sendiherra Bandaríkjanna í Króatíu. Í lok níunda áratugarins átti hann þátt í að upplýsa um grimmdarverk Saddams Hussein gegn Kúrdum og hann var í Írak 1991 þegar Kúrdar og sjíar gerðu uppreisn gegn stjórnvöldum í Bagdad.


Jólagjöf veiðimannsins




veidikortid.is

29 vatnasvæði

fyrir aðeins 5000 krónur!

Handbók með ítarlegum upplýsingum, kortum o.fl. fylgir!

Fæst á ESSO, í veiðivöruverslunum og á www.veidikortid.is



Gleðileg Sony jól
32″
BRAVIA
BESTA VERÐIÐ!
KDL32U2000
119.950,-
Staðgreitt
9.995,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
Upplausn: 1366x768 HD ready • Contrast: 1200:1 • Birta cd/m2: 450
3D Comb Filter • BBE ViVa HD3D hljómtækni • SRS Trusurround
XT hljómtækni • Borðstandur fylgir
40″ og 46″
BRAVIA
Besta sjónvarp í heimi!
WHAT HI-FI?
W2000 40″
449.950,-
Staðgreitt
37.495,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
W2000 46″
599.950,-
Staðgreitt
49.995,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
BRAVIA Engine með Live Color Creation • Upplausn: 1920x1080 Full HD 1080
3D Comb Filter • BBE ViVa HD3D hljóðtækni • SRS Trusurround XT hljómtæknii
Borstandur fylgir • Contrast: 1:1800 (Dynamiskur 1:8000) • Birta cd/m2: 450
32″
BRAVIA
Alpha 100
99.950,-
Staðgreitt
8.330,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
Sony D-SLR myndavél • 10 megapixlar
Hristivörn á myndflögu
HD-ready upplausn 1366 x 768
Innbyggður DVD/CD/SA-CD spilari
DivX og MP3 afspilun • 200W
S-Master magnari • Innbyggður
bassahátalari • Tengi fyrir tölvu
Skiptanleg framhlið margir litir í boði
Innbyggt heimabíó og DVD spilari og rafdrifnum framhlið sem lokar tækinu þegar það ekki er í notkun!
ESPRIT 1
499.950,-
Staðgreitt
41.662,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
Kauptu Sony hjá Sony!
Sony Center Kringlunni
WWW.SONYCENTER.IS SÍMI 588 7669
like.no.other

GEORGE ELIOT SKÁLDKONA FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1819

*Stórvirki eru ekki sprottin af hvatvísi, þau eru klasi minni afreka sem eru leidd saman í eitt.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 22. DESEMBER 1948

## *Dostoévskí leiddur fyrir aftökusveit*



Þennan dag árið 1849 var rússneska skáldið Dostoévskí leiddur fyrir aftökusveit. Hann var dæmdur til dauða fyrir að taka þátt í samsæri gegn ríkisstjórninni. Á síðustu stundu var hann náðaður og sendur í útlegð til Síberíu.

Faðir Dostoévskís var læknir við fátækraspítala í Moskvu. Eftir að faðir hans dó stundaði skáldið nám og réð sig í þjónustu ríkisins en stundaði skriftir á laun. Fyrsta sagan hans, Fátækt fólk, fékk góðar viðtökur en þeirri næstu var ekki eins vel tekið. Eftir náðunina var Dostoévskí í fjögur ár í Síberíu en gerðist síðan hermaður í Mongólíu. Hann sneri heim til Rússlands árið 1859. Næst stofnaði hann tímarit og fór raunar einnig í fyrstu ferð sína til annarra Evrópulanda.

Tímaritsútgáfan varð honum ekki að féþúfu og að auki var hann illa haldinn af spilafíkn. Þar kom að að hann varð gjaldþrota. Hann missti konu sína, ekkju sem hann hafði kvænst á útlegðarárunum, kynntist annarri konu og kvæntist henni. Sama ár og Glæpur og refsing kom út, 1866, flúði hann undan lánardrottnum sínum til útlanda en sneri aftur 1872. Lokaverkið á höfundarferlinum, Bræðurnir Karamasov, kom út 1880 og var feiknavel tekið en Dostoévskí lifði ekki lengi til að fagna velsældinni. Hann dó ári eftir útkomu þess.

### MERKISATBURÐIR

**1894** Upphaf Dreyfus-málsins í Frakklandi.

**1897** Klukka sett í turn Dómkirkjunnar í Reykjavík, gjöf frá Ditlev Thomsen kaupmanni.

**1919** Dómar kveðnir upp í Landsyfirrétti í síðasta sinn. Hæstiréttur Íslands tók til starfa árið eftir.

**1941** Churchill og Roosevelt hittast í fyrsta sinn eftir að Bandaríkjamenn hefja þátttöku í heimsstyrjöldinni. Frumdrögin lögð að myndun „Sameinuðu þjóðanna."

**1964** Bandaríski grínistinn Lenny Bruce dæmdur fyrir klám og ósiðlegt athæfi á almannafæri.

**1989** Rúmenska kommúnistastjórnin fellur.

BJARNI ÁSGEIRSSON: JÓLATRÉSSALA BLÓMAVALS Í 35 ÁR

# Alltaf mikið líf og fjör

Starfsmenn Blómavals í Skútuvogi hafa verið önnum kafnir, eins og fyrir öll jól, að selja fólki jólatré. Sala fyrirtækisins á jólatrjám er ein sú rótgrónasta á höfuðborgarsvæðinu og hafa fjölmargir Íslendingar nýtt sér þjónustu þeirra um árin.

Að sögn Bjarna Ásgeirssonar, skrúðgarðyrkjumeistara hjá versluninni í Skútuvogi sem var opnuð á síðasta ári, hefur jólatrjáasalan staðið yfir hjá fyrirtækinu í 35 ár. Sjálfur hefur hann selt jólatré hjá Blómavali í tíu til fimmtán ár.

Hann segir það alltaf vera jafn líflegt að selja jólatré. „Það er mikið líf og fjör. Fólkið er skemmtilegt og það er bara mikið líf og fjör í kringum þetta," segir Bjarni og bætir því við að kaup á jólatré sé fyrst og fremst mikil fjölskylduathöfn. Það sé mikilvægur hluti af jólaundirbúningnum að koma saman til að kaupa sér jólatré.

Bjarni játar að töluvert sé um að fólk komi á síðustu stundu til að redda sér jólatré. „Eru ekki Íslendingar þekktir fyrir það?," segir hann og hlær. „Það er alltaf ákveðinn fjöldi sem kemur á Þorláksmessu og sem betur fer höfum við oftast átt tré þann daginn. Það hefur samt stundum komið fyrir að fólk hefur gripið í tómt."

Bjarni segir að um átta til tíu þúsund jólatré seljist fyrir hver jól í Blómavali. Danskur þinur selst langmest en einnig hefur íslensk stafafura og íslenskt rauðgreni selst tölvert.

freyr@frettabladid.is



BJARNI ÁSGEIRSSON Bjarni hefur verið önnum kafinn að undanförnu við sölu jólatrjáa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



*Elskulegur eiginmaður minn og faðir okkar,*

**Einar Sigurðsson**

Frostafold 12 (áður Grýtubakka 4),

andaðist fimmtudaginn 7. desember. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey frá Grafarvogskirkju. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug. Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 11-E og hjúkrunarþjónustu Karitas fyrir kærleiksríka og líknandi umönnun.

**Helga Lára Jónsdóttir**
**Alexandra Einarsdóttir, Jón Þór Einarsson**
**Guðbjörg Einarsdóttir og Hjörtur Einarsson**
**tengdabörn, barnabörn og langafabarn.**



*Hjartans þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýju vegna andláts og útfarar okkar elskulega eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Stefáns V. Þorsteinssonar**

Herjólfsgötu 40, Hafnarfirði.

Guð gefi ykkur gleðilega jólahátíð.

**Erla Guðmundsdóttir**
**Inga Þóra Stefánsdóttir**
**Helga Björg Stefánsdóttir** **Rögnvaldur Guðmundsson**
**Elfa Stefánsdóttir** **Haraldur J. Baldursson**
**Viðir Stefánsson** **Elín R. Sigurðardóttir**
**Magnús Hjörleifsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir mín,*

**Bergþóra Guðlaugsdóttir**

hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, áður Skólavegi 8, Keflavík,

er látin. Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 22. des. kl. 14.00.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Jóhanna Sigurbjörg Óladóttir**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi*

**Gísli Haraldsson**

fyrrv. kaupfélagsstjóri, Kleppsvegi 140, Reykjavík,

lést að heimili sínu 14. desember. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, fimmtudaginn 28. esember kl. 15.00.

**Fanney Vilbergsdóttir**
**Steinunn Gísladóttir** **Friðrik Pétursson**
**Kristín Gísladóttir** **Sigurbjörn Aðalsteinsson**
**Eva Dís Gísladóttir** **Samuel Tholozan**
**Pétur Hrafn og Áróra**



## 70 ára

**Auðunn Hafnfjörð Jónsson**

matsveinn, Seilugranda 8, Reykjavík verður 70 ára 24. desember, á aðfangadag.

**Heitt á könnunni milli kl. 10-15 á afmælisdaginn. Einnig á Auðunn 55 ára matsveinsafmæli.**



*Þökkum auðsýnda samúð vegna fráfalls ástkærrar móður minnar, fósturmóður, tengdamóður og systur,*

**Ingileifar Ágústu Jóhannesdóttur**

Austurbyggð 17, Akureyri,

Sérstakar þakkir til starfsstúlkna Asparhlíðar og starfsfólks lyfjadeildar 1 fyrir frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Guðrún Hjaltadóttir** **Friðrik Vestmann**
**Hjalti Hjaltason** **Vilhelmína Norðfjörð Sigurðardóttir**
**Rósa Hjaltadóttir** **Hugi Kristinsson**
**Anna Friðriksdóttir**
**Guðlaug Pétursdóttir**
**Sverrir Valdimarsson**
**Vilborg Jóhannesdóttir**
**Sigurður Jóhannesson**
**og fjölskyldur**

# Vinsæl upplestrarkvöld fyrir austan

„Þetta hefur verið að stækka jafnt og þétt frá því við byrjuðum árið 1993," segir Sigríður Dóra Sverrisdóttir, menningarfrömuður á Vopnafirði. Sigríður stendur fyrir skemmtilegum upplestrarkvöldum fyrir jólin og hafa fleiri Austfirðir bæst í hópinn í gegnum árin. Upplestrarkvöldin hafa verið haldin á Neskaupsstað, Seyðfirðingar hafa verið með frá 1995 og íbúar á Skriðuklaustri síðustu þrjú ár. Í ár var fyrsta kvöldið haldið á Þórshöfn þar sem Einar Kárason og Þórunn Valdimarsdóttir riðu á vaðið.

En það eru líka ákveðnar ástæður fyrir þessum mikla vexti. „Það er önnur hugsun í þessu hérna hjá okkur en höfundar frá Reykjavík eiga að venjast. Alla jafna þurfa þeir að lesa við ólíkustu og ástundum erfiðustu aðstæður alveg yfir í það að sitja og lesa í glymjandanum í verslunarmiðstöðvum. En hérna lítum við á þetta sem spennandi menningaruppákomu og rukkum því smá upphæð í aðgangseyri. Í staðinn fær fólk kaffi, konfekt og smákökur og svo auðvitað frábæra lestra úr góðum bókum. Hér situr fólk og hlustar og höfundarnir njóta þess að lesa." Sigríður Dóra bendir líka á að fyrir vikið hafi þessar ferðir austur spurst vel út meðal höfunda. Nú hafa á bilinu 45 til 48 höfundar komið og margir oftar en einu sinni. „Höfundarnir fá líka heilmikið út úr þessu, sannkallaðan „grand tour". Þeir ferðast um Austurland, hitta fólk, borða góðan mat og fá góða hvíld fyrir jólin," segir Sigríður Dóra.



SIGRÍÐUR DÓRA Er ánægð með hvernig upplestrarkvöldin fyrir austan hafa heppnast.


BT
Gleðileg jól í BT
TRIVIAL PURSUIT
GENUS 2006
Trivial Pursuit
3.999
NEED FOR SPEED
CARBON
Þvottabjörninn Rúni (Bruce Willis) reynir að stela ruslmat og nammi frá birninum Víglundi en tekst ekki betur til en svo að maturinn glatast og Víglundur gómar hann. Þá verður Rúni að lofa nokkru ómögulegu, að útvega allan matinn á einni viku.
Xbox360
6.499
PC, PSP, GBA
4.999
PS2, Xbox
5.999
GSM SÍMI
SAMSUNG
Samsung SGH-X160
Nettur samlokusími
frá Samsung
8.999
CARS
ÍSLENSKT TAL
ÍSLENSKUR TEXTI
Montni kappakstursbíllinn Leiftur McQueen lifir spennandi lífi þar til hann þarf að taka óvæntan krók á leiðinni í mikilvægasta kappaksturs lífs síns.
DVD
2.299
PSP TILBOÐ 3 litir
ÓTRÚLEGT úrval
Vélin stök
23.999
VELDU 1 leik
Vélin með leik
24.999
Action
Bílaleikir
Fjölskylduleikir
Íþróttaleikir




**Eigðu örugg jól með kjöti frá Nóatúni!**









RIFSBERJAHLAUP
DGF
**199** kr. STK




SÚPUR
CAMPBELLS
**169** kr. STK




**Opnunartími verslana Nóatúns**
22 des. **9-22,** 23 des **9–23,** 24 des **9-14**


Besti
hamborgarhryggurinn!*
Jólahefðir Nóatúns
NÓATÚN
Gerðu jólin auðveld
og kræktu í uppskriftabækling
í Nóatúni!
*Samkvæmt gæðakönnun sem birtist í DV 15. desember 2006
ferskt grænmeti
og ávextir
Egils
APPELSÍN
MALT
MALTEXTRAKT
Sherry Fromas
Ris a la mande
Lax
Brie
NÓATÚN
Nýtt í Nóatúni
Allt í veisluna!
Gleðileg jól!




# STUÐ MILLI STRÍÐA Sameinumst hjálpum þeim

**TRYGGVI GUNNARSSON** VILL EKKI GEFA TILGANGSLAUST DRASL Í JÓLAGJÖF



Ég á marga vini sem mig langar að gleðja um jólin. Ég gæti sent þeim jólakort. Föndrað lítil og persónuleg kort með hreindýrum og jólasveinum, sagt svo gleðileg jól og þú ert frábær. En ég hitti allt þetta fólk fyrir jólin og segi þeim að þau séu frábær augliti til auglitis. Svo er ég líka ömurlegur föndrari, límdi einu sinni vísifingurinn við augnlokið á mér og vil helst ekki gera það aftur.

Ég gæti líka gefið vinum mínum jólagjafir. Þá þyrfti ég að voga mér inn í musteri Mammons, Kringluna, og þá vil ég heldur líma puttana á mér við augnlokin. Fréttablaðið borgar heldur engin forstjóralaun, nema auðvitað forstjóranum, svo ég yrði að velja hverjum ég gæfi pakka og hverjum ekki. Ég gæti líka farið þá leið sem flestir fara: Ég gæti gefið ódýrt drasl.

Við, ég og þú lesandi góður, erum partur af þeim fimm prósentum sem eru ríkasta fólk í heimi og höfum minna en ekkert að gera við drasl úr Tiger eða Rúmfatalagernum. Við eigum allt sem við þurfum og þurfum ekki meira.

Það er hins vegar til fólk í heiminum sem vantar ýmislegt. Á meðan við fimm prósentin kýlum út vömbina til heiðurs Jesús Kristi þá svelta hin 95 prósentin. Mér finnst það ekki jólalegt og langar að breyta því, svo langt sem mín aumu áhrif ná. Þess vegna ætla ég ekki að gefa nema móður minni og föður, systur og bróður, jólagjöf og láta alla hina peningana, sem hefðu farið í gjafir, renna til Hjálparstarfs kirkjunnar. Ég ætla að láta þá búa til brunn fyrir peninginn fyrir fólk í Úganda, Mósambík eða Malaví. Ég ætla að leyfa þeim að ráða.

Þá getur fólk fengið sér ferskt vatn að drekka næstu jól, vinir mínir eru sáttir, samviska mín sömuleiðis, og ef Jesús myndi hitta mig myndi hann örugglega rétta mér spaðann og segja: „Rosalega var fyndið þegar þú límdir puttann á þér við augnlokið. Ég vissi ekki hver pabbi ætlaði.“

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# MAX

LágMAXverð



## 39.999kr.

OPNUM kl.10

20 tommur
10stk

**Funai 20LCDA2004**
- 20" 4:3 LCD sjónvarp
- Upplausn: 640x480 punktar
- Progressive Scan
- Skerpa§ 500:1
- Nicam Stereo hljóðkerfi
- Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp og fjarstýring

almennt verð ~~49.999~~



## 9.799kr.

**HP C3180 FJÖLNOTATÆKI**
- Prentar, skannar og ljósritar
- Prentar og fjölritar allt að 22 síður svarthvítt og 20 síður í lit A4
- 4800 x 1200 punkta prentupplausn
- PhotoRet IV litatækni með ljósmyndahylki
- Prentar á jaðar pappírs
- Raufar fyrir myndavélakort

almennt verð ~~12.999~~



## 49.999kr.

almennt verð ~~59.999~~

**Panasonic DMREH55 UPPTÖKUTÆKI**
- DVD upptökutæki
- Með 160GB hörðum disk
- Allt að 284 tíma upptaka á harðan disk
- Auðvelt að tengja tökuvél við spilarann
- Rauf fyrir SD kort

**Jólasveinarnir syngja og tralla fyrir börnin kl. 16.00 í dag!**



## 2.499kr.

PC

almennt verð ~~3.499~~

Rayman - Raving Rabbits - PC



## 4.999kr.

PS2

almennt verð ~~5.999~~

Need for Speed Carbon _PS2



## 1.599kr.

DVD

almennt verð ~~2.499~~

Jólasveinarnir syngja - DVD



## 2.999kr.

DVD

almennt verð ~~3.999~~

24 - Sería 5 - DVD



## 3.999kr.

DVD

almennt verð ~~4.999~~

24 - Sería 5 - DVD



## 3.999kr.

DVD

almennt verð ~~4.999~~

Th OC - Sería 3 - DVD



## 4.999kr.

**Philips HP4648**
- Sléttujárn með LCD skjá
- Sýnir nákvæmt hitastig
- Með keramik plötum
- ION tækni - afrafmagnar hár
- 17 hitastillingar, 80° til 160°
- 30 sek. að hitna í 100°

almennt verð ~~6.999~~



## 6.999kr.

**Kenwood FP479**
- 550w matvinnsluvél
- Með 1,5 lítra blandara
- Fínir fylgihlutir

almennt verð ~~7.999~~

OPNUM kl. 10

**OPIÐ TIL kl. 22**

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

**Kl. 20.00**
*Balzamerhljómsveitin Bardukha heldur útgáfutónleika á Súfistanum í Reykjavík. Sveitin leikur tónlist sem einkennist af sterkum þjóðlegum áhrifum, auk spuna í ríkulegu magni. Ekki er óalgengt að þeim hlaupi kapp í kinn sem getur leitt tónlistina á óvæntar brautir og á stundum eiga þeir til að bresta í söng á erlendum þjóðtungum af slíku listfengi að eftir er tekið.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Hinn sanni andi jólanna

Árlegir kyrrðar- og íhugunartónleikar verða haldnir í Neskirkju kl. 21 í kvöld. Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona og Steingrímur Þórhallsson orgelleikari standa að tónleikunum og munu þar flytja gömul sálmalög í bland við tónlist Johanns Sebastians Bach.

Tónleikarnir eru hugsaðir sem mótvægi við hinn mikla hraða sem einkennir jólahald á okkar dögum og er þetta tilvalið tækifæri fyrir fólk að koma í miðjum jólaundirbúningi, setjast niður í kirkjunni sem verður aðeins lýst með kertaljósum, hlusta á fagra tónlist og komast í snertingu við hinn sanna anda jólahátíðarinnar.



**HALLVEIG RÚNARSDÓTTIR SÓPRAN** Heldur árlega kyrrðar- og íhugunartónleika sína ásamt Steingrími Þórhallssyni í kvöld.

Hallveig Rúnarsdóttir og Steingrímur Þórhallsson eru listamenn af yngri kynslóðinni sem hafa vakið mikla athygli undanfarin ár fyrir tónlistarflutning sinn. Þau hafa starfað saman við Neskirkju síðastliðin ár, þar sem þau stofnuðu ásamt fleirum tónlistarhópinn Rinascente.

Aðgangseyrir að tónleikunum eru 1.500 krónur en 500 krónur fyrir aldraða og námsmenn.

## > Ekki missa af ...

jólaleikritum **Borgarleikhússins** og **Þjóðleikhússins**. Í menningarmusterinu við Hverfisgötuna verða **Bakkynjur** Evripídesar frumsýndar á annan í jólum en þann 29. desember verður verk Anthonys Neilson, **Ófagra veröld,** frumsýnt í kastalanum við Listabrautina.

stórskemmtilegum tónleikum á **Barnum** við Laugaveg 22 í kvöld en þar leika sveitirnar **Skakkamanage** og **FM Belfast.**



**SÖNGHÓPURINN VOX FOX** Flytur djass, popp, klassík og rokklög í krefjandi útsetningum.

# Hin fyrstu jól

Jólatónleikar sönghópsins VoxFox verða haldnir í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld kl. 20. Tónleikarnir bera yfirskriftina „Hin fyrstu jól“ og mun hópurinn flytja jólalög úr mörgum áttum og skapa huggulega stemningu við kertaljós. Á efnisdagskránni eru bæði innlendar og erlendar jólaperlur sem allir þekkja.

VoxFox er sex manna sönghópur sem sérhæfir sig í flutningi verka a cappella, eða án undirleiks en hópurinn hefur víða troðið upp á undanförnum árum, t.d. í brúðkaupum og á Listahátíð. Hópurinn leggur mikið upp úr vönduðum og krefjandi útsetningum. Efnisdagskrá kvöldsins er afar fjölbreytt, popp, rokk, djass og klassík tónlist í bland.

Tónleikarnir eru öllum opnir og allir hjartanlega velkomnir.



**HLJÓMSVEITIN CHANGER** Fagnar vetrarsólstöðum ásamt fleiri góðum.

# Sólstöðurokk

Í tilefni af vetrarsólstöðum 21. desember verður hátíð haldin í Tónlistarþróunarmiðstöðinni við Hólmaslóð í kvöld. Þetta er í sjöunda sinn sem þessi árlega hátíð groddalegu grasrótartónlistarinnar er haldin og er búist við fjölmenni þar sem hlutur metaltónlistar fer mjög vaxandi. Sólstöðuhátíðin í ár hefur á sínum snærum fulltrúa allra geira innan metaltónlistar – dauðarokk, blackmetal, thrash, grindcore, metalcore og dark ambient.

Í ár verður leikið á tveimur sviðum innan miðstöðvarinnar og tekur ein sveit við af annarri svo að tónlistin þagnar aldrei. Meðal þáttakenda verða sveitirnar Changer, Forgarður Helvítis, Denver, Gjöll og Sólstafir. Fyrsta hljómsveit byrjar kl. 19 og verður spilað stanslaust til klukkan 23. Aðgangseyrir er 700 kr. en Tónlistarþróunarmiðstöðin er til húsa við Hólmaslóð 2, úti á Granda. - khh



**MYNDLIST SIGRÚNAR SIRRU SIGURÐARDÓTTUR** Á sýningunni Pakkhús postulanna sýndi myndlistarmaðurinn verk sem kannar áhrif ljóss og mynda á rými.

# Andinn í hvaða efni sem er

**Það bætist við ljósadýrðina á Laugaveginum í dag en þá opnar sýning í galleríinu Kling & bang. Fjórir listamenn sýna þar undir yfirskriftinni „Ljósaskipti – Jólasýning Kling og Bang“ enda eru vetrarsólstöður í dag.**

Myndlistarmennirnir Hekla Dögg Jónsdóttir, Daníel Björnsson, Sirra Sigrún Sigurðardóttir og Ásdís Sif Gunnarsdóttir lýsa upp galleríið sem hefur staðið fyrir margs konar sýningarhaldi og uppákomum á þessum árstíma. „Þetta er hugmynd sem kom upp fyrir löngu síðan að við fjögur myndum sýna saman því við höfum öll notað ljós sem virkan þátt í okkar verkum en öll á mismunandi hátt,“ útskýrir Sigrún Sirra. Listamennirnir hrífast af verkum hvert annars af því að þau tengjast í sameiginlegu sjónrænu tungumáli, skærum litum og dularfullum atburðarásum í daglegu lífi. Þau hrífast af viðkvæmum efnum, sjá gersemar og galdur í hlutum sem öðrum er oft ekki sýnilegt. „Okkur fannst vera ákveðin harmonía milli verkanna okkar og þá fæddist þessi hugmynd að gera sýningu á myrkasta tíma ársins.“ Sýningunni er líkt við aldingarð sem fylltur er handverki byggðu á vísindakerfi, gosbrunnum, varðeldi, sykri, blikkandi ljósum, rjómtertum, frosti, hvirfilbyl og sólkerfi.

Verk Sirru er að hennar sögn unnið í beinu framhaldi af verki sem hún sýndi á sýningunni Pakkhús postulanna í Hafnarhúsinu í haust. „Þá sýndi ég einmitt í sama rými og Ásdís Sif en þetta verk er dálítill viðsnúningur. Þá var ég með tjald sem áhorfendur komust ekki inn í en þar var sýnd kvikmynd og ákveðið ljósaflökt. Nú verða áhorfendur inni í tjaldinu og birtan kemur utan frá.“

Hekla Dögg Jónsdóttir kveðst einnig á kunnuglegum slóðum í sínum verkum en hún sýnir tvö vídeóverk sem varpað verður í sýningarrýminu. „Þetta eru nokkurs konar glansmyndir þar sem stjörnur myndast í vatni, svo er þarna svanur líka svo þetta verður dálítið ævintýralegt.“ Hún segist vinna dálítið með brellur sem gera hið efnislega andlegt. „Þetta eru svona áhugamanna-tæknibrellur sem maður beitir til þess að gera hlutina huglæga. Ef eitthvað lítur út fyrir að vera ofboðslega sætt, til dæmis glansmyndir, þá getur það samt verið ekta staður eða hlutur og ekkert sérstakt í gangi.“

Listafólkið þekkist vel og ekki síst í gegnum galleríið en Sirra útskýrir að algjör tilviljun hafi ráðið því að sýningunni var valinn staður þar. „Við höfðum annað sýningarrými í huga en svo bauðst okkur þetta tækifæri á þessum árstíma og því gátum við ekki neitað,“ segir Sirra.

Verkin á sýningunni eru öll ný af nálinni og á sýningartímanum verður einnig skipulagður gjörningur í tengslum við hana og opnun Daníel Björnsson, Hildur Björg Yeoman, Valdimar Jóhannsson, Ásdís Sif og listamaðurinn Auxpan þá framkvæma „Turbulence Chamber“.

Sýningin stendur til 28. janúar og verður galleríið opið fimmtudaga til sunnudaga milli kl. 14-18 nema að lokað verður á gamlársdag. - khh



**ELDRI VERK HEKLU DAGGAR JÓNSDÓTTUR** „Það sem heillar mig við flugeldana er að enginn getur átt þá. Þú skýtur þeim upp og sú stund getur orðið einhvers annars um leið. Efnið verður andlegt.“ segir Hekla.

## NÝJAR BÆKUR

Út er komin bókin **Bústaðir** eða **Icelandic Cottages**. Í bókinni er myndum af bústöðum til sveita teflt saman við náttúru- og landslagsmyndir. Yfir tvö hundruð ljósmyndir eru í bókinni og allur texti er bæði á ensku og íslensku. Ljósmyndari er Gunnar Sverrisson og ritstjórar Elsa Ævarsdóttir og Halla Bára Gestsdóttir.



Fátt gefur betri mynd af þjóð en hvernig hún býr. Ljósmyndabókin **Heimilisbragur/Icelandic Interior** opnar dyr að híbýlum íslenskra þjóðarinnar og fangar stemninguna á íslenskum nútímaheimilum. Eigendur þeirra híbýla sem um ræðir eru af ólíkum uppruna og aldri en eiga sammerktan áhugann á að hafa fallegt í kringum sig. Yfir tvö hundruð ljósmyndir eru í bókinni og allur texti bæði á íslensku og ensku. Ljósmyndari er Gunnar Sverrisson og ritstjórar Elsa Ævarsdóttir og Halla Bára Gestsdóttir.



Þjóðmenningarhúsið hefur gefið út glæsilega sýningarbók vegna yfirstandandi sýningar: **Íslensk tískuhönnun**. Matthias Wagner K og Guðrún Garðarsdóttir eru ritstjórar bókarinnar. Hún er að mestu prýdd myndum af sýningunni og af fatnaðinum sem þar er sýndur. Texti bókarinnar er á þremur tungumálum: íslensku, ensku og þýsku. Hún er til sölu hjá Þjóðmenningarhúsinu og hönnuðunum sem verk eiga í bókinni.



Út er komin bókin **Síðasta setning Fermats** eftir Simon Singh í þýðingu Kristínar Höllu Jónsdóttur. Pierre de Fermat telst til merkustu stærðfræðinga sögunnar fyrir að hafa lagt grunninn að talnafræði nútímans og fyrir mikilvægar grundvallaruppgötvanir örsmæðareiknings og stærðfræðilegrar eðlisfræði. Það er þó ein setning öðrum fremur sem valdið hefur ómældum heilabrotum stærðfræðinga fram á okkar daga. Setningin fannst eftir dauða Fermats, hripuð á bókarspássíu, ásamt þeim orðum að hann hefði fundið dásamlega sönnun á henni, en sönnunin rúmaðist ekki á spássíunni. Liðu þrjár og hálf öld þar til breska stærðfræðingnum Andrew Wiles tókst loks að sanna hana á síðasta áratug 20. aldar. Útgefandi er Hið íslenzka bókmenntafélag.



## TVÆR GULLPLÖTUR!

# TIL HAMINGJU BUBBI

**Bubbi áritar**
**og tekur á móti gullplötum**
**í Skífunni Smáralind**
**kl. 21 í kvöld**






**Þann 16. október sl. komu út afmælistónleikar Bubba, 06.06.06 bæði á tvöfaldri geislaplötu og á DVD mynddiski.**

**Bubbi hefur nú náð þeim einstaka árangri að selja báðar útgáfurnar í gull en samtals hafa rúmlega 17.500 eintök selst af þessum glæsilegu útgáfum og er DVD mynddiskurinn orðinn söluhæsti íslenski tónlistarmynddiskurinn frá upphafi.**

**Skífan óskar Bubba innilega til hamingju með þennan frábæra árangur.**




**Flytjandi ársins**
**Söngvari ársins**

## TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

# Mjúka deildin

- Jólagjafir sem láta þér og þínum líða vel






**Hitajöfnunarsæng** 140x200

**Jólatilboð**

**24.900,-** Áður kr. 30.550,- | **18,5%** afsláttur




**Hitajöfnunarsæng** 220x200

**Jólatilboð**

**38.150,-** Áður kr. 46.811,- | **18,5%** afsláttur



**Ergomagic heilsukoddi**

**Jólatilboð**

**9.147,-** Áður kr. 10.761,- | **15%** afsláttur



**TempraKon dúnkoddi** 50x70

**Jólatilboð**

**6.744,-** Áður kr. 7.934,- | **15%** afsláttur

## Opið alla daga til jóla

Föstudaginn 22. des. frá kl. 10 til 22

Þorláksmessu 23. des. frá kl. 10 til 23

Aðfangadag frá kl. 10 til 12

www.betrabak.is

# TEMPUR inniskór og heilsuvörur

## Jólagjafirnar í ár




Jólagjöfin sem allir vilja fá. Tempur inniskórnir eru hlýir og notalegir, með gúmmísóla og Tempur þrýstijöfnunarefni í innleggi.

**Jólatilboð**

| 7.700,- | 22% |
|---|---|
| Áður kr. 9.926,- | afsláttur |




**Original heilsukoddi**

**Jólatilboð**

| 7.990,- | 15.000,- |
|---|---|
| 1 stk. 15% afsl. | 2 stk. 20% afsl. |




**Millenium heilsukoddi**

**Jólatilboð**

| 7.990,- | 15.000,- |
|---|---|
| 1 stk. 15% afsl. | 2 stk. 20% afsl. |




**Comfort heilsukoddi**

**Jólatilboð**

| 7.990,- | 15.000,- |
|---|---|
| 1 stk. 15% afsl. | 2 stk. 20% afsl. |




**Classic heilsukoddi**

**Jólatilboð**

| 7.990,- | 15.000,- |
|---|---|
| 1 stk. 15% afsl. | 2 stk. 20% afsl. |




**Ferðasett, koddi og dýna**

**Jólatilboð**

| 27.955,- | 15% |
|---|---|
| Áður kr. 32.889,- | afsláttur |




**Bakstoð**

**Jólatilboð**

| 5.987,- | 15% |
|---|---|
| Áður kr. 7.044,- | afsláttur |



**Joop sængurver**

**Jólatilboð**

| 12.368,- | 15% |
|---|---|
| Áður kr. 14.551,- | afsláttur |



**Joop sængurver**

**Jólatilboð**

| 12.368,- | 15% |
|---|---|
| Áður kr. 14.551,- | afsláttur |



**Elegante Maco Satin**

**Jólatilboð**

| 17.520,- | 20% |
|---|---|
| Áður kr. 21.900,- | afsláttur |

**Betra BAK**

*Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • www.betrabak.is*
*Vörubær • Tryggvabraut 24 • Akureyri • Sími 462 1410*

# Leiðrétting vegna tónleika

**Ranglega var farið með tímasetningu tónleika Kammerhópsins Camerarctica í Fréttablaðinu í gær. Hópurinn stendur um þessar mundir fyrir árlegum kertaljósa-tónleikum sínum og lýkur tónleikaröð þeirra í kvöld þegar hópurinn leikur í dómkirkjunni í Reykjavík kl. 21.**

**Á efnisskránni er eitt frægasta kammerverk Mozarts, kvartett fyrir flautu og strengi í D-dúr, adagio fyrir klarinett og strengi og tríó fyrir strengi, einnig eftir Mozart. Einnig verður leikinn kvartett fyrir klarinett og strengi eftir samtímamann Mozarts, Karl Stamitz.**

**Eru lesendur blaðsins beðnir velvirðingar á þessum misskilningi.**



**KERTALJÓS OG HÁTÍÐLEIKI** Camerarctica lýkur jólatónleikaröð sinni í kirkjunni í kvöld.


KRINGLU KRÁIN

Skötuveisla og fiskihlaðborð

Þorláksmessu frá kl. 11.30-14.00

Verð aðeins kr. 2,990

Stór og fjölbreyttur sérréttaseðill öll kvöld vikunnar



„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“

ÓFAGRA VERÖLD

GJAFAKORT

FRÁBÆR JÓLAGJÖF

FÁST Í MIÐASÖLU BORGARLEIKHÚSSINS

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



Bakkynjur, frumsýning 26. desember.

**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 lau. 20/1, lau. 27/1.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 **kl. 20:00** uppselt, lau. 30/12 **kl. 14:00** uppselt og **kl. 17:00** uppselt, lau. 6/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus,** sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00**, lau. 13/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus,** lau. 20/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 21/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**.

**BAKKYNJUR** eftir Evripídes
Frumsýning 26/12 uppselt, 2. sýn. mið. 27/12 **örfá sæti laus**, 3. sýn. fim. 28/12 **örfá sæti laus**, 4. sýn. fim. 4/1 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 5/1 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fim. 11/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 12/1 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. fim. 18/1.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 6/1, lau. 13/1 **nokkur sæti laus**, lau. 20/1
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00** uppselt, **kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 7/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00** uppselt.

**Leikhúsloftið**

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** eftir Þorvald Þorsteinsson
Fös. 22/12 kl. 13:00 uppselt, lau. 23/12 kl. 13:00 uppselt.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**


# Svipult líf, sígild orð

Lesandi veitir að sjálfsögðu athygli ýfsíloninu í titli, Endurskyn. Þar gefur höfundur strax hnitmiðaðan tóninn: nánast hver einasti stafur valinn af kostgæfni, sérhvert orð dýrt. Ráðningu ljóðanna engin takmörk sett innan flugvíddar lesandans. Vísanir flóknar, lærðar og margræðar; þrengja ljóðið og víkka í senn. Frjóvgun efnis og forms eingetin. Fullþroska skáldskapur, krefjandi og fagur.

Skáldið ann orðum og unir sér (eins og munkur á heitri bæn) við að ljá þeim ljóðrænan dýrleika sem í senn stríkkar erindi þeirra, skírskotun og skáldskapargildi. Hefur ást á sjálfri skáldlistinni og streymi hennar gegnum mannsandann. Laugar sig í þeim straumi og gjálpar goðsvörum að lesanda sínum. Ann orðagaldri og þeirri tvíræðu ögrun að magna meint aukreitismál í ljóði með erkidjúpri vísun og ýta þannig lesanda sínum fram á gínandi hengiflug uns hann annaðhvort svífur eða grípur dauðahaldi í Guðmund og leistinn og glímir til úrslita við skáldið. Svipult líf, sígilt orð: sama aska, sama jörð.

Skáldið yrkir um raunveruleikann núna og hérna en speglar hann hvenær sem er í súrrealísku (ofurraunsæju) skyni í sjálfum sér – m.a. með umsnúningi tíða/tíma. Það er persónuleg upplifun efasemdarmanns sem hlýtt hefur áminningu hinsta kalls og leitar sátta við jarðneska tilveru ofar raunveruleika fremur en handan – og helgar sig orðinu um leið, vegvísi þess sem vantreystir goðum mannanna. Skáldið er þó nærri lesanda sínum og samtíma, ber ugg í brjósti: eldur fer um landið, stórskuldug duld haugast upp í skugga fjallkonunnar: lokalínu Kraftaverkanna hefði hins vegar að ósekju mátt sleppa, slævir broddinn.

Skáldið yrkir mjög persónulega reynslu (?) inn í höfuðskepnur, goðsögur og náttúru, og mátar feigð sína – feigð mannsins – í þeim spegli. Það er eðalskáldskapur sem unun er að rýna í og máta við eigin feigð. Ég nefni sérstaklega: Orð mitt (12) Undirdjúpin (13) Endursýn (16) Synir Satúrnusar (17) Sá litli (25) Föstudagur 30. júní (30) Svar (31) og Ástin og brauðið (33). Ljóðasmíði af sjaldgæfum þroska.



**BALDUR ÓSKARSSON**



**BÆKUR**
**Endurskyn**
Baldur Óskarsson
Ormstunga
★★★★
Senuþjófur ´06 á prívatsviði ritdómarans, ekki færri en fjórar stjörnur.

Görótt íslensk tunga og súrrealísk skynskekking draga upp myndir í brotabrotum, hringsnúa lesandanum í iðu margvísandi orða, birta honum útgöngu um furður frá upphafi tímans: umsteypu kaos í kosmos þar sem himinn, mar & undirheimur (synir Satúrnusar) gullbleikan skára teiginn enn í dag. Blóðugir með ljáinn – enda réð skaparinn/kannibalinn fæðir þeirra hverju menn stinga upp í sig (18). Bölbæn með öfugum formerkjum.

Sem minnir á (dulvituð jólakveðja skáldsins): Satúrnus, hinn rómverski Krónos, var guð sáðningar og uppskeru, úrhellis laugardagur alls jarðargróðurs. Honum til dýrðar var haldin mikil svallhátíð 17. desember ár hvert og stóð í viku sleitulaus: tilbeiðsla upprisu ljóssins í myrkrinu, forfari kristinna jóla. Náttúrulegir hátíðisdagar lífsins á jörðinni eru tveir, vetrar- og sumarsólstöður: afmælisdagar lífsandans. Því er það engin tilviljun að skírarinn og frelsarinn skuli eiga þessa sömu afmælisdaga, bókstaflega sprottnir upp úr skauti náttúrunnar, fengu jólin að gjöf frá sólinni og Jónsmessu í ábæti. Sigruðu náttúruna með eins konar sjálfsmarki; vantreyst af ýmsum fyrir vikið. Afsakið: þetta er ekki ljóðagreining, dómarinn fleygði sér bara fram af hengiflugi skáldsins í tilefni dagsins.

Endurskyn stendur undir nafni: bók sem krefur lesandann um endurlestur á sérhverju orði, endurskynjun eigin feigðar.

**Sigurður Hróarsson**

# Framsækin innpökkun

Brandarinn um höfund stafrófsins var góður en skelfing lúinn núna, haltur og staflaus. Þess vegna missir grunnhugmynd bókarinnar marks, varla einu sinni fyndin.

Málverk sem málari málar sem getur ekki hætt að mála fyrr en allir litirnir eru búnir (og á ekkert nema liti) verður á endanum einlitt: brúnt, málarinn málar sig í flag. Eins fer fyrir rithöfundi sem getur ekki hætt að skrifa fyrr en allir stafirnir eru búnir (og á ekkert nema stafi): hann skrifar sig í flag.

Aðferð bókarinnar er einföld: sérhvert ljóð er sérhver stafur stafrófsins þar sem undir er raðað í stafrófsröð skyldum og óskyldum orðum sem eiga ekki annað sameiginlegt en að byrja á þeim tiltekna staf og ná því aldrei að mynda merkingu nema í besta falli setningu og setningu í senn. Stafurinn sjálfur – ljóðið – því undantekningarlaust merkingarlaust. Nema það sé boðskapurinn?

Hið eina sem lesandinn getur dundað sér við er að velta fyrir sér hvers vegna í veröldinni höfundur velur tiltekin orð en ekki önnur og lesa heimsmynd skáldsins út úr þeim sparðatýningi:

Í gamni vitaskuld: (a) bókin er afrakstur af samstarfi Odda og Nýhils um framsækna bókagerð (bls 2): höfundur er undir áhrifum kápuhönnunarinnar – sem er framsækin og til fyrirmyndar – sér tilvistina í litlum mislitum köflóttum reitum sem raðast saman eftir skyni augans fremur en markhæfu viti, (b) bóndinn (karlinn) er germyndin, búadóttirin (konan) andlagið, bændum fylgir þó bévíti og blöff: tilvistarkreppa tittlingsins tímaeyðsla (48), (c) heimurinn er skipulagt digitalkaos, eða (d) dramatískur dragbítur (13), (e) endurlausn mannsins felst í því að öskra öskureiður (58). Með þeim háværu orðum kveður skáldið lesanda sinn, litlu nær. Allt í gríni.

Ljóðin eru hvert öðru lík: sjálfum finnst mér Y (bls 54) bera af.

**Sigurður Hróarsson**



**BÆKUR**
**aábcdðeéfghiíjklmnoópqrstuúvwxyýzþæö**
Óttar Martin Norðfjörð
Nýhil
★
Stjörnuvitlaus skáldskapur, framsækin innpökkun.


ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR

Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni barítón flytja verk eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason
6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík
7. janúar kl. 20.00 í Íslensku óperunni
Miðaverð kr. 2.000 - Námsmenn: 2 fyrir 1
SpKef
FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake´s Progress e. Stravinsky - Nánari upplýsingar á www.opera.is
Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 - FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
Þorláksmessa í Óperunni - Óperukareokí
Davíð Ólafsson, óperusöngvari, heldur uppi fjörinu - Húsið opnar kl. 20
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN






Barna- og unglingaleikhús Austurbæjar kynnir Jólafárið eftir Kikku.
Mið 27.des kl. 13.00 / Fim 28.des kl. 13.00 Miðaverð kr. 800
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is



SKÖTU-VEISLA

í dag og á Þorláksmessu

GRANDAKAFFI

GRANDAGARÐI 101 - SÍMI 552 9094
Opið mán. til laug. 06.00 til 18.00

# Fyndnir rauðhausar

Rauðhærðar og ákveðnar stúlkur hafa löngum verið vinsælt efni í barnabækur. Sú allra frægasta er auðvitað hin eina sanna Lína langsokkur en fyrir jólin núna koma svo út tvær bækur þar sem litlar rauðhærðar og vægast sagt skoðanafastar stúlkur eru í aðalhlutverki.

Bína bálreiða er dúkka sem er afar óþekk við dúkkumömmuna Guðrúnu Svövu sem er dóttir höfundarins, Ásthildar Bj. Snorradóttur og til í alvörunni. Bína er alltaf reið af því að hún getur ekki gert ýmsa hluti eins og að sitja kyrr og skiptast á svo Guðrún Svava þarf að kenna henni það. Og það gerir hún með nokkrum einföldum kennsluaðferðum sem virka svo vel að von bráðar er Bína alveg hætt að vera reið og er eftirleiðis kölluð Bína brosmilda. Höfundurinn er talmeinafræðingur og vinnur við að styrkja boðskiptafærni og efla málþroska hjá ungum börnum og þetta er frábær bók til að kenna börnum alls konar grunnatriði í samskiptum og mannasiðum. Kennsluaðferðirnar eru svo vel útlistaðar að foreldrarnir eiga örugglega eftir að geta notað þær á hvað eina sem þarf að kenna barninu að gera.

Sagan af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar er meinfyndin verðlaunasaga þar sem textinn og myndirnar segja mjög ólíka sögu sem kitlar hláturtaugarnar hjá bæði lesendum og áheyrendum. Litla rauðhærða prinsessan í þeirri sögu er vægast sagt ákveðin og ekkert lamb að leika sér við enda fáir prinsar sem ráða við hana og myndirnar tala sínu máli þó að textinn sé greinilega ritskoðaður af siðameistara hirðarinnar. Myndirnar eru frábærar og fá vel að njóta sín, einkum þar sem sagan er ekki í aðalhlutverki heldur styður við myndirnar með því að vera í algjörri andstöðu við þær.

Kímnigáfa barna er oft vanmetin og oft þroskaðri en foreldrar gera sér grein fyrir. Þessar bækur ættu að geta fengið flest börn á aldrinum 3-7 ára til að skella upp úr. **Brynhildur Björnsdóttir**



**BÆKUR**

**Sagan af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar**

Margrét Tryggvadóttir

Halldór Baldursson myndskreytti

Vaka-Helgafell

★★★★

Hrikalega fyndin þversaga sem skemmtir öllum, ungum sem öldnum.




**BÆKUR**

**Bína bálreiða**

Ásthildur Bj. Snorradóttir

Salka

★★★★

Fyndin og fróðleg bók sem kennir mannasiði.

# Glóandi símalínur

Stór fyrirtæki ráðast stundum í að setja saman sögubækur um tilurð sína og þróun. Oftast gerist þetta á tímamótum. Slíkt reynast oft merkilegar heimildir, höfundum er veittur aðgangur að eldri starfsmönnum, sögulegum skjölum, myndasafni ef til er og lykilmönnum fyrirtækisins. Oft þarf að sigla milli skers og báru, höfundar verða skyndilega trúnaðarmenn um innri átök, persónulegan fjandskap, það innra drama sem flest fyrirtæki búa yfir. Eins verða þeir á skömmum tíma að setja sig inn í flókin viðfangsefni, gjarna tæknilegs eðlis sem eru ekki nema á færi þeirra sem hafa staðið pliktina árum saman og sinnt af köllun hagsmunum eigenda.

Seinni árin hafa slík komið út í nokkrum mæli: upp í hugann koma Eimskipafélagsbók Guðmundar Magnússonar, Þeir létu dæluna ganga eftir Hall Hallsson. Og nú hafa þær Helga Guðrún Johnson og Sigurveig Jónsdóttir sett saman stóra bók og merkilega um sögu Símans þar sem rakin eru flókin viðfangsefni Símans frá upphafi, tækninýjungar sem starfsmenn hans með tilstuðlan stjórnvalda komu fram. Bókin verður til í þann mund sem Síminn er orðinn einkafyrirtæki og símaþjónusta hér á landi telur öldina.

Þetta er merkilegt rit um margt. Þar er rakin á auðskilinn og frekar fjörlegan máta tækniþróun svo lesandi hrífst með: aragrúi manna kemur við sögu en nafnarunan tekur aldrei yfir og í gegnum tímans rás verður lesandinn kunnugur helstu forkólfum í því merkilega starfi, afreki sem Síminn og símamenn unnu. Þetta er ekki síst fyrir þá sök að höfundarnir ræða jafnharðan við marga sem taka þátt í því ævintýri sem uppbygging símakerfis var hér í landi, hér voru háir og lágir að störfum og raddir margra hljóma i verkinu.

Þessi alþýðlegi frásagnarháttur er spunninn úr blaðamennskuferli þeirra beggja, Sigurveigar og Helgu, þeirri þraut sem sjónvarpsfréttamenn verða að temja sér, að koma flóknu efni til skila á áhugaverðan, innilegan og greinargóðan máta, gera flókin mál einföld og auðskilin. Bókin sem er í stóru broti er í sautján köflum sem stundum skarast lítillega í efni því Síminn vann á mörgum vígstöðvum og ókunnan rekur raunar í rogastans hversu víðfeðm starfsemin hefur verið.

Það kemur sem sagt í ljós að verkefnin sem ríkisfyrirtækinu voru falin voru margbreytileg og tröllaukin, svo nánast er borin von að einkaaðilum hefði reynst það mögulegt að væða landið fjarskiptum á svo breytilegan hátt sem raun varð á. Þannig kom það þessum lesanda á óvart að Ríkisútvarpið óx upp nánast í króknum hjá Símanum sem skýrir það að langt fram eftir síðustu öld litu verkfræðingar Símans nánast á dreifingu sjónvarps um landið sem mál sitt og Ríkisútvarpsins. Það skýrir líka hversu vanmáttugir ráðherrar voru lengi vel að búa svo um hnútana að hér væri byggt upp eitt dreifikerfi og urðu á endanum of seinir.

Bókin er glæsilega myndskreytt og hinn eigulegasti gripur. Hún hefur aftur farið lágt í flóði síðustu daga, rétt eins og fyrri ritin tvö fóru á sínum tíma. Sem er furðulegt: vitaskuld eiga stórfyrirtæki á borð við Símann að koma svo yfirgripsmiklu verki á framfæri við almenning: öðru eins eyða menn þar á bæ í auglýsingar. **Páll Baldvin Baldvinsson**






**BÆKUR**

**Saga Símans í 100 ár**

Helga Guðrún Johnson og Sigurveig Jónsdóttir

Síminn

★★★

Vandað og skemmtilegt rit um upphaf og þróun Símans.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**DESEMBER**

19 20 21 **22** 23 24 25

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Balzamerhljómsveitin **Bardukha** heldur útgáfutónleika á **Súfistanum** í Reykjavík. Sveitin leikur tónlist sem einkennist af sterkum þjóðlegum áhrifum, auk spuna í ríkulegu magni. Ekki er óalgengt að þeim hlaupi kapp í kinn sem getur leitt tónlistina á óvæntar brautir og á stundum eiga þeir til að bresta í söng á erlendum þjóðtungum af slíku listfengi að eftir er tekið.

☐ 21.00 Hljómsveitin **Skakkamanage** heldur tónleika á efri hæð barsins **Barsins** á **Laugavegi 22** ásamt **FM Belfast**.

### SAMKOMUR

☐ 18.00 **Jólablót Ásatrúarfélgsins** verður haldið í **Öskjuhlíð** á lóð félagsins. Til að finna staðinn er best að leggja í bílastæði við Perluna og ganga þaðan niður stíginn sem liggur framhjá gervihvernum niður hlíðina og þá blasir blótstaðurinn við á vinstri hönd.

### SÝNINGAR

☐ 09.00 í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er Jón **Reykdal** en **Listvinafélag** kirkjunnar stendur fyrir henni.

☐ 11.00 **Rúna (Sigrún Guðjónsdóttir)** sýnir í **Hafnarborg**. Á sýningunni **Ofið úr þögninni** sýnir Rúna verk unnin á pappír með akrýl, olíukrít, pastel og bleki, einnig eru þar myndir unnar á steinleir. Á sama stað sýnir ljósmyndarinn **Spessi** verk sín á sýningunni **Locations** sem ber sama titil og væntanleg bók hans. Sýningarnar standa til 30. desember.

☐ 11.00 Yfirlitssýning á verkum **Drafnar Friðfinnsdóttur** stendur yfir í **Listasafni Akureyrar**. Dröfn lét mikið að sér kveða í íslensku listalífi og haslaði hún sér völl í einum erfiðasta geira grafíklistarinnar, tréristunni. Opið alla virka daga nema mánudaga 12-17.

☐ 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/ Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá **Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi**, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**. Sýning á verkum **Jóns Stefánssonar** listmálara má sjá í sal 2 en hann var nemandi **Matisse**.

☐ 13.00 Myndlistarmennirnir **Kristján Már**, **Jón Óskar** og **Bjarni Sigurbjörnsson** sýna í **Amina Gallerí** við **Ingólfsstræti**.

☐ 16.00 **Hye Joung Park** sýnir í galleríi **Banananas** á Laugavegi 880. Sýningin **Einskismannsland** er opin um helgar milli 16-18 fram að jólum.

### BÆKUR

☐ 20.00 **Upplestrardagskrá** í galleríi **Animu** við Ingólfsstræti. **Ásgeir Jónsson** les úr **Ljóðmælum Jóns Arasonar** ásamt **Hirti Pálssyni**. **Gerður Bolladóttir** sópransöngkona syngur lög við ljóð Jóns og **Einar Már Guðmundsson** les úr ljóðabók sinni **Ég stytti mér leið framhjá dauðanum.**

### UPPÁKOMUR

☐ 18.00 **Þóranna Dögg Björnsdóttir** nostrar við hlustir gesta **Gel Gallerís** við **Hverfisgötu** og leikur persónuleg hljóðverk milli 18-20.

☐ 11.00 **Gáttaþefur** mætir í Þjóðminjasafnið og skemmtir börnunum. Á **Torgi safnsins** stendur einnig yfir sýning sem nefnist **Sérkenni sveinanna** en þar geta börnin áttað sig á því sjálf hvað hin skrítnu þjóðlegu jólasveinanöfn þýða.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


Útvarp Boðun FM 105,5

Gefið kristilega jólagjöf! – Frábær nýr geisladiskur




3 stjörnur af 5

Gagnrýni í Morgunblaðinu; Sveinn Guðjónsson

"..vísast eiga margir eftir að sækja andlega næringu í þessa tónlist. Hún hæfir líka vel á þessum árstíma, því henni fylgir ákveðin hátíðarstemning, sem flestir kristnir menn sækja í þegar minnst er fæðingu frelsarans"

PÖNTUNARSÍMI 555 7676




Útvarp Boðun fm.105.5 er kristileg útvarpsstöð þar sem mikið af blessunarríku efni er í boði allan sólarhringinn

*Guð blessi þig!*

Hlíðarsmára 9. 200 Kópavogur 3.hæð
www.bodunarkirkjan.is
Hlustið á útvarpið á netinu eða á fm.105.5.

vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR


FORGOTTEN LORES


THE SHINS

## Í SPILARANUM

**The Format** - Dog Problems
**Forgotten Lores** - Frá heimsenda
**The Mountain Goats** - Get Lonely
**Grizzly Bear** - Yellow House
**The Shins** - Wincing the Night Away

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Komin í gull og tekur sér frí

Tónlistarkonan Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, betur þekkt sem Lay Low, fékk afhenta gullplötu á miðvikudag, en plata hennar „Please don't hate me“ hefur selst í fimm þúsund eintökum.

„Ég bjóst nú engan veginn við þessu, þetta kom mjög mikið á óvart. Ég bjóst alls ekki við svona góðum viðtökum,“ segir Lovísa, en hún mun fara í tónleikaferðalag til útlanda eftir áramót.

„Það er fínt að komast í smá frí núna áður en það byrjar, ég næ að slappa af yfir jólin.“

Helgi Pjetur Jóhannsson, útgáfustjóri hjá COD, afhenti Lovísu og upptökustjóranum, Magnúsi Árna Öder Kristjánssyni, eintak af gullplötunni kl. 17 í Skífunni í gær. Lay Low er ein af þeim fjölmörgu tónlistarmönnum sem fram komu á X-mas styrktartónleikunum í fyrrakvöld. - sgj


**GULLPLATAN AFHENT** Lay Low fékk viðurkenningu afhenta vegna góðrar sölu á plötu sinni.



**> Plata vikunnar**
Sufjan Stevens -
Songs for Christmas

★★★★

„Skemmtilegur fimm diska jólapakki frá hinum afkastamikla Sufjan Stevens. Þeir sem dýrka Illinois og Avalanche ættu að tryggja sér eintak!“ TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# Lög ársins

Nú líður að áramótum og fjölmiðlar þegar farnir að horfa til baka og skoða árið 2006 og meta. Tónlistarmiðlarnir eru komnir á fullt með ársuppgjörin og mest fer fyrir vali á plötum ársins. Þetta verður að teljast nokkuð merkilegt í ljósi þess að það eru komin nokkur ár síðan spekingar spáðu endalokum plötunnar. Yfirlýsingar um að ný tækni, netið og niðurhal gerðu þessa hefðbundnu „stóru plötu“ úrelta mátti lesa úti um allt: „Nú velja menn bara þau lög sem þeir vilja og þurfa ekki að kaupa heilu plöturnar.“

Þessar spár hafa ekki gengið eftir. Sala á geisladiskum hefur að vísu eitthvað dregist saman, en alls ekki jafn mikið og spáð var og platan er enn þá sá mælikvarði sem er notaður til að meta gæði og frammistöðu einstaka tónlistarmanna. Einn eða tveir smellir geta vakið mikla athygli, en til að sanna sig og öðlast virðingu þarftu ennþá að búa til heila plötu sem eitthvað er varið í. Það eina sem hefur breyst er að nú hala menn niður stökum lögum í staðinn fyrir að kaupa smáskífur.


**GNARLS BARKLEY** Eiga eitt af lögum ársins.

Fréttablaðið birtir á næstunni niðurstöður úr vali hóps gagnrýnenda og tónlistarpælara á plötum ársins. Ég ætla þ.a.l. ekki að fjalla um þær hér. Mig langar hins vegar að tala aðeins um lög ársins. Hvaða lög standa upp úr þegar maður skoðar árið 2006? Til að vera gjaldgengt þarf lagið helst að límast á heilann og það þarf einhver að hafa heyrt það. Þessi lög koma strax upp í hugann:

Crazy með Gnarls Barkley (heilinn á nákvæmlega engan möguleika á því að komast undan), Young Folks með Peter, Björn og John (flautið í því lagi mun hljóma í hausnum á mér að eilífu), Over and Over með Hot Chip (grúvið jafnast á við grúvið í Billie Jean!), LDN með Lily Allen (ennþá flottara en Smile), Sexy Back með Justin Timberlake (skrokkurinn fer að hreyfast í takt, jafnvel án vitundar og samþykkis heilans).

Og íslenska deildin: Freðinn fáviti með Fræ (þeir nota heilajötungrip), Love Your Bum með Eberg (grípandi og tilraunakennt, fullkomin blanda), Not Clean með Ghostigital (Mark E. Smith, Einar Örn og Curver í klikkuðu stuði), 7913 með Reykjavík! (spilist hátt, mjög hátt!), Barfly með Jeff Who? (Ennþá fast á heilanum eftir meira en ár!).

Þar hafiði það!

BBC
WORLD
SERVICE

# Áhrifamiklir hermunkar

**Nýlega kom út heimildarmynd og plata til heiðurs einni sérkennilegustu hljómsveit rokksögunnar, The Monks. Steinþór Helgi Arnsteinsson kannaði sögu Munkanna betur.**


**SVALIR** Piltarnir í The Monks höfðu vissulega sérstakt útlit en útlitið var samt sem áður tengt tónlistinni og átti að ýta undir boðskap sveitarinnar.

The Monks var stofnuð af fimm bandarískum hermönnum, staðsettum í Þýskalandi, árið 1964, þeim Gary Burger, Larry Clark, Dave Day, Eddie Shaw og Roger Johnston. Í fyrstu kölluðu þeir sig reyndar The Torquays en breyttu fljótlega um tónlistarstíl, klippingu, fatastíl og nafn. Hermennirnir rökuðu á sér munkaskalla, byrjuðu að klæðast eingöngu svörtu og það sem kannski mestu máli skiptir, framkvæmdu tilraunir með tónlist.

### Ekki fyrir melódíur

The Monks höfu að þróa sinn eigin hljóm enda komnir með leið á Chuck Berry eftirhermum. „Það tók okkur líklega ár til þess að finna rétta hljóminn. Við vorum alltaf að gera mikið af tilraunum. Sumar tilraunirnar mistókust herfilega og nokkur laganna voru hræðileg. En þau sem við héldum voru virkilega sérstök,“ útskýrir Gary Burger, aðalsöngvari og gítarleikari sveitarinnar. Meðlimir sveitarinnar hafa líka ítrekað sagt að aðaláhersla sveitarinnar væri á ryþma en ekki melódíur. Lög sveitarinnar voru tilraktfóst og fylgdu sjaldnast venjulegum popplagaformúlum.

Hljóðheimur The Monks var einnig afar frumlegur og framandi. Hljómsveitin var ein sú fyrsta til þess að vinna með hljóð endurvarp (audio feedback) og vann auk þess nokkuð með hljóðbjögun. Eitt af aðaleinkennum The Monks var líka hrár banjóhljómur en Dave Day, gítarleikari sveitarinnar, spilaði iðulega á sex strengja banjó með hefðbundnum gítargripum.


**HRESSIR** The Monks frá árinu 1995. Reyndar má geta þess að nokkrir úr sveitinni eru enn starfandi hjá bandaríska hernum.

### Áhrifin greinileg

Eina almennilega breiðskífa sveitarinnar, Black Monk Time, kom út árið 1966 og vakti kannski ekki mikla athygli þá enda á skjön við allt annað á þeim tíma. Eftir því sem árin liðu hafa tónlistarspekúlantar hins vegar gert sér meira og meira grein fyrir mikilvægi þessarar mögnuðu sveitar. Hljómsveitin hefur oft verið flokkuð með garage-böndum sjöunda áratugarins og má meðal annars finna lög með sveitinni á hinum stórfenglegu Nuggets safnplötum. Hafa einnig margir viljað meina að The Monks hafi haft jafnmikil áhrif á pönkið og til dæmis The Velvet Underground. Í þessu samhengi má reyndar benda á myndbandsupptöku, sem er meðal annars hægt að sjá á youtube.com, sem sýnir frá tónleikum sveitarinnar í þýsku sjónvarpi. Þar sést vel og heyrist hversu hrikalega hrá hljómsveitin var og því ekki að undrast að einhverjir hafi uppveðrast af hljómnum.

### Singapore Sling með á plötunni

Nú á dögunum kom út sérstök hljómplata tileinkuð þessari mögnuðu sveit. Platan heitir Silver Monk Time og þar kennir ýmissa grasa. Meðal flytjenda má til dæmis nefna Silver Apples/Alan Vega, The Raincoats, Jon Spencer og Solex, The Gossip, The 5.6.7.8's, Alexander Hacke úr Einsturzende Neubauten, Mouse on Mars, Psychic TV og The Fall sem hafa reyndar nokkrum sinnum áður sent frá sér sínar útgáfur af lögum The Monks. Ekki má heldur gleyma framlagi íslensku sveitarinnar Singapore Sling sem á eitt af 29 lögum plötunnar.

Að lokum má líka minnast á heimildamyndina The Transatlantic Feedback eftir Lucíu Palacios og Dietmar Post. Myndin kom einnig út á þessu ári og hefur meðal annars fengið frábæra dóma hjá Mojo, The Hollywood Reporter og Die Zeit. Myndin gefur góða sýn á stuttan feril þessarar mögnuðu sveitar sem hefur reyndar komið nokkrum sinnum saman á undanförnum árum.

# Léttar bombur

Þessir piltar heimsækja okkur í mars næstkomandi. Þeir risu upp úr númetal-senunni á sínum tíma, en í dag er ekki hægt að kalla tónlist þeirra neinu öðru nafni en popprokk.

Þeir eru mun skildari sveitum á borð við Red Hot Chili Peppers í dag en Korn. Þeir eru ungir að árum, flestir ennþá undir þrítugu, en hafa þó náð að punga út fimm breiðskífum á undan þessari frá árinu 1995.

Incubus hefur alltaf verið sérstaklega vönduð sveit, og verður melódískari með hverri útgáfu. Þetta er alvöru sveit, sem við höfum fengið að sjá þroskast úr lostafullu greddurokki yfir í sveit sem leggur nú aðaláherslu á aðgengilegar og ljúfar poppsmíðar.

Þannig er titill Light Grenades vel lýsandi fyrir innihaldið. Platan er full af léttum lögum, sem springa annað slagið út í létt rokk. Lagið Earth to Bella er gott dæmi um þetta. Það er ekki ein sekúnda á þessari plötu það beitt að hún skeri í eyru viðkvæmari rokkunnenda. Incubus hafa aldrei verið smeykir við slagarasmíðar og hér er að finna nokkra slíka. Helst þá lagið Dig sem hefur alla burði til þess að verða einn stærsti smellur sveitarinnar frá upphafi. Hetjulag sem myndi sóma sér vel í lokin á hádramatískri bandarískri mynd. Paper Shoes er annað sterkt lag. Flott kassagítarspil og afbragðs hrynjandi grípa eyrað strax.

Light Grenades er virkilega heilsteypt og vönduð plata. Miðað við hversu vel hlaðinn slagaralager Incubus er orðinn með þeim sex plötum sem komnar eru, ætti að vera óhætt að mæla með tónleikum sveitarinnar.

Birgir Örn Steinarsson




**TÓNLIST**
**Light Grenades**
Incubus

★★★

Sjötta breiðskífa Incubus er þeirra besta í sjö ár. Heilsteypt, grípandi og rígheldur í þann stíl sem sveitin hefur skapað sér sjálf.

# GLEÐILEG SKÍFUJÓL

## OPIÐ Í DAG FRÁ 10:00 -22:00

**Kringlunni • Smárlind • Laugarvegi**




2.199

Please Don't Hate Me
Lay Low

áritar
Áritar í dag kl:19:00 í Kringlunni




2.199

Þjóðlög
Ragnheiður Gröndal

áritar
Áritar í dag kl:16:00 í Kringlunni, 15:00 í Smáralind og 18:00 á Laugaravegi




CD+DVD

3.199

Björgvin ásamt S.Í.
CD+DVD

áritar
Áritar í dag kl:21:00 í Kringlunni og 19:00 í Smáralind



2.199

The Concept of Calzamer Music
Bardukha

áritar
Áritarog spila í dag kl:21:00 á Laugarvegi




2.199

Jól og Blíða
Baggalútur



2.199

Álfar og Fjöll
Friðrik Karlsson & Þórunn Láru



2.199

Magga Stína syngur Megas
Magga Stína




2.199

Jóhann Friðgeir og vinir
Jóhann Friðgeir




2.199

Nylon
Nylon




2.399

Love (CD+DVD)
The Beatles




CD+DVD

2.799

Sálin og Gospel
Sálin



2.199

Ástarsól - Lög Gunnars Þórðars
Óskar Pétursson

Verð geta breyst án fyrirvara

## ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

3 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

**REYKJAVÍKURNÆTUR** HARPA PÉTURSDÓTTIR VILL AÐ ALLIR ENDURNÆRIST Á RÉTTAN HÁTT UM JÓLIN

# *Desertar og dónatal*



Í pistli síðustu viku lagði ég til að karlmenn kveiktu á heilanum fyrir jólin. Það var sagt í framhaldi af því að ég hafði heyrt nokkrar mjög slæmar frásagnir kvenna af því hversu ónærgætnir karlmenn gætu verið við jólagjafainnkaup fyrir spúsur sínar; augljóst væri á gjöfunum að þeir þekktu þær lítið sem ekkert. Í kjölfarið rigndi inn sögunum af vondum gjöfum. Og ekki bara frá konum heldur fannst mörgum karlmönnum þeir knúnir til að segja mér sögur sínar. Það kom mér verulega á óvart hversu margir voru sárir og svekktir yfir því að konur þeirra gæfu þeim gjafir sem væru augljóslega ekki gefnar með ánægju þeirra og gleði að leiðarljósi.
Hvað sem því líður ákvað ég að fjalla aftur um jólagjafir en í öðru samhengi. Gjafir á milli elskenda þurfa nefnilega ekki endilega að vera efnislegir hlutir eða áþreifanlegir. Ég mæli reyndar með að karlmenn gefi konum eitthvað efnislegt, þar sem þær virðast vera meira efnishyggjuverur en karlar, en hitt má svo sannarlega vera til fyllingar.
Ég heyrði einu sinni af konu sem fékk að vera desertskál. Ég ætla ekki að fara mjög náið út í þá sálma en í grófum dráttum er það þannig að desertinn er borinn fram á konunni og það er bannað að nota hnífapör eða hendur. Þá er ég að tala um framandi ávexti, rjóma og jafnvel súkkulaði. Eitt svona lítið framtak getur orðið að hálfri, já eða heilli, kvöldstund hjá turtildúfum og skapað ógleymanlegar minningar. Með þessari stuttu dæmisögu vil ég benda á að hugarflugið getur skapað ótrúlegustu ævintýr. Ég get lofað ykkur því að desertinn góði gleymist aldrei. Og hver man svosum eftir skrítnu peysunni sem gamli kærastinn gaf á jólunum?
Jólin eru einmitt sá tími sem margir hafa nægan tíma til að slappa af og njóta vel. Þá er upplagt að rífa sig upp frá leifunum af jólasteikinni, setja vídeóið á pásu og nostra við makann sinn. Að hanga uppi í sófa og gúffa í sig reykt kjöt og nammi skilur ekki mikið annað eftir sig en aukakíló og svita í ræktinni eftir áramót. Hins vegar hvílist maður vel, en það er líka hægt að endurnærast á annan hátt og, vil ég meina, mun meira gefandi og ánægjuríkari hátt. Þess vegna ætla ég að stinga upp á því að karlmenn, og konur, kveiki á ímyndunaraflinu og finni frábæra hugmynd til að stjana við þá bragðlauka makans sem við nefnum sjaldan á nafn. Allir eiga sér jú eitthvað sem þeir óska sér í jólagjöf frá makanum og þá meina ég frá makanum einum!

# Allir í jólaskapi á X-mas

Árlegir styrktartónleikar X-ins 977, X-mas 2006, fóru fram í níunda sinn á Nasa við Austurvöll á miðvikudagskvöld. Þetta árið rann allur aðgangseyrir til BUGL, Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans.
Fram komu: Brain Police, Dr. Spock, Skakkamannage, Reykjavík!, Toggi, Lay Low, Pétur Ben, Sprengjuhöllin, Dikta, Future Future, Noise, Ultra Mega Teknóbandið Stefán og Wulfgang.
Eins og venjan er spiluðu nokkrar hljómsveitir frumsamin jólalög, þar á meðal Skakkamanage og Sprengjuhöllin. Undirtektirnar voru góðar og ljóst að áhorfendur voru komnir í gott jólaskap að tónleikunum loknum.



**SPRENGJUHÖLLIN** Hljómsveitin Sprengjuhöllin frumflutti jólalagið sitt Sprengjuhjól. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**PÉTUR BEN** Tónlistarmaðurinn Pétur Ben var á meðal fjölda tónlistarmanna sem komu fram á X-mas.



**TOGGI** Tónlistarmaðurinn Toggi, sem gaf út plötu á árinu, söng af mikilli innlifun.



**Í GÓÐU STUÐI** Karen, Helen, Eiki og Sigrún Kristín voru í góðu stuði á Nasa.



**FÉLAGAR** Félagarnir Skúli Steinar og Alexander létu sig ekki vanta á X-mas.



**JÓLAKÓR** Hvítklæddur karlakór söng gullfallega með Togga í Coca Cola-jólalagi hans.



**ALDREI STERKARI** Kate Hudson segist aldrei hafa verið sterkari en nú, eftir að hún reyndi fyrir sér á súlunni góðu.

## Hrifin af súludansi

Súludans virðist eiga betur við leikkonuna Kate Hudson en við Lindsay Lohan. Lohan kvartaði nýlega undan því að hún væri illilega lemstruð eftir æfingar í súludansi, og sagðist vera blá og marin á báðum lærum. Hudson hvetur hins vegar konur til þess að reyna fyrir sér í dansinum og segir alla geta náð tökum á listinni. Hudson segist jafnframt aldrei hafa verið sterkari en eftir að hún fór að leggja stund á súludans, og stærir sig af því að geta nú klifið súlu án þess að nota tærnar.



**VICTORIA BECKHAM** Segir betra að stunda kynlíf með stutt hár.

## Klippti sig fyrir kynlífið

Victoria Beckham segir í nýlegu viðtali að hún hafi klippt á sér hárið til þess að geta stundað meira kynlíf með eiginmanni sínum, fótboltamanninum David Beckham. „David vill heldur að ég sé með stutt hár, en hárlengingar geta flogið út um allt í miðjum ástarleik," segir Victoria. Kynlíf þeirra hjóna er greinilega í góðum gír en nýlega sást David kaupa kynæsandi undirföt og á Victoria því greinilega von á góðum glaðningi um jólin.



**HALLE BERRY** Leikkonan Halle Berry ætlar að gefa út sína fyrstu plötu á næsta ári.

## Upptökum á plötu lokið

Óskarsverðlaunaleikkonan Halle Berry hefur nýlokið við upptökur á sinni fyrstu plötu. Berry hefur sungið töluvert lengi en gengið svo langt að búa til plötu.
Nýja platan, sem mun bera nafn leikkonunnar, verður gefin út einhvern tímann á næsta ári. „Ég hef alltaf haft gaman af því að syngja. Þessi plata mun sýna að ég get gert fleira en að leika," sagði Berry.



**WHAM!** Hljómsveitin Wham! sló í gegn á níunda áratugnum.

## Ridgeley hætti við

Ekkert varð af endurkomu dúettsins Wham! á tónleikum George Michael á Wembley á dögunum. Ástæðan var sú að Andrew Ridgeley, hinn meðlimur Wham!, hafði ekki taugar í að koma fram á nýjan leik.
Andrew ætlaði að syngja nokkur Wham!-lög með Michael á tónleikunum en hætti við á síðustu stundu.
Wham! sló í gegn á níunda áratugnum með lögum á borð við I´m Your Man og Club Tropicana. Dúettinn hætti störfum árið 1986 á kveðjutónleikum á Wembley. Síðan þá hefur lítið farið fyrir Ridgeley á meðan George Michael hefur gefið út fjölda sólóplatna. Ridgley er nú kvæntur Keren Woodward, fyrrum söngvara Bananarama.

# Kynntist kærastanum á Myspace

„Jenna og ég kynntumst á Myspace, hún óskaði eftir mér sem „vini" á vefnum og þannig hófst þetta allt," segir bardagaíþróttakappinn Tito Ortiz um hvernig hann og kærastan hans, Jenna Jameson, kynntust. Jenna er ein frægasta klámmyndastjarna í heiminum og samkvæmt könnunum sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum er hún draumaprinsessa margra karlmanna þar í landi. Jenna hefur nú sest í helgan stein og vill heldur freista gæfunnar annars staðar en í klámmyndum, en hefur ekki ákveðið sig hvert skal haldið. Ævisaga hennar, How to make love like a pornstar, seldist í bílförmum í Bandaríkjunum. Eftir útgáfu hennar breyttu margir skoðunum um sínum á Jennu, en í bókinni kemur fram hvernig hún hraktist í klámiðnaðinn, þar sem hún skapaði sér stórveldi úr nánast engu. Tito, kærasti Jennu, er einnig afar þekkt persóna í Bandaríkjunum, fyrir að berjast í blönduðum bardagalistum. Hefur hann komið fram í þáttum á borð við Jay Leno, Conan O'Brian og vilja margir meina að hann sé einn litríkasti íþróttamaður Bandaríkjanna síðan Mike Tyson trónaði á toppi hnefaleikaheimsins. Kemur það því mörgum á óvart að þau hafi kynnst á netinu, hvað þá heimasíðunni Myspace. „Við sendum svo hvort öðru skilaboð sem seinna urðu að tölvupóstum þar til við fórum svo loks á stefnumót og síðan þá hefur ekki slitnað slefið á milli okkar," segir Tito sem kveðst vera ástfanginn af Jennu og skeytir engu um fortíð hennar. „Hún er gáfuð, með sterkt viðskiptavit og góðan húmor," segir Tito um ástkonu sína, en hún hefur verið viðstödd alla bardaga hans síðan þau fóru að vera saman. - hal



**TITO ORTIZ OG JENNA JAMESON** Kynntust á myspace og eru afar ástfangin í dag.



**JENNA JAMESON** Seldi nýlega vörumerki sitt til Hugh Hefner fyrir dágóða summu.



Verkfæralagerinn
Blað 210mm laser – Hjólsög 1600w
kr. 9760,- stgr.
Blað 185mm laser – Hjólsög 1400w m/ aukablaði
kr. 6750,-
Blað 185mm laser – Hjólsög 1400w m/ aukablaði
kr. 8995,-
Ø 140 Hjólsög 750w kr. 3625,-
Hjólsög Metal og Wood 1650w kr. 3625,-
Ø 185 24T / Ø 185 48T
Hjólsagir frá kr. 3.625,- stgr
Flísasagir 450 w kr. 7625,- stgr.
Minna land 450 w verð frá kr. 6120,-stgr.
Tifsög kr. 8260,- stgr.
Fræsarar
9540,- verð frá kr. 7795,- stgr.
Þurrgeymir m/ starti kr. 13.347,- stgr.
Hleðslutæki
Verð frá kr. 3860,- stgr.
Háþrýstiþvottatæki
1650w / 390 l/h kr. 7315,- stgr.
1600w / 390 l/h á hjólum kr. 8250,- stgr.
1500w / 360 l/h sjálfvirkt start/stopp
kr. 10750,- stgr.
1800w 360 l/h kr. 16250 stgr.
Rafstöðvar
Bensín / 2300 w / 5.5 HP kr. 44.750,- stgr.
Bensín / 950w / 2.4 HP kr. 34999,- stgr.
Blönduð / 2 HP 17995,- stgr.
Þurrpressa / 7 bör / 8 l tankur kr. 13995,- stgr.
Þurrpressa / 8 bör / 25 l tankur / 1100w kr. 15900,- stgr.
Olíu / 8 bör / 25 l tankur / 1500w kr. 14995,- stgr.
Transarar
160 AMP kr. 12.995,-
100 AMP kr. 9720,-
Strigar frá kr. 85,- stgr.
Föndursett
160w / 15000 – 35000 rpm
kr. 3750,- stgr.
Plastkassi 45 x 26 x 29 cm kr. 4720,- stgr
57 x 26 x 26 cm kr. 5310,- stgr.
Taska kr. 9590,- stgr.
Taska kr. 2520,- stgr.
Taska kr. 4695,- stgr.
Penslar frá
kr. 245,- stgr.
Trönur frá
kr. 2650,- stgr.
Borðtrönur frá
kr. 785,- stgr.
Bílaþvottakústar
kr. 1865,- stgr.
Hjólatjakkar (2 tonna) frá
kr. 3260,- stgr.
Stigar frá kr. 13.995,- stgr.
Stigi 4785,- stgr.
Stigar frá 2997,- stgr.
Hleðslukastarar
55 w 1.000.000 Candle
Power kr. 1430,- stgr.
25 w 500.000 Candle
Power kr. 1450,- stgr.
75w 2.000.000 Candle
Power kr. 1580,- stgr.
Skrúfjárn 6 stk.
kr. 1050,- stgr.
Verkfærakassi
kr. 3995,- stgr.
kr. 1495,-stgr.
Trésagir frá kr.
940,- stgr.
¼ " Topplyklasett
33 stk kr. 4995,-
stgr.
LED Höfuðljós
3 Stillingar 2/4/8 LED
kr. 1885,-
Bílaviðgerðarbretti
kr. 6999,- Verð frá kr. 4855,- stgr.
Viðgerðarstóll
kr. 5520,- stgr.
Lofthöggvélar
850w 5125,- stgr.
850w í tösku 6750,- stgr.
1500w í tösku 12.250,-
Hleðsluskrúfjárn
4,8 v / 2oo rpm / 5h
kr. 1725,- stgr.
Klaufhamrar
Tréskaft frá kr. 195,- stgr.
Fíberskaft frá kr. 245,- stgr.
Stálskaft frá kr. 265,- stgr.
Lástöng
kr. 1365,-
verð frá kr. 450,- stgr.
Tangir
Verð frá kr. 175,- stgr.
Hleðsluborvél 18v
1 klst. Hleðsla kr. 8250,- stgr.
Verð frá kr. 2135,- stgr.
Verkfæralagerinn
DeWALT
Verkfæralagerinn ehf.
Skeifan 8
108 Reykjavík
Sími 5886090. - Fax 5885040
vl@simnet.is
Opið 21 Des 09,00-22,00
22 " 09,00-22,00
23 " 09,00-22,00
24 " 10,00-13,00
25 " Lokað
26 " Lokað
27 " 10,00-18,00
28 " 09,00-18,00
29 " 09,00-19,00
30 " 10,00-16,00
31 " Lokað



**MADONNA OG RITCHIE** Söngkonan Madonna ætlar að feta í fótspor eiginmanns síns og leikstýra sinni fyrstu kvikmynd.

## Madonna leikstýrir

Söngkonan Madonna ætlar að feta í fótspor eiginmanns síns Guy Ritchie og leikstýra sinni fyrstu kvikmynd. Myndin nefnist Blade to the Heart og er byggð á ævi boxaranna Emilie Griffith og Benny „Kid“ Paret. Lést Paret árið 1962 eftir bardaga við Griffith.

Fyrirtæki Madonnu, Maverick Entertainment, mun framleiða myndina og er talið að Madonna muni bæði leikstýra og leika í myndinni.



**KEANE** Hljómsveitin Keane spilar lag eftir The Cult á næstu smáskífu sinni.

## Í fótspor The Cult

Breska hljómsveitin Keane spilar sína útgáfu af lagi rokksveitarinnar The Cult, She Sells Sanctuary, á næstu smáskífu sinni sem kemur út 22. janúar.

Aðallag smáskífunnar, A Bad Dream, er að finna á nýjustu plötu Keane, Under the Iron Sea, sem kom út fyrr á þessu ári.

The Cult átti blómatíma sinn á níunda áratugnum og gerði m.a. fræg lögin Sweet Soul Sister, Lil Devil, Fire Woman og Wild Flower. Keane sló í gegn með sinni fyrstu plötu, Hopes and Fears, sem kom út fyrir tveimur árum. Hafði hún að geyma lög á borð við Somewhere Only We Know og Everybody´s Changing.



**LARA FLYNN BOYLE** Á meðal fyrri kærasta leikkonunnar eru Jack Nicholson og David Spade.

## Gengin út

Leikkonan Lara Flynn Boyle kom aðdáendum sínum á óvart þegar hún giftist Donald Ray Thomas í Texas á dögunum. Boyle, sem er 36 ára, hefur leikið í myndum á borð við Wayne´s World, Men in Black, auk þess sem hún lék í sjónvarpsþáttunum Twin Peaks. Hún fékk jafnframt tilnefningu til Emmy-verðlaunanna fyrir hlutverk sitt sem Helen Gamble í The Practice.

Á meðal kærastanna sem hin grannvaxna Boyle hefur átt í gegnum tíðina eru Jack Nicholson og David Spade.

# Skýrslurnar um Lennon loksins gerðar opinberar

**John Lennon vildi ekki bindast neinum samtökum sem voru á móti Bandaríkjunum en þetta kemur fram á síðustu tíu blaðsíðunum í skýrslu sem Alríkislögreglan gerði um hinn friðelskandi bítil.**




**RÚMSETAN FRÆGA** John Lennon situr hér í rúminu með Yoko Ono í frægri mótmælasetu þeirra í New York árið 1972.

Síðustu blaðsíðurnar í eftirlitsskýrslu FBI, Alríkislögreglu Bandaríkjanna, um John Lennon koma loks fyrir augu almennings eftir aldarfjórðungs baráttu sagnfræðingsins Jon Wiener. Alríkislögreglan hefur hingað til neitað að láta þessar síðustu síður af hendi og borið fyrir sér að þær gætu hugsanlega ógnað stjórnmálasambandi Bandaríkjanna við önnur lönd.



Talið er að mótmælaseta Johns Lennon og Yoko Ono í rúmi þeirra hjóna í New York árið 1972 hafi gefið bandarískum yfirvöldum næga ástæðu til að fylgjast grannt með hinum friðsama bítli. Reyndar hefur áður komið fram að Alríkislögreglan hafi haft augun á Lennon á árunum 1971 til 1972 en mótmælasetan gaf henni tilefni til að fylgjast enn betur með Lennon enda vakti athæfið heimsathygli.

Alríkislögreglan kom upp hlerunarbúnaði og fylgdist með Lennon í daglegu lífi og sýna skýrslurnar að John átti nokkra fundi við hinn vinstrisinnaða Red Mole sem studdi skæruliða í Kambódíu gegn Bandaríkjunum. Hins vegar kemur einnig skýrt fram að Lennon hafi aldrei gefið neinum færi á sér og vildi alls ekki láta tengja sig við einn eða neinn hóp.

Jon Wiener ákvað að krefjast skýrslnanna eftir að hann skrifaði ævisögu bítilsins skömmu eftir andlát hans árið 1981. Wiener fékk aðgang að einhverjum hluta skjalanna en öðrum var haldið leyndum vegna „þjóðaröryggis“. Árið 1997 fékk Wiener síðan stóran hluta þeirra gagna sem Alríkislögreglan hafði um John Lennon en sem fyrr neitaði stofnunin að afhenda honum síðustu tíu síðurnar þar til fyrir skömmu. Alríkislögreglan hefur alltaf borið fyrir sig að síðustu blaðsíðurnar gætu ollið milliríkjadeilum en Wiener hló að slíkum fyrirslætti. „Ég held að Tony Blair ætli ekki að ráðast inn í Bandaríkin vegna þeirra,“ sagði sagnfræðingurinn.



**NOEL GALLAGHER** Noel hefur gagnrýnt Green Day fyrir lagastuld.

## Gagnrýnir Green Day

Noel Gallagher, aðallagahöfundur Oasis, hefur gagnrýnt bandarísku rokksveitina Green Day fyrir að hafa notað hljóma úr einu frægasta lagi Oasis, Wonderwall, í lagið Boulevard of Broken Dreams.

Noel kippir sér samt ekki mikið upp við þetta og amast aðallega við tímasetninguna. „Þeir hefðu átt að sjá sóma sinn í því að bíða þangað til ég myndi deyja,“ sagði hann. „Ég sýni fólkinu sem ég stel frá alla vega þá virðingu.“

# Kajak siglt í höfn

Hljómsveitin Benni Hemm Hemm hélt útgáfutónleika í Tjarnarbíói síðastliðið föstudagskvöld. Fagnaði sveitin þá útgáfu annarrar plötu sinnar, Kajak, sem hefur fengið mjög góðar viðtökur. Var hún m.a. tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem besta poppplatan.

Ásamt Benna Hemm Hemm komu fram á tónleikunum hljómsveitirnar Skakkamanage, Retro Stefson og Hjaltalín. Kynnir kvöldsins var myndasöguhöfundurinn Hugleikur Dagsson.



**VEL SÓTT** Tónleikarnir í Tjarnarbíói voru vel sóttir, enda Benni Hemm Hemm búinn að festa sig vel í sessi hér á landi.



**BENNI HEMM HEMM** Hljómsveitin Benni Hemm Hemm spilaði lög af sinni nýjustu plötu, Kajak. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**HJALTALÍN** Hljómsveitin Hjaltalín var á meðal þeirra sem hituðu upp fyrir Benna Hemm Hemm.

# Vönduð og hátíðleg

Góð jól er fyrsta plata hljómsveitarinnar Brooklyn Fæv, sem sló fyrst í gegn árið 1998 þegar hún vann Söngvakeppni framhaldsskólanna með því að syngja án undirleiks.

Sama ár kom út jólalagið Sleðasöngurinn og fyrir tveimur árum kom síðan út annað jólalag, Einmana á jólanótt. Bæði þessi lög eru á plötunni auk níu laga til viðbótar, þar á meðal Góða ósk um gleðilega hátíð. Er það íslensk útgáfa af laginu Have Yourself a Merry Little Christmas og er enginn annar en Raggi Bjarna gestasöngvari.

Það er skemmst frá því að segja að Góð jól er bæði vönduð og hátíðleg jólaplata þar sem fallegar raddanir eru í fyrirrúmi. Lagið með Ragga Bjarna er eitt það eftirminnilegasta og hefði hann alveg mátt koma oftar við sögu á plötunni, svo vel stendur hann sig. Íslenskir textar hafa verið gerðir við nokkur af eldri lögunum og stendur Bragi Valdimar Skúlason úr Baggalúti sig með prýði í þeirri aðlögun.

Það er greinilegt að Brooklyn Fæv hafa lagt mikið í gerð þessarar plötu og unnið sína vinnu afar vel. Þetta er tvímælalaust plata sem hægt er að skella á fóninn til að komast í jólaskap.

**Freyr Bjarnason**




**TÓNLIST**

**Góð jól**

Brooklyn Fæv

★★★

Hátíðleikinn er í fyrirrúmi á fyrstu plötu Brooklyn Fæv. Raggi Bjarna á góða innkomu og mætti alveg vera meira áberandi.

# Ragna Fróða flytur

„Það er vægast sagt brjálað að gera en það er líka bara alveg rosalega skemmtilegt,“ segir Ragna Fróða fatahönnuður. Auk þess að sinna eigin hönnun, Path of Love, og verslun við Laugaveginn er hún að undirbúa flutning starfseminnar í nýtt húsnæði og stefnir að því að opna þar um áramótin.

„Ég er alveg rosalega ánægð með nýja húsnæðið. Það er á horni Frakkastígs og Kárastígs en snýr í raun út að Frakkastígnum en ég spái því að það sé hinn nýi Laugavegur í verslunarumhverfi Reykvíkinga. Ég held að síðasta mjólkurbúðin í Reykjavík hafi haft aðsetur í þessu húsi og svo hefur verið þarna hver verslunin á fætur annarri í gegnum tíðina. Þetta hús býr yfir réttu stemningunni, það verður svona minni og þéttari verslun og verkstæði sem hentar okkur, svo þetta á örugglega eftir að ganga vel.“

Ragna lætur ekki staðar numið við flutningana og er með enn fleiri spennandi hluti í bígerð á næstunni sem tengjast Path of Love. „Um helminginn af því sem við erum að selja eru sérpantanir þar sem konur koma og velja út úr línunni og fá sérsaumað eftir máli. Þetta hentar okkur vel þar sem við erum með þessa vinnustofu og verslunina á sama stað auk þess eru efnin sérunnin af okkur og/eða sérpöntuð að utan. Nú er ég með í bígerð að fá sérunnin efni frá verksmiðju á Indlandi svo það er alveg heilmikið að gerast.“ **- mag**



**Á FÖRUM** Fatahönnuðurinn Ragna Fróða flytur verslun sína um áramótin.

# Fátt er mikilvægara en fjölskyldumáltíðin

## Einfaldar og ljúffengar uppskriftir að hætti Jóhönnu Vigdísar




Bókina prýða glæsilegar ljósmyndir feðginanna Silju Magg og Magnúsar Hjörleifssonar.

Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir sjónvarpskona er snilldarkokkur og hefur brennandi áhuga á mat og matargerð. Í þessari bók opnar hún heimili sitt og leyfir lesendum að fylgjast með sér við eldamennskuna.

Með ferskt hráefni, frjóar og skemmtilegar hugmyndir og smitandi matargleði í farteskinu galdrar hún fram gómsæta rétti við allra hæfi og gefur jafnframt ýmis hollráð.

„Mikið hlakka ég til að elda eftir bókinni! Áherslur Jóhönnu Vigdísar í matargerð eru alveg að mínu skapi – og hún er fyrsta flokks kokkur!“
Sirrý – Sigríður Arnardóttir

„Jóhanna Vigdís galdrar áreynslulaust fram einstakar kræsingar sem fleiri fá nú sem betur fer að njóta.“
Kristján Arason

„Alveg meiriháttar bók.“
Felix Bergsson / 6 til 7 á Skjá einum

Jóhanna Vigdís hefur unnið við matarblaðamennsku í Sviss og á Íslandi og skrifað í matarblöð af ýmsu tagi um árabil. Hún hefur starfað sem sjónvarpsfréttakona í tólf ár og er landsmönnum að góðu kunn af skjánum.

Jóhanna Vigdís áritar bók sína í verslun Máls og menningar á Laugavegi í dag, föstudaginn 22. desember, kl. 17.00.

JPV ÚTGÁFA

Bræðraborgarstíg 7
101 Reykjavík
Sími 575 5600
www.jpv.is



MEÐ HNÍF OG GAFFLI
Þráinn Bertelsson

# Hornið heimilislega

Meðalaldur íslenskra veitingahúsa er ekki hár. Til dæmis tók veitingastaðurinn Hornið í Hafnarstræti til starfa árið 1979 og er nú meðal elstu veitingahúsa í höfuðborginni þótt aldurinn sé innan við þrjátíu ár.

Veitingarekstur hefur að sjálfsögðu verið stundaður á Íslandi um aldir (samanber fræga bændagistingu á Öxl í Breiðuvík um miðja 16. öld) þótt ekkert veitingahús á landinu eigi meira en um hálfrar aldar samfellda sögu.

Ef maður svipast um í evrópskum borgum þykja þrjátíu ár ekki hár aldur. Pétursjkallari (Peterskeller) í Salzburg tók til starfa árið 803. Þar hafa margir gestir notið veitinga og frægastir allra eru þeir Fást og Kölski sem mæltu sér þar mót endur fyrir löngu til að ræða viðskipti.



Norður-Evrópa státar ekki af svona gömlum vertshúsum. Rules í Covent Garden í Lundúnum opnaði ekki fyrr en árið 1798. Þá hafði Le Procope í París verið starfandi frá árinu 1686. Þar voru Voltaire, Rousseau og Diterot fastagestir. Þar snæddu byltingarforingjarnir Danton, Marat og Robespierre og þar skrifaði Benjamín Franklin hjá sér punkta sem seinna voru notaðir í sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjanna.

Hinn gyllti friður (Den gyldene freden) er aldursforseti norrænna veitingahúsa og hefur státað af góðum veitingum síðan 1722.

Næstelsta veitingahúsið á Norðurlöndum segja menn að sé Restaurant Allegade 10 í Kaupmannahöfn frá 1780 og í Osló hefur Gamla ráðhúsið verið starfrækt sem matsölustaður í 150 ár en Kasaniemi mun vera elsti veitingastaðurinn í Helsinki, frá 1836.

Hvað sem því líður þá hefur Hornið í Hafnarstræti 15 notið vinsælda í langan tíma á íslenskan mælikvarða – og væri sjálfsagt elsta veitingahús veraldar ef miðað væri við höfðatölu. Hinar stöðugu vinsældir byggjast á því að staðurinn er rekinn af myndarskap og boðið upp á veitingar og þjónustu sem henta bæði ferðamönnum og heimamönnum. Aðaláherslа er á pítsur og pasta, en auk þess eru á matseðlinum fisk- og kjötréttir svo að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Afgreiðslan gengur fljótt og rösklega fyrir sig, hráefnið er gott og kokkarnir kunna til verka.

Maturinn á Horninu er ágætur, stemningin er frjálsleg og notaleg og þernurnar snarar í snúningum. Þar er ekki lögð áhersla á að nema ný lönd í matargerðarlist, en það er líka kúnst út af fyrir sig að gera stórum og fjölbreyttum viðskiptamannahópi til hæfis daginn út og inn í næstum þrjátíu ár án þess að hægt sé að greina stöðnun eða þreytumerki.

**Hornið**
**Hafnarstræti 15**
**101 Reykjavík**

Þríréttuð máltíð fyrir tvo, vatn og rauðvínsglas og kaffi á eftir kostaði 12.570 kr. (Sjávarréttasúpa 1.050 kr., hvítlaukssteiktir sniglar 1.350 kr., sjávarréttapanna 2.600 kr., lambafillet 3.800 kr., eplakaka 850 kr. og vanilluís 900 kr).
Plúsarnir eru: Notaleg stemning, heimilislegur matur, röskleg þjónusta.
Mínusarnir eru: Fyrir rúman 6.000 kall á mann á maður heimtingu á að fá aðeins meira en notalega stemningu, heimilislegan mat og rösklega þjónustu.

# Blíður töffari

Söknuður hefur að geyma nýjar upptökur af sextán þekktum lögum eftir Jóhann Helgason. Jóhann á ógrynni laga sem hafa náð miklum vinsældum ýmist í flutningi hans sjálfs og þeirra hljómsveita sem hann hefur verið meðlimur í eða í flutningi annarra. Hér syngur Jóhann lögin öll sjálfur við undirleik Jóns Ólafssonar píanóleikara, Guðmundar Péturssonar gítarleikara, Friðriks Sturlusonar bassaleikara og Jóhanns Hjörleifssonar trommuleikara. Útsetningar eru eftir Jón Ólafsson.

Það orkar oft tvímælis þegar tónlistarmenn gera heilar plötur með nýjum útgáfum af gömlum smellum. Oftar en ekki vantar neistann í nýju upptökurnar jafnvel þó að öll vinna í kringum þær sé til fyrirmyndar og maður skilur ekki af hverju gömlu sígildu upptökunum var ekki frekar bara safnað saman til útgáfu. Söknuður fellur ekki í þennan flokk „óþarfa" endurvinnsluplatna bæði vegna þess að hér eru nýjar útsetningar á ferðinni og vegna þess að mörg þessara laga hafa ekki komið út með Jóhanni sjálfum áður.

Jóhann Helgason er einn af okkar fremstu lagasmiðum eins og heyrist glöggt þegar hlustað er á þessa plötu. Hún er stútfull af flottum lagasmíðum. Á meðal laga eru Yaketty Yak Smacketty Smack, Poker, She's Done It Again, Sail on, Ástin og lífið, Í Reykjavíkurborg, Ástin mín ein, Karen Karen og titillagið Söknuður. Allt frábær lög sem við þekkjum í flutningi jafn ólíkra flytjenda og Þú og ég, Vilhjálms Vilhjálmssonar, Björgvins Halldórssonar og Magnúsar og Jóhanns.

Útsetningar Jóns Ólafssonar eru hættulega nálægt því að vera karakterlaust „easy-listening" miðjumoð, en söngur Jóhanns lyftir þeim á hærra plan. Það er hrein unun að hlusta á þessa mjúku og viðkvæmnislegu en á sama tíma töffaralegu söngrödd og það verður að segjast Jóni til hróss að söngurinn nýtur sín til fulls í þessum útsetningum.

Trausti Júlíusson




**TÓNLIST**
**Söknuður**
Jóhann Helgason
★★★★
Söknuður hefur að geyma nýjar upptökur af nokkrum af þekktustu lögum Jóhanns Helgasonar. Ágæt plata sem sýnir að Jóhann er ekki bara öndvegis lagasmiður. Hann er líka frábær söngvari.

# Cohen er kóngurinn

**Ricky Gervais segist ekki lengur vera fyndnasti maður Bretlands en hann hefur verið ókrýndur konungur grínsins í heiminum um nokkurt skeið. Arftakinn kemur hins vegar fáum á óvart.**



**GERVAIS** Leikur Mr. McPhee í kvikmyndinni Night at the Museum en hún er fyrsta Hollywood kvikmynd hans.

Gervais lýsti því yfir í viðtali við The Sun að Sascha Baron Cohen hlyti að bera þennan titil en þessa „þungu" kórónu hefur Gervais mátt burðast með um nokkurt skeið. „Það er auðvelt að fá fólk til að hlæja en Cohen færir það upp á annað svið," sagði Gervais við The Sun. Cohen var nýverið tilefndur til tveggja Golden Globe verðlauna fyrir kvikmynd sína um blaðamanninn Borat og gladdist Gervais mikið yfir því en sjálfur á hann tvo gullhnetti fyrir Office-þáttaröðina. „Hann er mjög hugrakkur og ég gæti aldrei gert það sem hann er að gera því ég myndi aldrei þola þessar morðhótanir sem hann hefur fengið," sagði Gervais við The Sun.

Gamanleikarinn studdi líka við bakið á góðum vini sínum Jonathan Ross sem nýverið gerði risasamning við BBC og hefur verið gagnrýndur harðlega af öðrum breskum gamanleikurum fyrir að selja sálu sína. „Ross er þyngdar sinnar virði í gulli. Ef fólki finnst hann ekki fyndinn getur það bara skipt um stöð," sagði Gervais.

Ricky er einn fárra breskra gamanleikara sem tekist hefur að rjúfa múrinn milli Bretlands og Bandaríkjanna enda hefur þáttur hans Extra slegið í gegn hjá elítunni í Hollywood. Í vikunni er síðan komið að stóru stundinni hjá hinum knáa Gervais en þá verður stórmyndin Night at the Museum frumsýnd en hún skartar meðal annars Ben Stiller og Owen Wilson í aðalhlutverkum auk þess sem Stefán Karl Stefánsson talar fyrir kolbrjálaðan víking. Gervais viðurkenndi að hann hefði aldrei dreymt um að þetta yrði hans næsta skref, að leika í stórri Hollywood-mynd. „Ég fékk tölvupóst frá Ben Stiller þar sem hann bað mig um að leika í myndinni. Ég var bara að endurgjalda honum greiðann fyrir að hafa leikið í Extras," útskýrði Gervais. „Ég var ekki viss um að þetta væri hið rétta fyrir mig en eftir því sem ég sagði oftar nei því meir átti ég að fá borgað," bætti gamanleikarinn við.



Gervais taldi að breskir leikarar væru of fljótir á sér þegar gylliboðin frá kvikmyndaborginni kæmu. Þeir fengju einn góðan dóm heima fyrir og væru síðan roknir vestur um haf. „Síðan mistekst þeim þar, koma heim og leika í kvikmynd sem fer beint á DVD," útskýrði Gervais sem viðurkenndi að loksins hefði hann smitast af leiklistarbakteríunni eftir þátttöku sína í Night at the Museum. „Þegar ég lék í síðasta atriðinu mínu leið mér eins og alvöru leikara," sagði Gervais og lýsti því yfir að aðdáendur hans mættu eiga von á fleira slíku frá honum. „Þetta er lífið handa mér."

**BORAT** Gervais hefur afhent Sascha Baron Cohen titilinn fyndnasti maður heims en Gervais hefur borið hann um þónokkurt skeið.

# Íslandið hans Eastwood

Ferðamálafrömuðir á heimasíðunni travelbites.co.uk hvetja nú fólk til þess að heimsækja Ísland í ljósi þess að sjálfir Clint Eastwood og Steven Spielberg hafi valið landið sem tökustað í kvikmyndinni Flags of Our Fathers.

Bretarnir segja að náttúrufegurð Reykjanesskagans sé slík að stórmenni Hollywood eigi ekki aukatekið orð og að drengjabandið Take That hafi hreinlega orðið að nota sömu staðsetningu í myndbandi þeirra við lagið Patience. Á síðunni er enn fremur ritað um Reykjanesið: „Aðeins klukkustund frá Reykjavík má finna Reykjanes, en fáir staðir eru jafn kjörnir til þess að meðtaka grófa en stórbrotna náttúru landsins."

Ísland hefur fengið mikla athygli í alls kyns miðlum undanfarið vegna Flags of Our Fathers en varla líður dagur án þess að viðtal birtist við Eastwood þar sem hann lofar landið í hástert. Í fæstum viðtölum kemur þó fram að landið hafi einungis verið staðgengill Iwo Jima, en Clint fékk ekki leyfi til þess að mynda þar, enda friðaðar og sögufrægar slóðir. Þess vegna þurfti hann að leita á Reykjanes, en svarti sandurinn er afar vandfundinn. - hal



**ÍSLENSKAR SLÓÐIR Í FLAGS OF OUR FATHERS** Samkvæmt ferðamálafrömuðum er Reykjanes kjörinn staður til að berja stórbrotna náttúru landsins augum.



**CLINT EASTWOOD** Eftir að Eastwood fékk áhuga á Íslandi hafa fleiri fylgt í kjölfarið, til dæmis breska drengjasveitin Take That.



BT
James Bond
Safnið
007 ALLAR MYNDIRNAR
40 DVD DISKAR
2.799
2.799
Vaxtalaust 12 mán.
33.588
Staðgreitt
ÍSLENSKUR TEXTI
Nú færðu allar Bond myndirnar í stórglæsilegri skjalatösku merkta ofurnjósnaranum sjáfum 007.
Allar myndirnar hafa verið endurbættar fyrir stafræn gæði, bæði hljóð og mynd. Þetta er jólagjöf Bond aðdáandans!
Aðeins í
BT








## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fjölmiðlar í Bandaríkjunum héldu því fram að lag söngkonunnar **Beyoncé Knowles**, Ring The Alarm, fjallaði um kærasta hennar **Jay-Z** og nýstirnið **Rihanna**. Því var haldið fram að Jay-Z og Rihanna hefðu átt í leynilegu ástarsambandi, en Rihanna skrifaði nýlega undir samning við Def Jam, fyrirtæki Jay-Z. „Þessar sögusagnir um að lagið sé um Jay og Rihönnu eru alveg út í hróa hött, merkilegt hvað fólk getur fundið upp á," segir Beyoncé, sem er sátt með sínum manni.



Óskarsverðlaunahafinn **Reese Witherspoon** flytur nú búferlum frá Hollywood, en henni líkar ekki stjörnubærinn lengur. Reese hyggur á að flytja til fjölskyldu sinnar á heimaslóðum í Suðurkarólínu. Nýlega skildi Witherspoon við eiginmann sinn til sjö ára, Íslandsvininn **Ryan Phillippe**. Reese tekur tvö börn þeirra með til Karólínu, en þau hafa nú þegar hafið nám þar suður frá.








**SÁLIN OG GOSPEL** Sálin hans Jóns míns hefur slegið í gegn með tónleikum sínum og Gospelkórs Reykjavíkur.

# Sálin í átta þúsund

Platan Lifandi í Laugardalshöll með Sálinni hans Jóns míns og Gospelkór Reykjavíkur hefur selst í átta þúsund eintökum fyrir þessi jól.

Platan hefur verið uppseld síðustu daga en nýtt upplag er komið í verslanir. Platan hefur að geyma mynd- og hljóðupptökur frá tónleikum Sálarinnar og Gospelkórsins sem fóru fram í haust fyrir fullu húsi. Þann 30. desember verða aðrir tónleikar haldnir vegna mikillar eftirspurnar. Fáir miðar eru eftir og fer miðasala fram á midi.is.



**SKAKKAMANAGE** Hljómsveitin mun vafalítið spila nýja jólalagið sitt Costa Del Jól.

# Jólalegir tónleikar

Hljómsveitirnar Skakkamanage og FM-Belfast halda tónleika á efri hæðinni í Barnum í kvöld. Skakkamanage hefur vakið mikla athygli með lagi sínu Costa Del Jól og mun hljómsveitin vafalítið spila það. Einnig spilar sveitin væntanlega lög af fyrstu plötu sinni Lab of Love.

Tónleikarnir hefjast um tíuleytið og er frítt inn. Eru allir þeir sem hafa lokið jólagjafainnkaupum sínum þann daginn hvattir til að líta við.







| | | |
|---|---|---|
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 13:00 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 14:40 | Leyfð |
| ÁSTRÍKUR OG KLEÓPATRA Ísl tal | kl. 16:15 | Leyfð |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 18:10 | Leyfð |

GÓÐA SKEMMTUN! GLEÐILEG JÓL







| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl. 6:15 - 9 - 10:30 | B.i.12 | SANTA CLAUSE 3 | kl. 5:50 | Leyfð |
| FLAGS OG OUR FA.. | kl. 8 | B.i.16 | NATIVITY STORY | kl. 5:50 - 8 | B.i.7 |
| BOSS OF IT ALL | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | MÝRIN | kl. 8 - 10:10 | B.i. 12 |
| THE US VS. J.. | kl. 5:50 (ótextuð) | B.i.12 | THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 |

HAGATORGI • S. 530 1919




**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | B.i.12 | FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð |
| DÉJÁ VU VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | | SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | Leyfð |
| DEAD OR ALIVE | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | B.i.12 | THE GRUDGE 2 | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| SAW 3 | kl. 8:15 - 10:40 | B.i.16 | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | | | |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.12 | DIGITAL |
| THE HOLIDAY | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.7 | |
| DEAD OR ALIVE | kl. 10:20 | B.i.12 | |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 3:30 | Leyfð | DIGITAL |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 8:10 | Leyfð | DIGITAL |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 3:30 | Leyfð | |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| ERAGON | kl. 5:50 - 8 | B.i. 12 |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| DÉJÁVU | kl. 8 | B.i. 12 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl 8 - 10:20 | B.i.12 |
| DEAD OR ALIVE | kl. 6 - 8 - 10 | B.i.12 |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |

HANDHAFAR SVARTA KORTSISNS FÁ 20% AFSLÁTT AF ALMENNU MIÐAVERÐI EF GREITT ER MEÐ KORTINU
GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM Í VIP SAL EÐA Á ÍSLENSKAR MYNDIR

www.sambioin.is | 575 8900 www.sambioin.is


# Efnileg söngkona

Þriðja leiðin er fyrsta plata söngkonunnar Elísabetar Eyþórsdóttur. Þetta er samt alls ekki sólóplata, heldur samstarfsverkefni Elísabetar sem syngur, Einars Más Guðmundssonar sem semur textana og Barkar Hrafns Birgissonar sem semur lögin og útsetur þau auk þess að spila á gítar.

Tónlistin á Þriðju leiðinni er djassað popp. Lagasmíðarnar falla vel að skemmtilegum textum Einars Más. Hljóðfæraleikurinn er í höndum Barkar Hrafns, Scott McLemore trommuleikara, Valdimars Kolbeins Sigurjónssonar kontrabassaleikara og Eyþórs Gunnarssonar sem spilar á píanó og hammond orgel. Hann er fyrsta flokks. Útsetningarnar eru smekklegar og lögin eru skreytt með snyrtilegum og vel spiluðum sólóum.

Elísabet, sem er ekki nema tvítug, hefur mjög sæta og góða söngrödd sem minnir mann á móður hennar, Ellen Kristjánsdóttur, sem syngur á móti henni í laginu Gestaþáttur og syngur eitt lag á plötunni ein, lagið Úr tómleikans gjá.



Svona djasspopp er ekki mjög fersk eða spennandi tónlist í sjálfu sér. Hér er ekkert sem brýtur blað eða ýtir við manni. Lögin eru samt mörg fín, t.d. Páskaliljan mín, Dagar ganga í barndóm, Öll þessi ef, Gestaþáttur, Úr tómleikans gjá og lokalagið Ástarbirta, en í því fer hljómsveitin á flug, nokkuð sem mætti gerast oftar á plötunni.

Það sem dregur þessa plötu niður er að þrátt fyrir öll þessi vönduðu vinnubrögð þá vantar meira líf í hana. Þetta er snyrtilegt. Hljómar stundum einum of mikið eins og knáir atvinnuspilarar hafi tekið að sér verkefni sem þurfti að klára. Það er enginn að sleppa fram af sér beislinu. Elísabet er samt mjög efnileg söngkona og á framtíðina fyrir sér.

Trausti Júlíusson




**TÓNLIST**

**Þriðja leiðin**

Elísabet Eyþórsdóttir

★★★

Það heyrist vel á Þriðju leiðinni að Elísabet Eyþórsdóttir er ein af efnilegustu sönkonum landsins. Platan er vel gerð, en það vantar aðeins meira líf í hana.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Rokkarinn **Ozzy Osbourne** segir frá því í nýlegu viðtali að kona hans, **Sharon**, hafi platað hann til þess að fara í meðferð með því að segja honum að það yrði bar á staðnum. Ozzy hélt að í meðferðinni yrði honum nefnilega kennt hvernig á að drekka en ekki hvernig á að hætta að drekka. „Ég hélt að mér yrði kennt að drekka martini, svo urðu allir brjálaðir þegar ég spurði um barinn," segir Ozzy, sem alltaf er í stuði.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hús sem leikkonan **Evangeline Lilly** úr þáttunum Lost leigði á Hawaii hefur eyðilagst í eldsvoða. Lilly var stödd á tökustað þegar eldurinn kom upp og meðleigjendur hennar tveir voru heldur ekki heima. Ekki er vitað hvað olli eldsvoðanum. Lilly fer með hlutverk Kate í Lost en þættirnir eru teknir upp á Hawaii. Hafa þeir verið sýndir á sjónvarpsstöðinni ABC í Bandaríkjunum og í Ríkissjónvarpinu við miklar vinsældir.









## > Hlynur ætlar gegn Geir

Hlynur Áskelsson, sem margir þekkja betur undir nafninu Ceres 4, tjáði Fréttablaðinu í gær að hann myndi tilkynna um framboð sitt til formanns KSÍ eftir áramót. Nafn Hlyns hefur hingað til ekki verið í umræðunni en hann hefur nú ákveðið að stíga fram. Hlynur hefur verið viðloðandi knattspyrnu í áraraðir og var aðstoðarþjálfari Þróttar á síðustu leiktíð.



sport
sport@frettabladid.is

ÓLAFUR INGI SKÚLASON: ÆTLAR EKKI AÐ HALDA ÁFRAM HJÁ BRENTFORD EFTIR TÍMABILIÐ

# *Vill komast í Championship-deildina*

Scott Fitzgerald var í gær fastráðinn knattspyrnustjóri Brentford sem leikur í ensku 2. deildinni en hún gengur undir nafninu League One. Hann hefur stýrt liðinu síðan Leroy Rosenior var rekinn þann 18. nóvember síðastliðinn en þá hafði Brentford leikið sextán leiki í röð án sigurs. Ástandið hefur ekki batnað og er leikjafjöldinn nú orðinn tuttugu og Fitzgerald aðeins náð einu stigi. Hann stýrir engu að síður liðinu til loka tímabilsins að minnsta kosti en þá hefur Ólafur Ingi Skúlason, leikmaður liðsins, hug á að yfirgefa það.

Ólafur samdi við Brentford í fyrrasumar til tveggja ára en sleit krossbönd strax í sínum öðrum leik. Hann var frá allt tímabilið í fyrra og er óðum að jafna sig.

„Mér líst ágætlega á manninn sjálfan en hann spilar ekki leikstíl sem hentar mér vel," sagði Ólafur við Fréttablaðið. Hann hefur átt fast sæti í byrjunarliðinu en missti af nokkrum leikjum í haust vegna veikinda.

Staða Brentford er slæm. Liðið er í 24. og neðsta sæti deildarinnar, þremur stigum á eftir næstu liðum fyrir ofan. „Maður áttar sig ekki á því hversu erfitt þetta er fyrr en maður lendir í því sjálfur. Sjálfstraust leikmanna er í molum og hver leikur er mikill barningur og hreinlega upp á líf og dauða."

Ólafur kom til félagsins þegar mikið stóð til og Martin Allen, þáverandi stjóri, ætlaði með liðið beinustu leið upp á við. „Það var allt gert í fyrra til að koma liðinu upp en það gekk ekki. Við misstum fjóra til fimm fastamenn í liðinu og það stefndi í miklar skuldir hjá félaginu og dreif hann sig þá í burt."



Sjálfur segir Ólafur að hann ætli ekki að framlengja samning sinn við félagið. „Ég held að það komi ekki til greina og ég vil helst ekki spila lengur í þessari deild. Auðvitað stefnir maður hærra og ég vonast til að komast að í liði í Championship-deildinni. En ég er lítið að spá í því og ætla einbeita mér að tímabilinu hjá Brentford og að halda mér í liðinu."

Hann segir að það sé þó ekki útilokað að hann fari frá liðinu strax í janúar.



**JERMAINE O'NEAL** Átti góðan leik fyrir Indiana gegn Philadelphia. MYND/GETTY

NBA-deildin í fyrrinótt:

## Philadelphia tapar og tapar

**KÖRFUBOLTI** Hvorki gengur né rekur hjá Philadelphila 76ers sem tapaði tólfta leiknum í röð í NBA-körfuboltadeildinni í fyrrinótt. Liðið beið þá lægri hlut á heimavelli fyrir Indiana Pacers 93-101. Jermaine O'Neal var stigahæstur í liði gestanna með 34 stig og auk þess tók hann ellefu fráköst.

New York Knicks lætur leikbönn ekkert stöðva sig og liðið vann annan leikinn í röð með sigurkörfu undir blálokin. David Lee skoraði sigurkörfuna 111-109 í þann mund sem lokaflautið gall. Utah Jazz vann sigur á Atlanta 112-106 þrátt fyrir að hafa verið 21 stigi undir fyrir fjórða og síðasta leikhlutann. Utah vann fjórða leikhlutann 40-13. - egm

Fram fær nýjan leikmann:

## Annar markvörður í Fram

**FÓTBOLTI Fram sem endurheimti sæti sitt í Landsbankadeildinni í sumar hefur fengið til sín nýjan leikmann. Það er markvörðurinn Gunnar Líndal Sigurðsson sem kemur úr herbúðum Þórs á Akureyri. Honum er ætlað að keppa um markmannsstöðuna við Hannes Þór Halldórsson sem samdi við félagið fyrir skömmu en hann kemur úr herbúðum Stjörnunnar og var í U21 landsliðinu.** - egm

# Var á leiðinni til Flórída

**Sigfús Páll Sigfússon var í fyrradag valinn í íslenska landsliðshópinn sem tekur þátt í heimsmeistaramótinu í Þýskalandi. Sigfús segist ekki hafa búist við kallinu frá Alfreð Gíslasyni landsliðsþjálfara og ætlar að berjast fyrir sínu sæti.**

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason valdi í fyrradag landsliðshópinn sem keppir fyrir Íslands hönd á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi í næsta mánuði. Alfreð valdi nítján manna hóp en alls fara sextán leikmenn til Þýskalands. Einn þeirra sem Alfreð valdi er leikstjórnandinn knái í Íslandsmeistaraliði Fram, Sigfús Páll Sigfússon. Hann var valinn í landsliðið sem fór til Ungverjalands í æfingaferð fyrir skemmstu og átti hann ekki von á því að vera valinn nú.

„Nei, ég bjóst reyndar ekki við því að vera valinn," sagði Sigfús. „Ég hef oft staðið mig betur en í Ungverjalandi en fékk kannski ekki mörg tækifæri með liðinu þar. En það er gaman að vita að Alfreð hefur trú á mér. Ég var reyndar farinn að skipuleggja frí nú um áramótin og átti pantað flug til Flórída nú á jóladag þar sem ég ætlaði að vera með mínum félögum. En ég sé alls ekki eftir því að missa af þeirri ferð," sagði Sigfús.

Eins og flestir ungir handboltakappar hefur Sigfús stefnt að því að komast í íslenska landsliðið. „Ég var nú að stefna á að komast í liðið í kringum 22-23 ára aldurinn," sagði Sigfús sem er tvítugur. „En það er ljóst að þátttaka Fram í Meistaradeildinni hefur gert góða hluti fyrir mig. Þar spiluðum við á móti þeim bestu og fengum dýrmæta reynslu. Ég væri til í að fara í það verkefni aftur en það verður erfitt, til þess þurfum við Framarar að hysja upp um okkur buxurnar."

Sigfús er 1,74 metrar á hæð og hefur oft verið rætt um að það gæti háð honum í handboltanum. Hann gefur þó lítið fyrir það og reynir að svara gagnrýninni inni á vellinum. „Sumir eru stórir og aðrir minni, þannig er það bara."



**SIGFÚS PÁLL SIGFÚSSON** Valinn í íslenska landsliðið þrátt fyrir ungan aldur. Hann er yngsti leikmaðurinn í hópnum og þrettán árum yngri en fyrirliðinn Ólafur Stefánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sem fyrr segir fékk hann að spreyta sig gegn mörgum af bestu handboltamönnum Evrópu í Meistaradeildinni og kom honum á óvart að getumurinn var ekki meiri. „Ég er enn nokkuð frá þeim bestu en ég hélt að bilið væri miklu meira. Ég reyni frekar að nýta mér snerpuna. Þar að auki eru ekki margir litlir leikmenn í Þýskalandi og það voru kannski viðbrigði fyrir þá að mæta mér."

Þrír leikmenn fara ekki til Þýskalands og segir Sigfús ætla að gera allt sem í sínu valdi standur til að halda sínu sæti. „Ég ætla að sýna mig og gera mitt besta. Ef Alfreð hefur trú á mér get ég leyft mér að fara óhræddur í þetta verkefni. Það er mikill heiður fyrir mig að vera hluti af þessu liði og tel ég að það geti náð mjög langt. Mótið í Þýskalandi verður án efa risastórt og mikil upplifun fyrir leikmenn."

Íslenska landsliðið hefur undirbúning sinn á æfingamóti í Danmörku og mætir svo Tékkum tvívegis dagana 13. og 14. janúar. Þann 18. janúar heldur liðið til Þýskalands.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**JÓN BJÖRGVIN** Spilar með Víkingum á næsta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ

Víkingar með nýjan leikmann:

## Jón Björgvin aftur í Víkina

**FÓTBOLTI Víkingar hafa bætt við leikmanni í sinn hóp en Jón Björgvin Hermannsson er genginn í raðir félagsins frá Fylki. Jón Björgvin er mjög fjölhæfur leikmaður sem getur spilað nánast alls staðar á vellinum en samkvæmt vefsíðunni Víkingur.net er hann hugsaður sem miðjumaður. Hann er uppalinn hjá Fylkismönnum en þekkir ágætlega til Víkings þar sem hann lék sjö leiki með liðinu í 1. deildinni 2003 þegar það hafnaði í öðru sæti og komst upp í Landsbankadeildina.** - egm

Félagaskipti í 1. deildinni:

## Elínbergur skiptir í Leikni

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Elínbergur Sveinsson sem var fyrirliði Víkings Ólafsvíkur í sumar er kominn í herbúðir Leiknis úr Breiðholti. Elínbergur er 24 ára og er honum ætlað að fylla skarð Hauks Gunnarssonar í vörn Breiðhyltinga en Haukur var fyrirliði Leiknisliðsins. Bæði Víkingur Ólafsvík og Leiknir leika í 1. deildinni en í viðtali við heimasíðu síðarnefnda liðsins sagði Elínbergur að tvö úrvalsdeildarlið og þrjú önnur lið úr 1. deildinni hefðu sýnt honum áhuga. - egm




Vatnselgur við KA-heimilið:

## Stöðuvatn á æfingasvæðinu

**FLÓÐ** Stöðuvatn hefur myndast á æfingasvæðinu við KA-heimilið á Akureyri eftir rigningu og hlýindi síðustu daga. Gunnar Jónsson segir völlinn vitanlega líta mjög illa út enda séu engin niðurföll þar. „Við eigum því ekki möguleika að ræsta svæðið. Þetta er að hluta tilkomið vegna þess að snjór sem er mokað frá Lundaskóla er settur á svæðið. Þetta er í lagi undir venjulegu árferði á vorin en ég býst nú við að völlurinn jafni sig á þessum vatnselg fljótlega," sagði Gunnar.

„Það er kannski tímabært að stofna sundknattleiksdeild hér í félaginu," bætti hann við í léttum dúr. - esá



**TILKOMUMIKIL SJÓN** Vatnselgurinn á æfingasvæðinu við KA-heimilið. MYND/ANDRI FANNAR STEFÁNSSON


Meistarinn er fyrir alla fjölskylduna!
MEISTARINN
Meistaraspilið
er komið í verslanir
Meistarinn er spil sem byggt er á samnefndum spurningaþætti Stöðvar 2.
Spilið býður upp á fjölbreyttar spurningar þar sem keppendur geta sýnt
snilli sína ásamt því að kalla fram hámarksspennu milli þeirra.
Hver verður meistarinn
heima hjá þér?
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
MEISTARINN
SPURNINGASPIL
GOTT FÓLK McCANN



**CARMELO ANTHONY** Ekki vinsæll þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Northwest-flugfélagið:

## Vill ekki Carmelo á forsíðu

**KÖRFUBOLTI** Flugfélagið Northwest í Bandaríkjunum hefur innkallað öll desember-hefti blaðs flugfélagsins þar sem Carmelo Antony, leikmaður Denver Nuggets, er á forsíðunni. Anthony var fyrir nokkrum dögum dæmdur í fimmtán leikja bann í NBA-deildinni fyrir þátt sinn í slagsmálum Nuggets og New York Knicks.

„Northwest vill ekki að kúnnar fyrirtækisins fái það á tilfinninguna að við styðjum slíka hegðun. Þess vegna innkölluðum við heftið. Þess í stað fá kúnnar okkar janúarheftið í hendur snemma,“ sagði í yfirlýsingu frá Northwest.



**SHANE WARNE** Tilkynnti blaðamönnum í gær að hann hygðist hætta að spila krikket á næstunni. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ástralinn Shane Warne:

## Goðsögn hættir í krikketi

**KRIKKET Ástralski krikketleikarinn Shane Warne tilkynnti í gær að hann hygðist hætta með landsliði Ástrala að lokinni keppninni við Englendinga um hinn svokallaða Öskubikar, The Ashes, sem nú stendur yfir í Ástralíu. Heimamenn hafa þegar tryggt sér sigur í seríunni með því að vinna fyrstu þrjár viðureignirnar en tvær eru enn eftir.**

**„Ég vil hætta á toppnum og á eigin forsendum. Ég held að ég hafi unnið mér inn þann rétt,“ sagði Warne sem er án efa einn besti krikketleikari sögunnar sem og einn sá vinsælasti.** - esá



**TERRELL OWENS** Owen og Hall hafa sæst en Owens hrækti framan í hann á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Owens og DeAngelo Hall:

## Hafa grafið stríðsöxina

**NFL** Terrell Owens og DeAngelo Hall eru orðnir vinir á ný en hinn síðarnefndi sagðist ekkert vilja hafa með Owens að gera eftir að hann hrækti framan í hann í leik Atlanta Falcons og Dallas Cowboys.

Það var gamla stjarnan Deion Sanders sem sannfærði Hall um að ræða við Owens í þriggja manna símtali en Owens hafði mikið reynt að ná í Hall án árangurs áður en Sanders skipti sér af málum.

„Mamma mín hefði ekki fengið mig til að ræða við hann en ég er feginn að hafa hlustað á Deion,“ sagði Hall. - hbg

Allen Iverson ætlar í enn eitt rifrildi við 76ers:

# Bað ekki um að vera skipt til annars félags

**KÖRFUBOLTI** Allen Iverson er byrjaður að pakka eftir að Philadelphia skipti honum til Denver Nuggets og áður en hann yfirgefur svæðið ætlar hann að ná einni deilu í viðbót við félagið. Iverson segist nefnilega aldrei hafa farið fram á að vera skipt til annars félags en það er þvert á yfirlýsingar forráðamanna 76ers.

„Ég fór aldrei og bað um að vera skipt til annars félags. Ég fór á fund og lýsti yfir óánægju minni með þann körfubolta sem liðið væri að spila. Við vorum ekki að spila sigurkörfubolta. Ég sagði að ef liðið ætlaði að spila svona áfram og tapa leikjum þá vildi ég ekki taka þátt í því,“ sagði Iverson við Ap-fréttastofuna. „Ég sagði síðan það sama við liðsfélaga mína.“

Það þarf vart að taka fram að forráðamenn Philadelphia hafa vísað ummælum Iversons til föðurhúsanna. Iverson lék sinn síðasta leik fyrir Philadelphia 6. desember gegn Chicago en Sixers er búið að tapa tólf leikjum í röð. Liðið hefur ekki tapað svona mörgum leikjum í röð í tíu ár. - hbg



**ALLEN IVERSON** Er á leið til slagsmálahundanna í Denver Nuggets. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Vil fá tækifæri til að sanna mig undir stjórn Curbishley

**Argentínumaðurinn Javier Mascherano segist ætla að berjast fyrir tilverurétti sínum hjá West Ham og er ákveðinn í að sanna sig fyrir nýja stjóranum.**

**FÓTBOLTI** Argentínumennirnir Javier Mascherano og Carlos Tevez hafa legið undir ámæli undanfarið en þeir eru sterklega orðaðir við sölu í félagaskiptaglugganum í janúar. Mascherano ætlar sér aftur á móti ekkert að fara en blæs þess í stað í herlúðra og vonast til að sýna sig og sanna fyrir hinum nýja stjóra West Ham, Alan Curbishley.

„Ég veit ekkert um nýja þjálfarann, Curbishley, en ég vona að hann byrji frá grunni með alla leikmennina og að hver og einn fái tækifæri til að spila og sanna sig. Ég er búinn að heyra mjög góða hluti um nýja stjórann en mitt helsta áhyggjuefni er núna að sýna fram á að ég sé ekki slæmur leikmaður eins og margir kannski halda,“ sagði Mascherano sem hefur engan veginn náð að sanna sig fyrir stuðningsmönnum West Ham sem þó sáu hann í frábæru formi með Argentínu á HM í sumar.

„Ég hef engu að tapa þar sem enginn er fremri öðrum hérna. Allir segja að hann sé reyndur þjálfari og ég býst við því að hann muni kynnast hverjum okkar með tímanum, sérstaklega á æfingunum nú til að byrja með.

Síðan ákveður hann hverjir spila. Pardew var mjög hrifinn af því þegar Tevez og ég komum hingað en fljótlega fór að grafa undan trausti hans til okkar og við vorum ekki notaðir í leikjum. Það var mjög pirrandi fyrir mig að fá ekki tækifæri í byrjunarliðinu, en sem atvinnumaður þarf maður að taka því og halda áfram að leggja hart að sér á hverjum degi og spila vel með varaliðinu.

Þetta er ekki sanngjarnt að mínu mati, ég var að vonast eftir fleiri tækifærum og þetta særði mig.“

Mascherano hefur verið hvað sterklegast orðaður við Juventus en hann er staðráðinn í að sýna og sanna ágæti sitt í ensku úrvalsdeildinni. „Það hefur aldrei hvarflað að mér að fara þrátt fyrir að festa mig ekki í sessi hérna. En ef ég er ekki að spila, yrði það auðvitað flóknara. Liðsfélagar okkar hafa tekið vel á móti okkur, sérstaklega með tungumálavandamálið, og ég get alls ekki kvartað. Ég kom í úrvalsdeildina mjög spenntur yfir öllu í kringum hana og ég vil ólmur ná árangri með West Ham. Það var takmarkið mitt og er það enn og vonandi fæ ég tækifæri til þess núna,“ sagði Mascherano. - hþh



**EKKI AF BAKI DOTTINN** Javier Mascherano hefur ekki nýtt tækifæri sín í byrjunarliði West Ham sem skyldi en hann ætlar ekki að gefast upp. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**ANCELOTTI** Segir að AC Milan sé á réttri leið. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Carlo Ancelotti ánægður:

## AC Milan stefnir á fjórða sætið

**FÓTBOLTI** Carlo Ancelotti, þjálfari AC Milan, var hæstánægður eftir að liðið vann Catania á miðvikudaginn en segir að liðið þurfi þó að bæta sig frekar. „Það eru aðeins sex stig núna í fjórða sætið og á það stefnum við. Auðvitað viljum við komast í Meistaradeildina. Við erum loks á réttri leið, hægt og örugglega, en við getum þó bætt leik okkar enn frekar. Við megum ekki við því að tapa mikið fleiri stigum,“ sagði Ancelotti en hann hrósaði Kaka og Gennaro Gattuso sérstaklega.

„Kaka er ekki búinn að ná sér fullkomlega af meiðslum en hann er mikilvægur fyrir okkar lið. Þá var gott að fá Gattuso aftur til baka, hann spilar alltaf af sömu ástríðu,“ sagði Ancelotti en Kaka hefur verið orðaður við Real Madrid að undanförnu. Adriano Galliani, varaforseti AC Milan, hefur sagt að Kaka sé alls ekki á förum. Ítalíumeistarar Inter eru með sjö stiga forskot á Roma í ítalska boltanum en liðið vann sinn tíunda deildarsigur í röð á miðvikudag. - egm

Íþróttamenn, þjálfarar og forystumenn íþróttasambanda og félaga í stöðugri lífshættu í Írak:

# Íþróttatengt fólk í Írak undir stöðugum árásum

**ÍÞRÓTTIR** Fólk í íþróttaheiminum í Írak lifir í stöðugum ótta þar sem það færist sífellt í vöxt að því sé rænt og jafnvel myrt. Ástæðan er oftar en ekki hefndaraðgerðir á vegum sjía og súnnía. Nýjasta dæmið er þjálfari ólympíuliðsins í hjólreiðum sem var rænt og síðan myrtur á mánudag.

Þjálfaranum var rænt þrem dögum eftir að liðið kom heim af Asíuleikunum þar sem liðið vann ekki til neinna verðlauna. Lík hans fannst síðan tveim dögum síðar.

„Við töpuðum enn einum manninum úr okkar röðum. Hann er ekki stjórnmálamaður og er ekki tengdur neinum stjórnmálasamtökum. Þetta er óskiljanlegt og ljóst að enginn er óhultur,“ sagði framkvæmdastjóri íþrótta- og ólympíusambands Íraks.

Í síðasta mánuði fannst formaður eins stærsta knattspyrnufélags Íraks látinn úti á götu en hann var myrtur á leið sinni til vinnu. Snemma í nóvember var blindum íröskum íþróttamanni og þjálfara hans rænt en þeim var sleppt að lokum eftir að í ljós kom að hvorugur var tengdur súnníum.

Nýlega var íröskum alþjóðadómara rænt er hann yfirgaf skrifstofur knattspyrnusambandsins. Mannræningjarnir fóru fram á fjórtán milljónir króna í lausnarfé. Fyrrverandi landsliðsmaður Íraks í blaki var skotinn til bana í verslun sinni fyrr á árinu og einum vinsælasta knattspyrnumanni landsins var rænt í september.

Í júlí sagði þjálfari íraska knattspyrnulandsliðsins, Akram Ahmed Salman, upp störfum þar sem hann hafði fengið líflátshótanir. Uppsögn hans kom í kjölfar þess að formanni íþrótta- og ólympíusambandsins hafði verið rænt ásamt þrjátíu öðrum starfsmönnum sambandsins. Það fólk er enn í haldi mannræningjanna. - hbg



**ÓLYMPÍULIÐ ÍRAKS** Írakskir íþróttamenn hafa margoft verið fórnarlömb í hefndaraðgerðum sjía og súnnía. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# JÓLARÚMIÐ Í ÁR!




# DELUX HEILSURÚM!

## 25% AFSLÁTTUR Í TILEFNI JÓLANNA

**DELUX 120*200** verð áður kr. 82.900
**verð nú kr. 62.175**

**DELUX 140*200** verð áður kr. 87.899
**verð nú kr. 65.925** uppselt, væntanlegt

**DELUX 160*200** verð áður kr. 105.900
**verð nú kr. 79.425**

**DELUX 180*200** verð áður kr. 134.899
**verð nú kr. 101.175**

**SILKI DÚNSÆNG!**
**FYRIR VANDLÁTA!**
**VERÐ KR. 130.000!**

**VERSACE HANDKLÆÐI!**
**TILVALIN JÓLAGJÖF!**





DRAUMARÚM | Bæjarlind 4, Kópavogi
Sími: 534 5200

www.draumarum.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA



**VINIR AÐ LOKUM** Roeder og Mourinho takast hér í hendur að leik loknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

José Mourinho:

## „Sýndi“ Butt gula spjaldið

**FÓTBOLTI** Það er líf og fjör í kringum José Mourinho, stjóra Chelsea, eins og venjulega.

Á miðvikudag bað hann Andy Johnson, framherja Everton, afsökunar vegna ásakana um að hann hefði kastað sér viljandi niður í grasið í leik Everton og Chelsea á dögunum. Aðeins nokkrum klukkutímum síðar gekk mikið á þegar Chelsea sótti Newcastle heim í enska deildarbikarnum.

Chelsea vann 1-0 en Mourinho lenti saman við Glenn Roeder, stjóra Newcastle, eftir sigurmarkið. Ástæðan var að Mourinho sýndi Nicky Butt, leikmanni Newcastle, ímyndað gult spjald eftir brot hans, sem leiddi til marksins.

Roeder gerði lítið úr atvikinu eftir leikinn og sagði þá aðeins hafa verið að skiptast á skoðunum og meira væri ekki um málið að segja. Roeder sagðist heldur ekki hafa séð handabendingar Mourinho til Butt.

„Ég skil ekki af hverju fólk þarf alltaf að vita nákvæmlega hvað var sagt þegar stjórar skiptast á skoðunum á hliðarlínunni,“ sagði Roeder frekar fúll en hann var einnig óánægður með hvar aukaspyrnan var tekin. Roeder segir það ekki vera spurningu að um aukaspyrnu hafi verið að ræða en var pirraður á því hvar dómarinn setti boltann niður. Hann sagði enn fremur að hans lið hefði ekki beint verið óheppið í leiknum en hefði skot Obafemi Martins fyrr í leiknum farið inn hefði leikurinn kannski endað öðruvísi. - hbg

Heikki Kovalainen, eftirmaður Fernando Alonso hjá Renault:

# Renault er mín fjölskylda í formúlu 1

**FORMÚLA 1** Finnski ökuþórinn Heikki Kovalainen mun aka fyrir Renault-liðið í formúlu 1 á næsta keppnistímabili, í stað Fernando Alonso sem skipti yfir til McLaren. Kovalainen var tilraunaökumaður hjá Renault á síðasta keppnistímabili en keppti þar áður í GP2-mótaröðinni. Hann hefur þó verið hjá Renault síðan 2002 sem hluti af ökuþórateymi liðsins.

„Mér finnst eins og Renault sé eins og fjölskyldan mín. Ég fer oft í verksmiðjuna og þar þekki ég alla með fornafni,“ sagði Kovalainen.

„Allt liðið styður mig heilshugar og sjálfstraustið er mikið hjá okkur. Við teljum okkur geta endurtekið afrek síðustu ára.“

Alonso hefur tvö síðustu ár unnið heimsmeistaratitil ökuþóra hjá Renault og voru félagaskipti hans afar umtöluð og áberandi. Kovalainen mun því aka við hlið Ítalans Giancarlo Fisichella sem hann lofar í hástert.

„Ég hef alltaf litið á hann sem minn liðsfélaga. Hann stóð sig vel á síðasta tímabili og var stundum fljótari en Alonso í tímatökunum en Alonso var yfirleitt alltaf skrefinu á undan í sjálfum keppnunum.“

Spurður hver markmið hans væru fyrir næsta tímabil sagði hann: „Einfaldlega að komast í mark í fyrstu keppninni og ná í einhver stig fyrir Renault. Það eru allar forsendur til staðar til að við getum staðið okkur vel. En ég vil ekki byggja upp miklar væntingar fyrir fyrstu keppnina því það er tilgangslaust. Við munum taka eina keppni fyrir í einu.“ - esá



**KOVALAINEN** Tekur sig vel út við hlið Renault keppnisbílsins. NORDIC PHOTOS/AFP

# Kevin Garnett launahæstur í NBA

**Kevin Garnett, leikmaður Minnesota Timberwolves, fær hæst laun allra leikmanna í NBA-deildinni á þessari leiktíð eða 21 milljón dollara sem er tæplega einn og hálfur milljarður íslenskra króna. Hið slaka lið New York Knicks er aftur á móti það félag sem er með langmestu launabyrðina eða 117 milljónir dollara.**

**KÖRFUBOLTI** Bandaríska íþróttablaðið Sports Illustrated komst á dögunum yfir skjöl sem sýna laun allra leikmanna í NBA-deildinni. Í raun sýna gögnin sem blaðið komst yfir laun fram til ársins 2012. Einnig kemur fram í gögnunum hvaða sérákvæði eru í samningum leikmannanna og hvaða laun leikmenn fá frá liðum sem þeir hafa yfirgefið. Það kemur til að mynda fram að Dallas greiðir Michael Finley fáránleg laun þótt hann sé ekki lengur á leikmannaskrá félagsins.

Launin sem um ræðir eru eingöngu þau laun sem félögin greiða leikmönnunum og auglýsingasamningar eða aðrar aukatekjur koma ekki fram í þessum tölum.

SI hefur búið til sinn eigin lista yfir þá leikmenn sem fá greitt of mikið að þeirra mati og leikmenn sem fá greitt of lítið miðað við getu. Efstir á listanum yfir þá leikmenn sem fá greitt of mikið að mati SI er bakvarðapar New York Knicks, Stephon Marbury og Steve Francis, en þeir eru samtals með rúmar 32 milljónir dollara í laun á þessu leiktímabili. Tímabilið hjá Marbury er hans versta á ellefu ára ferli og Francis hefur einnig lítið getað.

Chris Webber er í öðru sæti með sínar 20 milljónir dollara en hann er nú að skjóta í fyrsta skipti undir 40 prósentum. Laun hans hækka í rúmar 22 milljónir dollara á næsta ári. Bronsverðlaun SI fær síðan Michael Finley en Dallas mun greiða honum rúmar 16 milljónir dollara í ár og 18 milljónir dollara á næsta ári á meðan hann leikur með San Antonio. Jalen Rose er í svipaðri stöðu en NY greiðir stærstan hluta launa hans þótt hann spili með Phoenix.



**HLÆR ALLA LEIÐ Í BANKANN** Hinn magnaði leikmaður Minnesota Timberwolves, Kevin Garnett, fær hæstu laun allra leikmanna í NBA-deildinni frá félagi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Sá leikmaður sem fær minnst greitt miðað við getu að mati SI er stórstjarnan LeBron James en hann er enn á nýliðalaunum sem eru tæpar sex milljónir dollara fyrir árið. Hann má ekki fá „almennileg“ laun fyrr en á næsta tímabili samkvæmt reglum NBA.

Næstur á þessum lista er Monta Ellis hjá Golden State en hann er næststigahæsti leikmaður liðsins og hefur slegið í gegn frekar óvænt. Hann þénar ekki nema tæplega 700 þúsund dollara fyrir árið. Þriðji er síðan DeShawn Stevenson hjá Waizards en hann er á lágmarkslaunum leikmanna sem hafa verið sex ár í deildinni, sem er tæp milljón dollara. Hann er einn af þremur byrjunarliðsmönnum í deildinni á svo lágum launum.

New York Knicks er með langhæsta launaliðinn í deildinni en Knicks greiðir leikmönnum sínum rúmar 117 milljónir dollara í laun á árinu. Það er langt í næsta lið sem er Dallas en leikmenn Mavericks munu kosta félagið rúmlega 91 milljón dollara á árinu.

henry@frettabladid.is

### LAUNIN Í NBA 2006-2007

| Launahæstir | Laun í dollurum |
|---|---|
| Kevin Garnettm Minnesota | 21 milljón |
| Chris Webber, 76ers | 20,7 milljónir |
| Shaquille O´Neal, Miami | 20 milljónir |
| Michael Finley, Spurs | 19 milljónir |
| Jason Kidd, Nets | 18 milljónir |
| Jermaine O´Neal, Pacers | 18 milljónir |
| Kobe Bryant, Lakers | 17,7 milljónir |
| Tim Duncan, Spurs | 17,4 milljónir |
| Allen Iverson, 76ers | 17,1 milljón |
| Stephon Marbury, Knicks | 17,1 milljón |
| Tracy McGrady, Rockets | 16,9 milljónir |
| Grant Hill, Magic | 16,9 milljónir |
| Jalen Rose, Suns | 16,1 milljón |
| Ben Wallace, Bulls | 16 milljónir |
| **Launabyrði liða** | **Laun í dollurum** |
| New York Knicks | 117 milljónir |
| Dallas Mavericks | 91,1 milljón |
| Los Angeles Lakers | 77 milljónir |
| Philadelphia 76ers | 75,2 milljónir |
| Portland Trail Blazers | 74,6 milljónir |
| Minnesota Timberw. | 67,4 milljónir |
| New Jersy Nets | 66,9 milljónir |
| San Antonio Spurs | 66,3 milljónir |
| Denver Nuggets | 66,1 milljón |
| Golden State Warriors | 65,8 milljón |



**HANDBOLTAPENNINN: GEIR SVEINSSON**

# *Haukar og Fram hafa ekki staðið undir væntingum*

Í DHL-deild karla eru hlutir að þróast nokkurn veginn í samræmi við spá liðanna sjálfra og eru Valsmenn, sem spáð var Íslandsmeistaratitlinum, efstir þegar deildin er hálfnuð. Valsliðið hefur engu að síður ekki verið nægjanlega sannfærandi og leikur liðsins of sveiflukenndur. Liðið hefur verið að missa leiki niður og oft á tíðum ekki klárað leiki sem sönnum meistaraefnum sæmir.

HK, sem kemur fast á hæla Vals, hefur hins vegar sýnt ágætis tilburði og að mörgu leyti komið á óvart. Hins vegar ef mannskapurinn er skoðaður nánar auk þess sem liðið fékk til liðs við sig einn efnilegasta þjálfara landsins, Gunnar Magnússon, þarf staða liðsins ekki að koma svo á óvart.

Hið sameinaða lið Þórs og KA Akureyri kemur í þriðja sæti og kemur það mér lítið á óvart. Þar eru saman komnir leikmenn með mikla reynslu og þyngd (í orðsins fyllstu!). Varnarleikur er þeirra aðalsmerki en sóknarleikur liðsins hefur ekki verið nægjanlega sannfærandi og virkar hann oft á tíðum mjög tilviljanakenndur og þunglamalegur. Stjarnan sem kemur í 4. sæti hefur verið að rétta úr kútnum eftir þjálfaraskipti og verið að mjaka sér þangað sem liðið á klárlega heima.

**Haukar ekki staðið undir væntingum**

Haukar sem eru í fimmta sæti hafa valdið vonbrigðum og engan veginn staðið undir þeim væntingum sem gerðar voru í upphafi. Fróðlegt verður hins vegar að sjá hvernig þeir koma undan hléinu. Þær fréttir hafa borist að Aron Kristjánsson sé á heimleið frá Danmörku til að taka við Haukum.

Með fullri virðingu fyrir Páli Ólafssyni og því góða starfi sem hann hefur skilað þá er það hárrétt ákvörðun hjá Haukum að næla sér í Aron því þar er á ferðinni mjög svo áhugaverður þjálfari sem hefur náð sér í fína reynslu í Danmörku og á eflaust eftir að koma með ferskar áherslur inn í íslenskan handbolta.

Jafnir Haukum að stigum í sjötta sæti koma Íslandsmeistarar Fram. Fram var spáð öðru sæti og er staða liðsins því eflaust nokkur vonbrigði. Hins vegar virðist þátttaka Fram í Meistarakeppninni hafa tekið sinn toll og því verður fróðlegt að sjá hvort þátttaka þjálfara liðsins í HM 2007 í janúar nk. muni taka sinn toll. Í tveimur neðstu sætunum koma síðan Fylkir og ÍR. Fylkir gerði nýlega það sama og Stjarnan og skipti um þjálfara.



Er það frekar óvanalegt að tvö lið séu búin að skipta um þjálfara fyrir jól en þar ræður eflaust miklu um að lið eiga það nú á hættu að geta fallið um deild. Hvort sú skipting hafi verið rétt get ég ekkert sagt um en það er spurning engu að síður hvort Sigurður hefði ekki átt að fá að klára leikina fram að áramótum því liðið á von á góðum liðsauka.

**Fylkir fékk meira en Fram**

Ekki nema þessi skipting hafi á einhvern hátt tengst heimkomu Heimis Arnar Árnasonar. Staða Fylkis er í samræmi við spá liðanna en engu að síður hefur liðið verið frekar óheppið hvað meiðsl leikmanna varðar auk þess sem liðið leigði sinn besta varnarmann fram að áramótum til Gummersbach í Þýskalandi. Fylkir gat einfaldlega ekki hafnað því leigutilboði sem kom í Guðlaug enda um dágóða upphæð að ræða og var sú upphæð mun hærri en Fram fékk frá Gummersbach fyrir söluna á Sverre Jakobssyni. Það hlýtur að vera súrt fyrir Fram og sérstaklega í ljósi þeirra leiðinda sem upp komu sl. sumar í kringum félagaskipti Sverres. Með tilkomu Heimis og endurkomu Guðlaugs hefur Fylkir því fína möguleika til að gera mun betur.

Lestina rekur síðan ÍR sem í sjálfu sér kemur ekki á óvart. Liðið varð fyrir mikilli blóðtöku fyrir þetta keppnistímabil en engu að síður hefur liðið náð sér í fjögur stig, m.a. með sigri á Haukum, auk þess sem liðið hefur verið mjög nálægt því að landa fleiri stigum. Það verður því fróðlegt að fylgjast með eftir áramót því spennan á eflaust eftir að haldast fram í síðustu umferð.

# Europris
## ÓDÝRT FYRIR ALLA!

STIGA

**5990**
**SNJÓSLEÐI**
- "Classic Sport"
- GT-sæti og GT-stýri

**19.900**
**21" SJÓNVARP M/DVD SPILARA**
- Textavarp
- Nicam stereo
- Skart- og AV-tengi
- Silfrað/svart eða málmlitað/hvítt

**99** pr. dós
**NIÐURSUÐUVÖRUR - 1/1 DÓS**
- Perur / ananasskífur / blandaðir ávextir
- Ferskjur, 6x425 gr., kr 399

400 gr.

**199**
**PIPARKÖKUR**
- 400 gr

**4590**
**FJARSTÝRÐ ÞYRLA**
- Lengd: 64 cm
- Rafhlöður og fjarstýring fylgja

**3990**
**FJARSTÝRÐUR BÍLL**
- Mega Rider 2
- L: 29 cm
- Rafhlöður og fjarstýring fylgir

NIKKO

**19** pr. stk.
**RAUÐ KERTI**
- H: 30 cm

**99**
**SÍDER**
- Epla / peru
- 0,65 ltr.

**199**
**SPRITTKERTI - 100 Í PK**
- Hvít
- Stór hvít sprittkerti, 10 í pk, kr 269

FRÁ **399**
**BABY BORN MINIWORLD**
- Margar gerðir af dúkkum með fylgihlutum

**5990**
**BABY BORN**
- Special Edition
- Dúkka með fylgihlutum

**189**
**RÚÐUVÖKVI**
- 4 ltr

*Opið frá 09:00 til 22:00*

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

*Fiskislóð / Lynghálsi / Skútuvogi / Dalvegi, Kópavogi / Austurvegi, Selfossi*

## RICHARD GERE

Fæddist 31. ágúst árið 1949 í Fíladelfíu. Hann vakti fyrst athygli í kvikmyndinni Looking for Mr. Goodbar (1977) og hefur síðan þá leikið í vinsælum myndum á borð við An Officer and a Gentleman (1982), Primal Fear (1996) og Chicago (2002). Gere leikur annað aðalhlutverkið í Pretty Woman (1991) sem sýnd er á Stöð 2 kl. 22.05 í kvöld.



# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ: DÓRI DNA ER EKKI ALVEG SAMMÁLA ÞESSU

## *Hann verður alltaf Nonni fyrir mér*

Garðar Thor Cortes hefur verið mikið í fréttum að undanförnu eins og um jólin í fyrra. Hann er nefnilega algjör jólabangsi. Nú er honum líkt við Pavarotti og voða fjör, en þessi maður verður alltaf Nonni fyrir mér. Það hefur nefnilega gleymst mjög mikið í þessari Garðars umræðu að hann lék Nonna í sjónvarpsþáttunum Nonni og Manni, sem eru einhverjir bestu þættir sem ég hef séð. Haraldur sem faldi sig bak við fossinn, Þorsteinn vinnumaður sem var með ógeðslega feitt hár, amman sem var 300 ára, Júlli smali með flautuna og síðast en ekki síst Magnús Hansson sjálfur, illmennið sem ég aldrei gleymi. Ég held svei mér það að ég gæti endurleikið heilu atriðin úr þáttunum án þess að fipast. Nú er tækifærið til þess að endursýna þættina og sýna kvenfólki landsins jólabangsann á yngri árum. Hins vegar hefur annar bangsi farið massift í taugarnar á mér undanfarið og það er Dr. Phil. Sá maður er ekki doktor frekar en Saxi. Hversu illa þarf manni eiginlega að líða til þess að horfa á þennan þátt. Það eina sem er gert í þættinum er að gægjast inn í líf fólks sem hefur það hræðilegt og svo taka akfeitar konur andköf við hverja fjölskyldu-tragedíuna á eftir annarri. Heitir þetta ekki Voyerismi eða gægjuþörf eða viðbjóðsdýrkun eða eitthvað. Dr. Phil lítur líka út eins og Homer Simpson með yfirvaraskegg, hann talar meira að segja eins og hann. Síðan gortar hann sig af því að vera með svart belti í Taekwondo, ég sver það, ég gæti tekið hann.



SÁLFRÆÐINGURINN DR. PHIL

## EKKI MISSA AF



▶ **21.50** Gosford Park SJÓNVARPIÐ



▶ **22.05** Pretty Woman STÖÐ 2



▶ **00.00** The Good Girl STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** George Michael Tónleikar SIRKUS



▶ **21.00** The Bachelor SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.00 Jóladagatalið - Stjörnustrákur** Ævintýri eftir Sigrúnu Eldjárn. Leikstjóri er Kári Halldór og aðalhlutverk leika Guðfinna Rúnarsdóttir, Kristjana Pálsdóttir og Sigurþór Albert Heimisson. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson.
**17.10 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**17.55 Snillingarnir (15:28)** (Disney's Little Einsteins)
**18.20 Ungar ofurhetjur (8:26)**
**18.45 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Úr dagbók slökkviliðsins** Mynd í léttum dúr um brunavarnir heimilanna.
**20.25 Flótti gráa úlfsins** (Flight of the Grey Wolf) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1976 um strák sem reynir að sleppa tömdum úlfi út í náttúruna. Leikstjóri er Frank Zuniga og meðal leikenda eru Jeff East, Bill Williams, Barbara Hale og William Bryant.
▶**21.50 Gosford Park** Bresk bíómynd frá 2001. Í myndinni eru sagðar samtímis margar sögur sem gerast meðal húsbænda og hjúa á bresku sveitasetri meðan veisla stendur þar yfir. Leikstjóri er Robert Altman, sem er nýlátinn, og meðal leikenda eru Maggie Smith, Michael Gambon, Kristin Scott Thomas, Charles Dance og Ryan Phillippe.
**0.05 Klefinn** (The Chamber) Bandarísk spennumynd frá 1996. Ungur lögfræðingur reynir að fá áfrýjað dauðadómi yfir afa sínum sem hefur setið lengi inni vegna morða á tveimur gyðingadrengjum. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.
**1.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Eloise at Christmastime**
**8.00 Radio** (Útvarp)
**10.00 Lucy**
**12.00 Mrs. Doubtfire**
**14.05 Eloise at Christmastime**
**18.00 Lucy**
**20.00 Mrs. Doubtfire**
**22.05 Lara Croft Tomb Raider: The C**
▶**0.00 The Good Girl**
**2.00 Cradle 2 the Grave**
**4.00 Lara Croft Tomb Raider: The C**

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið** Fjölbreyttur fréttatengdur dægurmálaþáttur þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi hverju sinni. Umsjónarmenn eru Heimir Karlsson og Sigríður Arnardóttir, betur þekkt sem Sirrý.
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Oprah**
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours**
**13.05 Valentína**
**13.50 Valentína**
**14.35 Extreme Makeover: Home Edition (22:25)**
**15.55 Hestaklúbburinn**
**16.18 Nýja vonda nornin**
**16.38 Kringlukast** (BeyBlade)
**17.03 Simpsons**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Íþróttir og veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**20.05 Freddie (12:22)** Freddie og Chris fá báðir tilnefningar sem eftirsóttustu piparsveinar Chicago. Þeir taka sig til og bjóða keppinautunum á veitingastaðinn en þegar þeir uppgötva að aðeins einn muni hljóta aðalverðlaunin hefst mikil keppni á milli þeirra.
**20.30 X-Factor (6:20)** (Bootcamp 3 - Vinnubúðir)
**21.25 Balls of Steel (6:6)** (Fífldirfska)
▶**22.05 Pretty Woman** (Stórkostleg stúlka)
**0.05 My Boss's Daughter** (Dóttir yfirmannsins)
**1.30 Foyle's War 3** (Stríðsvöllur Foyle's 3) Sakamálamynd. Christopher Foyle er rannsóknarlögreglumaður í Hastings á Suður-Englandi í seinni heimsstyrjöldinni. Hann vildi ólmur ganga í herinn en yfirmenn hans settu honum stólinn fyrir dyrnar. Það er kannski eins gott því enginn er eins snjall við úrlausn sakamála og hinn þrautseigi Foyle. Þrátt fyrir stríðið halda glæpamenn uppteknum hætti heima fyrir og ekki skortir verkefnin fyrir Foyle og félaga hans.
**3.10 Ísland í bítið e.**
**4.45 Fréttir og Ísland í dag**
**6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Entertainment Tonight (e)**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
▶**20.00 George Michael TV Special** Sérstakur þáttur um George Michael í tilefni af útgáfu nýrrar plötu kappans.
**21.00 Wildfire (e)** Hin átján ára Kris Furillo er vandræðaunglingur sem fær annað tækifæri í lífinu. Eftir að hafa verið á vandræðaheimili fyrir unglinga fær hún vinnu á búgarði hjá Ritter fjölskyldunni eftir að hæfileikar hennar með hesta koma fram. Leyfð öllum aldurshópum.
**21.45 The Hills (e)**
**22.15 Till Death Do Us Part: Carmen (e)**
**22.45 Sirkus Rvk (e)** Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum.
**23.15 South Park (e)**
**23.45 Chappelle's Show 1 (e)** Önnur serían af þessum vinsælu gamanþáttum þar sem Dave Chappelle lætur allt flakka.
**0.15 Pepper Dennis (e)** Pepper Dennis er metnaðarfull fréttakona sem þráir ekkert heitar en að verða fréttaþulur í vinsælasta fréttatíma Chicago. En því miður fyrir hana þá er búið að ráða í stöðuna.
**1.00 X-Files (e)**
**1.45 The Player (e)** Þrettán karlmenn berjast um hylli ofurskutlunnar Dawn Olivieri í þessu þáttum þar sem einn mun standa uppi sem sigurvegari. Stjórnandi keppendanna er Boston Rob sem eflaust margir muna eftir úr Amazing Race og Survivor.
**2.30 Entertainment Tonight (e)**
**3.00 American Dad (2:10)** (Star Trek) Steve verður frægur rithöfundur og öll fjölskyldan gleymir sér í frægðinni hans, þar á meðal Stan sem verður hreint út sagt óþolandi.
**3.25 Supernatural (5:22) (e)** (Bloody Mary)
**4.10 Supernatural (6:22) (e)** (Skin)
**4.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Rachael Ray (e)**
**14.50 The King of Queens (e)**
**15.20 Queer Eye for the Straight Guy (e)** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra.
**16.20 Beverly Hills 90210** Bandarísk unglingasería.
**17.05 Rachael Ray** Glænýir spjallþættir.
**18.00 6 til sjö**
**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19.30 Toppskífan** Glænýr tónlistarþáttur þar sem söngstjarnan Heiða kynnir vinsælustu tónlistina á Íslandi í dag og fær til sín góða gesti.
**20.10 Trailer Park Boys - jólaþáttur**
▶**21.00 The Bachelor VIII - NÝTT** Bandarísk raunveruleikasería þar sem myndarlegur piparsveinn leitar að draumadísinni. Þetta er áttunda þáttaröðin og piparsveinninn að þessu sinni er læknirinn Travis Stork. Hann er kynntur fyrir 25 yngismeyjum og í hópnum gæti leynst stóra ástin í lífi hans.
**21.55 Kojak**
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.20 Masters of Horror** STRANGLEGA BÖNNUÐ BÖRNUM.
**0.10 C.S.I: Miami (e)** Bandarísk sakamálasería.
**1.10 Close to Home (e)** Lögfræðidrama af bestu gerð.
**2.00 Beverly Hills 90210 (e)** Bandarísk unglingasería.
**2.45 C.S.I: New York (e)** Bandarísk sakamálasería.
**3.45 C.S.I: New York - Lokaþáttur (e)** Bandarísk sakamálasería.
**4.45 Tvöfaldur Jay Leno (e)**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Liðið mitt (e)**
**14.00 Aston Villa - Bolton 16.00 Everton - Chelsea**
**18.00 Upphitun**
**18.30 Liðið mitt (e)**
**19.30 West Ham - Man. Utd.**
**21.30 Upphitun (e)**
**22.00 Arsenal - Portsmouth (frá 16. des)**
**0.00 Upphitun (e)**
**0.30 Dagskrárlok**




KÆST SKATA
KÆST TINDASKATA
SALTFISKUR, HÁKARL
SALTAÐAR KINNAR, SIGINN FISKUR.

Stærsta og flottasta fiskborð landsins

HVAÐ KOSTAR FISKURINN ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR?

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Opið alla laugardaga 11-14

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.05
### LARA CROFT TOMB RAIDER: THE CRADLE OF LIVE



Kvikmyndin Lara Croft Tomb Raider: The Cradle of Life (2003) verður sýnd kl. 04 á Stöð 2 Bíó, en hún er sjálfstætt framhald Lara Croft: Tomb Raider (2001) og byggir líkt og fyrirrennarinn á vinsælum tölvuleik. Í myndinni uppgötvar fornleifafræðingurinn Croft kúlu sem gæti leitt hana að öskju Pandóru. Til allrar óhamingju kemst illur vísindamaður yfir kúluna og neyðist Croft til að beita öllum tiltækum ráðum til að hindra að áætlanir hans nái fram að ganga. Málin flækjast frekar þegar fyrrum elskhugi hennar blandast í málið.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### GOSFORD PARK
### Í SJÓNVARPINU KL. 21.50

Í kvöld sýnir Sjónvarpið myndina Gosford Park frá árinu 1998, en þar segir frá lífi húsbænda og hjúa á ensku óðalsetri eina afdrifaríka helgi árið 1932. Myndin er með seinustu verkum leikstjórans Roberts Altman sem andaðist nýverið og mætti setja í flokk með þeim betri, vegna áhugaverðrar söguframvindu, samtala og svo ekki sé minnst á góðan leik, en í myndinni leiða saman hesta sína stjörnur á borð við Helen Mirren, Clive Owen og Maggie Smith. Gosford Park hlaut á sínum tíma fjölda verðlauna og tilnefninga, þar á meðal ein Óskarverðlaun og sex tilnefningar til þeirra.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útarpssagan: Næturluktin
**14.30** Miðdegistónar
**15.00** Fréttir
**15.03** Flakk
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Lög unga fólksins
**19.30** Sagnaslóð
**20.10** Síðdegi skógarpúkanna
**21.00** Hið ómótstæðilega jólabragð
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**16.05 Gillette Sportpakkinn** (Gillette World Sport 2006) Íþróttir í lofti, láði og legi. Magnaður þáttur þar sem allar íþróttagreinar eru teknar fyrir.

**16.30 Spænski boltinn** (Barcelona - Atl. Madrid) Útsending frá leik í spænska boltanum.

**18.10 X-Games 2006 - þáttur 5**

**19.05 Spænsku mörkin**

**19.50 Coca Cola deildin** (Crystal Palace - Sunderland)

**21.50 World Supercross GP 2005-06** (BC Place Stadium) Súperkross er keppni á vélhjólum þar sem kappaksturinn fer fram við erfiðar aðstæður og til dæmis er keppt á grasi, sandi eða möl. Mjög reynir á kappana við þessar aðstæður en ýmsar tækninýjungar hafa verið nýttar varðandi búnað vélhjólanna sem til að mynda gefa þeim aukið svif í stökkum.

**22.45 Heimsmótaröðin í Póker** (Reno Hilton´s World Poker Challenge) Snjöllustu pókerspilarar heims koma saman á heimsmótaröðinni en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til eru ýmis afbrigði spilsins. Á seinni árum hefur póker átt miklum vinsældum að fagna víða um heim og kemur margt til og ekki síst veglegt verðlaunafé sem freistar margra.

**0.15 Pro bull riding** (Chicago, IL - Jack Daniels Invitational) Nautareið er ein vinsælasta íþróttin í Bandaríkjunum um þessar mundir. Þar keppast menn við að halda sér á baki nauts eins lengi og þeir geta að hætti kúreka.

**1.10 NBA deildin** (Sacramento - Washington) Útsending frá leik í NBA-körfuboltanum.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð.

## DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Urt **12.20** Himlen over Danmark **12.50** Lægens bord **13.20** Danskernes Krønike - Vores børn **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Boogie Listen **16.00** F for Får **16.05** Svampebob Firkant **16.30** AMIGO **17.00** Hunni*show **17.15** Peddersen og Findus **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** aHA! **20.00** TV Avisen **20.30** The Last Castle **22.35** Copycat

## NRK 1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Østfold **14.00** Siste nytt **14.05** Anne fra Bjørkely **14.55** Nifse saker **15.00** Siste nytt **15.03** VG-lista Topp 20 **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** VG-lista Topp 20 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Kalle og Molo **17.20** Gjengen på taket **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** På tråden med Synnøve **19.55** Nytt på nytt **20.25** Først & sist **21.15** Politiagentene **22.00** Kveldsnytt **22.15** Sopranos **23.10** Justin Timberlake i Memphis **23.55** Alfred Hitchcock presenterer

## SVT 1

**11.05** På spåret **13.00** Planeten **14.00** Argument **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Landgång **16.30** Söderlund & Bie **17.00** Höjdarna **17.30** Tillbaka till Vintergatan **18.00** Fredagsröj **18.30** Rapport **19.00** Doobidoo **20.00** Charlies änglar **21.35** Mäklarna **22.05** Rapport **22.15** Kulturnyheterna **22.25** Den som viskar **23.55** A Perfect World



## HRÓSIÐ ...



*... fær Garðar Thór Cortes sem troðfyllir tónleikasali Englands og var nú síðast líkt við hetjutenórinn Luciano Pavarotti af gagnrýnanda.*

# Ungt föruneyti Bubba á Litla-Hraun í ár

„Þetta er í fyrsta skiptið sem ég fer með Bubba, jú það er rétt,“ segir Jón Atli Jónasson rithöfundur. Jón Atli verður í föruneyti Bubba Morthens þegar hann heimsækir fanga á Litla-Hrauni á aðfangadag, skemmtir þeim og messar yfir. Þetta mun vera í 23. skiptið sem Bubbi skemmtir á Litla-Hrauni á aðfangadag, einstök hefð og til stökustu fyrirmyndar.

Jón Atli segist ekki vera búinn að ákveða nákvæmlega hvað hann muni lesa fyrir fangana, víst er þó að hann muni grípa eitthvað niður í Ballöðuna um Bubba Morthens, skáldævisögu sína um kónginn sjálfan. „Svo er aldrei að vita nema ég skrifi jólasögu og lesi, það verður þá glæpasaga sem gerist á jólum,“ segir Jón Atli sem er spenntur fyrir ferðinni. „Já, ég les sjaldan upp en þetta verður alveg glæsilegt.“

Þetta árið verður föruneyti Bubba í yngri kantinum. Auk Bubba og Jóns Atla verða í hópnum tónlistarkonan Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, Lay Low, og tónlistarmaðurinn Toggi. Bæði gáfu þau út fyrstu plötur sínar á þessu ári og hafa fengið frábærar viðtökur. Þetta er sömuleiðis í fyrsta skipti sem þau koma á Litla-Hraun. „Ég hefði nú ekki boðið mig fram ef mér hefði litist ekki vel á þetta,“ segir Toggi. „Annars geri ég bara það sem mér er sagt, mæti með gítarinn og jólaskapið.“ -hdm



**BUBBI** Skemmtir föngum á Litla-Hrauni í 23. sinn á aðfangadag í ár.

**LOVÍSA ELÍSABET** Tónlistarkonan Lay Low er á leið á Hraunið.

**JÓN ATLI** Les úr bók sinni um Bubba.

**TOGGI** Mætir með gítarinn og syngur fyrir fangana.



**LÁRÉTT 2** troða í sig **6** klafi **8** bæn **9** þunnur vökvi **11** til dæmis **12** blístur **14** ástæða **16** klukka **17** sjáðu **18** léreft **20** kringum **21** þungi.

**LÓÐRÉTT 1** íþrótt **3** í röð **4** viðtöku **5** á móti **7** hitaeining **10** samstæða **13** suss **15** báru að **16** rándýr **19** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** háma, **6** ok, **8** bón, **9** lap, **11** td, **12** flaut, **14** orsök, **16** úr, **17** sko, **18** lín, **20** um, **21** farg.

**LÓÐRÉTT: 1** golf, **3** áb, **4** móttöku, **5** and, **7** kaloría, **10** par, **13** uss, **15** komu, **16** úlf, **19** nr.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8

1. 1. júní 2007
2. Jaroslaw Kaczynski
3. Wilson Muuga

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

HAROLD BURR: FYRRUM SÖNGVARA PLATTERS HAFNAÐ Í X-FACTOR

# Hélt ég kæmist áfram

„Þetta var ekki alveg sanngjarnt að mínu mati,“ segir Harold Burr, fyrrum söngvari hljómsveitarinnar The Platters. Á föstudaginn síðasta datt Harold úr sjónvarpsþættinum X-factor. Einar Bárðarson setti hann ekki í hóp þeirra sem komust áfram, en Harold segir að einhver vafi hafi þó blundað í mönnum. „Ég var í hópi þeirra tólf sem komust áfram fyrst, en svo var ég beðinn um að koma og mér sagt að mistök hefðu átt sér stað. Eftir það var ég keyrður þangað sem hinir voru og okkur sagt að við hefðum ekki komist áfram,“ segir söngvarinn.

Harold hefur getið sér gott orð í Reykjavík sem hrífandi djasssöngvari. Undanfarin ár hefur hann spilað út um alla borg og vekur það mikla lukku þegar hann flytur gömul lög frá Platters-árum sínum. „Ég hef sungið lengi og verið mikið í kringum tónlist og aðra söngvara. Ég var alveg viss að minn flutningur hefði dugað til þess að koma mér áfram, því ég heyrði marga söngvara sem voru síðri,“ segir Harold án þess að hljóma hrokafullur. En að mörgu þarf að huga við gerð sjónvarpsþáttar eins og X-factor og segir Harold að það hafi hugsanlega verið sinn banabiti. „Þeir vilja auðvitað gera góðan sjónvarpsþátt og þess vegna er ekki alltaf hægt að leggja mestu áhersluna á sönginn sjálfan. Því það eina sem ég gat séð verulega að mínum flutningi var sviðsframkoman og kannski aldurinn ef því er að skipta.“

Fyrirkomulag X-factor er ólíkt því sem við þekkjum úr Idol. Nú er það þannig að fólki er skipt í þrjá hópa eftir dómurum, og var Harold látinn fylgja Einari Bárðarsyni eins og aðrir eldri keppendur í þættinum. „Harold Burr er náttúrlega góður söngvari, eins og allir þarna, það var enginn lélegur,“ segir Einar og bætir því við að hann hafi látið sviðsframkomu keppenda spila stóra rullu í vali sínu, vegna þess hve leikar voru annars jafnir. „Það sem stóð í mér er að Harold horfði í gólfið í þau þrjú skipti sem hann söng fyrir mig. Ég lagði það saman við reynslu hans og tók heldur sénsinn á einhverjum öðrum,“ segir Einar að lokum.

Harold er ekki af baki dottinn og segist ekki bitur eftir reynsluna í X-factor, þvert á móti gæti hún heldur gert honum gott. Á nýju ári stefnir Harold á stórræði og hyggst ætla að byrja aftur með The Platters-kvöld sín sem vöktu mikla lukku hér áður fyrr.

dori@frettabladid.is



**HAROLD BURR** Fyrrverandi söngvari The Platters komst ekki áfram í X-factor.



**EINAR BÁRÐARSON** Segir sviðsframkomu Harolds Burr ekki hafa verið upp á marga fiska.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Minnstu mátti muna að fresta þyrfti frumsýningu leikritsins Ófagra veröld í Borgarleikhúsinu, eða aflýsa með öllu, þegar lá við stórslysi á æfingu. Málavextir voru þeir að **Guðmundur Ólafsson** leikari er látinn síga niður á sviðið í upphafssenunni. Snurða hljóp hins vegar á þráðinn og litlu mátti muna að Guðmundur félli niður og hefði þá líklega hlotið örkuml af en fyrir mikla mildi slapp hann með skrekkinn. Að sögn var leikhópnum öllum mjög brugðið, fyrir utan Guðmund sem hélt æfingunni áfram eins og ekkert hefði í skorist.



Hinn hlédrægi glæpasagnahöfundur **Arnaldur Indriðason** bregður út af venjunni á Þorláksmessu og áritar nýjustu bók sína, Konungsbók, í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Staðsetningin er engin tilviljun því Arnaldur mun sitja við hlið sjálfrar Konungsbókar Eddukvæða, sem er í aðalhlutverki í bók hans. - bs



JÓLA-HUMAR

VERÐ FRÁ 1290KR/KG

ÞORLÁKMESSU SKATA,

HÖRPUDISKUR, TIGRISRÆKJUR

HAFIÐ FISKIPRINSINN

Þú getur alltaf treyst á prinsinn

Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200 • www.hafid.is

FISKBÚÐIN Vík

Fiskbúðin Vík ehf. • Hringbraut 92 • 230 Keflavík

# Aldrei fleiri jólakveðjur á RÚV

„Þulirnir eru byrjaðir að lesa þær inn á band en jólakveðjurnar hafa aldrei verið fleiri,“ segir Lárus Guðmundsson sem tekið hefur á móti jólakveðjum landsmanna en þær verða að venju fluttar á Rás 1 á Þorláksmessu. „Ég hef reyndar ekki nákvæma tölu en þetta eru í kringum fjórtán til fimmtán klukkustundir,“ útskýrir Lárus. „Gæti giskað á að fjöldi þeirra væri á bilinu átta til níu þúsund,“ bætir hann við.

Jólakveðjurnar á gömlu gufunni eru að margra mati stór hluti af jólahaldinu og segir Lárus að starfsfólkið í Efstaleitinu finni vel fyrir því hversu miklu máli þetta skipti fyrir fólk. „Margir panta í gegnum netið en þeir eru líka ófáir sem koma hingað og skrifa jólakveðjuna hjá starfsfólkinu hérna,“ segir Lárus en lokað var fyrir móttöku á miðvikudaginn. „Nokkrir hafa hringt með kökkinn í hálsinum eftir að við hættum að taka við og grátbeðið okkur um að taka við kveðju,“ segir Lárus og flestir hafa fengið ósk sína uppfyllta.

Lárus segist bera mikla virðingu fyrir þulunum sem lesa jólakveðjurnar og vildi óska þess að hann væri gæddur sömu þolinmæði og þeir. Landsmenn eiga hins vegar örugglega eftir að sakna Ragnheiðar Ástu Pétursdóttur sem forfallast í ár sökum veikinda. „Hún hefur lengi verið stór hluti af þessari hefð en við vonumst til að sjá hana aftur á næsta ári,“ segir Lárus en meðal þeirra sem lesa jólakveðjurnar í ár eru þau Gerður G. Bjarklind og Sigvaldi Júlíusson.

- fgg



**LÁRUS GUÐMUNDSSON** Jólakveðjurnar eru komnar í lestur hjá þulum gömlu gufunnar en þær hafa aldrei verið fleiri.

**GERÐUR G. BJARKLIND** Les jólakveðjur landsmanna á Þorláksmessu.



GÓÐA JÓLASKEMMTUN
SENA ÓSKAR LANDSMÖNNUM SKEMMTILEGRA JÓLA
OG ÁRAMÓTA OG ÞAKKAR FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR Á ÁRINU!
PLATÍNU SALA
1
Björgvin
CD +DVD
GULL SALA
Jól & blíða
11 vinsæl aðventu- & hátíðarlög
BAGGALÚTUR
2
5
GULL SALA
Álfar og fjöll
100
PLATÍNU SALA
3
5CD
4
Sálin & Gospel
GULL SALA
CD +DVD
42
6
40 POTTÞÉTT LÖG
2CD
LAY LOW
PLEASE DON'T HATE ME
9
GULL SALA
BUBBI 06.06.06
10
EGÓ
GCD
MX-21
UTANGARÐSMENN
DAS KAPITAL
STRÍÐ OG FRIÐUR
2CD
GULL SALA
TÓNLISTINN
50. VIKA
2006
Góða skemmtun um jólin
sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**
SIGURJÓNS KJARTANSSONAR

## *Hvað liggur í augum uppi?*

**SUMIR** eru alveg staðfastir á því að það sem liggur í augum uppi, geti ómögulega verið staðreynd, einfaldlega vegna þess að hún liggur í augum uppi. Umræðan um að á öllum málum séu margar hliðar fer af stað og þarna hljóti að vera eitthvað annað í gangi.

**ÞAÐ** er út af þessum sumum sem umræða um helstu spillingarmál undanfarinna ára hefur alltaf þæfst og útvatnast á ótrúlega stuttum tíma. Tökum nokkur dæmi.

**ÞEGAR** náfrændi forsætisráðherra var skipaður hæstaréttardómari, þótti það vera spilling í fimmtán mínútur og svo tók þófið við. „Hvers á aumingja maðurinn að gjalda?“ „Getur hann aldrei orðið hæstaréttardómari vegna þess að hann er náfrændi forsætisráðherra?“ „Á hann ekki jafnan rétt og aðrir?“.

**ÞEGAR** besti vinur forsætisráðherra var skipaður hæstaréttardómari var það spilling í eina mínútu, en þá fór umræðan af stað um að sá væri nú bara svo frábær lögmaður að það væri bara sjálfsagt.

**ÞEGAR** Árni Johnsen fékk náðun frá handhafa forsetavalds, samflokksmanni sínum. Þetta þótti svo sjálfsagt að umræðan um að glæpamaður, sem hefði í skjóli opinbers embættis misnotað almannafé til að hagnast ætti hugsanlega að þurfa að bíða lengur en ella með að fá náðun, fór ekki einu sinni af stað. Nei nei, hann tók út sinn dóm og batnandi mönnum er best að lifa og allur sá pakki.

**ÞEGAR** sonur fyrrum forsætisráðherra og aðstoðarmaður dómsmálaráðherra verður á næstu dögum eða vikum skipaður héraðsdómari, þá verður það ekki mikið tiltökumál, vegna þess að dómsmálaráðherra mun víkja sæti og láta annan um að skipa hann. Það mun ekki verða talið spilling nema í svona þrjátíu sekúndur, þá verður málið dautt.

**OG** nú þegar trúarleiðtogi er bókstaflega sýndur með buxurnar niðrum sig í sjónvarpinu, þá segja sumir að „það geti nú bara ekki verið“. „Þarna hljóta að vera einhverjar myndfalsanir í gangi“. „Hann segir að þetta sé lygi, og sver það við börnin sín og eiginkonu“.

**ÍSLAND** er lítil eyja, ekki mikið stærri en Sikiley og hér þurfa allir að búa í sátt og samlyndi. Við komumst ekkert annað. Þess vegna er þægilegra að horfa í hina áttina, út á hafið og segja við sjálfan sig að sannleikurinn liggi nú sjaldnast í augum uppi.



Ólafur Jóhann Ólafsson

ÓLAFUR JÓHANN ÁRITAR

Ólafur Jóhann áritar bók sína Aldingarðinn í Bónus Kringlunni í dag kl. 18.00.

Athugið – aðeins þetta eina sinn fyrir jólin!

Tryggið ykkur áritað eintak af Aldingarðinum og komið með fyrri bækur Ólafs Jóhanns til áritunar.

„Ólafur Jóhann skrifar agaðan stíl sem er gífurlega áhrifamikill ... bók sem er skelfilega heillandi.“
PUBLISHERS WEEKLY

„Maður getur ekki hætt að lesa ... sögurnar tvinna saman spennu, sorg og tilfinningalífi fólks á meistaralegan máta.“
ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ, DV

„Snjallar og vandaðar smásögur.“
JÓN YNGVI JÓHANNSSON, KASTLJÓS

„Sögurnar eru geysilega vel byggðar og nostrið við söguléttuna eitt og sér nánast tryggir ánægjulegan lestur.“
ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON, VETTVANGUR.NET

„Ólafur Jóhann er gjörhugull höfundur með óvenjulegar stílgáfur ... kemur lesanda sínum í opna skjöldu með snjöllum lausnum.“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON, FBL.

„Aldingarðurinn er óvenjulega þéttofin bók ... efni sagnanna er þrungið tilfinningum og átökum í mannlegri tilveru ... Þessi bók er með hans [Ólafs Jóhanns] betri verkum.“
SKAFTI Þ. HALLDÓRSSON, MBL.




Edda
edda.is

SHARP
Í FREMSTU RÖÐ FRUMKVÖÐLA LCD-VEGGSJÓNVARPANNA

Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM

VEGGSJÓNVÖRP
Glæsilegt úrval!

SAMSUNG
EINN FRAMSÆKNASTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI HEIMS Í DAG

LOEWE.
MARGVERÐLAUNUÐ OG AFAR GLÆSILEG HÖNNUN

ORMSSON
SÍÐUMÚLA · SMÁRALIND · AKUREYRI · KEFLAVÍK · ÍSAFIRÐI · AKRANESI
SELFOSSI · NESKAUPSTAÐ · REYÐARFIRÐI · EGILSSTÖÐUM